



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2012



Stjórn HSK 2012



Formaður:
Guðríður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari
frá 2001 - 2010. Sat í
varastjórn frá 2000-2001.



Gjaldkeri:
Hansína Kristjánsdóttir
Gjaldkeri frá 2009.



Ritari:
Bergur Guðmundsson
Ritari frá 2010. Var
meðstjórnandi frá 2007 -
2010. Sat í varastjórn frá
2004 - 2007.



Varaformaður:
Örn Guðnason
Varaformaður frá 2012.



Meðstjórnandi:
Fanney Ólafsdóttir
Meðstjórnandi frá 2010. Sat í
varastjórn frá 2006 - 2010.



Varamaður:
Lára Bergljót Jónsdóttir
Varamaður frá 2010.



Varamaður:
Anný Ingimarsdóttir
Varamaður frá 2011.



Varamaður:
Guðmundur Jónsson
Varamaður frá 2012.



Framkvæmdastjóri:
Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

Ársskýrsla 2012

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson. **Prófarkalestur:** Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Jóhannes Sigmundsson, Lára B. Jónsdóttir, Lís Thomsen og Örn Guðnason.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK. **Hönnun og umbrot:** Guðmundur Karl Sigurdósson. **Prentun og fjölföldun:** Prentmet Suðurlandi.

Upplag: 250 eintök. **Forsíðumyndir:** Frá Unglingalandsmóti á Selfossi. Ljósmyndir á forsiðu Guðmundur Karl



Öflugar konur úr forystusveitinni sem kom að framkvæmd Unglingalandsmótsins á Selfossi.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

3. Ávarp formanns
5. Ársreikningur
7. Verkefnasjóðsreikningur
7. Framlög úr héraði
8. Rekstarreikningur Unglinga landsmóts UMFÍ 2012
9. Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2012
10. Kjör íþróttamanns HSK Greinargerðir um íþróttamenn einstakra íþróttagreina
12. Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi
13. Þakir til þeirra sem styrktu starfsemi Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2012
14. Farsælt samstarf við Sunnlenska Heimasíða HSK, www.hsk.is Ársskýrsla HSK góð heimild um starfið Fréttir úr starfinu á Suðurland FM Annað kynningarstarf Sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum

Fundur og þing:

15. 90. héraðsþing HSK
16. Stjórnarfundir HSK
17. Vorfundur UMFÍ Formannafundur ÍSÍ Sambandsráðsfundur UMFÍ Landsmótsfundur HSK Þing sérsambanda

Samstarfsverkefni:

18. Félagsmiðstöðin Sel Leikjánaðmskeið HSK HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK Félagakerfið FELIX
19. Mjólkurkýrin Metár í Lottóinu Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska Tvö ný fjöll valin í verkefnið Fjöl skyldan á fjallið
20. Heildarstigatafla HSK
21. Hjólað í vinnuna 10 ára Umf. Selfoss fyrirmyndarfélag ÍSÍ Eitthundrað ungmenni á

- ráðstefnu á Hvolsvelli
22. Lífshlaup framhaldsskólanna Fræðsluerindi um einelti, for varnir og úrvinnslu eineltismála 100 ára afmælishóf ÍSÍ

Ýmsar upplýsingar:

23. Lög HSK
24. Aðildarfélag og formenn félaga
25. Gull- og silfurmerki HSK Skipting iðkenda eftir greinum síðustu tíu ár
26. Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunanúmer félaga
27. Íþróttaiðkendur félaga
28. Íþróttamaður HSK frá upphafi
29. Matmenn HSK Sleifarhafar HSK
30. Fréttapunktur frá ÍSÍ
31. Fréttapunktur frá UMFÍ
34. Styrkir úr íþróttasjóði Ferðasjóður íþróttafélaga

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

35. Kjörnefnd HSK Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK Unglingalandsmótsnefnd HSK
38. Framkvæmdanefnd landsmóta á Selfossi
41. Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK Landsmótnefnd

Skýrslur nefnda og ráða:

42. Almenningsíþróttanefnd Badmintonnefnd Blaknefnd
44. Borðtennisnefnd Bríðsnefnd Fimleikanefnd
45. Frjálsíþróttaráð
50. Glimuráð
54. Golfnefnd
55. Handknattleiksnefnd Hestaíþróttanefnd Íþróttanefnd fatlaðra Knattspyrnufélag Kjörfuknattleiksnefnd
56. Skáknefnd Starfsíþróttanefnd

57. Sundnefnd
58. Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

59. Akstursíþróttafélag Hreppakappa Golfklúbbur Ásatúns Golfklúbburinn Dalbúi
60. Golfklúbburinn Flúðir
61. Golfklúbburinn Geysir Golfklúbbur Hellu
62. Golfklúbbur Hveragerðis
63. Golfklúbbur Kíðjábargs Golfklúbbur Selfoss
64. Golfklúbburinn Tuddi Golfklúbburinn Úthlið
65. Golfklúbbur Þorlákshafnar Hestamannafélagið Geysir
66. Hestamannafélagið Logi Hestamannafélagið Sleipnir
67. Hestamannafélagið Smári
68. Íþróttafélagið Dímon Íþróttafélagið Garpur Íþróttafélagið Gnýr
69. Íþróttafélagið Hamar Íþróttafélagið Suðri
70. Karatefélag Suðurlands Knattspyrnufélag Árborgar
71. Knattspyrnufélag Rangæinga Knattspyrnufélagið Ægir
72. Skotíþróttafélag Suðurlands
73. Skotfélagið Skyttur Torfærklúbbur Suðurlands
74. UBH Umf. Ásahrepps Umf. Baldur
75. Umf. Biskupstungna Umf. Dagsbrún Umf. Eyfellingur
76. Umf. Eyrarbakka Umf. Framtíðin Umf. Hekla Umf. Hrunamanna
78. Umf. Hvöt Umf. Ingólfur Umf. Laugdæla
79. Umf. Samhyggð
80. Umf. Selfoss
81. Umf. Skeiðamanna Umf. Stokkseyrar
82. Umf. Trausti Umf. Vaka Umf. Þór



Skýrsla stjórnar: Ávarp formanns HSK

Ágætu félagar

Að baki er viðburðaríkt og skemmtilegt ár. Skarphéðinsmenn hafa haft í nógu að snúast bæði á félags- og íþróttalegum grunni. Sem fyrr hefur íþróttafólk okkar staðið í ströngu bæði hérlandis og erlendis og sem endranær staðið sig frábærlega. Árið var mjög annasamt eins og glöggst má sjá í ársskýrslunni okkar sem hér liggur frammi.

Unglingalandsmót

Stærsta verkefni okkar á árinu var að halda 15. Unglingalandsmót UMFÍ. Ég held að ég mæli fyrir munn margra þegar ég fullyrði að mótið hafi verið vel heppnað í alla staði. Mótið héldum við í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg. Markmið stjórnar HSK var að gera mótið sem glæsilegast og það tókst með dyggilegri aðstoð allra sem störfuðu með okkur við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Íþróttahreyfingin er vettvangur öflugrar sjálfbodaþjónustu á mörgum sviðum. Gott og öflugt net sjálfbodaðila er lykilsenda fyrir velgengni íþróttastarfs og er nauðsynlegur þáttur í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

HSK óskaði eftir liðsinni sjálfbodaðila við undirbúning og framkvæmd mótsins og svöruðu fjölmargir kallinu og mættu til starfa með okkur og lögðu á sig mikla og óeigingjarna vinnu til þess að mótið mætti heppnast sem best.

Alls greiddu 1952 þátttakendur þátttökugjald og reikna má með að um fimmtán þúsund gestir hafi sótt mótið. Tekjur vegna mótsins voru 20.8 m.kr. kostnaður um 12,7 m.kr. og hagnaður því um 8 milljónir króna. Samkvæmt ákvörðun héraðsþings skiptist hagnaðurinn á eftirfarandi hátt: 20% fóru til HSK, 10% fóru í Verkefnasjóð HSK og 70% til aðildarfélaga í réttu hlutfalli við vinnustundir. Veitingasalan skilaði um 1,8 m.kr. hagnaði og því runnu um 9,9 m.kr. til íþróttahreyfingarinnar.

Sjálfbodaðilar unnu 7241 klukkustund við mótshaldið, og 855 stundir við veitingasölu og skiluðu þannig samtals 8096 stundum í vinnu fyrir félögin sín. Auk þessa unnu starfsmenn sveitarfélagsins mjög gott starf.

Unglingarnir okkar nýttu sér þetta góða tækifæri og skráðu sig til skemmtilegrar keppni og öttu kappi við jafnaldra sína í harðri en heiðarlegri keppni, tóku þátt í viðburðum mótsins og stóðu sig nú sem endranær með miklum sóma. Allir voru sáttir og léku á als oddi mótsdagana enda ekki annað hægt, frábært veður, frábær aðstaða, frábærir keppendur, frábærir sjálfbodaðilar, frábært fólk og glæsileg umgjörð hvert sem lítið var.

Fyrir hönd stjórnar HSK færi ég öllum sem lögðu lóð á vogarskálarnar og gerðu okkur kleift að halda 15. Unglingalandsmót UMFÍ með miklum myndarbrag. Bestu þakkir fyrir kröftugt og öflugt framlag við undirbúning og framkvæmd mótsins og væntum við góðs samstarfs við ykkur við skipulagningu og framkvæmd 27. Landsmóts UMFÍ á Selfossi 2013. Sérstakar þakkir fá sjálfbodaðilar, samstarfsaðilar, Sveitarfélagið Árborg og starfsmenn þess fyrir frábæra samvinnu og aðstoð. Íbúum Selfoss færum við góðar þakkir fyrir veitta aðstoð og hjálp. Gestum mótsins þökkum við þátttökuna og þá sérstaklega okkar frábæru unglingum sem voru svo sannarlega sigurvegarar mótsins.

Landsmót UMFÍ 50 +

Það er margsannað að íþróttaiðkun almennings getur haft mikil áhrif á lífsstíl fólks til heilbrigðara lífnis. Sífellt er verið að efla almennings-íþróttir og hvetja til þess að landsmenn taki aukinn þátt í íþróttum og almennri hreyfingu. Landsmót 50+ er mikilvægt innlegg í þróun almenningsíþróttar á landinu og byggir á þeirri hugmyndafræði almenningsíþróttar að allir geti tekið þátt. Á móti sem þessu endurspeglar mikilvægi hreyfingar allt lífið og þá ekki síður félagslegt og menningarlegt gildi íþróttar. Keppendur geta tekið þátt sér til ánægju og heilsuþótar en þeir geta einnig fengið útrás fyrir keppnisandann. Í gegnum tíðina hafa ungmennafélög innan HSK átt afbragðs íþróttafólks í öllum aldurshópum. Skarphéðinsmenn héldu fána HSK hátt á lofti á Landsmóti UMFÍ 50 + sem haldið var í Mosfellsbæ. Vösk sveit um þrjátíu keppenda mætti á mótið og vann til fjölda verðlauna eins og við var að búast. Blaklið karla og keppnislið HSK í ringó urðu Landsmótsmeistarar og frjálsíþróttalið HSK vann 10 landsmóts titla. Sannarlega vösk keppnissveit þar á ferð sem á eftir að gera garðinn frægan á 50+ mótum framtíðarinnar. Næsta mót verður haldið í Vík í Mýrdal 7. – 9. júní og má búast við góðri þátttöku HSK félaga en keppt verður í fjölmörgum greinum.



Guðrður formaður HSK á Unglingalandsmóti á Selfossi.

27. Landsmót UMFÍ

27. Landsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið á Selfossi dagana 4.-7. júlí 2013. Undirbúningur fyrir mótið er löngu hafinn en mótið verður haldið við fyrsta flokks aðstæður. Um er að ræða einn stærsta íþróttaviðburð ársins. Allur undirbúningur hefur gengið vel og er valinn maður í öllum stöðum sérgreinastjóra. Að mínu mati eru sérgreinastjórar lykilmenn landsmótanna og rætt á fyrstu fundum framkvæmdanefndar landsmóta að vanda vel valið á þeim. Ábyrgð sérgreinastjóra er mikil varðandi það hvernig til tekst með framkvæmd landsmóta, s.s. keppnistilhögun, tímasetningar keppnisgreina, keppnisaðstöðu og framkvæmd í hverri grein. Þeir sérgreinastjórar sam völdust til starfa á Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi var einvalið og nýttust starfskraftar þeirra mjög vel í sambandi við alla skipulagningu og utanumhald einstakra þátta í allri undirbúningsvinnunni og ekki síður við mótshaldið sjálft og eru þeir flestir að störfum fyrir okkar á mótinu nú í sumar og aðrir kappsamir hafa bæst við.

Framundan eru annasamir tímar hjá öllum þeim sem koma að undirbúningi mótsins og hvetjum við alla sem vettlingi geta valdið að leggjast á áramar með okkur í framkvæmdanefndinni og gera mótið að einu því glæsilegasta sem haldið hefur verið. Það er mikill akkur fyrir bæjarfélög á Íslandi af fá að halda Landsmót UMFÍ og þykir mikil lyftistöng fyrir þau og ekki síður fyrir íþróttahreyfinguna á stöðunum sem mótin eru haldin á. Mikil uppbygging íþróttamannvirkja er yfirleitt samfara því að halda Landsmót og hefur verið unnið markvisst og lengi að því að koma upp glæsilegri aðstöðu á Selfossi til þess að Landsmót UMFÍ verði sem best úr garði gert. Á landsmótum UMFÍ er haldið fast í gamlar hefðir, keppt í óhefðbundnum keppnisgreinum og má því segja að fólk á öllum aldri geti verið með á landsmóti. Kröfur um aðbúnað fyrir keppnisfólk og gesti eru miklar og því má segja að það séu fá byggðarlög á landinu sem standa undir þeim kröfum sem gerðar eru í dag í þessu sambandi. Ég er þess fullviss að Selfoss mun skarta sínu fegursta í sumar eins og á Unglingalandsmóti 2012 og bind ég vonir við að margir gestir heimsæki bæinn. Landsmótið er stór viðburður í sögu byggðarlags. Fyrir hönd stjórnar HSK býð ég alla velkomna á 27. Landsmót UMFÍ á Selfossi í sumar. Sunnlendingar státa af frábærri aðstöðu jafnt fyrir keppendur sem gesti og munu kappkosta að taka á móti öllum landsmótsheggina með bros á vör.

Fyrirmyndarfélag

Eitt af helstu markmiðum íþróttafélaga er að skapa börnum og unglingum sem leggja stund á íþróttir, sem bestar aðstæður og jöfn tækifæri. Allir geta verið sammála um að langtímamarkmið með þjálfun barna og ungmenna hlýtur að vera að þroska þau og skapa áhuga á íþróttum sem fylgir þeim út



lífið. Með starfi í yngri flokkum er stefnt að því að ala upp íþróttamenn fremur en afreksmenn og að sjálfsögðu hljóta flest félögin að stefna að því að hlúa að og skapa góða einstaklinga sem skila sér upp í meistaraflokkana.

Æskilegt er að öll félög hafi stefnu í jafnréttismálum, þar sem skýrt er kveðið á um að allir hafi jafnan rétt til iðkunar íþrótta, án tillits til kyns, litarháttar eða þjóðfélagsstöðu. Ég trúi því að félög innan HSK líði ekki einelti eða kynferðislega áreitni og taki strangt á slíkum málum. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að mínu mati að félög veiti öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, efla þekkingu og viðbrögð við einelti og kynferðislegri misnotkun barna.

Þar sem íþróttafélög gegna veigamiklu hlutverki í forvörnum, þurfa þau að leggja ríka áherslu á það við iðkendur sína að íþróttir byggja upp heilbrigða sál í hraustum líkama, en vímuefni brjóta niður bæði líkama og sál. Margar rannsóknir sýna að ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi gengur gjarnan betur í námi og neyta síður vímuefna. Neysla vímuefna hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum.

ÍSÍ hefur í mörg ár verið með ákveðið gæðakerfi sem snýr að starfsemi íþróttafélaga. Ef félög óska eftir, geta þau látið ÍSÍ gera úttekt á starfsemi sinni með það fyrir augum að taka upp gæðastimpilinn „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“. Aðildarfélög verða að standast kröfur ÍSÍ og uppfylla m.a. ákvæði varðandi menntun þjálfara, unglingastarf, forvarnarstarf og útbúa námskrár fyrir þjálfun barna og unglinga. Þar sem vítað er að börn verja stórum hluta frítíma síns í starfi íþróttafélaga er eðlilegt að félögin móti sér skýra stefnu í barna- og unglingaþjálfun, setji fram stefnu í jafnréttismálum, eineltismálum og forvarnarmálum og síðast en ekki síst, setji sér siðareglur. Stefnan þarf að vera aðgengileg og sýnileg foreldrum og forráðamönnum.

Við sem störfum innan íþróttahreyfingarinnar gerum ríka kröfu til samfélagsins um stuðning og á það jafnt við um aðgang að mannvirkjum sem og beinan fjárstuðning. Við viljum að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem íþróttahreyfingin veitir öllum þegnum samfélagsins. Íþróttafélögin þurfa að sýna í verki að þau geri miklar kröfur til sjálfs sín hvað gæði og innihald starfa sinna varðar. Aðeins á þann hátt verða kröfur félaganna trúverðugar og réttlætanagerar.

Þau félög sem hafa orðið „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ hafa af því ávinning. Þau eiga auðveldara með að afla stuðnings frá sveitafélögum og styrktaraðilum. Sennilegt er að foreldrar sendi börn sín frekar til fyrirmyndarfélaga/deilda en annarra. Það ætti að vera öllum íþróttafélögum hvatning að bæta starf sitt, bjóða betra íþróttastarf og efla mynd íþróttahreyfingarinnar. Með því að fá gæðastimpilinn „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“, tel ég að félögin leggi sitt af mörkum til þess að iðkendur á þeirra vegum verði betri þjóðfélagsþegnar.

Fundir og þing

Fulltrúar HSK sóttu hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum. Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn laugardaginn 5. maí 2012 á Selfossi en hann sátu rúmlega 40 fulltrúar ungmenna- og héraðssambanda. Þórir Haraldsson, formaður unglingalandsmótsnefndar ULM. 2012 kynnti mótið og fór með fulltrúa í kynnisferð um keppnissvæðið. Dr. Sigrún Gunnarsdóttir frá Þekkingasetri um þjónustu, flutti áhugavert erindi undir yfirskriftinni „Þjónandi forysta“. Jón Páll Hreinsson, formaður HSV, kynnti samstarf HSV og Ísafjarðarbæjar. Einnig fór fram kynning á Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var í Mosfellsbæ í sumar. Að lokum var farið í stefnumótunarvinnu UMFÍ undir handleiðslu Sævars Kristinssonar. Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Kirkjubæjarklaustri og þann fund sat formaður, gjaldkeri og framkvæmdarstjóri fyrir hönd HSK. Aðalmál fundarins voru fjármál hreyfingarinnar en þau hafa reynt hreyfingunni erfið undanfarin ár. Á fundinum var farið yfir skýrslu greiningarnefndar UMFÍ varðandi VBS málið. Skýrslan var rædd mjög ítarlega og umræður hreinskiptar. Fram kom í máli formanns UMFÍ í lok fundarins að þessu máli gleymir hreyfingin aldrei en lærir vonandi af því svo ekki komi til þess að mál sem þetta endurtaki sig og ég tek heilshugar undir þau orð.

Formaður HSK sótti formannafund ÍSÍ 23. nóvember sem haldinn var í Reykjavík. Rétt til fundarsetu eiga formenn héraðssambanda, íþróttabandalaga og sársambanda auk framkvæmdastjórnar ÍSÍ en fundurinn er upplýsingafundur til sambandsaðila ÍSÍ. Á fundinum var flutt skýrsla framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar. Formannafundurinn var með stærra sniði en áður þar sem forseti ÍSÍ afhenti eigulega veggplatta til allra sambandsaðila. Fyrr

um daginn bauð ÍSÍ forráðamönnum stjórnmalaflokka landsins til fundar og sátu þeir fyrir svörum fundarmanna. Formaður sótti einnig málþing um konur og íþróttir, sem haldið var í íþróttamiðstöðinni í Laugardal 17. nóvember 2012 þar sem umræðuefnið var konur í stjórnunarstöðum innan íþróttahreyfingarinnar. Á þinginu ræddu þingfulltrúar málefnið, deildu reynslu sinni og komu með tillögur að úrbótum, leiðum og verkefnum. Formaður ásamt framkvæmdarstjóra HSK sátu hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna 29. desember þar sem lýst var kjöri Íþróttamanns ársins 2012. Í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ var formanni og framkvæmdarstjóra boðið til hátíðardagskrár 29. janúar 2012 en þann dag fyrir 100 árum síðan var ÍSÍ stofnað í Bábúð í Reykjavík. Afmælishátíðin var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ýmis verkefni

Á liðnu starfsári hefur HSK tekið þátt í fjölmörgum verkefnum ÍSÍ og UMFÍ og ber þar helst að telja: Fjölskyldan á fjallið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Forvarnardagurinn, Verndum þau, Flott án fíknar, Hættu að hanga, Komdu að hjóla, synda eða ganga. Átján þátttakendur tóku þátt í Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var á Selfossi á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Kennarar í skólanum voru þau Ólafur Guðmundsson og Fjóla Signý Hannesdóttir.

Íþróttahátíð HSK fór fram í Þorlákshöfn 16. júní 2012 í blíðskaparveðri. 109 krakkar frá 10 félögum mættu til keppni og reyndu með sér í ýmsum greinum og hafði keppendum fjölgað töluvert frá árinu áður. Keppendur á héraðsleikum (10 ára og yngri) fengu allir verðlaunapening fyrir þátttökuna. Ágætis árangur náðist á mótunum og féll eitt Íslandsmet.

Sýningin, Sunnlendingar á Ólympíuleikum, samstarfsverkefni HSK og Byggðasafns Árnesinga var sett upp í tilefni af 100 ára afmæli Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Á sýningunni var greint frá afrekum Skarphéðingsmanna sem náð hafa þeim árangri að keppa á Ólympíuleikum.

Lokaorð

Ágætu HSK félagar. Nú hef ég stiklað í stuttu á þeim málum sem efst voru á baugi í starfssemi okkar í HSK á liðnu ári. Félags- og íþróttastarfið hefur verið blómlegt á árinu, árangur vel viðunandi, hvort sem við mælum hann inni á íþróttavellinum eða í félags- og uppeldisstarfi. Hjá íþróttafólkinu eins og öðrum skiptast auðvitað á skin og skúrir, margir fá útrás á íþróttavellinum, fagna sigrum eða verða fúlir yfir tapi en hvort tveggja er til að læra af og styrkja okkur. Ég get ekki látið hjá líða að nefna hér alla stjórnarmenn innan vébanda HSK, þjálfara og aðstandendur sem hlúa að og styðja við bakið á iðkendum og gera starfið jafn kröftugt og raun ber vitni. Allt þetta fólk leggur á sig mikið og óeigingjarnt starf fyrir Héraðssambandið. Enn á ég eftir að nefna einn hóp en það eru styktaraðilar okkar í HSK, bæði einstaklingar og fyrirtæki. Án þeirra stuðnings væri starfið ekki jafn blómlegt og raun ber vitni. Þeim er þakkaður ómetanlegur stuðningur við íþróttastarf á Suðurlandi.

Við sem störfum innan íþróttahreyfingarinnar erum samábyrg, efling íþróttastarfsins er nauðsynleg fyrir samfélagið. Við þurfum að leggja metnað okkar í að styrkja starfið, auka samheldni og gera unglingana sjálfstæðari og hlynntari heilbrigðu og hollu lífi. Við þurfum að leggja metnað í að forða ungmennum frá hættum sem búa í undirheimum þjóðlífsins.

Sem fyrr leggur stjórn HSK metnað í að standa vörð um starf er lýtur að æsku og ungmennum landsins. Við kappkostum í allri okkar vinnu að haga störfum okkar skynsamlega. Ég tel að við höfum gert það og reikningar sambandsins sýna það. Í starfi okkar höfum við fundið fyrir afleiðingum kreppunnar en haldið ótrauð áfram okkar starfi. Með hagsýni og útsjónarsemi hefur sambandið verið rekið og er m.a. ástæða þess að það stendur vel fjárhagslega sem er afar mikilvægt í þeim efnahagsþrengingum sem við nú lifum. Enn á ný er sótt að okkur í lottómálum. Ég hvet stjórnvöld til þess að láta ekki undan þrýstingi utanaðkomandi aðila sem vilja fá hlutdeild í lottóhagnaði og legg til að lottófyrirkomulag haldist óbreytt.

Ég vil í lokin undirstrika þakklæti til þeirra fjölmörgu einstaklinga sem hafa komið að starfi HSK og lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti á liðnu ári, lagt hönd á plóg og veitt ómetanlega aðstoð. Stjórnarmönnum, framkvæmdarstjóra og sjálfboðaliðum færi ég bestu þakki fyrir góð og vel unnin störf, árangursríkt og skemmtilegt samstarf og lít björtum augum til sumarsins.


Guðríður Aadnegard, formaður HSK.



Ársreikningur HSK 2012


Meðfylgjandi ársreikning fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn hef ég samið eftir bókhaldi sambandsins árið 2012. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2012 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2012.


Selfossi, 27. febrúar 2013,


Hansína Kristjansdóttir,
gjaldkeri HSK

Við undirrituð höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2012. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttann.

Selfossi, 27. febrúar 2013,


Ásta Laufey Sigurðardóttir


Brynja Hjálmtýsdóttir



Rekstrarreikningur ársins 2012

	Rauntölur 2012	Áætlun 2012	Rauntölur 2011
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir:			
Útbreiðslustyrkur frá ÍSí	kr. 1.623.816	1.300.000	1.549.111
Lottó til HSK og Verkefnasjóðs	kr. 5.662.729	4.200.000	4.507.687
Lottótekjur félaga	kr. 13.500.282	10.800.000	10.972.502
Heimasíða	kr. 80.000	80.000	80.000
Framlög úr héraði	kr. 1.429.120	1.350.000	1.348.420
Getraunir	kr. 704.775	680.000	570.637
Tekjur af mótum:			
Þátttökugjöld	kr. 416.024	500.000	360.316
Unglingalandsmótshald	20.833.000	15.300.000	0
Auglýsingatekjur:			
Útgáfa	kr. 110.000	110.000	110.000
HSK fréttir	kr. 260.000	260.000	260.000
Aðrar tekjur:			
Skattar aðildarfélaga	kr. 2.912.583	2.850.000	2.854.925
Þing HSK	kr. 300.000	220.000	215.000
Leikjanámskeið	kr. 300.000	330.000	326.250
Leigutekjur v/skrifstofu	kr. 200.000	140.000	189.000
Tekjur vegna Unglingalandsmótsþátttöku	kr. 1.605.447	1.800.000	473.000
Bóksala	33.500	100.000	421.050
Sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum	kr. 430.000	0	0
Aðrar tekjur	kr. 89.937	200.000	498.759
Tekjur alls:	kr. 50.491.213	40.220.000	24.736.657
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn og rekstur skrifstofu			
Laun og dagpeningar	kr. 4.798.124	5.100.000	4.773.454
Launatengd gjöld	kr. 932.197	985.000	970.043
Aksturskostnaður	kr. 1.232.165	1.375.000	1.303.279
Skrifstofukostnaður	kr. 1.234.795	800.000	696.588
Áhöld og tæki	kr. 334.232	50.000	61.169
Fundur og þing	kr. 380.428	350.000	787.495
Heimasíða	kr. 209.037	200.000	133.482
Þjálfun og kennsla:			
Leikjanámskeið	kr. 264.118	320.000	329.280
Íþróttaleg viðskipti:			
Mótahald á vegum HSK	kr. 350.294	500.000	604.641
Unglingalandsmótshald	kr. 12.738.093	12.000.000	0
Unglingalandsmót, hlutdeild félaga	kr. 5.666.435	2.310.000	0
Unglingalandsmót, hlutdeild Verkefnasjóðs	kr. 809.491	330.000	0
Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa	kr. 398.295	420.000	395.925
Rekstur mannvirkja:			
Rekstur eigna	kr. 500.000	500.000	250.000
Önnur gjöld:			
Lottógreiðslur til félaga	kr. 13.500.282	10.800.000	10.972.502
Gjöld vegna Unglingalandsmótsþátttöku	kr. 3.222.983	1.800.000	422.201
Gjöld vegna 100 ára afmælis HSK	kr. 0	0	25.250
Greitt í Verkefnasjóð HSK	kr. 2.150.704	1.500.000	1.709.217
Greitt í Umhverfissjóð UMFÍ	kr. 82.960	80.000	75.815
Sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum	kr. 350.974	0	0
Ýmis kostnaður	kr. 103.699	150.000	143.253
Afskriftir	kr. 143.425	0	44.416
Gjöld alls:	kr. 49.402.731	39.570.000	23.698.010
Fjármagnstekjur			
Vaxtatekjur	kr. 357.376	240.000	204.877
Þjónustugjöld	kr. -65.067	-50.000	-41.574
Vaxtagjöld	kr. -3.121	0	0
Fjármagnstekjuskattur	kr. -71.458	-48.000	-40.843
Fjármagnstekjur alls:	217.730	142.000	122.460
Rekstrarhagnaður ársins	kr. 1.306.212	792.000	1.161.107



Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2012

Eignir		31.12.12	31.12.11
Fasta fjármunir:			
Mannvirki	kr.	5.803.240	5.681.501
Áhöld og tæki	kr.	0	143.425
		5.803.240	5.907.165
Veltu fjármunir:			
Viðskiptakröfur	kr.	1.332.782	668.037
Handbært fé	kr.	8.410.593	7.625.701
		9.743.375	8.293.738
Eignir alls:		15.546.615	14.118.664
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Eigið fé í ársbyrjun	kr.	14.118.664	13.039.796
Endurmat Selsins	kr.	121.739	- 82.239
Rekstrarniðurstaða ársins	kr.	1.306.212	1.161.107
Eigið fé alls:		15.546.615	14.118.661
Skuldir:			
Langtímaskuldir	kr.	0	0
Skammtímaskuldir	kr.	0	0
Skuldir alls:		0	0
Skuldir og eigið fé alls:		15.546.615	14.118.664

Verkefnasjóður HSK

<u>Rekstrarreikningur 2012</u>		31.12.2012	31.12.2011
Tekjur:			
Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	1.871.671	1.535.985
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	279.087	173.232
Hlutdeild í hagnaði af Unglingalandsmóti	kr.	809.491	0
Vextir	kr.	40.609	22.971
Ósóttir styrkir frá 2011	kr.	147.500	30.000
Tekjur alls:		3.148.304	1.762.188
Gjöld:			
Styrkir 2012, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	2.288.000	1.642.500
Fjármagnstekjuskattur	kr.	8.121	4.594
Bankakostnaður	kr.	0	8.270
Gjöld alls:		2.296.121	1.655.364
Rekstarhagnaður ársins:		852.183	106.824
Efnahagsreikningur 31. desember 2012			
Eignir:			
Í sjóði 31.12.2012	kr.	2.592.882	2.133.199
Eignir alls:		2.592.882	2.133.199
Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé frá fyrra ári	kr.	1.453.199	1.346.375
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	852.183	106.824
Ógreiddir styrkir á árinu	kr.	287.500	680.000
Skuldir og eigið fé alls:		2.592.882	2.133.199

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2012

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa lækkað í krónum talið undanfarin ár og hafa ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun. Í fyrra lækkaði fjárframlagið milli ára um 74.880, en nú jukust tekjurnar um 80.700 kr. á milli ára.

	Íbúar	sótt um	framlag	framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	15.198	4.103.460 (270 kr. á íbúa)	1.064.000	70,01 kr.

Héraðsnefnd Rangáringa hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en bentu sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.741	139.280	80,00 kr.
Rangárþing ytra	1.504	135.000	89,76 kr.
Ásahreppur	204	55.080	270,00 kr.

Viðbótarframlag við framlag Héraðsnefndar Árnesinga

	Íbúar	Viðbótarframlag	Framlag á íbúa
Flóahreppur	602	17.730	29,46 kr.
Flóahreppur v/2013 greitt fyrir áramót	602	18.030	29,95 kr.

Greiðsla alls úr héraði 2012: 1.429.120



Rekstarreikningur 15. Unglingalandsmóts UMFÍ 2012

REKSTRARTEKJUR

Framlög og styrkir	8.400.000
Þátttökugjöld	11.713.000
Auglýsingar í leikskrá	720.000

Rekstrartekjur alls 20.833.000

REKSTRARGJÖLD

Verðlaunapeningar	645.754
Annar keppniskostnaður	382.406
Öryggisgæsla	860.580
Hljóðkerfi	1.550.000
Annar kostnaður vegna aðstöðumála	1.799.089
Flutningur	1.000.000
Flugeldasýning	758.300
Skemmtikraftar	1.300.000
Mótsetning	700.000
Afþreying	400.000
Skrifstofa, tölvukostnaður og leiga	714.263
Skrifstofa, ritföng og þjónustugjöld	447.310
Gisting fyrir starfsmenn	200.000
Veitingar starfsmanna og sjálfbóðaliða	746.973
Starfsleyfi og stefgjöld	250.000
Treyjur fyrir starfsmenn, nefnd og sérsgreinastjóra	392.524
Mótaskrá	590.894
Landsmótshald HSK, hlutdeild HSK	1.618.981
Landsmótshald, hlutdeild félaga	5.666.435
Landsmótshald, Verkefnasjóður	809.491

Rekstrargjöld alls 20.833.000



Mesta breidd í prentverki - allt á einum stað



prentmet
Suðurlands
HRAÐÞJÓNUSTA

Eyravegi 25 • 800 Selfossi • Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is

Íslenskt
-af lífi og sál





Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2012

Alls bárust 53 umsóknir til Verkefnasjóðs árið 2012.

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	15.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	15.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands	5.000 kr. á einstakling að hámarki
Keppnisferðir erlendis og unglingalandsmótsþátttaka	2.500 kr. á einstakling að hámarki
Nýjungar í starfi/sérstök verkefni	30.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50 % af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki:	30.000 kr. á félag/nefnd/ráð

Þessar viðmiðunartölur eru svipaðar og í fyrra, nema hvað greiðsla vegna landsliðsþátttöku og menntunar þjálfara erlendis er hækkuð úr 10.000 kr. á einstakling í 15.000 kr. Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Verkefni sem hlutu ekki styrki úr sjóðnum voru:

Val í úrvalshópa og úrtökumót, búningakaup, áhaldakaup og búnaðar vegna íþróttaiðkunar, keppnishald og þátttaka í mótum innanlands, laun starfsmanna, kostnaður vegna þjálfunar, s.s. vegna samstarfsverkefna og styrktar- og/eða afreksþjálfunnar, æfingaferðir innanlands, almennur rekstrarkostnaður, skógræktarverkefni. Sjóðsstjórn ákvað að veita ekki styrki til sömu verkefna og hafa áður fengið styrk úr sjóðnum. Þá eru ekki veittir styrkir til mannvirkjagerðar, sbr. reglugerð

Úthlutun sjóðsins árið 2012 er sem hér segir:

Félag/deild/ráð/nefnd	Heiti verkefnis	Úthlutun
Frjálsíþróttaráð HSK	Kynning á frjálsíþróttum í grunnskólum á Suðurlandi	30.000
Golfklúbbur Kiðjabergs	Útgáfa á söguriti á 20 ára afmæli klúbbsins	30.000
Golfklúbbur Selfoss	Allir í golf	30.000
Körfuknattl.f. Fsú	Landsliðsferðir á Evrópu- og Norðurlandamót	20.000
Íþróttafélagið Hamar	20 ára afmælisrit Hamars	30.000
Íþróttafélagið Hamar, körfuknattleiksd.	Norðurlandamót yngri landsliða	40.000
Íþróttafélagið Hamar, körfuknattleiksd.	Menntun þjálfara	30.000
Íþróttafélagið Suðri	Nýungar í starfi félagsins	30.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Markmannsnámskeið	30.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Menntun þjálfara	20.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Keppnisferð til Svíþjóðar	47.500
Sögu- og minjanefnd HSK	Sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum	30.000
Umf. Biskupstungna	Saga Umf. Biskupstungna, bókaútgáfa	30.000
Umf. Eyrarbakka	Uppbygging körfuboltadeildar	30.000
Umf. Framtíðin	Jákvæðinámskeið, lykillinn að þinni leið	30.000
Umf. Laugdæla, glímunefnd	Landsliðsmaður í glímu	22.500
Umf. Laugdæla, blakdeild	Dómaranámskeið í blaki	30.000
Umf. Laugdæla	Norræn ungmennavika á Grænlandi	25.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Dómaranámskeið í hópímleikum	18.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Þjálfaranámskeið 1A	20.000
Umf. Selfoss, fimleikadeild	Evrópumeistaramót í hópímleikum	210.000
Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild	Fjóra Signý Hannesdóttir frjálsíþróttakona	25.000
Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild	Keppnisferð á heimsleika barna- og unglinga í Gautaborg	42.500
Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild	Kynning á Kids Athletic í grunnskólum Árborgar	30.000
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	4. flokkur kvenna Partille-cup 2012	47.500
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	4. flokkur karla Partille-cup 2013	70.000
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	Val í landslið og þátttaka í landsliðsverkefnum erlendis	140.000
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	Námskeið - forvarnir, markmiðssetning o.fl.	30.000
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	Stækkuð umgjörð vegna meistaraflökks kvenna	30.000
Umf. Selfoss, knattspyrnadeild	Menntun þjálfara	50.000
Umf. Selfoss, knattspyrnadeild	Menntun þjálfara erlendis	15.000
Umf. Selfoss, knattspyrnadeild	Val í landslið KSÍ	90.000
Umf. Selfoss, knattspyrnadeild	Menntun dómara í knattspyrnu	30.000
Umf. Selfoss, knattspyrnu d. minjaverndarsjóður	Úrklippusafn um knattspyrnu á Selfossi	30.000
Unglingalandsmótsnefnd HSK	Vegna þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ 2012	875.000

Samtals úthlutað 2012

2.288.000



Íþróttamaður HSK 2012

Líkt og undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2012 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefni stjórn sambandsins íþróttamenn í fimm greinum, þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð. Í ár voru íþróttamenn úr 21 grein valdir í jafn mörgum íþróttagreinum. Valnefndin valdi Hrafnhildi Hönnu Þrastardóttur sem Íþróttamann HSK 2012.

Íþróttamaður HSK 2012

Fimleikamaður HSK 2012

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Umf. Selfoss, er íþróttamaður HSK og fimleikamaður HSK 2011. Hrafnhildur Hanna hefur frá unga aldri lagt stund á fimleika og handknattleik hjá Ungmennafélagi Selfoss. Hún er metnaðarfull íþróttakona sem býr yfir einstökum sjálfsaga, ver miklum tíma í æfingar og uppsker í framförum og sigrum. Hún æfir fimleika að meðaltali 12–13 klst. á viku og handbolta 5–6 klst á viku. Hrafnhildur Hanna var valin fimleikakona Umf. Selfoss 2012 og einnig handknattleikskona Umf. Selfoss 2012.

Hrafnhildur Hanna er sannkölluð afrekskona í íþróttum sem náði einstöðum árangri á árinu. Hæst ber árangur hennar í fimleikum er hún varð Evrópumeistari í hóp fimleikum með unglinga-



landsliði Íslands í október 2012. Hún var lykilmanneskja í liðinu og stökk m.a. fjórar umferðir af sex á mótinu, en aðeins sex liðsmenn af fjórtán komast í hverja umferð á áhöldum. Hún var einnig í íslenska unglingalandsliðinu sem vann brons á sama móti fyrir tveimur árum. Hrafnhildur Hanna var ein af lykilmönnum í keppnisliði meistaraflokks Selfoss í hóp fimleikum síðastliðið keppnistímabil og hefur verið í sama hlutverki í vetur.

Hrafnhildur Hanna er einbeitt íþróttakona sem er ávallt með markmið sín á hreinu og leggur allt undir til að ná árangri. Hún er góð fyrirmynd og félagi sínu til sóma alls staðar sem hún kemur. Hún er vel liðin jafnt af samherjum sem mótherjum og kemur ávallt fram eins og afreksíþróttamanni sæmir, jafnt í velgengni sem í mótlæti. Hún er frábær íþróttakona með gott viðhorf og heilbrigða lífssýn.

Badmintonmaður HSK 2012

Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór. Axel Örn keppti á mörgum mótum á árinu í flokkum U15 og U17. Hann hefur með dugnaði, áhuga og eljusemi tekið gríðarlegum framförum og hefur m.a. verið valinn til að æfa með unglingalandsliðum BSÍ í flokkum U15 og U17. Hann keppti í A-flokki unglinga á þessu ári, enn í þeim flokki keppa bestu leikmennirnir á landinu í hverjum aldursflokki. Axel Örn er afskaplega þrúður íþróttamaður og góð fyrirmynd jafnt innan vallar sem utan.



Blakmaður HSK 2012

Rúnar Bogason, Umf. Hrunamanna. Rúnar, sem er fyrirliði blakliðs Hrunamanna, er miðjumasari og hefur verið einn af máttarstólpum þeirra undanfarin ár. Rúnar er mikill keppismaður sem hefur átt stóran þátt í velgengni Hrunamanna á HSK-mótum ársins og er einnig lykilmáður liðsins í keppni í 2. deild Íslandsmóts BLÍ. Rúnar er vel að þessum titli kominn því auk þess að vera góður blakari er hann heiðarlegur leikmaður og jafnan tilbúinn að leiðbeina öðrum.



Borðtennismaður HSK 2012

Bergrún Linda Björgvinsdóttir, Íþf. Dimon. Bergrún Linda varð Íslandsmeistari í einliðaleik í sínum aldursflokki á árinu. Hún varð einnig Íslandsmeistari í sínum aldursflokki í tvíliðaleik ásamt Sigrúnu Ebbu Tómasdóttur og tvenndarleik ásamt Skúla Gunnarssyni. Þá varð hún Íslandsmeistari í liðakeppni 18 ára og yngri ásamt Sigrúnu Ebbu. Hún er einnig HSK-meistari í kvennaflokki. Bergrún Linda keppti með unglingalandsliði Íslands á Norður-Evrópumótinu í Eistlandi síðastliðið sumar.



Briddsmaður HSK 2012

Björn Snorrason, Umf. Selfoss. Björn hefur um árabil verið einn sterkasti bridgespilarinn á Suðurlandi. Hann er afskaplega hugmyndaþráur í úrspili og sterkur í vörn. Björn og makker hans Guðmundur Þór Gunnarsson urðu í 6. sæti af 134 í tvímenningi Bridgehátíðar, efstir af íslenskum þorum, en mótið var firnasterkt. Einnig urðu þeir félagar Suðurlandsmeistarar í sveitakeppni á árinu með sveit Tryggingamiðstöðvarinnar.



Frjálsíþróttamaður HSK 2012

Fjóla Signý Hannesdóttir, Umf. Selfoss. Fjóla Signý náði frábærum árangri á árinu og setti m.a. 10 HSK-met í flokki fullorðinna. Hún varð annað árið í röð þrefaldur Íslandsmeistari í kvennaflokki og tvöfaldur Íslandsmeistari innanhúss. Fjóla Signý varð tvöfaldur bikarmeistari og stigahæsti kvenkeppandi Bikarkeppni FRÍ 1. deild. Hún vann einnig einn bikarmeistaratitil innanhúss. Fjóla Signý hefur verið valin í A-landsliðshóp Íslands fyrir árið 2013.



Golfmaður HSK 2012

Hlynur Geir Hjartarson, GOS. Hlynur Geir hefur verið einn fremsti kylfingur landsins síðustu ár. Stærsti sigur hans á síðasta ári, var á Eimskipamótaröð GSÍ, sem er mótaröð bestu kylfinga landins. Hlynur var á meðal fimm efstu í fimm af sex mótum sumarsins á mótaröðinni. Hlynur endaði í öðru sæti í Íslandsmótinu í holukeppni í júní. Þá setti hann vallahmet á Svarfhólsvelli á meistaramóti GOS í sumar er hann spilaði á 62 höggum eða 8 undir pari.



Glimumaður HSK 2012

Marín Laufey Davíðsdóttir, Umf. Samhyggð. Marín Laufey átti frábæru gengi að fagna á glímuvellinum árið 2012. Hún bar jafnan höfuð og herðar yfir keppinauta sína á glímumótum og festi sig enn betur í sessi sem öflugasta glímukona landsins. Marín Laufey sigraði Íslandsglímuna og hlaut þar með Freyjumenið í annað sinn. Hún er auk þess handhafi Bergþóruskjaldarinnar sem hún vann í þriðja sinn á árinu. Marín Laufey er ávallt til fyrirmyndar, jafnt innan sem utan vallar.



Handkattleiksmaður HSK 2012

Einar Sverrisson, Umf. Selfoss. Einar hefur í vetur verið lykilmáður meistaraflokks Selfoss þrátt fyrir að vera enn í 2. flokki. Hann var markahæsti leikmaður liðsins þegar tímabilið var hálfnað. Einar varð bikarmeistari með 2. flokki Selfoss vorið 2012. Einar hefur æft og leikið með yngri landsliðum Íslands undanfarin ár. Hann spilaði með u-20 ára landsliði Íslands í lokakeppni EM í Tyrklandi s.l. sumar og var einnig með u-21 liðinu í undankeppni HM í byrjun árs 2013, en mótið fór fram í Hollandi.





Hestaíþróttamaður HSK 2012

Guðmundur Friðrik Björgvinsson, Hmf. Geysi. Guðmundur á að baki breiðan árangur á árinu og var m.a. tilnefndur til verðlauna í þremur flokkum á uppskeruhátíð hestamanna í nóvember. Hann var valinn knapi ársins og hestaíþróttamaður ársins yfir allt landið. Hann sýndi 62 hross á árinu og mörg þeirra til æðstu viðurkenninga í sínum flokki. Guðmundur er fyrirmyndarknapi, þrúður innan vallar sem utan, íþróttamaður af lífi og sál og frábær fyrirmynd ungra knapa.



Íþróttamaður fatlaðra 2012

Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra. Hulda er mikil afrekskona í íþróttum fatlaðra og mætir á flest mót sem haldin eru bæði í röðum fatlaðra og ófatlaðra. Árangur Huldu á árinu var glæsilegur og setti hún m.a. nokkur Íslandsmet í kastgreinum. Hún æfir einnig sund og hefur nokkrum sinnum farið á verðlaunapall í sundi á árinu og er hún stöðugt að bæta sig þar eins og annars staðar. Hulda er mikill félagsmaður og njóta félagar hennar góðs af þekkingu og handleiðslu hennar bæði á mótum og æfingum.



Júðómaður HSK 2012

Egill Blöndal Ásbjörnsson, Umf. Selfoss. Egill lagði gríðarlega hart að sér við æfingar á árinu og náði góðum árangri. Hann vann gull á vormóti JSÍ í flokki 15–16 ára og á Kyu-móti þann 1. desember í flokki 15–16 ára og fullorðinsflokki. Egill varð í 2. sæti á Norðurlandamótinu í Svíþjóð í flokki 15–16 ára. Þá varð hann í 3. sæti í Sweden Open International. Júðósamband Íslands valdi Egil sem efnilegasta júðómann landsins 2012 undir 20 ára en Egill varð 16 ára á árinu.



Knattspyrnumaður HSK 2012

Jón Daði Böðvarsson, Umf. Selfoss. Jón Daði átti frábært ár með meistaraflokki Selfoss í Pepsideildinni og var í lok tímabils valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar. Hann var einnig valinn íþróttakarl Árborgar 2012. Jón Daði var fastamaður í U21 árs landsliði Íslands og lék nokkra landsleiki með liðinu á árinu. Í nóvember var hann kallaður inn í A-landslið Íslands og lék A-landsleik við Andorra. Í lok árs gerði Jón Daði svo atvinnumannasamning við Viking Stavanger sem spilar í norsku úrvalsdeildinni.



Kraftlyftingamaður HSK 2012

Rósa Birgisdóttir, Umf. Selfoss. Rósa tók á síðastliðnu ári þátt í þremur mótum undir merkjum Umf. Selfoss. Á Reykjavík International Games setti hún Íslandsmet og átti auk þess þyngstu lyftu íslenskrar konu í réttstöðulyftu. Hún keppti einnig á Íslandsmeistaramóti í bekkpressu og setti Íslandsmet í single lift. Á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum í mars setti Rósa þrjú Íslandsmet, í bekkpressu, réttstöðulyftu og í samanlögðum árangri. Það er hæsta skor íslenskrar konu.



Körfuknattleiksmaður HSK 2012

Darri Hilmarsson, Umf. Þór. Darri hefur verið lykilmáður í lið Þórs á árinu. Hann er einn besti varnarmaður deildarinnar og var t.d. valinn besti varnarmaður síðasta tímabils í uppgjörsþætti á Stöð 2 Sport. Hann sér oftast ekki um að dekkja besta sóknarmann andstæðingana. Darri er einstaklega ósérhlífinn og samviskusamur með eindæmum. Hann æfir meira en flestir aðrir og passar upp á svefn, mataræði og annað slíkt. Hann er algjör fyrirmynd innan sem utan vallar.



Mótorkrossmaður HSK 2012

Þorsteinn Helgi Sigurðarson, Umf. Þór. Þorsteinn hefur æft akstursíþróttina nánast frá því að hann fór að ganga. Hann varð Íslandsmeistari í 85cc flokki á árinu 2012. Þá vann hann með yfirburðum sinn flokk á Unglingalandsmótinu sem haldið var á Selfossi síðastliðið sumar. Hann hefur lagt mikið á sig í íþrótt sinni og er án efa einn efnilegasti akstursíþróttamaður landsins.



Skákmaður HSK 2012

Ingimundur Sigurmundsson Umf. Baldri. Ingimundur varð skákmeistari Skákfélags Selfoss og nágrennis síðastliðið ár. Hann vann að auki aðra og frækna sigra innan félags sem og utan þess og er því vel að titlinum kominn. Ingimundur hefur teft með liði HSK á nokkrum landsmótum og ávallt staðið sig með mikilli þrýði.



Skotíþróttamaður HSK 2012

Hákon Þór Svavarsson, Skotíþróttafélagi Suðurlands. Hákon Þór er vel að því kominn að vera skotíþróttamaður HSK 2012. Hann er helsti keppnismaður Skotíþróttafélags Suðurlands og náði á árinu þeim frábæra árangri að verða bikarmeistari Skotíþróttafélags Íslands. Hákon Þór hefur í mörg ár verið í fremstu röð í haglabýssugreinum á landinu.



Starfsíþróttamaður HSK 2012

Kristín Stefánsdóttir, Umf. Vöku. Kristín sigrði í jurtagreiningu á Héraðsmóti HSK í sumar. Greindi hún þar allar plöntur rétt og hlaut fullt hús stiga. Keppnisferil Kristínar í jurtagreiningu má rekja allt aftur til ársins 1965 þegar hún keppti í unglingaflokki á landsmótinu á Laugarvatni. Þremur árum síðar, á landsmótinu á Eiðum sigrði hún greinina, þá tæplega 20 ára gömul. Síðan hefur Kristín keppt á fimm landsmótum UMFÍ og alltaf verið í fremstu röð.



Sundmaður HSK 2012

Þórir Gauti Pálsson, Umf. Selfoss. Þórir Gauti vann til verðlauna í öllum greinum sem hann keppti í á sundmótum HSK á árinu. Einnig hefur hann tekið þátt í stórum sundmótum utan sambandssvæðisins og unnið til verðlauna á nokkrum þeirra. Þórir Gauti er mjög samviskusamur og mætir á allar æfingar. Hann æfði vel allt árið 2012 og bætti sig stöðugt. Hann er efnilegur sundmaður og á framtíðina fyrir sér ef hann heldur áfram að æfa jafnvel og hann hefur gert.



Taekwondamaður HSK 2012

Daníel Jens Pétursson, Umf. Selfoss. Daníel Jens tók þátt í Trelleborg Open í Svíþjóð í febrúar og náði góðum árangri á firmasterku móti. Hann tók einnig þátt í Norðurlandamótinu 2012 og var hársbreidd frá verðlaunasæti. Daníel Jens varð Íslandsmeistari í sparring í sínum flokki á Íslandsmeistaramóti TKÍ í mars 2012. Daníel Jens er góð fyrirmynd og þykir jafnframt góður kennari sem nær til yngri jafnt sem eldri iðkenda. Hann er án efa einn besti taekwondamaður landsins í dag.



Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag - Ungmennafélag Selfoss

Unglingabíkar HSK - Hestamannafélagið Sleipnir

Foreldrarstarfsbikar HSK - Handknattleiksdeild Umf. Selfoss

Öðlingur ársins - Vilhjálmur Þór Pálsson, Umf. Selfoss

Unglingabíkar HSK 2012

Hestamannafélagið Sleipnir hlýtur unglingabíkar HSK 2012 fyrir öflugt barna- og unglingastarf. Æskulýðsnefnd Sleipnis bar hitann og þungann af starfinu og verður hér getið þess helsta úr starfi hennar á árinu.

Kynningarfundur var haldinn í félagsheimilinu Hlíðskjálfi 4. janúar þar sem kynnt var dagskrá vetrarins og þau námskeiðum sem voru í boði. Einnig voru kynntir reiðkennarar vetrarins. Námskeið vetrarins hófst 16. janúar og var kennt í reiðhöll Sleipnis á mánudögum, miðvikudögum og laugardagsmorgnum. Æskulýðsnefnd stóð fyrir spilakvöldi sunnudaginn 18. mars í félagsheimilinu. Spiluð var félagsvist á sex borðum. Miðvikudaginn 7. mars fékk félagið fulltrúa frá markaðsdeild Landsbankans í heimsókn í reiðhöllina en þeir voru að kynna sér þá miklu uppbyggingu sem félagið hefur staðið fyrir á Brávöllum.

Hestaþjör 2012 var haldið þann 15. apríl í blíðskaparveðri. Að hátíðinni stóðu: Sleipnir, Geysir, Háfeti, Ljúfur og Sindri. Sleipnir var með þrjá sýningarhópa, en alls voru um 90 þátttakendur í Hestaþjórinu. Húsfyllir var í höllinni.

Fjölskyldudagur æskulýðsnefndar var haldinn í tengslum við Firmakeppni Sleipnis þann 21. apríl og var hluti af þeim degi. Dagskráin hófst með hópreið um félagssvæðið. Að keppni lokinni tók við Fjölskyldudagur í reiðhöllinni.

Æskulýðsnefnd bauð upp á vörnámskeið sem hófst í 18. viku. Í boði voru þrjú námskeið sem stóðu í 5 vikur. Mæltust þau vel fyrir enda góð aðsókn.

Fimmtudaginn 17. maí var óvissuferð nefndarinnar farin. Í ferðina fóru 23 börn, unglingar og ungmenni, en fararstjórar voru sjö talsins.

Þátttakendur Sleipnis stóðu sig vel á Landsmótinu sem tókst með miklum ágætum. Í unglingaflokki varð Dagmar Öder Einarsdóttir í 2. sæti á Glódísi frá Halakoti og í barnaflokki áttum við tvo öfluga reiðmenn, þær Dagbjörtu Skúladóttur á Lúxus frá Eyrarbakka, sem var í 2. sæti í B úrslitum, og Stefáníu Hrönn Stefánsdóttur á Dynjanda frá Höfðaströnd, sem hafnaði í 4.-5. sæti í B úrslitum.

Æskulýðsnefnd hefur átt dygga stuðningsaðila sem hefur reynst ómetanlegt. Nefndin hefur einnig verið með veitingasölu á helstu viðburðum til fjáröflunar á starfinu og hafa foreldrar, börn og unglingar í félaginu aðstoðað eftir megni. Fastur liður í starfinu er að teyma undir börnum við ýmis tækifæri s.s. á Sunnlenskum sveitadögum, þann 1. maí fyrir Verkalyðsfélagið og á Vor í Árborg, auk þess að leggja til knapa í fánareid við hátíðlegar athafnir. Nefndin tók jafnframt að sér að sjá um matargerð og/eða framreiðslu fyrir ýmis mót í vetur í samstarfi við aðrar nefndir félagsins.

Formaður æskulýðsnefndar Sleipnis var sérgreinastjóri á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfossi. Æskulýðsnefndin sá einnig um framkvæmd hestaþróttahluta mótsins. Unglingar í Sleipni tóku virkan þátt í mótshaldinu, bæði sem keppendur en ekki síður með því að vinna við mótshaldið sem ritarar, afgreiðslufólk í sjoppunni, þátttakendur í fánareid við opunarathöfn o.fl.

Margir góðir fundir voru haldnir í vetur hjá æskulýðsnefnd og voru flestir þeirra haldnir í félagsheimilinu en nokkrir voru heima hjá nefndarfólki. Verkefnum var skipt þannig að allir tóku eins virkan þátt og aðstæður leyfðu. Kallað var eftir aðstoð foreldra sem studdu vel við starfið og tóku virkan þátt í að skapa lifandi og skemmtilegt æskulýðsstarf.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2012

Handknattleiksdeild Umf. Selfoss hlýtur foreldrarstarfsbikar HSK 2012. Foreldrarstarf innan handknattleiksdeilda hefur verið blómlegt um margra ára skeið. Innan handknattleiksdeilda er starfandi unglingaráð. Stjórn unglingaráðs hefur ásamt viðkomandi þjálfurum haft frumkvæði

að stofnun foreldraráða í hverjum aldursflokki yngri flokka deildarinnar á hverju hausti. Foreldraráð eru skipuð a.m.k. þremur foreldrum eða forráðamönnum í hverjum aldursflokki. Foreldraráð starfa sjálfstætt en heyra undir unglingaráð. Foreldraráð eru tengiliðir við og starfa í samvinnu við iðkendur, foreldra, þjálfara, yfirþjálfara og unglingaráð.

Um 320 iðka handbolta á Selfossi. Þar ef eru um 280 iðkendur á aldrinum 5-16 ára. Tíu æfingahópar stunda æfingar 2-5 sinnum í viku.

Handknattleiksdeild Selfoss stofnaði handboltaakademíu árið 2006 í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands. Handboltaakademian hefur skilað mikilli og góðri uppbyggingu fyrir meistaraflokka Selfoss, en bæði karla- og kvennalið félagsins eru nú nær eingöngu skipuð heimafélki.

Undanfarin ár hefur átt sér stað markviss uppbygging í gegnum handboltaakademíuna sem m.a. hefur skilað Selfyssingum fjölda unglingalandsliðsmanna. Þá varð 2. flokkur karla bikarmeistari í fyrsta sinn 2012 og 3. flokkur karla deilda- og Íslandsmeistarar 2012. Á síðustu fimm árum hefur félagið unnið samtals tíu Íslands- og bikarmeistaratitla í yngri flokkunum og hefur öll árin yfirleitt verið með lið sín í einu af fimm efstu sætum.

Síðustu 5-7 ár hafa yngri flokkar handknattleiksdeilda Selfoss verið í fremstu röð liða hér á landi. Keppnistímabilið 2011-2012 náði Selfoss næstbesta heildarárangri keppnisliða á Íslandsmótinu. Keppnistímabilið 2010-2011 var Selfoss með besta samanlagðan heildarárangur. Árin tvö þar á undan varð Selfoss í öðru sæti á eftir FH. Þessi árangur er afrakstur mikillar vinnu þjálfara og foreldra.

Umfang deildarinnar hefur aukist ár frá ári og voru til að mynda leiknir 575 leikir á vegum deildarinnar síðasta tímabil auk Landsbankamótsins en þar voru leiknir 342 leikir. Landsbankamótið á Selfossi er haldið fyrir börn í 7. flokki karla og kvenna. Mótið hefur stækkað mikið og er nú eitt af fjölmennustu handboltamótum sem haldin eru hér á landi. Þátttakendur á mótinu í ár voru um 700 og ætla má að annar eins fjöldi foreldra og aðstandenda hafi sótt mótið á Selfoss. Um 80 sjálfbóaliðar frá unglingaráði, foreldrum, eldri iðkendum og fleirum sjá um framkvæmd mótsins.

Keppnislið frá Selfossi hafa tekið þátt í Partille Cup í Gautaborg undanfarin ár, en mótið er stærsta handboltamót í heiminum með um 20.000 keppendur. Þá tóku 4. flokkur karla og kvenna þátt á Norden Cup sem er óopinbert Norðurlandamót bestu félagsliða Norðurlanda.

Öðlingur ársins 2012

Öðlingur ársins 2012 er Vilhjálmur Þór Pálsson Umf. Selfoss.

Það eru einkum þrjár greinar íþróttar sem Vilhjálmur hefur stundað og stundar enn, þ.e. skák, brids og golf. Hann hefur verið þátttakandi í fjölda móta innan HSK og á landsmótum UMFÍ. Hann keppti í skák á Landsmótinu á Eiðum 1968, var í sigursveit HSK 1969, þegar keppt var í fyrsta sinn um svokallaðan Skinfaxabikar UMFÍ og keppti nokkrum sinnum oft á landsmótum.

Vilhjálmur var í sigurliði HSK í brids á landsmótinu á Húsavík 1987 og hefur oft keppt á HSK mótum í brids og oft en ekki verið í einu af efstu sætum.

Í golfi hefur Vilhjálmur keppt oftast á héraðsmótum eftir að keppni í þeirri grein var tekin upp og alltaf eftir að farið var að keppa í öldungaflokki, þ.e. 55 ára og eldri.

Vilhjálmur Þór Pálsson er því vel að þessari viðurkenningu kominn.





Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminu

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2012

Á héraðsþinginu í Brautarholti árið 2012 voru veitt þrjú gullmerki og eitt silfurmerki HSK. Hingað til hefur aðeins verið getið um nöfn þeirra sem hljóta umrædd heiðursmerki HSK í ársskýrslu HSK, en framvegis mun birtast greinargerð um þá sem hljóta merkin.

Haraldur Júlíusson

Stjórn HSK samþykkti einróma á stjórnarfundum fyrir héraðsþing að veita Haraldi Júlíussyni frá Akurey, formanni sögu- og minjanefndar HSK, gullmerki sambandsins fyrir hans miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna í áratugi.

Haraldur tók um áratuga skeið virkan þátt í störfum Umf. Njáls í Vestur-Landeyjum. Hann átti sæti í stjórn eða varastjórn félagsins flest árin frá 1954 – 1996. Hann var formaður félagsins í 14 ár á árunum 1956 – 1980, ritari í þrjú ár og gjaldkeri í ein sjö ár. Hann hefur setið fjölda HSK þinga í gegnum tíðina.

Hann hefur átt sæti í sögu- og minjanefnd í 20 ár og hefur verið formaður nefndarinnar frá 1993.

Nefndarfolk í sögu- og minjanefnd hefur fundað reglulega undanfarin ár og unnið að ýmsum málum fyrir HSK. Haraldur og nefndarfolk tók virkan þátt í að undirbúningi á útgáfu 100 ára sögu HSK.

Stjórn HSK er þakklát fyrir hans góðu störf fyrir HSK.



Heiðursmerkjahafarnir ásamt Guðríði formanni.

Lísa Thomsen

Stjórn HSK samþykkti einróma á stjórnarfundum fyrir héraðsþing að veita Lísu Thomsen á Búrfelli, nefndarkonu í sögu- og minjanefnd HSK gullmerki sambandsins fyrir hennar miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna í áratugi.

Lísa starfaði í áratugi fyrir sitt félag sem er Umf. Hvöt og var formaður félagsins frá 1980 – 1986. Nefna má að á formannsárum hennar, árið 1986, hóf félagið að gefa út Hvatarblaðið, sem enn kemur út.

Lísa var formaður sögu- og menningarnefndar HSK 1991 - 1992. Nefndin vann á þeim árum m.a. að því að gefa út 80 ára afmælisrit HSK sem kom út árið 1991. Lísa hefur átt sæti í sögu- og minjanefnd frá 1993. Nefndarfolk í þeirri góðu nefnd vann mikið starf í tengslum við útgáfu á 100 ára sögu HSK sem kom út 2010. Lísa, líkt og aðrir nefndarmenn, las allan texta yfir, safnaði myndum og heiðursáskriftum. Fyrir þessi störf og önnur fyrir HSK og hreyfinguna í áratugi vill stjórn HSK þakka.

Þorgeir Vigfússon

Stjórn HSK samþykkti einróma á stjórnarfundum fyrir héraðsþing að veita Þorgeiri Vigfússyni á Efri-Brúnavöllum, fyrrverandi ritara HSK og nefndarmanni í sögu- og minjanefnd HSK gullmerki sambandsins fyrir hans miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna í áratugi.

Þorgeir hefur starfað í áratugi fyrir sitt félag sem er Umf. Skeiðamanna og var m.a. formaður félagsins frá 1991 – 1995.

Hann er fyrrverandi stjórnarmaður í HSK, en hann átti sæti í varastjórn frá 1996 – 1998 og var ritari HSK frá 1998 – 2001.

Þorgeir hefur verið varamaður í sögu- og minjanefnd frá 2002 og tekið virkan þátt í nefndarstörfum, sem aðalmaður væri. Hann las yfir allan texta í sögu HSK og kom með góðar ábendingar, líkt og aðrir nefndarmenn. Stjórn HSK þakkar Þorgeiri kærlega fyrir hans góðu störf fyrir sambandi.

Ragnar Sigurðsson

Stjórn HSK samþykkti einróma á stjórnarfundum fyrir héraðsþing að veita Ragnar Sigurðssyni í Þorlákshöfn silfurmerki HSK. Ragnar hefur komið víða við á íþróttasviðinu. Hann er fjölhæfur íþróttamaður og lagði á sínum yngri árum stund á körfuknattleik, blak og frjálsar íþróttir.

Haustið 1986 varð hann íþróttakennari við grunnskólana á Selfossi og þjálfaði samhliða kennslunni körfuknattleik og fimleika. Haustið 1989 réð hann sig til íþróttakennslu við Grunnskóla Þorlákshafnar og var einn af stofnendum körfuknattleiksdeildar Þórs í Þorlákshöfn. Hann þjálfaði og lék með körfuknattleikslíðinu um árabil. Ragnar þjálfaði einnig fimleika á upphafsárum fimleikadeildarinnar í Þorlákshöfn. Mörg sumur kenndi hann ungum börnum sund um allt Suðurland.

Hann var um tíma formaður Ungmennafélags Þórs í Þorlákshöfn. Ragnar átti sæti í unglingalandsliðsnefnd Körfuknattleikssambands Íslands og fór nokkrar ferðir sem fararstjóri bæði á Norðurlandamót unglinga og alþjóðleg mót.

Hann var formaður unglingalandsmótsnefndar HSK þegar mótið var haldið í Þorlákshöfn árið 2008. Ragnar hefur verið stjórnarmaður í HSK um árabil og síðustu 10 ár sem varformaður.



Farsælt samstarf við Sunnlenska

HSK og Sunnlenska fréttablaðið hófu samstarf við að birta fréttir af vettvangi HSK á sérstakri síðu í blaðinu í byrjun árs árið 1999 og hefur þetta verið afar farsælt samstarf allar götur síðan.

Vikulega hefur heilsíða verið helguð fréttum frá HSK. Þá hefur fréttum frá UMFÍ og ÍSÍ verið gerð góð skil, svo og fréttum frá aðildarfélögum sambandsins. Rétt er að geta þess að fréttum af árangri keppenda félaganna eru gerð góð skil á almennt íþróttasíðu í blaðinu.

Síðurnar eru rétt rúmlega 700 talsins og eru nú ómetanleg söguheimild um störf hreyfingarinnar á síðustu 13 árum.

Þetta samstarf hefur vakið mikla athygli á landsvísi og hafa margir horft öfundaraugum til sambandsins, en ekki eru dæmi um að önnur héraðssambönd fái víðlíka fréttumfjöllun í héraðsfréttablaðum landsins.

Forysta HSK þakkar eigendum og starfsfólki Sunnlenska fyrir og nú fyrir frábært samstarf.

Heimasíða HSK, www.hsk.is

Heimasíðan sem nú er í notkun var opnuð 10. október 2005. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og byggir hún á WebAccess vefumsjónarkerfinu. Nánari upplýsingar um vefkerfið má sjá á www.web-access.biz

Aðildarfélög HSK geta enn fengið tilboð í gerð heimasíðu fyrir félög sem byggir á sama kerfi og heimasíða HSK. Umf. Laugdæla er með heimasíðu sem byggir á þessu kerfi. Þau félög sem hafa áhuga geta haft samband Jón Ágúst Reynisson eigandi Kubba ehf. í síma 899 5530.

Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostun síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn.

Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið á umræddu viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

Ársskýrsla HSK góð heimild um starfið

Ársskýrsla HSK kemur út á héraðsþingi ár hvert og hefur gert árlega frá árinu 1966 eða í 46 ár. Í fyrra voru allar ársskýrslur HSK frá árinu 1966 – 2008 bundnar inn í gott bókband.

Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 250 einstökum á árinu og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Undanfarin ár hefur skýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Fréttir úr starfinu á Suðurland FM

Nær vikulega var sagt frá fréttum úr starfi HSK og aðildarfélaganna í spjallþætti á útvarpsstöðinni Suðurland FM og hefur svo verið frá stofnun útvarpsstöðvarinnar í nóvember árið 2007. Útsending HSK fréttar er alla fimmtudaga um kl. 16:45.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auk þess kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga HSK, aðalfundum sérráða HSK og nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.

Sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum

Í tilefni af 100 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands ákvað Héraðssambandið Skarphéðinn að minnast þeirra tímamóta með myndarlegum hætti. HSK og Byggðasafn Árnesinga tóku upp samstarf og settu upp sýningu í Húsinu á Eyrarbakka undir heitinu Sunnlendingar á Ólympíuleikum. Á sýningunni var varpað ljósi á þátttöku Sunnlendinga á Ólympíuleikum í gegnum tíðina. Sýningin var opnuð formlega 18. maí 2012 að viðstöddu.

Á sýningunni var greint frá afrekum þeirra Skarphéðinsmanna sem náð hafa þeim árangri að keppa á Ólympíuleikum. Lítið hefur verið gert af því að minnast og heiðra sérstaklega afreksfólk sem náð hefur því takmarki að keppa á Ólympíuleikum – stærsta íþróttaviðburði heims. Með sýningunni gafst kærkomið tækifæri til að bæta úr því. Svo skemmtilega vill til að Sigfús Sigurðsson, „Fúsi sleggja“, var fyrstur Sunnlendinga til að keppa á Ólympíuleikum í London 1948, en leikarnir í ár fóru einmitt fram í þeirri sömu borg.

Að sýningunni unnu starfsmenn Byggðasafns Árnesinga, framkvæmdastjóri HSK og sögu- og minjanefnd HSK. Örn Guðnason hannaði sýningarspjöldin en Jón M. Ívarsson samdi texta. Sýningin hefði ekki orðið til nema með samvinnu við Ólympíufarana sem lánuðu til sýningarinnar ljósmyndir og persónulega muni sem tengdust fót þeirra á Ólympíuleikana. Nokkrir munir voru jafnframt fengnir að láni hjá Íþróttasafni Íslands á Akranesi.

Sýningin var opin alla daga frá 18. maí til 15. september 2012 en hún var styrkt af Menningarráði Suðurlands, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Verkefnasjóði HSK.



Meðfylgjandi ljósmynd var tekin við opnunina af viðstöddum Ólympíuförum, þjálfurum og liðstjórum – eða aðstandendum þeirra. Frá vinstri: Margrét Sigfúsdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Þórdís Gísladóttir, Örvar Ólafsson, Jón M. Ívarsson, Dómhildur Sigfúsdóttir, Vésteinn Hafsteinsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Eysteinn Þorvaldsson, Bryndís Ólafsdóttir, Hergeir Kristgeirsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir.



Fundir og þing: 90. héraðsþing HSK

Haldið í Brautarholti 10. mars 2012. Guðríður Aadnegard formaður HSK setti þingið klukkan 10:00 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hún gat þess að þetta væri í fyrsta skipti sem þingið færi fram í Brautarholti á Skeiðum.

Tónlistaratriði: Nemendur úr Þjórsárskóla léku fjórhent á píanó, fyrst Guðmundur Heiðar Ágústsson og Sigurður Arnar Leifsson og svo Ástráður Unnar Sigurðsson og Ljósbrá Loftsdóttir.

Guðríður minntist látinna félaga frá síðasta þingi, þeirra Unnar Stefánsdóttur, Svavars Friðleifssonar, Hafsteins Sigurðssonar, Árna Guðmundssonar og Guðmundar Guðmundssonar. Fundarmenn vottuðu þessum aðilum virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Þingforsetar voru kjörnir þau Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Hestamannafélaginu Smára. og Ingvar Hjálmarsson, Hestamannafélaginu Smára. Þingritarar voru kjörnir Lára Bergljót Jónsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Sigríður Ósk Jónsdóttir, Umf. Skeiðamanna.

Í kjörnefnd voru kjörin Einar Gestsson, formaður Umf. Gnúpverja, Fanney Ólafsdóttir, stjórn HSK og Friðrik S. Þórarinnsson, Íþr.f. Dímon.

Gestir þingsins: Jóhannes Sigmundsson, heiðursformaður HSK, Guðmundur Kr. Jónsson, Björn B. Jónsson og Árni Þorgilsson, fyrrverandi formenn HSK, Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ, Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, Haraldur Júlíusson, sögu- og minjanefnd HSK, Lísu Thomsen, sögu- og minjanefnd HSK, Þorgeir Vigfússon, sögu- og minjanefnd, Stefán Skafti Steinólfsson, UMFÍ, Jón M. Ívarsson, söguritari HSK og Guðmundur Karl Sigurdórsson, frá sunnlenska.is

Gísli Páll Pálsson, fyrrverandi formaður HSK, bað fyrir kveðjur á þingið.

Skýrsla stjórnar

Guðríður Aadnegard flutti skýrslu stjórnar. Í ræðu sinni fjallaði hún m.a. um hvað HSK stendur fyrir og mikilvægi sjálfbæðis í starfi íþróttafélaga. Hún vakti athygli á nýrri fánastöng og ræðupólti sem HSK hefur eignast. Hún minntist á næstu verkefni sambandsins sem framundan eru, þ.e. Unglingalandsmót á Selfossi 2012 og Landsmót UMFÍ á Selfossi 2013.

Foreldrarstarfsbikar HSK hlaut Körfuknattleiksdeild Hamars. Unglingabikar HSK féll í hlut Hestamannafélagsins Geysis. Stigahæsta félag HSK að þessu sinni var Umf. Selfoss. Guðríður nefndi í ræðu sinni að fram hafi komið sú hugmynd innan stjórnar HSK að opna á þann möguleika að heimilt verði að tilnefna einstaklinga í vali á foreldrarstarfsbikar og unglingabikar HSK. Því næst veitti Guðríður þeim Harald Júlíussoni, Lísu Thomsen og Þorgeiri Vigfússyni, nefndarfélagi í sögu- og minjanefnd HSK gullmerki HSK fyrir þeirra miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna í áratugi. Hún kallaði síðan til sín Ragnar Sigurðsson, varaformann HSK, og veitti honum silfurmerki HSK, fyrir hans miklu og góðu störf innan HSK. Að lokum þakkaði hún framkvæmdastjóra og meðstjórnendum kærlega fyrir gott samstarf á liðnu starfsári.

Engilbert Olgeirsson framkvæmdarstjóri HSK gerði grein fyrir reikningum ársins 2011 sem lágu fyrir þinginu. Hann fór í gegnum helstu lykiltölur og útskýrði reikningana. Rekstrartekjur voru 24.736.657 kr., rekstrargjöld 23.698.010 kr., fjármagnstekjur 122.460 kr. Hagnaður var kr. 1.161.107. Engilbert nefndi sérstaklega framlag Guðna Guðmundssonar á Þverlæk, sem hefur lagt sambandinu lið með fjárframlagi úr dósasöfnun með vegum á Suðurlandi. Þetta var fjórða árið í röð sem hann styrkir HSK með þessum myndarlega hætti.

Þórir Haraldsson kynnti Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 2012 með glærusýningu og fór yfir þá aðstöðu sem boðið verður upp á. Fram kom í máli hans að góð aðstaða er fyrir allar greinar og fjarlægð milli keppnisstaða lítil. Tjaldsvæðið verður staðsett sunnan við Suðurhóla og er um 13 hektarar að stærð. Keppnisgreinar verða fjórtán og þar af



Hluti fjárhagsnefndar héraðsþingsins að störfum.

eru tvær nýjar þ.e. taekwondoe og starfsíþróttir. Búið er að manna allar sérgreinastjórnastöður að einni undanskilinni. UMFÍ hefur auglýst eftir verkefnisstjóra og leitað verður eftir sjálfbæðisliðum innan raða HSK. Undirbúningur miðast við að geta tekið á móti um 2500 keppendum. Þórir hvatti þingfulltrúa til öflugrar þátttöku á mótinu og gat þess að mikill metnaður verður lagður í skemmtanir fyrir gesti mótsins.

Þórir fór nokkrum orðum um landsmót 2013 en þar verða keppnisgreinar fleiri eða tuttugu og fimm. Hann sagði mótið 2013 mun flóknara mót og mót mikilla tækifæra. Mottó okkar HSK manna er að „taka á móti gestum með bros á vör“.

Umræður um skýrslu stjórnar. Örn Guðnason, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, ræddi ítarlega og vandaða skýrslu HSK og sagði hana bera merki um blómlegt starf og þakkaði stjórn HSK fyrir góða og vel unna ársskýrslu. Benóný Jónsson, formaður frjálisíþróttaráðs HSK, lýsti ánægju sinni með að vera kominn á héraðsþing og gat þess að hafa ekki átt þess kost að sækja þingin undanfarin ár vegna anna við frjálisíþróttamót sem haldin hafa verið á sama tíma. Sérstaklega þakkaði hann Ólafi Guðmundssyni, formanni frjálisíþróttaráðs, fyrir gott starf og minnti á hversu góð fyrirmynd Ólafur væri.

Ávörp gesta, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, lýsti ánægju sinni með þingið og flutti kveðjur stjórnar UMFÍ. Hún óskaði viðurkenningarhöfðum til hamingju með viðurkenningarnar. Helga Guðrún veitti þeim Fanney Ólafsdóttur og Anný Ingimarsdóttur starfsmerki UMFÍ fyrir gott og óeigingjarn starf.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, þakkaði fyrir hlýjar kveðjur frá HSK vegna 100 ára afmælis ÍSÍ og óskaði HSK til hamingju með gott starf og glæsilega ársskýrslu. Ólafur veitti Þóri Haraldssyni og Markúsi M. Ívarssyni gullmerki ÍSÍ fyrir þeirra framlag til íþróttamála.

Guðmundur Kr. Jónsson lýsti ánægju sinni með störf HSK síðastliðið ár. Guðmundur sagðist hafa notið þess að taka þátt í íþróttastarfinu undanfarin ár en hann hefur haft með höndum þularstarf á frjálisíþróttamótum æskunnar mörg undangengin ár.

Örn Guðnason færði ÍSÍ þakklætisvott frá Umf. Selfoss í tilefni 100 ára afmælis ÍSÍ.

Hafsteinn Þorvaldsson lýsti yfir stolti með starf íþróttahreyfingarinnar. Hann óskaði ÍSÍ til hamingju með afmælið og með útgáfu bókarinnar, Íþróttabókin – ÍSÍ saga og samfélag í 100 ár, af því tilefni.

Hádegisverður var í boði Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sleifarkeppnin fór fram í hádeginu undir stjórn Steinunn E Þorsteinsdóttur. Björg Halldórsdóttir Hamri sigraði í keppninni.

Kjörbrefin voru borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Síðan



var ársreikningur borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

Inntaka nýrra félaga. Samþykkt að Skotfélagið Skyttur og Torfærklúbbur Suðurlands fái aðild að HSK.

Fanney Ólafsdóttir og Anný Ingimarsdóttir skipuðu þingfulltrúum í nefndir. Mælt var fyrir tillögum og nefndarstörf hófust.

Guðríður Aadnegard afhenti íþróttamönnum hverrar greinar viðurkenningar. Nöfn verðlaunahafa eru birt á bls. 10 í ársskýrslu HSK. Íþróttamaður HSK 2011 er Fjóla Signý Hannesdóttir, frjálsíþróttakona Umf. Selfoss. Magnús Gunnlaugsson, Umf. Hrunamanna, var kosinn öðlingur ársins og hélt hann stutta tölu og þakkaði fyrir sig. Þingfulltrúum, gestum og verðlaunahöfum var boðið upp á kaffi og kræsingar. Helgi Haraldsson, matmaður síðasta þings, tilnefndi Anný Ingimarsdóttur sem arftaka sinn.

Að loknum nefndarstörfum var gengið til kosninga. Einar Gestsson formaður kjörnefndar flutti tillögur nefndarinnar, þær bornar upp og samþykktar samhljóða.

Í stjórn HSK voru eftirtalin kosin:

Formaður: Guðríður Aadnegard **Íprf. Hamri**
Grænumörk 9, Hverag. • 483 5098 • 897 4282 • gudridur@hveragerdi.is
Gjaldkeri: Hansína Kristjánsdóttir **Umf. Selfoss**
Miðtún 3, Selfossi • 482 2262 • 897 2262 • bokari@umfs.is
Ritari: Bergur Guðmundsson **Umf. Selfoss**
Starengi 17, Selfossi • 482 2006 • 864 3853 • bergur@sghus.is

Varaformaður: Örn Guðnason

Umf. Selfoss

Suðurengi 9, Selfossi • 564 6323 • 897 6323 • orngudna@simnet.is

Meðstjórnandi: Fanney Ólafsdóttir

Umf. Vöku

Hurðarbaki, Flóahreppi • 486 3345 • 892 4155 • fanneyo@emax.is

Varamenn:

Lára Bergljót Jónsdóttir

Umf. Skeiðamanna

Blesastöðum 2, Skeið • 486 5514 • 847 5353 • larajon@ismennt.is

Anný Ingimarsdóttir

Umf. Samhygð

Vorsabæjarhjáleigu, Flóahreppi • 486 3487 • 861 8368 • anny@isart.is

Guðmundur Jónasson

Umf. Heklu

Bolöldu 3, Hellu • 868 1188 • broi1970@mi.is

Tillaga um kjör í nefndir borin upp í einu lagi. Samþykkt samhljóða.

Borin upp tillaga um skoðunarmenn reikninga. Samþykkt samhljóða.

Borin upp tillaga um stjórn og varastjórn. Samþykkt samhljóða.

Að loknum umræðum um önnur mál þakkaði þingforseti þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins samstarfið og gaf Guðríði orðið. Guðríður Aadnegard þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing, starfsmönnum þingsins fyrir góð störf og fól Valgerði að koma þakkarskildi til sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir góðar móttökur og veittan viðurðgjörning. Þingfulltrúum óskaði hún góðrar heimferðar og sleit héraðsþingi HSK kl: 18:30.

Bergur Guðmundsson

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði níu sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Allir stjórnarfundir ársins voru haldnir á Selfossi.

Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 26. mars og voru þeir formlegir fundir milli héraðsþinga.

Fundargerðir stjórnar og framkvæmdastjórnar eru á www.hsk.is

Mætingar á stjórnarfundi HSK 26. mars 2012 – 25. febrúar 2013

	26/3	2/5	7/6	30/7	27/9	8/11	13/12	24/1	25/2
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Hansína	x		x	x	x	x	x	x	x
Örn	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Bergur	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Fanney	x	x		x	x		x	x	x
Lára Bergljót		x	x	x		x			
Anný	x	x	x	x			x	x	
Guðmundur	x	x				x	x	x	x
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Mætingar á framkvæmdastjórnarfundi HSK 10. september 2012 - 14. febrúar 2013

	10/9	26/11	14/2
Guðríður	x	x	x
Hansína	x	x	x
Bergur	x	x	x
Engilbert	x	x	x



Vorfundur UMFÍ

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Selfossi 5. maí 2012. Yfir fjórutíu fulltrúar ungmenna- og héraðssambanda sóttu fundinn og þar á meðal Guðríður Aadnegard formaður HSK og Örn Guðnason varaformaður HSK.

Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar landsmóta á Selfossi, var með kynningu á Unglingalandsmóti 2012 og fór með fulltrúa í kynnisferð um keppnissvæðin. Þá flutti Dr. Sigrún Gunnarsdóttir frá Þekkingasetri um þjónandi þjónustu áhugavert erindi undir yfirskriftinni „Þjónandi forysta“.

Jón Páll Hreinsson, formaður HSV, var með kynningu á samstarfi HSV og Ísafjarðarbæjar. Eftir hádegði voru fyrirlestrar, fyrirspurnir og kynning á Landsmóti UMFÍ 50+ í Mosfellsbæ 2012.



Frá sambandsráðsfundi UMFÍ á Kirkjubæjarklaustri.

Sambandsráðsfundur UMFÍ

Um 50 manns voru á Sambandsráðsfundi Ungmennafélags Íslands sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri dagana 12. - 13. október 2012. Guðríður Aadnegard formaður HSK, Hansína Kristjánsdóttir gjaldkeri og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri mættu á fundinn fyrir sambandið.

Mestur tími fundarins fór í umræðu um fjármál hreyfingarinnar, en á fundinum var kynnt skýrsla greiningarnefndar UMFÍ, sem stjórn UMFÍ skipaði í febrúar 2012. Nefndin fékk m.a. það verkefni að gefa haldþærar skýringar á því hvers vegna andvirði fyrir sölu á skrifstofu UMFÍ að Fellsmúla 26 í Reykjavík töpuðust að miklu leiti í samskiptum við VBS fjárfestingarbanka.

Óskráð og ógagnsæ stjórnsýsla fyrir UMFÍ er að mati nefndarinnar meginástæðan fyrir því að tugir milljóna töpuðust í hruninu. Greiningarnefndin leggur til ýmsar leiðir til úrbóta og á fundinum var m.a. samþykkt tillaga um hvernig staðið skuli að meðferð fjármuna UMFÍ og í þeim tillögum eru markaðir ákveðnir verkferlar um uppgjör og áætlanagerð.

Á fundinum var lagður fram ársreikningur UMFÍ fyrir árið 2011. Verulegt tap var á rekstrinum eða rúmar 26 milljónir króna, en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur ársins yrði á núlli. Munar þar mestu um 11 milljón króna uppgjör vegna Felixkerfisins sem var ekki gert ráð fyrir í áætlun. Heildarskuldir UMFÍ jukust um rúmar 28 milljónir á milli ára og voru við lok síðasta árs samtals 212 milljónir. Svo fór að ársreikningum var vísað til næsta sambandsþings til afgreiðslu, þar sem þeir voru ekki samþykktir samhljóða.

Fundurinn var mjög starfsamur og 26 tillögur voru samþykktar á fundinum, m.a. tillaga sem HSK lagði fram um að haldin yrði stefnumótandi ráðstefna um Unglingalandsmót, Landsmót og Landsmót 50+.

Fundurinn samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, sem gerir ráð fyrir miklum viðsnúningi í rekstri og var áætlunin samþykkt samhljóða. Í henni er gert ráð fyrir um 20 milljón króna tekjuafgangi.

Formannafundur ÍSí

Árlegur Formannafundur ÍSí var haldinn föstudaginn 23. nóvember 2012 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Framvæmdastjórn og starfsfólk ÍSí kynntu þar helstu verkefni og áherslur í starfi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands á 100 ára afmælisári ÍSí. Guðríður Aadnegard formaður HSK var fulltrúi sambandsins á fundinum.

Fyrir um daginn var fundur með fulltrúum stjórnmalaflokka þar sem rætt var sérstaklega um fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar. Eftir formannafund var fundarmönnum og framkvæmdastjórum íþróttahéraða og sersambanda boðið til hátíðarkvöldverðar í tilefni af 100 ára afmæli ÍSí. Guðríður og Engilbert mættu í kvöldverðinn.



Fulltrúar félaga, deilda og ráða sem tóku við hlutdeild í hagnaði Unglingalandsmótsins, ásamt fulltrúum HSK.

Landsmótsfundur HSK

HSK hélt landsmótsfund HSK 8. nóvember 2012 í Selinu á Selfossi.

Á fundinum var fjárhagsuppgjör Unglingalandsmótsins kynnt og afhent voru fjárframlög til þeirra félaga, deilda og ráða sem komu að undirbúningi og framkvæmd mótsins með vinnuframlagi sjálfboðaliða.

Á fundinum var einnig rætt um þátttöku HSK á Landsmóti UMFÍ sem haldið verður á Selfossi 4. – 7. júlí 2013. Kynntar voru keppnisgreinar og lagðar línur um þátttöku HSK, en HSK stefnir á sigur í stigakeppni mótsins.

Fjöldmenni var á fundinum og almenn ánægja með Unglingalandsmótsaldið og góða fjárhagsútkomu.



Frá þingi FRÍ á Selfossi 2012. F.v. Örn Guðnason þingritari og þingforsetarnir Helgi S. Haraldsson og Guðmundur Kr. Jónsson.

Þing sersambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sersambanda á árinu.

Eitt sersambandsþing var haldið á sambandsvæði HSK í ár. Þing Frjálsíþróttasambandsins var haldið á Selfossi 16. – 17. mars 2012.

HSK á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sersambanda. Þrír félagar úr röðum aðildarfélaga HSK eru formenn sersambanda. Haraldur Þórarinnsson í Laugardælum og félagsmaður í Hestamannafélaginu Sleipni er formaður Landssambands hestamannafélaga, Jason Ívarsson úr Umf. Samhygð er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson glímukappi úr Umf. Laugdæla er formaður Glimusambandsins. Þá er Benóný Jónsson varaformaður Frjálsíþróttasambandsins.



Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel 2012

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson	frá HSK	formaður
Hjördís Leósdóttir	frá KS	gjaldkeri
Helga Árný Baldursdóttir	frá SSK	ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 28. febrúar 2012. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræddu saman í síma þegar ástæða þótti til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn, til fundarhalda eða námskeiða. Framkvæmdir á árinu voru á innanstokksmunum, það voru keyptir nýir stólar í húsið og öll borðin í salnum tekin í gegn, slípuð og lökkuð uppá nýtt. Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson



Þátttakendur á leikjanámskeiði í Brautarholti.

Leikjanámskeið HSK 2012

Leikjanámskeið HSK voru haldin á þremur stöðum sumarið 2012.

Hvert námskeið stóð yfir í níu daga í 2 og 1/2 klst. í senn og voru ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára.

Íþróttakennararnir Ólafur Guðmundsson og Guðni Sighvatsson sáu um að kenna á námskeiðunum, líkt og undanfarin ár. Mikil áhersla var lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjólræiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik og alls kyns þrautir.

Námskeiðin sem haldin voru:

5. - 15. júní kl. 09:00 - 11:30 í Brautarholti

5. - 15. júní kl. 13:00 - 15:30 á Laugalandi og í Þjórsárver

HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK

Hér er greint frá HSK mótum í þeim greinum sem ekki er starfandi nefnd eða ráð á vegum HSK.

HSK-mót í júdó

Héraðsmót 14 ára og yngri

Föstudaginn 7. desember 2012 var hið árlega júdómót HSK haldið í júdósalnum í gamla Sandvíkurskóla. Alls tóku 27 keppendur þátt í mótinu en keppt var í aldursflokkunum 6-10 ára og 11-14 ára. Í yngri



Hluti verðlaunahafa á HSK mótinu í taekwondo.



Þátttakendur á héraðsmóti fullorðinna í júdó.

flokknum voru átján keppendur í fjórum þyngdarflokkum, þar af voru þó aðeins þrjár stelpur. Þarna sáu margar mjög skemmtilegar glímur þar sem keppendur lögðu mikið á sig og börðust eins og ljón. Í eldri flokknum voru níu keppendur, allt strákar. Þeir stóðu sig allir gríðarlega vel.

HSK mót fullorðinna

HSK mótið í júdó í flokkum fullorðinna var haldið 28. desember 2012 í júdósalnum við Sandvíkurskóla.

Mæting var einstaklega góð og var keppt í fimm flokkum, þar af einum flokki kvenna og er það í fyrsta skipti sem keppt er í kvennaflokki á HSK móti. Mikið var um flott tilþrif og unnust margar viðureignir á fullnaðarsigri – ippon.

HSK-mót í taekwondo

Héraðsmót HSK í taekwondo var haldið á Selfossi 9. desember 2012. Keppendur á mótinu voru 42 talsins, 36 frá Selfossi, þrír frá Heklu, tveir frá Stokkseyri og einn frá Þorlákshöfn.

Keppt var í poomsae (formi), MUYE (sem er taekwondo sýning t.d. brot á spýtum og múrsteinum) sparring (bardaga) og þrautabraut.

Mikil stemning skapaðist sérstaklega í þrautabrautarkeppninni þar sem mikið var sprellað og keppni hörð. HSK mótið hefur vaxið ár frá ári og er að verða fastur punktur í starfsemi deildarinnar á Selfossi og ríkir mikil eftirvænting fyrir þetta mót ár hvert.

Héraðsmót í taekwondo var fyrst haldið árið 2008.

Héraðsmót í skotfimi

Héraðsmót HSK í skotfimi var ekki haldið í ár.

Félagakerfið Felix

Felix er sameiginlegt félagakerfi UMFÍ og ÍSÍ og er samstarfsverkefni Ungmennafélags Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Megintilgangur með félagakerfinu er að gefa félögum innan UMFÍ og ÍSÍ kost á að skrá og varðveita upplýsingar um stjórnir, nefndir, félagsmenn og iðkendur í öruggum miðlægum gagnagrunni. Kerfið á



að stuðla að betri skráningu á upplýsingum um starfsemi félaga.

Í kerfinu er mögulegt að búa til ýmsar skýrslur og taka saman tölfraði úr starfsemi félaganna. Hægt er m.a. að útbúa kladda fyrir þjálfara og viðburðadagatal iðkenda. Kerfið inniheldur álagningarkerfi sem gerir félögunum kleift að leggja á og innheimta félags- og æfingagjöld. Félagakerfið er notendavænt og einfalt í notkun. Kerfið er vefkerfi þar sem netsambands er krafist. Ekki þarf að setja upp sérstakan hugbúnað til að geta nýtt sér kerfið.

Minnt er á að skila þarf starfsskýrslum í kerfinu fyrir 15. apríl ár hvert. Á árinu skiluðu öll aðildarfélög nema tvö FELIX skýrslunni og töldust þau félög ekki starfandi. Flest aðildarfélögin skiluðu skýrslunni fyrir 15. apríl, en skila þarf fyrir þann dag til að lottógreiðslur félaga skerðist ekki.

Óskar Örn Guðbrandsson er umsjónaraðili Felix - tölvukerfis ÍSÍ og UMFÍ. Forráðamenn aðildarfélaga HSK eru hvattir til að hafa samband við Óskar ef spurningar vakna varðandi Felixkerfið, eða ef aðstoðar er þörf.

Mjólkurkýrin

Það tíðkast á hátíðarstundum hjá íþróttahreyfingunni að tala um mjólkurkýr hreyfingarinnar og er þar átt við fyrirtækin sem eru í eigu hennar, Íslenska getspá og Íslenskar getraunir.

Eins og allir góðir bændur vita þá þurfa mjólkurkýr góða ummönun til að gefa af sér góðar afurðir. Það á líka við um Íslenskar getraunir. Sum íþróttafélög hafa tekið að sér að selja getraunir með góðum árangri, bæði félagslega og fjárhagslega. Önnur hafa ekki farið þá leið, kannski vegna þess að ekki er áhugi innan félags, ekki til staðar mannskapur til að sjá um starfið, eða kannski stendur félagið bara ágætlega félagslega og fjárhagslega þannig að enginn þörf er á að selja getraunir. Allt geta þetta verið gildar ástæður. Það þýðir þó ekki að það megi hætta að hugsa um mjólkurkúna því þá er hætta á að nytin hverfi. Félag innan HSK geta lagt sitt af mörkum í umhirdu kýrinnar meðal annars með því að birta lógó Íslenskra getrauna með getraunúmeri sínu á heimasíðunni, í útgefnu efni, í leikskrár sem gefnar eru út í knattspyrnu, körfubolta eða frjálsum eða með því að fá skilti frá Íslenskum getraunum til að setja upp í íþróttahúsinu eða á íþróttavellinum. Munum að í þessu gerir margt smátt eitt stórt.

Á undanförnum árum hefur fyrirtækið skilað til íþróttahreyfingarinnar um hundrað milljónum á ári og hafa þær tekjur dreift um alla hreyfinguna.

Starfsmenn Getrauna eru sem fyrr boðnir og búnir til að aðstoða félögin og veita upplýsingar um hvaðeina sem snýr að getraunastarfi og hvernig félögin geta nýtt sér það til að efla hjá sér félagsstarfið og afla fjár.

Pétur Hrafn Sigurðsson
Deildarstjóri getraunadeilda

Metár í lóttöinu

Alls voru heildarlóttótekjur inn á HSK svæðið árið 2012 kr. 19.163.011. Tekjurnar júkust umtalsvert á milli ára og hafa aldrei verið meiri.

Rétt er að geta þess að UMFÍ greiddi í upphafi árs aukagreiðslu sem var bókfærð í ár. Um var að ræða sérstaka greiðsla frá Íslenskri getspá á afmælisári (árið 2011) sem var 100 milljónir til eignaraðila. Eignarhlutur UMFÍ er 13,3% og þar af leiðandi fékk UMFÍ 13,3 milljónir sem var úthlutað til sambandsaðila í samræmi við úthlutunarreglur UMFÍ. Hlutur HSK var kr. 1.159.430. Þess má geta að sambærileg greiðsla barst frá ÍSÍ í lok árs 2011.

Til samanburðar voru lóttótekjur ársins 2011 kr. 15.480.189, árið

2010 kr. 14.942.890, árið 2009 kr. 12.790.362, árið 2008 kr. 12.133.280, 2007 kr. 9.448.563, árið 2006 kr. 8.885.352 og árið 2005 voru þær kr. 9.239.589. Lóttótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lóttöið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2012 var kr. 7.285.162 og frá UMFÍ kr. 11.877.849. Samkvæmt reglugerð um lóttöuhlutun HSK rennur 8 % í Verkefnasjóð HSK, 20 % til HSK og 72 % til aðildarfélaganna.

Skipting milli félaganna á 72 % hlutanum er sem hér segir:

A. 25% eftir fjölda mætttra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna er sbr. reglugerð:

a) Starfi félag ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lóttöuhlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Fulltrúi þarf að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing, sbr. A lið hér að ofan.

Í þau ár sem lóttöið hefur verið starfandi hefur það skipt gríðarlega miklu máli fyrir HSK og aðildarfélög þess. Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfuleg tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. erlendra leikja á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lóttöinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is

Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska

Hótel Örk í Hveragerði var á árinu kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska fréttablaðinu og hófst það samstarf á haustdögum 2005.

HSK þakkar Hótel Örk fyrir samstarfið og væntir góðs árangurs af samstarfi við hótelið.



Tvö ný fjöll valin í verkefnið Fjölskyldan á fjallið

Líkt og undanfarin ár tók HSK þátt í verkefninu „Fjölskyldan á fjallið“ og tilnefndi Skarðsmýrarfjall í Ölfusi og Vatnsfell á Holtamannafrétti í verkefnið í ár. HSK hefur árlega frá árinu 2002 valið ný fjöll í þetta góða verkefni.

Skarðsmýrarfjall í Ölfusi

HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Skarðsmýrarfjall í Ölfusi 30. maí 2012. Gangan fór fram í blíðskaparverði. Björn Pálsson í Hveragerði var göngustjóri og sagði hann frá því sem fyrir augu bar. Stuttu eftir gönguna sendi hann HSK stutta lýsingu útsýnis af Skarðsmýrafjalli í bundnu máli.

frh. á bls. 21



Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2012, líkt og fimm undanfarin ár. Selfoss hlaut 202 stig. Dímon varð í öðru sæti með 162 stig og Hamar í þriðja sæti með 118,5 stig.

20



Þátttakendur í HSK göngu á Skarðsmýrarfjall.

*Ófátt er gjörbreytt sem áður hér var
af orkuveitu- og mannvirkjabralli,
bor-holur og lagnir sjást hér og þar
ef horft er af Skarðsmýrarfjalli.*

Meðal göngugarpa var Guðni Guðmundsson á Þverlæk og hann setti þessa vísu í gestabókina:

*Nú skal virkja nýjar kvosir.
Í neðra er allt á fullu gasi.
Kölski gamli kankvis brosir.
Kyndir undir argaþrasi.*

Vatnsfell á Holtamannafrétti

HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Vatnsfell á Holtamannafrétti 16. júní 2012. Göngustjóri var Ingibjörg Sveinsdóttir í Lækjarbrekku. Guðni Guðmundsson á Þverlæk tók þátt í verkefninu líkt og undanfarin ár. Í og eftir HSK göngu á Vatnsfell í sumar urðu til eftirfarandi vísur hjá honum:

*Hér umhverfis liggur orkuforði.
Öflugir víða stíflugarðar.
Því orkan er öll á yfirborði.
Ekkert sem að Kölska varðar.*

*Af öræfum er orkan fengin.
Orkuríkt er Frón.
Umhverfisspjöll sé nánast engin.
Aðeins fögur lón.*

*Vel ég naut hér varmastunda.
Vatnsflöturinn spegilskyggn.
Á Vatnsfellið er vert að skunda.
Sjá víðáttunnar miklu tign.*

Hjólað í vinnuna 10 ára

“Hjólað í vinnuna” varð 10 ára á árinu og hófst átakið 2. maí 2012 og stóð til 22. maí.

Alls áttu 666 vinnustaðir 1679 lið í “Hjólað í vinnuna” í ár. Liðsmenn voru 11.381. Alls voru farnir 741.449,63 km eða 553,73 hringir í kringum landið. Við það sparaðist um 133 tonn af útblæstri CO₂, og 55.597 lítrar af eldsneyti sem gera 14 milljónir króna og brenndar voru um 47 miljónir kaloría sé þessi vegalengd gengin en 25 milljónir kaloría sé þessi vegalengd hjóluð, sé miðað við 80 kg mann sem ekur á fólksbíl. Ferðamáti var í 73,43% (73,33%) á hjóli, 23,18% (24,46%) gangandi, 2,53% (1,77%) 0,05% (0,06%) á



línuskautum og í 0,14%% (0,38%) ferða nýttu þátttakendur eigin orku á annan hátt.

Heildarútslit, myndir og myndbönd má sjá inn á heimsíðunni www.hjoladivinnuna.is.



Örn Guðnason tekur við viðurkenningu frá Sigríði Jónsdóttur frá ÍSÍ.

Umf. Selfoss Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Mótorkrossdeild Umf. Selfoss fékk afhenta viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ á aðalfundi félagsins 26. apríl 2012. Var deildin jafnframt áttunda og síðasta deildin innan Umf. Selfoss sem fékk þessa viðurkenningu. Í framhaldi af því fékk félagið útnefningu í heild sinni sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Var viðurkenningin afhent 29. maí 2012. Nokkrar deildir hafa endurnýjað viðurkenningar sínar en það er gert á fjögurra ára fresti.

Af félögum innan HSK hafa Körfuknattleiksfélag FSu og Hestamannafélagið Sleipnir einnig hlotið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Sveitarfélagið Árborg hefur á undanförunum árum veitt félögum og deildum innan sveitarfélagsins styrki fyrir að fá útnefningu sem fyrirmyndarfélög. Styrkurinn í ár er 500.000 kr. og er hann greiddur árlega á meðan viðkomandi félag eða deild telst fyrirmyndarfélag.

Eitthundrað ungmenni á ráðstefnu á Hvolsvelli

Um eitt hundrað ungmenni úr öllum landshornum voru samankomin á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Hvolsvelli 29. mars 2012. Ungmennin fengu meðal annars fræðslu um mannréttindi, hópefli og gildi sjálfbæðisráðgjafavinnu.

Forseti Íslands ávarpaði ungmennin á ráðstefnunni. Hann minnti sérstaklega á hversu miklu máli tæknin og samfélagsmiðlar skipta orðið í lífi fólks og lýðræðisþróun í dag. Annar fyrirlesari, Jörgen Nilsson, benti á móti á dekkri hliðar tækninnar. „Hvernig verða börnin til í framtíðinni?“ spurði Jörgen og sýndi mynd af pari sem horfði sitt í hvora áttina og var annars vegar í símanum og hins vegar í tölvunni.

„Ég fer einu sinni í mánuði og leik mér,“ sagði Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna í sinni ræðu. „Við eigum að passa upp á barnið í okkur.“ Margrét María kynnti unglingunum réttindi þeirra, til dæmis mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

„Það er ekki oft sem ungmenni fá að hittast og vera á hóteli saman yfir helgi,“ sagði Vigdís Friða Þorvaldsdóttir sem er í ungmennaráði Árborgar. Hún var meðal þátttakenda á ráðstefnunni.

Ungmennafélag Íslands stóð fyrir ráðstefnunni sem haldin var í þriðja sinn. Unglingarnir voru flestir á aldrinum 16-20 ára en þeim fylgja starfsmenn ungmennaráða. Fjöldmörg sveitarfélög starfrækja slík ráð í dag sem og ýmis félagasamtök.



Fulltrúar ML sem tóku við verðlaununum í Lífshlaupinu, ásamt fulltrúum ÍSí.

Lífshlaup framhaldsskólanna

Verðlaunaafhending í Lífshlaupi framhaldsskólanna fór fram föstudaginn 26. október 2012 í íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík. Nemendur og starfslíð Menntaskólans að Laugarvatni tóku þátt í verkefninu, stóðu sig frábærlega og unnu til verðlauna.

Það var Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, úr framkvæmdastjórn ÍSí sem ávarpaði gesti og veitti fulltrúum skólanna sín verðlaun ásamt Kristjáni Þór Magnússyni, sem á sæti í stýrihóp Heilsuefandi framhaldsskóla hjá embætti landlæknis.

Keppt var um að ná sem flestum dögum í hreyfingu og var skólunum skipt upp í þrjá flokka miðað við heildarfjölda nemenda og starfsfólks. Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Flensborgarskóli og Menntaskólinn að Laugarvatni voru í fyrsta sæti í sínum flokkum. Nánari úrslit má finna á vefsíðu verkefnisins www.lifshlaupid.is/framhaldsskolar.

Fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála

Æskulýðsvettvangurinn, samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnarfélagssins Landsbjargar, stóðu fyrir fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála á Hvolsvelli 26. nóvember 2012.

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur, flutti fyrirlestur byggðan á nýútkominni bók sinni, "Ekki meir", sem er leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti fyrir starfsfólk skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög, foreldra og börn.

Tilgangurinn með þessu fræðsluerindi var að vekja athygli á þessum málaflokki, opna betur augu fólks fyrir því að vera vakandi og ávallt á verði gagnvart einelti og annarri óæskilegri hegðun.

Á erindinu var Aðgerðaráætlun Æskulýðsvettvangsins gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun dreift sem og eineltisplakati og nýútkomnum siðareglum Æskulýðsvettvangsins sem fjalla annarsvegar um rekstur og ábyrgð og hinsvegar um samskipti.



Guðmundur KR. Jónsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir fengu heiðurskross ÍSí á afmælishófinu.

100 ára afmælishóf ÍSí



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu í Ráðhúsi Reykjavíkur 28. janúar 2012. Sérstakur hátíðarfundur framkvæmdastjórnar var haldinn í fundarsalnum Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrr um daginn. Það var einmitt í húsinu Bárubúð, þar sem Ráðhúsið stendur í dag, sem sambandið var stofnað fyrir hundrað árum.

Að loknum fundinum í Bárubúð var móttaka fyrir boðsgesti þar sem ræður voru fluttar og einstaklingar heiðraðir.

Héraðssambönd, íþróttabandalög og sérsambönd ÍSí færðu ÍSí hátíðarféna og stand fyrir fánann að gjöf. Það kom í hlut Engilberts Olgeirssonar, framkvæmdastjóra HSK, að afhenda gjöfina, en HSK hafði forgöngu um að gefa sameiginlega gjöf.

Í afmælishófinu fór m.a. fram afhending á Heiðurskrossi ÍSí og voru fjórir einstaklingar heiðraðir. Koma tveir þeirra af sambandssvæði HSK, þau Guðmundur Kr. Jónsson á Selfossi og Hrafnhildur Guðmundsdóttir Þorlákshöfn. Hér að neðan er texti um þau, sem var lesinn upp við afhendinguna.

Guðmundur Kr. Jónsson

Guðmundur hóf ungur að iðka frjálsar íþróttir og var afburða spretthlaupari og stökkvari. Hann vann mörg glæst afrek bæði á héraðs- og landsvísi og var til að mynda stigahæsti keppandinn í karlaflokki á Landsmóttinu á Laugarvatni árið 1965, en þar sigraði hann bæði í 100 metra hlaupi og þrístökki.

Hann varð snemma öflugur félagsmálamaður, tók virkan þátt í starfi heima í héraði, í sínu félagi Umf. Selfoss, og var m.a. formaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss árin 1968 - 1979 og síðar framkvæmdastjóri félagsins.

Guðmundur var kosinn formaður HSK árið 1981 og hélt um stjórnartaumana í átta ár með miklum myndarskap. Hann tók þá sæti í varastjórn ÍSí í tvö ár, tímabilið 1992 - 1994.

Guðmundur Kr. tekur enn virkan þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar með ýmsum hætti.

Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Hrafnhildur er mikil afrekskona í sundi, 35-faldur Íslandsmeistari á árunum 1957-1972 og setti á þeim tíma alls 75 Íslandsmet í 22 sundgreinum 5 undaðferða og eru þá boðsundsmetin ótalin. Hún var langfremsta sundkona landsins á árunum 1962 - 1966 og átti þá öll Íslandsmet kvenna, 18 að tölu, nema í 1500 m. Hún varð Reykjavíkumeistari 20 sinnum en hún keppti fyrir ÍR lengst af. Hrafnhildur keppti á Ólympíuleikunum 1964 í Tókýó og 1968 í Mexíkó.

Þegar íþróttaherlinum lauk hóf Hrafnhildur að þjálfa sund, lengst af í Þorlákshöfn en hún endaði farsælan þjálfaraferil sinn árið 2010 á Selfossi. Hún þjálfaði meðal annars börn sín en fjögur þeirra fetuðu í fótspor móður sinnar og voru meðal fremstu sundmanna landsins. Hrafnhildur átti sæti í Ólympíunefnd Íslands og hefur setið í ýmsum í nefndum og ráðum á vegum Sundssambands Íslands.



Ýmsar upplýsingar

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntöku-beiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélagum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félagum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein.

Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarféлага og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1 - 200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401 - 600 þrjá fulltrúa o.s.f. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

Lögmætt er héraðsþing ef helmingur sambandsfélaganna sendir fulltrúa til þess. Stjórn er heimilt að krefjast þess að tillögur sem leggja á fram á héraðsþingi hafi borist stjórninni viku áður en þingið hefst og stjórn er skylt að tilkynna það í þingboði.

Eigi má fulltrúi á héraðsþingi fara með nema eitt atkvæði. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa rétt kjörnir fulltrúar þeirra félaga, sem skuldlaus eru við sambandið þegar þingið fer fram.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórmandi. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kunnu að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukaping ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarféлага óskar þess. Aukaping skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukapings skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukapingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi

sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarféлага, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélag sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarféлага sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélagin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mætum þingfulltrúum eru samþykkir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarféлага og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félögum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2010)



Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2012

Akstursíþróttafélag:

Akstursíþr.f. Hreppakappa
Vélhjólaklúbbur Rangæinga
Torfærklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Arnór Óli Ólafsson
Erla Jóhannsdóttir

Berghyl, Hrunamannahreppi
Hrafnskálum 2, Hellu
Ásastíg 4b, Flúðum

Golfklúbbar:

Golfkl. Ásatúns
Golfkl. Dalbúi
Golfkl. Flúðir
Golfkl. Geysir
Golfkl. Hellu
Golfkl. Hveragerðis
Golfkl. Kiðjobergs
Golfkl. Selfoss
Golfkl. Tuddi
Golfkl. Úthlíð
Golfkl. Þorlákshafnar
Golfkl. Þverá
Golfkl. Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Páll Ólafsson
Ragnar Pálsson
Jóhann Karl Þórisson
Óskar Pálsson
Erlingur Arthúrssen
Jóhann Friðbjörnsson
Bárður Guðmundarson
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðlaugur Þ. Sveinsson
Víðir Jóhannsson
Guðmundur Hallsteinsson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Ægissíðu 115, Reykjavík
Rjúpnasölum 12, Kópavogi
Nesvegi 54, Reykjavík
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Grænumörk 10, Hveragerði
Kiðjobergi, Grímsnesi
Tryggvagötu 11, Selfossi
Traðarbergi 23, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Knarrarbergi 5, Þorlákshöfn
Hellishólum, Fljótshlíð
Þrymsölum 15, Kópavogi

Hestamannafélag:

Hestamannaf. Geysir
Hestamannaf. Háfeti
Hestamannaf. Ljúfur
Hestamannaf. Logi
Hestamannaf. Sleipnir
Hestamannaf. Smári
Hestamannaf. Trausti

Ólafur Þórisson
Anna Linda Gunnarsdóttir
Sigurður Einar Guðmundsson
Guðrún S. Magnúsdóttir
Kjartan Ólafsson
Ingvar Hjálmarsson
Sverrir Sigurjónsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Básahrauni 6, Þorlákshöfn
Dynskógum 26, Hveragerði
Bræðratungu, Biskupstungum
Hlíðutúni, Ólfusi
Fjalli 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Miðengi 6, Grímsnesi

Íþróttafélag:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri

Guðmann Óskar Magnússon
Harpa Rún Kristjánsdóttir
Halldór Hartmannsson
Hjalti Helgason
Hreinn Heiðar Jóhannsson
Þórdís Bjarnadóttir

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Hólum, Rangárvöllum
Brekukoti, Sólheimum
Lyngheiði 22, Hveragerði
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksríma 10, Selfossi

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélag:

Knattspyrnuf. Árborgar
Knattspyrnuf. Rangæinga
Knattspyrnuf. Ægir

Pálmi Jóhannsson
Auður Erla Logadóttir
Guðbjartur Örn Einarsson

Seljavöllum, V-Eyjaflöllum
Laufskálum 1, Hellu
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattl.f FSu

Víðir Óskarsson

Fosstúni 12, Selfossi

Skotfélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotfélagið Skyttur

Valdimar S Þórisson
Guðmar Jón Tómasson

Bræðratungu, Stokkseyri
Drafnarsandi 3, Hellu

Ungmennafélag:

U.B.H
Umf. Ásahrepps
Umf. Baldur
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkiðvoll
Umf. Njáll
Umf. Samhygd
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Vaka
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Jakob S. Þórarinnsson
Baldur Gauti Tryggvason
Helgi Kjartansson
Jón Óskar Björgvinsson
Sigurgeir Ingólfsson
Ívar Örn Gíslason
Brynja Rúnarsdóttir
Einar Gestsson
Guðmundur Jónasson
Kristján Geir Guðmundsson
Antonía Helga Guðmundsdóttir
Þröstur Guðnason
Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Kjartan Magnússon
Rúnar Guðjónsson
Stefán Geirsson
Kristín Bára Gunnarsdóttir
Lára Jónsdóttir
Gísli G. Friðriksson
Auður Sigurðardóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Björk Tómasdóttir
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Áskoti, Ásahreppi
Víðivöllum 4, Selfossi
Dalbraut 2, Reykholti Biskupstungum
Vorsabæ, A-Landeyjum
Hlíð, Eyjaflöllum
Brennu 1, Eyrarbakka
Brekku, Þykkvabæ
Hæli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bólöðu 3, Hellu
Frostafold 14, Reykjavík
Klausturhólum, Grímsnesi
Varghól, Holtum
Laugarbraut 7b, Laugarvatni
Hjallanesi, Landsveit
Gilsbakka 29a, Hvolsvelli
Gerðum, Flóahreppi
Dverghólum 9, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Tjarnarstíg 6, Stokkseyri
Eystra-Seljalandi, V-Eyjaflöllum
Hurðarbaki, Flóahreppi
Haukabergi 2, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Vélhjólaklúbbur Rangæinga ekki lengur í HSK Vélhjólaklúbbur Rangæinga, sem stofnaður var 15. desember 2008 og fékk aðild að HSK á sínum tíma, er ekki lengur í HSK. Félagið gekk aldrei frá lagabreytingum sem ÍSÍ óskaði eftir og félagið hefur ekki verið starfandi undanfarið. Á stjórnarfundum HSK 6. febrúar 2012 var ákveðið, í samráði við formann félagsins, að taka félagið af skrá sem eitt aðildarfélag HSK. Ef félagið fer aftur af stað, mun það sækja um aðild að HSK að nýju.



Gull- og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og hafa nú einstaklingar hlotið gullmerki HSK og fjórir hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtaldir hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhól	veitt á útgáfuhátíð á Geysi 2010 vegna útgáfu á bókinni HSK í 100 ár
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	veitt á héraðsþingi HSK á Hellu 2011
Haraldur Júlísson	Frá Akurey	veitt á héraðsþingi HSK í Brautarholti 2012
Lisa Thomsen	Búrfelli	veitt á héraðsþingi HSK í Brautarholti 2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	veitt á héraðsþingi HSK í Brautarholti 2012

Eftirtalinn hefur hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	veitt á 50 ára afmælisfagnaði Kristins árið 2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	veitt á héraðsþingi HSK á Hellu 2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	veitt á 75 ára afmælisfagnaði Umf. Selfoss árið 2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	veitt á héraðsþingi HSK í Brautarholti 2012

Skipting iðkenda eftir greinum síðustu 10 ár

Hér að neðan er samtlustilist yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2011, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2012. Einnig eru birtar tölur síðustu ára. Innan HSK fækkaði iðkendum um 195, sem er 1,7% fækkun á milli ára. Iðkendum fjölgaði hlutfallslega mest í skotíþróttum, eða um 75,3%. Þá fjölgaði iðkendum um 67,3% í sundi, 50,9% í júdó og 20,1% í fimleikum. Tvær nýjar greinar bætast við á listann sem eru akstursíþróttir og þríþraut.

Iðkendur í einstökum greinum:

Íþróttagrein	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Golf	981	1.131	1.543	1.542	1.534	1.803	1.905	2.152	2.843	2.642
Hestaíþróttir	1.275	1.586	1.547	1.772	1.657	1.896	1.838	1.932	1.964	2.014
Almenningsíþróttir	47	62	184	194	352	623	493	551	1.252	1.240
Knattspyrna	1.192	1.141	1.088	1.431	1.323	1.464	1.430	1.441	1.340	1.167
Fimleikar	477	571	784	891	758	773	822	807	859	1.032
Körfuknattleikur	625	729	933	1.057	1.076	830	804	868	716	716
Frjálsíþróttir	592	754	854	1.048	907	901	708	763	633	639
Handknattleikur	221	207	195	306	339	400	454	457	426	355
Sund	37	132	240	205	199	102	102	115	116	194
Blak	174	158	200	172	171	225	239	224	221	185
Motocross	0	0	0	0	0	8	131	131	151	151
Glíma	199	145	204	165	169	188	182	201	178	149
Skotfimi	118	131	133	133	228	132	131	131	77	135
Badminton	214	111	164	142	109	152	166	148	135	117
Taekwondo	0	0	0	0	0	0	87	100	134	115
Íþróttir fatlaðra	99	94	94	88	123	113	115	103	104	111
Leiklist	0	7	120	98	144	140	102	93	103	93
Júdó	51	58	61	67	0	61	73	79	55	83
Borðtennis	139	171	103	100	90	96	106	100	97	67
Kraftlyftingar	0	0	0	0	0	0	25	26	38	34
Bridds	0	16	0	33	37	37	37	37	37	32
Hnefaleikar	0	20	20	0	20	20	0	0	13	13
Akstursíþróttir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Þríþraut	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Skógrækt	0	6	0	4	5	5	5	5	5	5
Skák	0	8	5	6	6	6	7	7	5	0
Starfsíþróttir	0	0	10	23	37	28	0	0	0	0
Lyftingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skíðaiþróttir	58	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Skylmingar	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	6.499	7.239	8.482	9.477	9.284	10.003	9.962	10.471	11.502	11.307



Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum og félagatali tveggja félaga sem skiluðu ekki umræddri skýrslu árið 2012 þá fjölgar félagsmönnum um 274 talsins á milli ára eða um 1,63% og eru nú 17.106. Árið áður voru þeir 16.832 talsins og árið 2009 voru félagsmenn 15.328. Íbúum á sambandssvæðinu fækkaði um 142 milli ára, sem er 0,76% fækkun og eru nú 18.647 talsins í sveitarfélögum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2012.

Aðildarfélög HSK	félagsmenn		alls	tekjur af lottói	getrauna-númer
	15 ára -	16 ára +			
Akstursíþr.f. Hreppakappa	1	62	63	51.938	
Golfkl. Ásatúns	1	445	446	170.800	830
Golfkl. Dalbúi	1	120	121	24.842	813
Golfkl. Flúðir	32	223	255	188.885	814
Golfkl. Geysi	1	42	43	10.099	
Golfkl. Hellu	9	112	121	78.776	852
Golfkl. Hveragerðis	44	201	245	198.846	812
Golfkl. Kiðjabergs	25	298	323	138.434	797
Golfkl. Selfoss	52	167	219	203.354	808
Golfkl. Tuddi	23	20	43	111.935	
Golfkl. Úthlíð	2	307	309	66.764	845
Golfkl. Þorlákshafnar	37	282	319	237.890	796
Golfkl. Þverá	0	40	40	7.759	
Golfkl. Öndverðarness	29	466	495	187.580	798
Hestamannaf. Geysir	174	495	669	546.453	856
Hestamannaf. Háfeti	17	88	105	11.986	
Hestamannaf. Ljúfur	40	127	167	37.097	816
Hestamannaf. Logi	52	153	205	208.431	
Hestamannaf. Sleipnir	77	394	471	336.581	
Hestamannaf. Smári	79	219	298	228.845	
Hestamannaf. Trausti	7	101	108	30.706	842
Íþróttaf. Dímon	246	429	675	689.873	859
Íþróttaf. Garpur	27	228	255	199.234	855
Íþróttaf. Gnýr	2	83	85	62.230	
Íþróttaf. Hamar	318	1167	1485	1.424.148	810
Íþróttaf. Mímir	0	172	172	1.731	843
Íþróttaf. Suðri	6	102	108	33.627	827
Karatef. Suðurlands	0	11	11	0	
Knattsp.f. Árborg	14	186	200	139.877	811
Knattsp.f. Rangæinga	253	294	547	521.899	866
Knattsp.f. Ægir	86	397	483	211.279	822
Körfuknattl.f. FSu	45	65	110	51.722	831
Skotf. Skyttur	0	45	45	22.668	
Skotíþr.félag Suðurlands	0	210	210	36.276	
Torfærukl. Suðurlands	0	54	54	52.908	
UBH	0	190	190	67.058	860
Umf. Ásahrepps	3	49	52	12.632	853
Umf. Baldur Hr.	21	106	127	96.895	804
Umf. Biskupstungna	75	217	292	307.704	803
Umf. Dagsbrún	1	166	167	26.199	865
Umf. Eyfellingur	0	85	85	23.028	863
Umf. Eyrarbakka	60	183	243	93.176	820
Umf. Framtíðin	16	57	73	75.695	
Umf. Gnúpverja	40	338	378	205.202	802
Umf. Hekla	157	329	486	467.106	851
Umf. Hrunamanna	118	302	420	369.800	801
Umf. Hvöt	1	141	142	10.626	809
Umf. Ingólfur	0	109	109	57.164	850
Umf. Laugdæla	62	199	261	284.928	840
Umf. Merkiðvoll	0	59	59	0	854
Umf. Njáll	0	85	85	0	864
Umf. Samhygð	24	100	124	115.780	807
Umf. Selfoss	929	1830	2759	3.449.118	800
Umf. Skeiðamanna	20	265	285	150.911	799
Umf. Stokkseyrar	99	217	316	364.200	825
Umf. Trausti	3	86	89	17.481	862
Umf. Vaka	32	117	149	142.847	805
Umf. Þór	188	425	613	630.848	815
Umf. Þórsmörk	0	97	97	0	861
Samtals	3.549	13.557	17.106	13.493.871	



Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2011, sem skilað var á árinu 2012.

	Konur		Karlar		Bæði kyn		
	- 15 ára/16 ára +		-15 ára/16 ára +		- 15 ára/16 ára +		Alls
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	1	0	20	0	21	21
Golfkl. Ásatúns	0	36	0	248	0	284	284
Golfkl. Dalbúi	0	42	1	78	1	120	121
Golfkl. Flúðir	6	92	26	131	32	223	255
Golfkl. Geysir	0	3	1	26	1	29	30
Golfkl. Hellu	3	38	6	74	9	112	121
Golfkl. Hveragerðis	10	68	27	117	37	185	222
Golfkl. Kiðjabergs	7	119	18	176	25	295	320
Golfkl. Tuddi	11	3	12	17	23	20	43
Golfkl. Selfoss	13	38	39	126	52	164	216
Golfkl. Úthlið	0	64	2	113	2	177	179
Golfkl. Þorlákshafnar	9	93	28	189	37	282	319
Golfkl. Þverá	0	7	0	31	0	38	38
Golfkl. Öndverðarness	9	194	20	271	29	465	494
Hestamannaf. Geysir	91	216	83	279	174	495	669
Hestamannaf. Háfeti	9	26	8	62	17	88	105
Hestamannaf. Ljúfur	28	52	12	75	40	127	167
Hestamannaf. Logi	26	60	26	93	52	153	205
Hestamannaf. Sleipnir	48	166	23	225	71	391	462
Hestamannaf. Smári	46	101	33	118	79	219	298
Hestamannaf. Trausti	3	41	4	60	7	101	108
Íþróttaf. Dímon	240	49	222	59	462	108	570
Íþróttaf. Garpur	0	59	1	91	1	150	151
Íþróttaf. Gnýr	0	70	3	66	3	136	139
Íþróttaf. Hamar	215	606	148	556	363	1162	1525
Íþróttaf. Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	2	19	4	22	6	41	47
Karatef. Suðurlands*							
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	59	0	59	59
Knattsp.f. Rangæinga	37	3	58	17	95	20	115
Knattsp.f. Ægir	24	30	51	59	75	89	164
Körfuknattleiksf. FSu	0	0	45	24	45	24	69
Skotfélagið Skyttur	0	0	0	4	0	4	4
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	3	0	128	0	131	131
Torfæruklúbbur Suðurlands	0	0	0	9	0	9	9
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Ásahrepps	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Baldur Hr.	8	2	7	6	15	8	23
Umf. Biskupstungna	73	37	49	45	122	82	204
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	7	0	11	0	18	18
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	9	0	3	0	12	0	12
Umf. Gnúpverja	23	22	14	101	37	123	160
Umf. Hekla	8	9	6	15	14	24	38
Umf. Hrunamanna	98	78	82	108	180	186	366
Umf. Hvöt	0	7	0	60	0	67	67
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	30	67	42	69	72	136	208
Umf. Merkiðvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Njáll*							
Umf. Samhygð	6	17	18	27	24	44	68
Umf. Selfoss	597	228	653	347	1250	575	1825
Umf. Skeiðamanna	5	6	7	12	12	18	30
Umf. Stokkseyrar	53	2	19	9	72	11	83
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Vaka	16	17	26	28	42	45	87
Umf. Þór	77	29	87	122	164	151	315
Umf. Þórsmörk	0	33	0	64	0	97	97
Samtals	1.840	2.872	1.914	4.681	3.754	7.553	11.307

* Tvö félög skiluðu ekki Felixsskýrslu



Íþróttamaður HSK frá upphafi

Frá árinu 1964 hefur Íþróttamaður HSK verið valinn og frá árinu 1966 hefur Íþróttamaður ársins fengið til varðveislu í eitt ár í senn myndarlegan farandbikar sem nafnbótinni fylgir. Hefur nafn íþróttamannanna verið áletrað á bikarinn frá þeim tíma.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elinborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar



Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Helgi S. Haraldsson formaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss valdi Anný Ingimarsdóttir úr varastjórn HSK sem matmann ársins. Á héraðsþinginu í Aratungu mun Anný velja matmann HSK 2013.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðm. Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemen Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjöla Guðnad.	Borg
2001	Jón Andrússon	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þröstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
2011	Helgi S. Haraldsson	Hella	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966. Í 40 ár hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3-4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Björg Halldórsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri og sleifarhafi HSK 2012 mun sjá um keppnina á héraðsþinginu í Aratungu 2013.

Ár	Sleifarhafi	staður	dags.	Vettvangur
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	2/9	Vesturferð HSK
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	10/7	Landgræðsluferð
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	15/11	Kvöldvaka HSK
1969-70	Engin keppni			
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	2/4	Kvöldvaka HSK
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	26/2	Héraðsþing HSK
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	24/2	Héraðsþing HSK
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	23/2	Héraðsþing HSK
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	26/2	Héraðsþing HSK
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	28/2	Héraðsþing HSK
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	26/2	Héraðsþing HSK
1978-81	Engin keppni			
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	27/2	Héraðsþing HSK
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	26/2	Héraðsþing HSK
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	24/2	Héraðsþing HSK
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	24/2	Héraðsþing HSK
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	22/2	Héraðsþing HSK
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	27/2	Héraðsþing HSK
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	27/2	Héraðsþing HSK
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	25/2	Héraðsþing HSK
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	24/2	Héraðsþing HSK
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	23/2	Héraðsþing HSK
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	29/2	Héraðsþing HSK
1993	Gunnar Sverrsson	Njálshúð	27/2	Héraðsþing HSK
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	26/2	Héraðsþing HSK
1995	Kristinn Guðnason	Hella	25/2	Héraðsþing HSK
1996	Hrafnhildur Guðmundsd.	Þingborg	24/2	Héraðsþing HSK
1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	22/2	Héraðsþing HSK
1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn	28/2	Héraðsþing HSK
1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland	27/2	Héraðsþing HSK
2000	Sigríður Ósk Guðnadóttir	Borg	26/2	Héraðsþing HSK
2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll	24/2	Héraðsþing HSK
2002	Kári Jónsson	Flúðir	23/2	Héraðsþing HSK
2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver	22/2	Héraðsþing HSK
2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær	28/2	Héraðsþing HSK
2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss	26/2	Héraðsþing HSK
2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði	25/2	Héraðsþing HSK
2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland	24/2	Héraðsþing HSK
2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn	23/2	Héraðsþing HSK
2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur2	8/2	Héraðsþing HSK
2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg	13/3	Héraðsþing HSK
2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella	12/3	Héraðsþing HSK
2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt	10/3	Héraðsþing HSK



Fréttapunktur frá ÍSí 2012



Íþróttaping ÍSí 2012

71. Íþróttaping ÍSí verður haldið á Icelandair Hótel Reykjavík Natura dagana 19.-20. apríl nk.

100 ára afmæli ÍSí

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu 28. janúar 2012. Fjölbreyttir afmælistengdir viðburðir fóru fram á afmælisárinu og gefin var út bókinn „ÍSí – Saga og samfélag í 100 ár“ þar sem stiklað er á stóru í sögu ÍSí og íþróttanna í landinu. Bókin er til sölu hjá flestum stærstu bókaverslunum í landinu. Sambandsaðilar ÍSí tengdu einnig ýmsa skemmtilega og athyglisverða fræðslu- og íþróttatengda viðburði á sínu svæði við afmælið.

EOC fundaði á Íslandi

Í tengslum við afmæli ÍSí fundaði stjórn Evrópsku ólympíunefndanna-EOC í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 26.-27. janúar 2012. Stjórnin var einnig viðstödd afmælishátíð ÍSí og var það mikill heiður fyrir ÍSí að hafa svo háttsetta aðila úr ólympíuhreyfingunni með í hátíðahöldunum.

Heiðurshöll ÍSí

Á afmælisárinu setti ÍSí á stofn Heiðurshöll ÍSí. Vilhjálmur Einarsson þrístökkvari varð fyrstur útnefndur í Heiðurshöllina á afmæli ÍSí 28. Janúar 2012. Bjarni Ásgeir Friðriksson júdókappi og Vala Flosadóttir stangarstökkvari voru síðan útnefnd í Heiðurshöllina 29. desember 2012.

Fundur norrænna íþróttaleiðtoga

Árlegur fundur norrænna íþróttasambanda og ólympíunefnda var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði í september 2012. Fundurinn var vel sóttur og heppnaðist afar vel.

Fundur með fulltrúum stjórnmalaflokka

Í tengslum við árlegan Formannafund ÍSí var haldinn fundur með fulltrúum stjórnmalaflokka þar sem færi gafst á að ræða um stefnu þeirra og skoðanir varðandi málefni íþróttahreyfingarinnar. Fulltrúar mættu frá Framsóknarflokknum, Hreyfingunni, Samfylkingunni, Sjálfstæðisflokknum og Vinstri grænum.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2012 voru 61,7 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010, 61,8 m.kr. fyrir árið 2011 og 60,5 m.kr. fyrir árið 2012. Framlag fyrir árið 2013 verður 70 m. króna.

Heimasíða ÍSí

Ný heimasíða ÍSí var tekin í notkun árið 2012 í kjölfar samings ÍSí við Advania um rekstur tölvukerfa Íþróttamiðstöðvarinnar. Slóðin á heimasíðu ÍSí er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig með Fésbókarsíðu.

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ heldur utan um tölfræði



Ólafur Rafnsson veitti Markúsi Ívarssyni og Þóri Haraldssyni gullmerki ÍSí á þingi HSK 2012.

Íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnþæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Felix-kerfið leit dagsins ljós árið 2003 og nú er að störfum vinnuhópur ÍSí og UMFÍ um endurskoðun á skráningarkerfi hreyfingarinnar.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSí á landsvísi. Bæði 1. og 2. stig ÍSí hafa verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. Vinna við gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar er langt komin og er hún m.a. unnin í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Undirbúningsvinna fyrir þjálfaramenntun 4. og 5. stigs sem er á háskólastigi er þegar hafin.

Fyrirmyndarfélög ÍSí

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSí eru um 120 talsins. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Háskólanum í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSí

ÍSí hefur gefið út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabáttöku bæði fyrir afreksmanninn og hinn almenna íþróttamann. Þetta efni má nálgast bæði rafrænt á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem má nálgast á skrifstofunni. Á heimasíðunni má einnig finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni svo að eitthvað sé nefnt.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2013 sendir ÍSí þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni;



Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Brasov í Rúmeníu í febrúar, Smáþjóðaleikana í Luxemborg í júní og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í júlí.

Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands tók þetta verkefni lengra í ár og skipulagði í samstarfi við sambands- og samstarfsaðila sína heila viku af íþróttatengdum viðburðum, „Ólympíuviku ÍSÍ“. Meðal þess sem í boði var í Ólympíuvíkunni var strandblak, skyldingar, bogfimi, frjálsar íþróttir, keila, Knattþrautir KSÍ, Sunddagar SSÍ, Golfdagur GSÍ og margt fleira.

Úthlutun styrkja

Á árinu 2012 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 104 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úhlutaði 11 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir


Mikil þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 6.-26. febrúar og grunnskólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 1.-19. febrúar, síðan er framhaldsskólakeppni frá 3.-16. október.

„Hjólað í vinnuna“ stendur yfir í þrjár vikur eða frá 8.-28. maí 2013. Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram 8. júní 2013.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sersambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna.



ÍSÍ gaf út 100 ára sögu sambandsins á árinu.

Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

140 sýni voru tekin á árinu 2012, þar af 80 sýni eða 57% í keppni. Lyfjapróf voru tekin í 22. íþróttageinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjæftirlitsnefnd 34 sýni fyrir aðra. Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjæftirlit er að finna á lyfjæftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjæftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2012 fyrir 15. apríl 2013. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.



Fréttapunktur frá UMFÍ 2012



Vorfundur UMFÍ

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Selfossi laugardaginn 5. maí 2012. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, setti fundinn, en yfir 40 fulltrúar ungmenna- og héraðssambanda sátu fundinn. Dr. Sigrún Gunnarsdóttir frá Þekkingarsetri flutti áhugavert erindi undir yfirskriftinni „Þjónandi forysta“. Jón Páll Hreinsson, formaður HSV, kynnti samstarf HSV og Ísafjarðarbæjar. Þá var farið í stefnumótunartíðni undir handleiðslu Sævars Kristinssonar.

38. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Yfir 50 manns sátu 38. Sambandsráðsfund Ungmennafélags Íslands sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri dagana 12.–13. október sl. Fundurinn var starfsamur og voru 26 tillögur samþykktar á honum.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum

Starfsemi Ungmenna- og tómstundabúðanna er sífellt að festast betur í sessi hjá skólum landsins. Mikið er orðið um að kennarar komi aftur og aftur á Laugar enda láta þeir vel af dvölinni. Þátttakendur síðasta starfsvetrar voru 1350, viðsvegar af landinu, flestir koma af höfuðborgarsvæðinu

2. Landsmót UMFÍ 50+ í Mosfellsbæ

Dagana 8.–10. júní sl. var 2. Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Mosfellsbæ. Mótshaldari var UMSK. Undirbúningur fyrir mótið stóð yfir í nokkra mánuði. Aðstaða til keppni í Mosfellsbæ var öll til fyrirmyndar því hægt var að keppa í um 20 keppnisgreinum. Einnig var mikið lagt upp úr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu. Keppendur og gestir skemmtu sér konunglega í blíðskaparveðri alla mótsdagana.



Anný Ingimarsdóttir og Fanney Ólafsdóttir hlutu starfsmerki UMFÍ á héraðsþingi HSK.

15. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi

Dagana 3.–5. ágúst sl. var 15. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Selfossi. Undirbúningur hafði staðið lengi og gengið samkvæmt öllum áætlunum og tímasetningum. Öflug framkvæmdanefnd (unglingalandsmótsnefnd) kom að undirbúningnum af miklum krafti og skilaði mjög góðri vinnu. Formaður nefndarinnar var Þórir Haraldsson. Guðrún Tryggvadóttir var ráðin sem verkefnisstjóri með starfsaðstöðu á Selfossi og vann hún að undirbúningi mótsins með Ómari Braga Stefánssyni, landsfulltrúa og framkvæmdastjóra mótsins.

Frh. á næstu síðu



Keppendur á Unglingalandsmóti hafa aldrei verið fleiri en á Selfossi en rétt um 2.000 keppendur voru þar saman komnir. Öll aðstaða var til fyrirmyndar á Selfossi og á það jafnt við um keppnisgreinar sem og tjaldsvæði mótsgesta. Sveitarfélagið Árborg lagði svo sannarlega sín lóð á vogarskálarnar til að gera mótið allt hið glæsilegasta.

Ungt fólk og lýðræði

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin á Hvolsvelli dagana 29.–31. mars 2012. Þetta er í þriðja sinn sem UMFÍ stendur fyrir slíkri ráðstefnu í þeim tilgangi að styðja við lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu. Ráðstefnan var bæði ætluð fulltrúum ungmennaráða og starfsmönnum þeirra. Bóðað var til ráðstefnunnar meðal ungmennaráða sveitarfélaga um allt land, sambandsaðila UMFÍ, félagasamtaka og framhaldsskólanema. Þátttakendur voru 84 frá 26 ungmennaráðum og tveir framhaldsskólanemar. Skipting ungmennaráða var á þann veg að fulltrúar voru frá 23 sveitarfélögum og þremur ungmennaráðum frá sambandsaðilum innan UMFÍ. Þema ráðstefnunnar var fjölmiðlar og mannréttindi. Að lokinni ráðstefnunni var ályktun frá ráðstefnunni send öllum sveitarfélögum á landinu, alþingismönnum og forseta Íslands.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn, samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalags íslenskra skáta og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fór á haustmánuðum 2012 í hringferð um landið með 90 mínútna fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála fyrir aðildarfélög. Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur flutti fyrirlestra byggða á nýútkominni bók sinni, Ekki meir, sem er leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti fyrir starfsfólk skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög, foreldra og börn. Tilgangurinn með þessum fræðsluerindum var að vekja athygli á þessum málaflokki og opna betur augu starfsfólks og sjálfbóðaliða fyrir því að vera vakandi og ávallt á verði gagnvart einelti og annarri óæskilegri hegðun. Samhliða þessum fræðsluerindum hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið og gefið út Aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun og plakat sem á að minna einstaklinga, börn og fullorðna, á að koma vel fram. Æskulýðsvettvangurinn stendur jafnframt, eins og undanfarin ár, fyrir Verndum þau og Kompánámskeiðum.

Ungmennavika NSU

Fimm ungmenni sóttu ungmennaviku á vegum NSU á Grænlandi dagana 1.–12. ágúst. Vikan, sem var nú reyndar rúmlega vika, bar heitið Arsarnerit eða Norðurljós. Á Grænlandi kynntust ungmenntin landi og þjóð, öðrum norrænum ungmennum og tóku þátt í undirbúningi að hátíðahöldum fyrir börn í Nuuk.

Ungmennaráð UMFÍ

Mikill hugur er innan Ungmennaráðs UMFÍ. Ráðið tók þátt í að skipuleggja ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin var í mars. Á síðasta fundi hóf ráðið að skipuleggja skemmtihelgi af fullum krafti og skipti með sér verkum.

Fyrirmyndarleikmaðurinn

Fyrirmyndarleikmaðurinn er átaksverkefni gegn munntóbaksnotkun knattspyrnumanna og ungs fólks, á vegum embættis Landlæknis, UMFÍ, KSÍ, ÍSÍ og ÁTVR. Herferðinni er einnig beint gegn notkun tobaks á íþróttasvæðum. Forystumenn íþróttafélaganna eru hvattir til að fylgja eftir ályktun íþrótt- og sersambanda um að útrýma allri notkun tobaks úr öllu íþróttastarfi. Átakið fór fram með þeim hætti að valinn er einn leikmaður frá hverju liði í efstu deild og fékk hann titilinn fyrirmyndarleikmaður. Sá leikmaður neytir ekki tobaks. Hlutverk leikmannsins er að vera fyrirmynd yngri iðkenda og ungs fólks auk þess að prýða veggspjöld í auglýsingaherferð átaksins sem og aðrar auglýsingar. Markmið átaksins er að koma þeim skilaboðum áleiðis að íþróttir og munntóbak eiga enga samleið. Og þó að átakið beinist sérstaklega að knattspyrnumönnum er það aðeins upphafspunkturinn og markmiðið er að halda áfram á næstu árum og



Vorfundur UMFÍ var haldinn á Selfossi.

vekja íþróttamenn í öllum keppnisgreinum sem og ungt fólk til umhugsunar um þær slæmu hliðar sem neysla munntóbaks hefur í för með sér.

Forvarnardagurinn

Þann 31. október 2012 var Forvarnardagurinn haldinn í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Þetta var í sjöunda sinn sem dagurinn er haldinn. Kynnt voru ýmis heillaráð sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum. Allir grunn- og framhaldsskólar á landinu tóku þátt í þessu viðfangsefni. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegri sé að ungmenni, sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegri er að þau neyti fíkniefna síðar. Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabil rannsakað áhættuhegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt.

Baráttudagur gegn einelti

Þann 8. nóvember 2012 var í annað sinn haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti. Íslendingar voru hvattir til þess að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki síst í skólum og á vinnustöðum. Allir voru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrífist í samfélaginu. Fólk var hvatt til að beina sjónum að jákvæðum samskiptum, jákvæðum skólabrag og starfsanda.

ISCA

UMFÍ tók þátt í stóru verkefni 1.–7. október 2012 á vegum ISCA sem bar yfirskriftina MOVE WEEK eða Heilsuvika. MOVE WEEK er herferð sem ISCA ætlar sér að verði enn stærra verkefni á næstu árum. Markmiðið er að árið 2020 verði 100 milljónir Evrópubúa farnar að hreyfa sig reglulega. Takmarkið að þessu sinni var að fá sem flesta Evrópubúa til að hreyfa sig fyrstu vikuna í október og hvetja til heilbrigðs lífsstíls.

Þrastaskógur

Starfið í Þrastaskógi gekk sinn vanagang síðasta sumar. Ungmennafélag Íslands tók upp samstarf við Landsvirkjun í verkefninu Margar hendur vinna létt verk. Verkefnið er með þeim hætti að 5 til 7 ungmenni á vegum Landsvirkjunar vinna eina vinnuviku í skóginum við grisjun, klippingar og lagningu trjákurls á hluta af stígakerfi skógarins. Lauk þessu verkefni nú í sumar. Allmargir stígar voru klipptir og trjákurll var sett á þá. Lagfæring á



Frá setningu 15. Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi.

efstu tröppu við minnisvarða um Aðalstein Sigmundsson stendur yfir. Verður umhverfi hans lagað og handrið sett á pall. Margt stendur til í skóginum á næstu misserum. Má þar nefna endurnýjun á salernisaðstöðu, en sú sem fyrir er, er ónýt með öllu, hönnun á danspalli, lagfæringu á göngustígum, grillhús o.fl.

Göngum um Ísland

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undanfarin ár. Bókin er alls 128 blaðsíður. Þar eru lýsingar á 300 stuttum gönguleiðum víðs vegar um landið. Í bókinni er einnig að finna 24 fjöll sem eru í verkefninu Fjölskyldan á fjallið. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik, t.d. um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni er dreift á alla helstu ferðamannastaði á landinu sem og sundlaugar og íþróttahús.

Ganga.is

Vefurinn ganga.is er alltaf vinsæll en aldrei vinsælli en yfir sumarmánuðina. Vefsíðan hefur að geyma fjöldann allan af gönguleiðum um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Á síðunni er einnig hægt að halda utan um eigin hreyfingu allt árið. Margir nýta sér þann valkost að halda utan um þau fjöll sem gengið hefur verið á.

Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem hefur slegið í gegn hjá UMFÍ. Mikill fjöldi hefur tekið þátt í þessu verkefni frá vori og fram á haust. Tuttugu sambandsaðilar hafa tilnefnt fjöll til verkefnisins og skipulagt göngur á þau fjöll. Í vor fékkst styrkur frá Pokasjóði og Ferðamálastofu til að setja skilti við upphafsstaði á nokkrum fjöllum sem hafa verið inni í verkefninu.

Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga

Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! hófst 5. júní eins og árið þar á undan. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri, og hægt var að velja milli þátttöku í einstaklingskeppni, hópafyrirtækjakeppni eða vera með í báðum keppnunum. Þátttakendur skráðu hreyfingu sína inn á ganga.is eða þau fjöll sem þeir hafa gengið á. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig sem mest og ýta undir aukna samverustundir fjölskyldunnar.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára. Ungmennin koma saman á hádegi á mánudegi en skólanum lýkur á hádegi á föstudegi í sömu viku. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum. Auk frjálsra íþróttar er farið í sund, leiki, óvissuferðir og haldnar kvöldvökur. Ungmennin borga þáttökugjald en innifalið í því er kennsla, fæði og gisting. Fimm sambandsaðilar héldu skólann í sumar og voru það UMSB, UMSS, UÍA, HSK og HSP.

Lýðháskólar

Í janúar 2012 héldu 16 nemendur víðs vegar af landinu til náms í íþróttalýðháskólum í Danmörku. Þessir 16 nemendur hlutu allir styrk frá UMFÍ vegna dvalarinnar úti. Dvalarlengd nemendanna er mjög mismunandi, sumir dvelja í 10 vikur og aðrir í 20 vikur eða lengur. Það

er samdóma álit nemendanna að skólarnir og dvölin sé í alla staði frábær. Í haust héldu síðan 18 nemendur til náms sem einnig hlutu styrk frá UMFÍ.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið á vegum UMFÍ. Lögð er áhersla á að bjóða upp á námskeið sem gagnast félagsmönnum sem best. Megináhersla hefur verið lögð á námskeiðin Sýndu hvað í þér býr. Á námskeiðunum er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku og fundarsköpum. Námskeiðin hafa hlotið góðan hljómgrunn. Einnig hefur verið boðið upp á námskeið í viðburðastjórnun sem og fjármálum og styrkjum.

Skinfaxi

Fjögur blöð af Skinfaxa komu út á síðasta ári auk sérstaks blaðs sem kom út í tengslum við 2. Landsmót 50+ sem haldið var í Mosfellsbæ og fór eins og önnur blöð í mjög góða dreifingu um allt land. Dreifing á blaðinu hefur aldrei verið eins öflug og á síðasta ári. Það var mikill akkur fyrir blaðið þegar samkomulag náðist við N1 um dreifingu blaðsins á þjónustustöðvar fyrirtækisins vítt og breitt um landið. Blaðið liggur þar frammi og hefur dreifing með þessum hætti fallið í góðan jarðveg. Blaðið fær með þessum hætti mjög góða útbreiðslu sem er um leið mjög góð auglýsing fyrir það. Auk áskrifenda er blaðinu einnig dreift til allra fjölmiðla og grunn- og framhaldsskóla og ráðuneyta. Eins og endranær er líka hægt að nálgast Skinfaxa á heimasíðu UMFÍ og enn fremur blöð nokkur ár aftur í tímann. Fólk hefur nýtt sér þennan möguleika í auknum mæli. Skinfaxi hefur alla tíð verið öflugur málsvári ungmennafélagsshreyfingarinnar og er nú sem fyrr stefnt að því að efni blaðsins sé í senn skemmtilegt og fræðandi.

Eldri ungmennafélagar

Eldri ungmennafélagar er málaflokkur sem mun stækka mjög í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+. Innan UMFÍ er nefnd sem vinnur að því að efla starf eldri ungmennafélaga. Nefndin hefur fundað reglulega og unnið að ýmsum hugmyndum sem stefnt er á að hrint verði í framkvæmd nú strax í vetur. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur verið með aðstöðu í þjónustumiðstöð UMFÍ í nokkur ár og hefur það samstarf reynst mjög vel.

Starfsíþróttir

Iðkun starfsíþróttar fer vaxandi innan UMFÍ og er það vel, því það eykur fjölbreytni verkefna innan hreyfingarinnar. Starfsíþróttarþing UMFÍ 2012 var haldið í lok apríl á Selfossi og var það fyrsta þing ráðsins eftir stofnþing. Fulltrúar frá átta sambandsaðilum mættu á þingið sem var líflegt og vel heppnað. Rætt var um starfsíþróttirnar frá ýmsum hliðum, hlutverk ráðsins, nýjar greinar og ýmislegt fleira. Á þinginu voru staðfestar reglugerðir sem keppt verður eftir á Landsmóttinu á Selfossi á sumri komanda og má finna þær á heimasíðu UMFÍ. Starfsíþróttir voru meðal keppnisgreina á Landsmóti UMFÍ 50+ í Mosfellsbæ og nú í fyrsta sinn á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfossi. Þar var keppt í stafsetningu og upplestri og tókst vel. Tvö héraðssambönd héldu héraðsmót í starfsíþróttum í sumar, HSP og HSK, og veitti starfsíþróttaráð leiðbeiningar og aðstoð.



Styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins

Íþróttanefnd ríkisins veitir árlega styrki til hinna ýmsu verkefna og er umsóknarfrestur til 15. október ár hvert. Alls bárust 119 umsóknir að upphæð 72.581.257 kr. um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2012. Mennta- og menningarmálaráðherra samþykkt tillögur íþróttanefndar, alls að upphæð 15.845 m.kr. til 62 verkefna. Hér er yfirlit um styrki sem veittir voru inn á HSK svæðið í ár.

Beir sem hlutu styrki vegna verkefna sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar:

Fimleikadeild Umf. Selfoss	Kaup á tækjum fyrir Fimleikaakademíu Fimleikadeildar Umf. Selfoss og FSU	25.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Kaup á trompólíni	250.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Kaup á dýnu vegna fimleikaiðkunar	200.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Kaup á íþróttahöldum á nýjan frjálsíþróttaleikvang	300.000
Golfklúbburinn Dalbúi	Uppbygging á æfingaaðstöðu	200.000
Íþróttafélagið Garpur	Kaup á dýnu vegna fimleikaiðkunar	250.000
Umf. Biskupstungna	Kaup á frjálsíþróttahöldum	200.000
Umf. Laugdæla	Kaup á höldum fyrir frístundaskóla UMFL	100.000
Umf. Laugdæla	Kaup á fimleikahring	50.000

Beir sem hlutu styrk vegna útbreiðslu - og fræðsluverkefna:

Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Míkróbolti útbreiðsla og kynning á körfubolta fyrir 4-6 ára	100.000
--------------------------------	---	---------

Styrkveiting til íþróttarannsóknar:

Rannsóknarst. í Íþrótt og heilsufr.	Atgervi ungra Íslendinga	1.800.000
Rannsóknarst. í Íþrótt og heilsufr.	Rannsókn á mun á djúpvatnshlaupi með og án flotbeltis og hlaupi á bretti og á braut hjá íþróttamönnum	800.000
Rannsóknarst. í Íþrótt og heilsufr.	Þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa fatlaðra íslenskra barna	600.000

Ferðasjóður íþróttahreyfingarinnar

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf.

Ferðasjóði íþróttafélaga var úthlutað 60 milljónum á fjárlögum árið 2009, 57 milljónum árið 2010 og 54 milljónum árið 2011. Heildarframlagið í ár var 64,7 milljónir og var 61,7 milljónum úthlutað.

Rétt er að geta þess að nokkur þeirra félaga sem fengu styrk eru deildarskipt og því getur styrkur þeirra félaga runnið til fleiri en einnar deildar innan viðkomandi félags.

Úthlutun til aðildarfélaga HSK fyrir keppnisferðir 2009-2012:

	2009	2010	2011	2012
Glimuráð HSK	15.886	0	33.324	0
Golfkl. Hveragerðis	0	0	0	18.657
Golfkl. Selfoss	11.788	0	0	15.265
Hestamannafélagið Geysir	0	0	26.348	0
Íþr.f. Dímon	58.430	0	7.654	35.284
Íþr.f. Hamar	293.267	302.890	435.603	558.610
Knattsp. Árborg	43.752	68.041	128.831	30.121
Knattsp. Rangæinga	241.285	81.693	11.242	125.860
Knattspyrnuf. Ægir	133.716	54.925	49.359	103.218
Körfuknattleiks. FSU	107.598	114.924	65.268	114.987
Umf. Hekla	0	42.042	0	0
Umf. Hrunamanna	190.109	166.323	114.202	147.091
Umf. Laugdæla	68.153	89.719	89.082	95.405
Umf. Selfoss	1.465.496	911.543	1.203.083	1.316.099
Umf. Þór	95.271	27.087	86.624	154.938
Samtals	2.724.751	1.859.187	2.250.620	2.737.660



Hamar fékk tæpar 560 þúsund krónur úr ferðasjóði íþróttahreyfingarinnar. Hér er Ingþór Björgvinsson í baráttu við leikmann KF á Siglufjarðarvelli í 2. deild karla.



Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það verkefni að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 16 starfsnefndir Skarphéðins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd:

Anný Ingimarsdóttir, formaður, varastjórn HSK

Ásta Laufey Sigurðardóttir, varastjórn HSK

Lára Jónsdóttir, varastjórn HSK

Guðrún Hafsteinsdóttir, sundnefnd HSK

Jóhannes Óli Kjartansson, handknattleiksnefnd HSK

Á héraðsþingi árið 2012 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá í kafla um héraðsþingið í Brautarholti og í skýrslum nefnda hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2012.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnar þær Brynja Hjálmtýsdóttir og Ásta Laufey Sigurðardóttir.

Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og síðan hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK.

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Guðríður Aadnegard, formaður HSK

Árni Þorgilsson, fyrrverandi formaður HSK

Fanney Ólafsdóttir, stjórn HSK

Guðmundur Karl Sigurdórsson, íþróttafréttamaður

Þórir Haraldsson, fyrrverandi formaður Umf. Selfoss

Varamenn:

Anný Ingimarsdóttir, varastjórn HSK

Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi varaformaður HSK

Valnefndin ákvað að styðjast við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarnar.

Íþróttamenn í 21 íþróttagrein voru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni HSK 2012 og hafa aldrei verið fleiri. Sjö konur voru valdar íþróttamenn sinna greina og 14 karlar.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sæmdarheitið Íþróttamaður HSK árið 2012 hlyti fimleikakonan Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

- Þátttaka HSK á 15. Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Jóhann Gunnar Friðgeirsson, formaður

Lára Jónsdóttir, ritari

Guðrún Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi

Fyrsti fundur var haldinn í Selinu 13. júní. Þar voru lögð drög að peysukaupum og einnig um að kaupa potta með krana, auk nokkurra annarra venjubundinna undirbúningsatriða. Ákveðið var að leita til Arion banka um styrk til peysukaupanna. Annar fundur var 30. júlí, en þar var starfið skipulagt og nefndin skipti á sig verkefnum.

Keyptar voru 383 peysur og tveir pottar. Við komum svo saman á fimmtudeginum fyrir mót og afhentum keppendum peysur, settum upp stórt tjald á tjaldsvæði HSK sem UMFL lánaði eins og undanfarin ár. Nýju pottarnir voru vígðir og fólk gat fengið sér heitt kakó og kex að ógleymdu bakkelsi sem við fengum úr Guðnabakarí, Hverabakarí og hjá Almari bakara á Selfossi og í Hveragerði, öll kvöldin. Einnig vorum við með tunnugrill sem við kveiktum upp í öll kvöldin og var það töluvert notað.

Á setningunni var nóg að gera. Metfjöldi var í skruðgöngu sem gekk mjög vel. Þökk sé röggsumum konum í nefndinni. Á laugardegnum gerði strekkingsvind sem olli töluverðum usla. UMFL-tjaldið fauk og lenti á þremur tjaldvögnum og skemmdi þá nokkuð. Ekki var hægt að tjalda stóra tjaldinu aftur. Björgunarsveitin kom með annað tjald daginn eftir og bjargaði málinu. Töluverður erill var á tjaldsvæði HSK, enda mikið af unglingum sem engir foreldrar fylgdu (þeir gistu heima hjá sér). Ekkert vesen var en dálítið fjör og voru þau frekar sein í háttinn. Allt gekk þó vel, veðrið frábært, mikil þátttaka og samhugur hjá fólki og allir tilbúnir að hjálpa til ef á þurfti að halda.

Jóhann Gunnar Friðgeirsson, formaður



Taekwondo var í fyrsta sinn keppnisgrein á Unglingalandsmóti.

Árangur HSK keppenda:

Um 350 keppendur frá HSK

Um 350 keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í Unglingalandsmóti 2012. Þáttökumet HSK var rækilega slegið, en fyrra þáttökumet var frá því í Þorlákshöfn árið 2008, en þá tóku 170 keppendur þátt af sambandssvæðinu. HSK átti keppendur í öllum 14 þáttökugreinum mótsins og stóðu keppendurnir sig frábærlega og unnu rúmlega 60 unglingalandsmóts titla. Hér að neðan er greint frá öllum unglingalandsmótsmeisturum HSK. Heildarúrslit mótsins eru á www.ulm.is.

Dans

Tveir keppendur frá HSK kepptu í dansi og er það í fyrsta sinn sem keppendi frá HSK keppir í þeirri grein á Unglingalandsmóti.



Jóhann Gunnar formaður unglíngalandsmótsnefndar sambandsins var fánaberi HSK.

Fimleikar

Keppendur HSK, sem komu úr átta liðum, stóðu sig frábærlega og urðu 33 þeirra unglíngalandsmótsmeistarar. Sum liðanna voru samansett með keppendum úr öðrum samböndum.

Unglíngalandsmótsmeistaralið

11–12 ára stúlkur:

Liðsmenn í Fimar Stelpur: Barbára Sól Gísladóttir, Birta Marín Davíðsdóttir, Júlíana Hjaltadóttir, Katharína Sybilla Jóhannsdóttir, Kolfinna Magnúsdóttir og Rákel Helga Rögnvaldsdóttir.

11–12 ára strákar:

Liðsmenn í 7 harðir: Alexander Hrafnkelsson, Aron Emil Gunnarsson, Jón Ingi Guðfinnsson og Martin Bjarni Guðmundsson.

13–15 ára stelpur:

Liðsmenn Dream Team: Anna María Steingrimsdóttir, Aníta Sól Tyrfingsdóttir, Aníta Guðrún Sigurðardóttir, Alma Rún Baldursdóttir, Eva Rún Eidsdóttir, Harpa Svansdóttir, Hekla Björk Grétarsdóttir og Ólöf Yr Eyjólfssdóttir.

13–15 ára mix (kk/kvk)

Liðsmenn Hin fjögur fræknu: Aníta Sól Tyrfingsdóttir, Hekla Björk Grétarsdóttir og Martin Bjarni Guðmundsson.

13–15 ára strákar

Liðsmenn Gerplustráka: Martin Bjarni Guðmundsson.

16–18 ára stelpur:

Liðsmenn Selfossmassar: Ástrós Hilmarsdóttir, Bettý Freyja Ásmundsdóttir, Bryndís Arna Þórarinsdóttir, Fjóla Dóra Sæmundsdóttir, Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Margrét Thorarensen, Nadía Björt Hafsteinsdóttir og Steinunn Lúdvígsdóttir.

16–18 ára mix (kk/kvk)

Nadía Björt Hafsteinsdóttir.

16–18 ára strákar (kk)

Liðsmenn FC Lortur: Þorsteinn Daníel Þorsteinsson og Markús Árni Vernharðsson.

Frjálsíþróttir

Keppendur HSK í frjálsíþróttum stóðu sig frábærlega á mótinu, unnu til 63 verðlauna og þar af unnust 31 unglíngalandsmóts titlar. Keppendur HSK settu 16 unglíngalandsmótsmet, 10 HSK-met og eitt Íslandsmet. Hér að neðan er listi yfir titilhafa og methafa.

11 ára stúlkur

Katharína Sybilla Jóhannsdóttir Hástökk 1,30 m

12 ára piltar

Pétur Már Sigurðsson Þröstökk 9,68 ULM met

Pétur Már Sigurðsson Hástökk 1,47 m

Stefán Narfi Bjarnason Kúluvarp 9,15 m

13 ára stúlkur

Harpa Svansdóttir Langstökk 4,99 m

Halla María Magnúsdóttir Spjót kast 35,55 m

Halla María Magnúsdóttir 60 m grind 10,71 sek

Harpa Svansdóttir 60 m grind U 10,52 sek ULM met HSK met



Boðhlaupsveit HSK í 16-17 ára vann Unglíngalandsmóts titil á nýju HSK meti.

Halla María Magnúsdóttir	80 m hlaup	10,76 sek	ULM met	HSK met
Halla María Magnúsdóttir	kúluvarp	11,52 m		
Sveit HSK	4x100m boðhl.	55,18 sek	ULM met	HSK met

Halla María Magnúsdóttir, Harpa Svansdóttir, Hekla Björk Grétarsdóttir, Sunna Skeggjadóttir

13 ára piltar

Styrmir Dan Steinunnarson	60m grind	10,15 sek		
	60m grind U	10,01 sek	ULM met	HSK met
Styrmir Dan Steinunnarson	Hástökk	1,65 m	ULM met	
Styrmir Dan Steinunnarson	Þröstökk	11,34 m	ULM met	HSK met Ísl.met

Styrmir Dan Steinunnarson	Langstökk	5,47 m	ULM met	
Styrmir Dan Steinunnarson	Kúluvarp	11,53 m		

14 ára piltar

Sveinbjörn Jóhannsson	Kúluvarp	12,65 m	ULM met	
Fannar Yngvi Rafnarsson	Þröstökk	11,38 m	ULM met	
Teitur Örn Ingvarsson	Kringlukast	39,46 m	ULM met	
Teitur Örn Ingvarsson	Spjót kast	47,34 m		
Fannar Yngvi Rafnarsson	Langstökk	5,57 m		

15 ára piltar

Sigbór Helgason	100 m grind U	15,01 sek		HSK met
Sigbór Helgason	Kúluvarp	13,03 m		
Sigbór Helgason	Hástökk	1,86 m	ULM met	HSK met
Sigbór Helgason	Langstökk	5,81 m		
Sigbór Helgason	Kringlukast	42,59 m		
Sigbór Helgason	Þröstökk	12,47 m	ULM met	
Sigbór Helgason	Spjót kast	60,76 m	ULM met	HSK met

16-17 telpur

Thelma Björk Einarssdóttir	Kringlukast	29,60 m	ULM met	
Sveit HSK	4x100m boðhl.	52,17 sek	HSK met	

Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Eva Lind Elíasdóttir, Elinborg Anna Jóhannsdóttir

18 ára stúlkur

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir kúluvarp 7,83 m

18 ára piltar

Guðmundur Kristinn Jónsson Spjót kast 51,87 m ULM met

Glima

Fimmtán keppendur frá HSK tóku þátt í glímu og unnu þeir til fjölda verðlauna. Fimm af þeim urðu unglíngalandsmótsmeistarar og er þeirra getið hér að neðan.

Unglíngalandsmótsmeistarar í glímu:

Sölvi Svavarsson 11 ára

Þorgils Kári Sigurðsson 14 ára

Hanna Kristín Ólafsdóttir 13–14 ára

Guðrún Inga Helgadóttir 15 ára

Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir 17–18 ára



Hjörtur Már Ingvarsson varð tvöfaldur Unglingalandsmótsmeistari í sundi fatlaðra.

Golf

Tuttugu og þrír af níutíu og þremur keppendum í golfi komu af sambandssvæði HSK og náðu þeir að vinna ein silfurverðlaun á mótinu.

Hestaíþróttir

HSK átti nokkra keppendur í hestaíþróttum og komust nokkrir þeirra á pall. Eftirtaldir keppendur urðu unglingalandsmótsmeistarar:

Tölt unglunga

Díana Kristín Sigmarsdóttir og Fífill – 6,61

Fimmgangur unglunga

Díana Kristín Sigmarsdóttir og Ögri – 5,74

Fjörgangur unglunga

Sigríður Óladóttir og Dökkvi – 6,23

Íþróttir fatlaðra

Boccia

Keppt var í boccia drengja og stúlkna á mótinu og unnu keppendur HSK báða flokkana. Guðrún Jóna Ingvarsdóttir vann í stúlknaflokki og Almar Þór Þorsteinsson í karlaflokki.

Fjálsíþróttir

HSK átti einn keppanda í fjálsíþróttakeppni mótsins sem vann til þriggja verðlauna.

Sund

Hjörtur Már Ingvarsson varð tvöfaldur unglingalandsmótsmeistari í sundi fatlaðra. Hann vann 50 m skriðsund á 46,41 sek og 50 m bringusund á 1;13,38 mín.

Knattspyrna

Knattspyrnan var fjölmennasta grein mótsins og fjölmargir keppendur af sambandssvæðinu tóku þátt. Tvö lið af sambandssvæðinu unnu titla á mótinu, en það var í flokki stelpna og drengja 13 – 14 ára. Stelpnaliðið kallaði sig Pink Panthers. Með sigurliðinu spiluðu þær Ásdís Ágústsdóttir, Eyrún Gautadóttir og Kolbrún Ýr Karlsdóttir. Strákaliðið hét Sportbær og í sigurliðinu voru: Adam Örn Sveinbjörnsson, Arilius Óskarsson, Bjarki Leosson, Ernir Vignisson, Guðmundur Aðalsteinn Sveinsson, Jökull Hermannsson og Þorkell Ingi Sigurðsson.

Körfuknattleikur

Fjöldi keppanda frá HSK tóku þátt og nokkrir voru í liðum sem náðu verðlaunasætum. Í flokki 13–14 ára pílta báru The Monstars sigur úr bítum, en í því liði voru tveir pílta úr HSK (sem leika með FSU), þeir Jörundur Snær Hjartarson og Hilmir Ægir Ómarsson, auk þriggja pílta úr Breiðabliki. Þess má geta að strákarnir unnu flesta leiki sína með miklum yfirbörðum.

Mótokross

Tólf keppendur frá HSK náðu frábærum árangri í mótokrosskeppninni og sigruðu í fjórum flokkum. HSK vann þrefaldan sigur í tveimur



Fulltrúar allra hestamannafélaga innan HSK við setningu Unglingalandsmótsins.

flokkum, púkaflokki 11–12 ára og 85cc flokki 12–13 ára. Í púkaflokki sigraði Þorkell Hugi Sigurðarson. Þorsteinn Helgi Sigurðarson sigraði heildarkeppnina í 85cc flokki 12–15 ára. Í 85cc flokki 12–13 ára sigraði Elmar Darri Vilhelmsson og Jón Ingibergur Guðmundsson sigraði í MX unglingaflokki 15–18 ára.

Skák

Keppt var í skák í tveimur flokkum og átti HSK keppendur á mótinu, en þeir unnu ekki til verðlauna.

Starfsíþróttir

Keppni í starfsíþróttum fór fram í fyrsta sinn á Unglingalandsmótinu á Selfossi og var keppt í stafsetningu og upplestri. HSK átti verðlaunahafa í báðum greinum. Lilja Dögg Erlingsdóttir tryggði sér unglingalandsmóts titilinn í upplestri í flokki 11–14 ára.

Sund

Nokkrir keppendur frá HSK tóku þátt í sundi og náðu að vinna til silfur- og bronsverðverðlauna.

Teakwondo

Taekwondo var nú meðal keppnisgreina á Unglingalandsmóti í fyrsta skipti og var keppt í sparring og Poomsae. Keppendur okkar unnu til fjölda verðlauna.

Unglingalandsmótsmeistarar:

Sparring

Dagný María Pétursdóttir	11–14 ára
Davíð Arnar Pétursson	11–14 ára fjaðurvíkt
Ingibjörg Erla Grétarsdóttir	15–18 ára
Símon Bau Ellertsson	15–18 ára

Poomsae

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir	15–18 ára
------------------------------	-----------



Keppt var í starfsíþróttum í fyrsta sinn á Unglingalandsmóti. Myndin er tekin frá keppni í upplestri.

Framkvæmdanefnd landsmóta á Selfossi

- 15. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 2012

15. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi

HSK hélt 15. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi dagana 3.–5. ágúst 2012. Undirbúningur mótsins var í höndum framkvæmdanefndar sem eftirtaldir áttu sæti í: Þórir Haraldsson, formaður, Guðríður Aadnegaard, varaformaður, Örn Guðnason, ritari, Hansína Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Bergur Guðmundsson, Helgi S. Haraldsson og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar. Auk þess sátu flesta fundi nefndarinnar þau Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, og Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, auk starfsmanna Engilberts Olgeirssonar, framkvæmdastjóra HSK, Braga Bjarnasonar, menningar- og frístundafulltrúa Árborgar og Ómars Braga Stefánssonar, framkvæmdastjóra Unglingalandsmótsins. Framkvæmdanefndin skipti með sér verkum og tók hver nefndarmaður að sér ákveðin verkefni í undirbúningi og framkvæmd mótsins.

Um miðjan apríl var Guðrún Tryggvadóttir ráðin verkefnastjóri og sat hún nefndarfundir á starfstíma sínum út ágústmánuð. Þá sá Ingólfur Sigfússon um allt sem varðaði skráningarkerfi og úrslitavinnslu mótsins.

Fjármögnun

Fjármögnun mótsins gekk vel enda eru mótin vinsæl og standa þátttökugjöld undir meginhluta af föstum kostnaði. Þá var gengið að traustu baklandi í langtímafjármögnun sem UMFÍ hefur náð til mótshaldsins. Því til viðbótar stóð nefndin fyrir fjáröflunum með öflun styrktaraðila og auglýsinga. Helstu styrktaraðilar mótsins voru Advania, Byko/Intersport, Eimskip, Landsbankinn, MS, Nettó, Síminn, SS, Vífilfell og Lýðheilsusjóður. Auk þess fékk framkvæmdanefndin styrks til mótshaldsins frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Kynning mótsins

Nefndin stóð fyrir viðtækri kynningu mótsins með dreifingu kynningarefnis, auglýsingum, blaðagreinum, viðtölum í ljósvakamiðlum og sendingu rafrænna upplýsinga. Í fyrsta sinn var kynningarmáttur samfélagsmiðla nýttur og var m.a. stofnuð fésbókarsíða sem sótti í sig veðrið þegar á leið. Umsjón heimasíðu mótsins var í höndum starfsmanna UMFÍ og hefði hún mátt vera liflegri. Upplýsingar frá nefndarmönnum lifguðu upp á hana en ljóst er að á hinum nýmóðins rafrænu miðlum eru mörg ónýtt tækifæri til kynningarstarfsemi. Vel tókst að koma á framfæri kjörorði mótsins um að taka vel á móti gestum með bros á vör.

Keppnisgreinar

Keppnisgreinar á mótinu voru 14, þ.e. dans, fimleikar, frjálsíþróttir, glíma, golf, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, körfuknattleikur, mótókross, skák, starfsíþróttir, sund og taekwondo. Framkvæmdanefndin fékk til liðs við sig einvalalið sérgreinastjóra sem tóku að sér skipulag og undirbúning hvernar keppnisgreinar, öfluðu sjálfbæði innan og utan héraðs til að starfa við íþróttakeppnina og báru hitann og þungann af framkvæmd íþróttakeppninnar. Að sjálfsögðu kom framkvæmdanefndin og starfsfólk mótsins þeim til aðstoðar þar sem á þurfti að halda. Allir sérgreinastjórar stóðu sig með mikilli þryði, skiluðu miklu og oft á tíðum erfiðu starfi með miklum sóma og fengu verðskuldað hrós frá keppendum og gestum mótsins þar sem allt skipulag og framkvæmd var til mikils sóma.

Sérgreinastjórar

Dans; Anna Berglind Júlíadóttir, fimleikar; Olga Bjarnadóttir, frjálsíþróttir; Ólafur Guðmundsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir, glíma; Kjartan Lárusson, golf; Hlynur Geir Hjartarson, hestaíþróttir; Ágúst Hafsteinsson, íþróttir fatlaðra; Þorbjörg Vilhjálmisdóttir, knattspyrna; Sævar Sigurðsson, körfuknattleikur; Daði Steinn Arnarson, mótókross; Magnús Ragnar Magnússon, skák; Páll Leó Jónsson, starfsíþróttir; Fanney Ólafsdóttir, sund; Svanur Ingvarsson,



Framkvæmdanefndin kallaði nokkra keppendur til ráðgjafar í aðdraganda mótsins.

og taekwondo; Pétur Jensson. Þá má segja að Valgerður Auðunsdóttir hafi verið sérgreinastjóri sjálfbæði, en hún tók að sér það mikilvæga verkefni að afla og hafa umsjón með þeim mikla fjölda sjálfbæði sem starfaði að mótshaldinu.

Aðstaða

Mótshaldið naut þess að á Selfossi eru glæsileg íþróttamannvirki, skólar, tjaldsvæði og önnur aðstaða sem sveitarfélagið hefur byggt upp af miklum myndarskap á liðnum árum. Aðstaðan og mikil nálægð keppnisvæða skapaði mótshaldinu afar góða umgjörð og einstaka möguleika á að halda heildstætt mót þar sem nánast allar keppnisgreinar og aðstaða voru í auðveldu göngufæri. Þá átti framkvæmdanefndin einstaklega gott samstarf við sveitarfélagið Árborg. Eiga starfsmenn Árborgar, ekki síst undir stjórn Ástu og Braga, miklar þakkir skyldar fyrir gott starf, vingjarnlegt viðmót og mikla þjónustulund í garð mótshaldsins og gesta. Þá voru íbúar mjög jákvæðir og hjálpsamir um hvaðeina sem mótið vanhagaði um.

650 sjálfbæði

Til þess að unnt sé að framkvæma stórvæðing sem þennan verður að safna saman miklum fjölda sjálfbæði og var leitað til félaga innan HSK um vinnuafli við mótshaldið. Auk sérgreinastjóra var þetta á höndum Engilberts, framkvæmdastjóra, Guðrúnar, verkefnastjóra og Valgerðar Auðunsdóttur. Unnu þau afar gott starf við að ná til fólks og fá það til starfa. Mikil vinna reyndist að afla sjálfbæði og skráningar komu seint inn. Þetta átti ekki síst við um aðstoð við undirbúning síðustu dagana fyrir mótið. Þegar mótið hófst reyndist nægilegt framboð af hjálpsömum höndum og allir voru boðnir og búnir til aðstoðar. Alls voru skráðir til starfa ríflega 650 manns sem skiluðu alls 8.201 klst. við undirbúning og framkvæmd mótsins. Allur þessi fjöldi stóð sig með eindæmum vel og var afar ánægjulegt að engar athugasemdir eða kvartanir bárust um framkomu þeirra.

Skráningar og keppni

Metaðsókn var á mótið, en 2.039 keppandi skráði sig til leiks. Þar af greiddu 1.959 þátttökugjald. Mótshaldið naut þeirrar gæfu að einmuna veðurbliða með sól og logni var flesta keppnisdagana. Veðurbliðan auðveldaði framkvæmd mótsins og gerði keppni og dvöl á mótssaðnum ánægjulegri en ella. Fjölmennustu keppnisgreinarnar voru knattspyrna með 1.066 keppendum, frjálsíþróttir með 618 keppanda og körfuknattleikur með 606 keppendum. 114 kepptu í fimleikum og 111 í sundi, en auk þess var vel mætt til keppni í öðrum greinum. Íþróttakeppnin gekk afar vel fyrir sig og nánast engar kvartanir komu upp þrátt fyrir mikið álag. Minniháttar meiðslu urðu á nokkrum keppendum í hita leiksins en engin alvarleg óhöpp eða slys.



Frá setningarathöfn Unglingalandsmótsins.



Framkvæmdanefnd landsmóta, ásamt starfsmönnum HSK, UMFÍ og Árbogar sem sátu fundi nefndarinnar.

Keppnisharka var auðvitað til staðar og á stundum býsna mikil, en heiðarleiki, drengskapur og leikgleði skein úr andlitum ánægðra keppenda og aðstandenda þeirra.

Tjaldbúðir, viðburðir og skemmtanir

Tjaldsvæði mótsins þóttu mjög vel heppnuð og aðstaða og þjónusta öll til fyrirmyndar. Gæsla mótshaldara var traust, en hún var mönnuð af Björgunarfélagi Árbogar, auk vaskra sjálfbóðaliða Engin teljandi verkefni komu þar komu upp. Í umsögn löggæslu á daglegum stöðufundum á morgnana kom ítrekað fram að ekkert ónæði hefði verið af mótsgestum og engin vandræði af þeirra völdum. Var það kærkomin staðfesting á því að vel hafði tekist til að halda vímulausa fjölskylduhátíð, en talið er að yfir 15.000 gestir hafi verið í bænum. Umferð gekk áfallalaust og þótt Selfossbær hefði verið þéttsetinn af gestum gekk allt með miklum sóma. Kvöldskemmtanir og afþreying fór öll vel fram og bar þar hvergi skugga á. Gestir virtust skemmta sér vel og njóta þess sem á boðstólum var.

Setningarathöfn mótsins á föstudagskvöld heppnaðist mjög vel, en þar voru keppendurnir sjálfir og sunnlenskir afreksunglingar í fyrirrúmi. Þá tókst afar vel þegar keppendur og gestir gengu í breiðfylkingu frá tjaldsvæðinu og inn á Selfossvöll á sunnudagskvöldið til að taka þátt í mótsslitunum. Áhrifarík sjón var að sjá völinn yfirfullast af ánægðum mótsgestum í sumarblíðunni,

samankomnum til að ljúka vel heppnaðri hátíð þar sem ungmennin okkar voru til fyrirmyndar.

Fjármál og skil

Með hjálp góðs hóps sjálfbóðaliða náðist að ljúka frágangi mótsins og allri tiltekt síðdegis á mánudegi. Þá tók við margskonar annar frágangur, svo sem samantekt á tímum sjálfbóðaliða, greiðslur, uppgjör og skýrslugerð. Því verki var lokið í októbermánuði og hinn 8. nóvember var boðað til uppgjörsfundar í Selinu á Selfossi. Afrakstur mótsins skiptist samkvæmt ákvörðun héraðspings HSK og dreifist á þau 4,4 mannaár sem skilað var í vinnu, auk þess sem hluti rann til HSK og verkefnasjóðs HSK. Reikningar mótsins eru lagðir fram með reikningum HSK og framkvæmdastjóri mótsins hefur tekið saman ítarlega skýrslu um mótshaldið.

Að loknu móti

Framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ er viðamikil verkefni, svo ekki sé meira sagt. Að því kom stór hópur úrvalsfólks þar sem allir skiluðu sínu verki með miklum sóma. Áralöng reynsla UMFÍ af Unglingalandsmótshaldi og ekki síst reynsla og þekking Ómars Braga Stefánssonar, framkvæmdastjóra mótsins, auðveldaði framkvæmdina mjög og hefur mótið fyrir löngu unnið sér öruggan sess í samfélaginu. Rétt er og ljúft að þakka framkvæmdanefndinni og starfsmönnum mótsins, þeim Ómari Braga Stefánssyni og Guðrúnu Tryggvadóttur, auk Engilberts Olgeirssonar framkvæmdastjóra HSK, fyrir þeirra miklu og góðu störf. Sérgreinastjórum öllum skal þakkað fyrir sérstaklega gott samstarf, mikla ósérhlífni og afar vel unnin störf, sem og öllum þeim 650 sjálfbóðaliðum sem lögðu fram ómetanlega vinnu við að gera mótið mótið eins glæsilegt og raun bar vitni. Þá ber einnig að þakka samstarfsaðilum HSK við mótshaldið, það er Ungmennafélagi Íslands og starfsmönnum þess, sem og Sveitarfélaginu Árborg og starfsfólki þess, fyrir gott samstarf.

Glæsileg framkvæmd 15. Unglingalandsmóts UMFÍ er rós í hnappagat HSK og staðfesting á styrk og samtakamætti Sunnlendinga þegar á reynir. Enn sannaðist að mögulegt er að halda glæsilega vímulausa fjöldasamkomu og samveru unglinga og hinna fullorðnu um verslunarmannahelgi. Sérstaklega var til fyrirmyndar öll framkoma unglinganna sem komu til að etja kappi hver við annan af drengskap og heiðarleika, kynnast og eiga saman heilbrigða skemmtun og voru í hvívetna sjálfum sér og okkur öllum til mikils sóma.

**F.h. framkvæmdanefndarinnar,
Þórir Haraldsson, formaður.**

Framkvæmdanefnd landsmóta á Selfossi

- 27. Landsmót UMFÍ á Selfossi 2013

27. landsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi 4.–7. júlí nk. Undirbúningsnefnd mótsins er skipuð sömu einstaklingum og sáu um undirbúning 15. Unglingalandsmóts UMFÍ sumarið 2012. Nefndin hefur unnið að undirbúningi Landsmótsins samhliða undirbúningi og framkvæmd Unglingalandsmótsins, en ýmsir hlutar þess undirbúnings nýttast beint við undirbúning og framkvæmd landsmótsins. Í nefndinni sitja: Þórir Haraldsson, formaður, Guðríður Aadnegaard, varaformaður, Örn Guðnason, ritari, Hansína Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Bergur Guðmundsson, Helgi S. Haraldsson og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar. Auk þess sátu flesta fundi nefndarinnar þau Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ og Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, auk starfsmanna, Engilberts Olgeirssonar, framkvæmdastjóra HSK, Braga Bjarnasonar, menningar- og frístundafulltrúa Árborgar og Ómars Braga Stefánssonar, framkvæmdastjóra, en UMFÍ leggur mótinu til starfskrafta hans sem þó mun eingöngu geta sinnt mótinu í hlutastarfi vegna starfs síns sem framkvæmdastjóri Unglingalandsmóta UMFÍ á Höfn. Ljóst er að þegar nær líður verður að bæta við fólki til að sinna daglegum störfum, skipulagningu og upplýsingagjöf bæði til keppenda og annarra.

Keppnisgreinar – keppnisaðstaða

Keppnisgreinar á Landsmóti verða 26 talsins og eru: badminton, blak, boccia, þar sem er opin þátttaka, borðtennis, bridds, dans, fimleikar, frjálsíþróttir, glíma, golf, 10 km götuhlaup, þar sem er opin þátttaka, handknattleikur, hestaiþróttir, íþróttir fatlaðra, júdó, knattspyrna, kraftlyftingar, körfuknattleikur, mótókross, pútt, skák, skotfimi, starfsíþróttir, sund og taekwondo. Fengnir hafa verið sérgreinarstjórar fyrir allar greinar og keppnisreglur voru sendar út í júní.

Góð keppnisaðstaða er til staðar á Selfossi þar sem keppni fer fram í öllum greinum, nema hluti skotkeppninnar sem verður á skotvælinum að Hrauni í Ölfusi. Mótið nýtur góðs af veglegum undirbúningi Unglingalandsmótsins á Selfossi. Aðstaðan er afar glæsileg, keppnisaðstaður til mikillar fyrirmyndar og öll umgjörð glæsileg. Þá nýtur mótshaldið mikils stuðnings og velvilja bæjarstjórnar Árborgar og starfsmanna bæjarins sem ber að þakka.

Miðað við þátttöku á undanförunum mótum má búast við um 1.500 keppendum á mótið auk aðstandenda og annarra gesta. Vegna umfangs og fjölda keppnisgreina verður að byrja keppni á fimmtudegi en skipulag mótsins miðast við að hápunktur keppninnar verði á laugardag og sunnudag og endi með mótsslitum síðla sunnudags. Nú er unnið að því að skipuleggja dagskrá, staðsetja og tímasetja keppnisgreinar.

Kynning mótsins

Kynning mótsins fyrir héraðssamböndum og íþróttabandalögum hefur verið í gangi í nokkurn tíma og þá aðallega með sendingu upplýsinga um mótið. Þá mun mikilvæg kynning fara fram á þingum sambandsaðila UMFÍ nú í vetur. Önnur kynning verður á hendi framkvæmdanefndarinnar.

Fjármögnun

Skipulag fjármála Landsmóta er verulega frábrugðin því sem gengur um Unglingalandsmótin þar sem við Landsmót nýtur ekki langtímasamninga við styrktaraðila sem náðst hafa varðandi unglingalandsmótin. Þáttökugjöld eru hinsvegar greidd af þeim sambandsaðilum sem senda keppendur, þannig að þar er um að ræða tryggari en einnig takmarkaðri tekjustofn en við Unglingalandsmót. Ætlunin var að vinna við öflun styrktaraðila hæfist af fullum krafti í október en því miður fór hún ekki á fullt fyrir en síðla janúarmánaðar. Framkvæmdastjóri og einstaklingar innan nefndarinnar, sérstaklega Helgi Haraldsson, hafa skilað mikilsverðum árangri, auk þess sem formaður bæjarráðs Árborgar, Eypór Arnalds hefur komið til aðstoðar, en öflun styrktaraðila er í umsjón gjaldkera nefndarinnar. Þá liggur



Skrifað undir samninga vegna Landsmóts UMFÍ 2013.

einnig fyrir að afla smærri styrkja hjá fyrirtækjum og velviljuðum aðilum innan héraðs í samvinnu við fjáröflunarstarf HSK fyrir mótið. Nefndin hefur sett sér það markmið að geta umbunað sjálfbóðaliðum félaganna fyrir vinnuframlag á mótinu og er því mikilvægt að halda vel á spilunum í fjáröflun. Jafnframt verður að sjálfsögðu gætt aðhalds í öllum útgjöldum.

Menningar- og fræðsludagskrá

Nefndin hefur rætt um að undirbúa fjölþætta menningar- og fræðsludagskrá á Selfossi í tengslum við mótshaldið og að leita til aðila innan og utan héraðs um liðsinni í þeim efnum. Skemmtanahald á vegum mótshaldara verður hinsvegar að mestu bundið við setningar- og slítaathafnir, auk þeirrar skemmtunar sem felst í glæsilegri og spennandi íþróttakeppni.

Viðamiknið verkefni

Framkvæmd Landsmóts UMFÍ er afar viðamiknið verkefni sem mikilvægt er að takist vel. Við HSK-fólk höfum í höndum fjöregg ungmennafélagshreyfingarinnar sem um áratugi hefur verið stærsti og glæsilegasti íþróttaviðburður landsins, sýnt þjóðinni styrk og samheldni hreyfingarinnar og undirstrikað mikilvægi öflugs íþróttastarfs í landinu öllu. Við þurfum öll að hjálpast að til að Landsmót UMFÍ takist sem allra best. Sérstaklega með vinnu sjálfbóðaliða á mótinu, bæði við framkvæmd íþróttakeppna og þjónustu og gæslu á mótssvæðinu. Þar riður á að aðildarfélög HSK og Sunnlendingar allir leggist á eitt og leggi sitt af mörkum. Þá mun okkur takast vel.

**F.h. framkvæmdanefndar,
Þórir Haraldsson, formaður.**



Aðstaðan er afar glæsileg, keppnisaðstaður til mikillar fyrirmyndar og öll umgjörð glæsileg.



Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK - Þátttaka HSK á 2. Landsmóti UMFÍ 50+ í Mosfellsbæ 2012

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Tómas Jónsson, formaður, UMF. Selfoss
Markús Ívarsson, varaformaður, UMF. Samhyggð,
Ingibjörg Marmundsdóttir, ritari, UMF. Dagsbrún,

Nefndin hélt tvo fundi á árinu og var aðalefni þeirra Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið var í Mosfellsbæ 8.–10. júní 2012. Sigurður Guðmundsson landsfulltrúi UMFÍ mætti á annan fundinn og kynnti Landsmótið. Voru ýmsir möguleikar varðandi þátttöku HSK ræddir á þeim fundi. Ákveðið var að hvetja fólk til þátttöku á mótinu með því senda ungmenna- og íþróttafélögum á svæðinu bréf fyrir aðalfundi þeirra og með greinaskrifum í héraðsblöðin, sem formaður nefndarinnar annaðist. Umræða um öldungamót kom upp hjá nefndinni og vonandi verður það meira en umræðan ein á árinu 2013.

Yfirlit yfir árangur keppenda HSK á 2. Landsmóti UMFÍ 50+

Um 30 keppendur frá HSK tóku þátt í mótinu og unnu til fjölda verðlauna. Hér að neðan er greint frá árangri í einstökum greinum, þar sem vitað er að HSK fólk hafi komið við sögu.

Blak

Karlalið HSK tók þátt í blakkeppni mótsins og varð landsmótsmeistari eftir hörku úrslitaleik við lið annarra ungmennafélagskappa.

Boccia

Tvær sveitir voru skráðar frá Þorlákshöfn í bocciakeppnia og stóðu sig vel. Þær náðu þó ekki á verðlaunapall að þessu sinni.

Bridds

Briddsveit HSK varð í þriðja sæti á mótinu. Sveitina skipuðu þeir Kristján Már Gunnarsson, Garðar Garðarsson, Helgi Hermannsson og Brynjólfur Gestsson.

Frjálsíþróttir

Frjálsíþróttalið HSK, sem að þessu sinni var eingöngu skipað körlum, stóð sig vel á mótinu og vann til 21 verðlauna, þar af unnust 10 landsmótsmeistaratitlar. Guðmundur Nikuláksson varð þrefaldur



Systkinin frá Vorsabæjarhóli urðu Landsmótsmeistarar 50+ í ringó.

landsmótsmeistari í flokki 50–54 ára, í spjótkesti, lóðkasti og kringlukasti. Þá varð Markús Ívarsson tvöfaldur landsmótsmeistari í flokki 65–69 ára í 800 metra hlaupi og kringlukasti. Fimm kappar urðu auk þess landsmótsmeistarar í einni grein, þ.e. þeir Ingvar Garðasson í 800 m hlaupi í flokki 50–54 ára, Jason Ívarsson í kúluvarpi í flokki 55–59 ára, Jón Smári Lárusson í kringlukasti í flokki 55–59 ára, Kjartan Lárusson í lóðkasti í flokki 55–59 ára og Árni Einarson í spjótkesti í flokki 80–84 ára.

Hestaíþróttir

Jóhannes Óli Kjartansson var eini keppandi HSK í hestaíþróttum. Hann tók þátt í tölti, fjörgangi og fimmgangi og vann til verðlauna í öllum greinum.

Ringó

Systkinin frá Vorsabæjarhóli, þau Markús, Jón, Jason og Áslaug Ívarsbörn unnu landsmótsmeistaratitil í Ringói á mótinu. Þá tóku tvær sveitir frá Þorlákshöfn þátt í ringókeppninni, en komust ekki á pall.

Landsmótsnefnd HSK

Stjórn HSK var falið á héraðsþingi í Brautarholti 10. mars 2011 að skipa 5–7 manna Landsmótsnefnd HSK 2013 til að undirbúa þátttöku okkar á landsmótinu á Selfossi 4.–7. júlí 2013.

Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina:

Guðriður Aadnegard, formaður HSK
Hansína Kristjánsdóttir, gjaldkeri HSK
Guðmundur Jónasson, varastjórn HSK
Benedikt Benediktsson, Íþr.f. Dímon
Dániel Jens Pétursson, UMF. Selfoss
Guðrún Tryggvadóttir, UMF. Vöku
Valgerður Auðunsdóttir, UMF. Skeiðamanna

Haldnir hafa verið tveir fundir þegar þetta er ritað. Nefndin skipti með sér verkum á fyrsta fundi sem haldinn var 23. maí 2012, Guðriður formaður, Hansína gjaldkeri, Benedikt ritari. Eitt af verkefnum nefndarinnar er að finna aðila í hverri íþróttgrein sem sér um þjálfun og heldur utan um keppnisliðið. Töluverðar umræður urðu um fjármögnun varðandi keppnislið HSK. Tók Valgerður að sér að sjá um þann lið eins og undangengin ár. Nefndarmenn voru sammála um að eitt af meginmarkmiðum með þátttöku á mótinu væri að vinna stigakeppnina. Á öðrum fundi nefndarinnar var ákveðið að hafa sama fyrirkomulag og á síðasta móti, en þá skiptu nefndarmenn á milli sín þeim greinum sem keppt var í og voru tengiliðir við nefndir, ráð og



Dániel Jens Pétursson er einn nefndarmanna í Landsmótsnefndinni.

félög. Eftir fyrsta fund nefndarinnar sagði Benedikt sig frá störfum nefndarinnar sökum anna og var honum falið að finna eftirmann sinn. Ennfremur var ákveðið kynna Landsmót 2013 á fundi HSK 8. nóvember 2012 og ræða þátttöku HSK. Nýr nefndarmaður í landsmótsnefnd HSK er Ívar Örn Gíslason UMF. Eyrarbakka.



Skýrslur nefnda og sérráða HSK:
Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framar í ársskýrslunni á bls. 10-11.

Almenningsíþróttanefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

Bláskógaskokkið 40 ára

Alls tóku 35 hlauparar þátt í Bláskógaskokki HSK sem fram fór laugardaginn 23. júní undir stjórn UMFL og almenningshlaupanefndar HSK. Hlaupið er 40 ára í ár, en það var fyrst haldið 2. júlí 1972. Að venju var keppt í tveimur vegalengdum, 10 mílna og 5 kílómetra hlaupum. Arnar Pétursson sigraði í karlaflokki í 10 mílum á 1:03:23 klst. og Friða Rún Þórðardóttir sigraði í kvennaflokki á 1:12:13 klst. Bergur Ragnarsson sigraði í 5 km karla á 24:56 mín og Auður Óskarsdóttir sigraði í 5 km kvenna á 30:11 mín. Öll úrslit eru birt á www.hlaup.is.



Sigurlið Hamars á unglingamóti HSK.

Badmintonnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór
Auðunn Guðjónsson, Íþr.f. Hamri
Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór
Varamaður: Kristín Ólafsdóttir, Íþr.f. Hamri

Innan vébanda HSK var badminton iðkað hjá fimm félögum árið 2012, en þau voru Dímon, Hamar, Umf. Eyrarbakka, Umf. Hrunamanna og Umf. Þór. Iðkendafjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku. Nokkur uppgangur var í badminton þetta árið og kepptu iðkendur frá UMFE til að mynda í fyrsta skipti á móti.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Unglingamótið er fyrir börn og unglinga að 19 ára aldri, en Meistaramótið er fyrir alla aldurshópa. Það félag sem heldur mótin hverju sinni sér um fjármögnun og skipulag mótanna.

Meistaramót HSK

Í apríl var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 39 talsins frá fjórum félögum; Hamri, UMFE, UMFH og Umf. Þór. Hamarsmenn voru með fjölmennasta keppendahópinn og voru þeir jafnframt sigursælastir á mótinu. Keppendur frá UMFE voru að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu þau sig mjög vel. Á mótinu var stigakeppni milli félaga, þar sem keppt var um HSK-meistaratitilinn. Hamar bar sigur úr býtum með 76 stig. Umf. Þór var í öðru sæti með 29 stig, UMFE í þriðja sæti með 12 stig og UMFH í því fjórða með 8 stig.

Unglingamót HSK fyrir árið 2011

Í maí var Unglingamót HSK fyrir árið 2011 haldið í Þorlákshöfn. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna náðist ekki að halda mótið árið 2011. Þrátt fyrir það var ákveðið að láta það ekki detta upp fyrir. Allir keppendur voru enn í sama aldursflokki og því engir hnókrar í skráningu né við uppsetningu mótsins. Keppendur voru 29 talsins frá þremur félögum: Hamri, UMFH og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. Á mótinu var stigakeppni milli félaga, þar sem keppt var um HSK-meistaratitilinn. Hamar bar sigur úr býtum með 50 stig, Umf. Þór var í öðru sæti með 31 stig og UMFH í því þriðja með 3 stig.

Unglingamót HSK 2012

Í desember var Unglingamót HSK 2012 haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 51 talsins frá þremur félögum: Dímoni, Hamri og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. Á mótinu var stigakeppni milli félaga, þar sem keppt var um HSK-meistaratitilinn. Hamar bar sigur úr býtum með 60 stig, UMF Þór var í öðru sæti með 37 stig og Dímon í því þriðja með ekkert stig.

Tveir leikmenn valdir til að æfa með unglingalandsliði

Tveir leikmenn voru valdir til að æfa með unglingalandsliði Íslands í badminton, þeir Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór og Guðjón Helgi Auðunsson, Hamri. Þeir hafa farið á landsliðsæfingar einu sinni í mánuði auk æfingabúða þrisvar sinnum á árinu. Auk þess að keppa í sínum eigin aldursflokki á unglingamótum kepptu þeir báðir á mörgum mótun til viðbótar í B-flokki fullorðinna.



Frá fyrsta HSK mótinu í strandblaki.

Blaknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Gunnhildur Hinriksdóttir, Umf. Laugdæla
María Rósa Einarisdóttir, Íþr.f. Dímon
Guðni Sighvatsson, Íþr.f. Garpi
Varamaður: Kristján Geir Guðmundsson, Umf. Hrunamanna

Blak á vegum félaga innan HSK hélt áfram að blómstra og vaxa á árinu 2012. Líkt og hefðbundið er stóð blaknefndin fyrir héraðs- og hraðmóti í fullorðinsflokki á árinu og héraðsmóti í unglingaflokki. Þessu til viðbótar stóðu Hrunamenn fyrir fyrsta strandblakmóti HSK síðastliðið sumar, sem vonandi er komið til að vera.

Héraðsmót HSK

Blakárið á vegum nefndarinnar byrjaði með fyrri umferð í héraðsmótum karla og kvenna í janúar og febrúar og síðari umferð í byrjun mars. Farið var eftir nýrri reglugerð í blaki sem blaknefndin hafði samið árið áður til þess að mæta auknum fjölda þátttökuliða.



Verðlaunaliðin á héraðsmóti kvenna í blaki.



Verðlaunahafar í karlaflokki á strandblakmóti HSK.

Í karlaflokki fjölgaði um tvö lið frá fyrra ári og voru nú átta talsins. Liðunum tókst þó ekki að skáka risunum tveimur, Hamri og Hrunamönnum, sem börðust um titilinn líkt og mörg undanfarin ár. Hrunamenn stóðu að lokum uppi sem sigurvegarar 39. héraðsmóts karla og er þetta þrettánda árið í röð sem þeir vinna titilinn.

Í kvennaflokki tóku tíu lið þátt í héraðsmótinu og hafa aldrei verið fleiri. Jöfn barátta var um röð efstu liða og fór að lokum svo að lið Dímonar stóð uppi sem sigurvegari 31. héraðsmóts kvenna en þær höfðu betra hrínuhlutfall en lið Hamars 1 sem átti titil að verja frá síðasta ári.

Dímon sá um Unglingablakmót HSK, en Dímon virðist vera eina félagið með verulegt unglingastarf í gangi og unnu þeir titilinn, bæði í stúlkna- og drengjaflokki. Einnig var keppt í krakkablaki og tóku alls 27 lið þátt. Voru flest þeirra frá Dímoni, sem virðist vera n.k. útungunarstöð ungra blakara á HSK-svæðinu. Mættu fleiri félög taka þau sér til fyrirmyndar. Ekki eru krýndir sigurvegarar í krakkablakinu en allir fengu þátttökverðlaun.

Úrslit Héraðsmóts HSK 2012 – konur:

Keppni um 1.–5. sæti:	Stig	Hrínuhlutfall
1. Dímon	9	2,667
2. Hamar 1	9	2,333
3. Hrunakonur 1	7	
4. UMFL 1	4	
5. Garpur	1	

Keppni um 6.–10. sæti:

6. Hrunakonur 2	11
7. Hvöt 1	7
8. Hamar 2	6
9. Hvöt 2	4
10. UMFL 2	2

Úrslit Héraðsmóts HSK 2012 – karlar:

Keppni um 1.–4. sæti:	Stig
1. Hrunamenn	9
2. Hamar	6
3. Samhygð	2
4. Selfoss	1

Keppni um 5.–8. sæti:

5. UMFL 1	7
6. UMFL 2	5
7. Dímon	4
8. Garpur	2

Úrslit Héraðsmóts HSK 2012 – stúlkur:

1. Dímon 10. bekkur	4 hrinur
2. Dímon 9. bekkur	3 hrinur
3. Dímon 7-8. bekkur	0 hrinur

Úrslit Héraðsmóts HSK 2012 – drengir:

1. Dímon 10. bekkur	2 hrinur
2. Dímon 7–8. bekkur	0 hrinur

Hraðmót HSK

Hraðmótið var haldið snemma vetrar eða strax í byrjun október áður en leiktiðin hófst hjá þeim liðum sem skráð voru í Íslandsmót BLÍ. Í karlaflokki sáu aðeins fjögur lið sér fært að taka þátt, en þar vantaði m.a. lið Hamars, sigurvegara síðasta árs. Hrunamenn áttu því sigurinn næsta vísan þó svo að Laugdælir næðu að standa aðeins upp í hárinu á þeim.

Hjá konunum mættu níu lið til leiks. Þar á meðal var nýtt lið frá Umf. Hrunamanna. Liðin spiluðu í tveimur riðlum og svo voru spiluð einföld úrslit til að ráða úr um sigurvegarana. Úrslitin voru þó alls ekki einföld því skoða þurfti stigahlutfallið til að skera úr um sigurvegara. Það var svo lið UMFL 1 sem náði sigrinum af Hrunakonum 1 með einu stigi.

Úrslit Hraðmóts HSK 2012 – karlar:

1. Hrunamenn	6 stig
2. Laugdælir	3 stig – 1,85 stigahlutfall
3. Selfoss	3 stig – 1,83 stigahlutfall
4. Dímon	0 stig

Úrslit Hraðmóts HSK 2012 – konur:

1. Laugdælur 1
2. Hrunakonur 1
3. Dímon/Hekla
4. Hrunakonur 2
5. Hamar 1
6. Laugdælur 2
7. Hvöt
8. Hamar 2
9. Hrunakonur 3

Héraðsmót 2013

Fyrri hluti héraðsmótsins var haldin í lok nóvember 2012. Karlarnir spiluðu skv. nýju reglugerðinni frá árinu áður, en hjá konunum varð enn fjölgun liða milli ára því 12 lið voru skráð til keppni. Þar sem mörg liðin voru skipuð nýliðum sá blaknefndin þann kostinn bestan að deildaskipta héraðsmóti kvenna og var því í fyrsta sinn keppt er í 1. og 2. deild. Það er von okkar að með því fyrirkomulagi spili flest liðin við önnur af álíka getu. Ljóst er að blaknefndin þarf að uppfæra reglugerðina varðandi framkvæmd héraðsmótsins.

Strandblakmót HSK

Fyrsta strandblakmót HSK var haldið síðastliðið sumar á strandblakvellingum á Flúðum. HSK-meistarar í karlaflokki urðu Björn Hr. Björnsson og Rúnar Bogason, Umf. Hrunamanna. Í kvennaflokki voru það Guðrún Eiríksdóttir og Sara Birgisdóttir, einnig úr Umf. Hrunamanna.

Fyrir utan þessi hefðbundnu mót sem blaknefndin stóð fyrir tóku lið af félagssvæði HSK að auki þátt í fjölmörgum öðrum mótum bæði trimm-, Íslands- og öldungamótum með tilheyrandi skemmtilegheitum.

Með blakkveðju, Gunnhildur Hinriksdóttir



Frá keppni í borðtennis á héraðsmóti HSK.

Borðtennisnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Sigurjón Sváfnisson, Íþr.f. Dímon
Guðni Sighvatsson, Íþr.f. Garpi
Arnór Gauti Helgason, Umf. Bisk.
Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþr.f. Dímon

Héraðsmót 2012

Héraðsmót í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 9. nóvember. Keppni í yngri flokkum hófst kl. 15:00 og hjá 16 ára og eldri kl. 19:00. Keppendur voru 76 og komu frá fimm aðildarfélögum HSK þ.e. Garpi, Dímoni, Umf. Skeiðamanna, Umf. Heklu og Umf. Eyfellingi. Keppt var í aldursflokkum. Dímon sigraði stigakeppni félaganna með 137 stig. Í öðru sæti varð Garpur með 22,5 stig, í þriðja sæti Hekla með 21,5 stig, í fjórða sæti Skeiðamenn með 17 stig og í fimmta sæti Eyfellingur með ekkert stig. Heildarúrslit má sjá á www.hsk.is.

Briddsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþr.f. Garpi
Kristján Hálfðánarson, Íþr.f. Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

HSK tvímenningur

Árlegur HSK tvímenningur í bridds fór fram í Tryggvaskála á Selfossi þann 5. janúar. Til leiks mættu 18 pör víðsvegar af Suðurlandi. HSK meistara 2012 urðu Þorgils Torfi Jónsson og Sigurður Skagfjörð sem kepptu fyrir Dímon.

Hér að neðan má sjá efstu pörin, en heildarúrslit má sjá á www.hsk.is

1. 57,4 Sigurður Skagfjörð – Þorgils Torfi Jónsson, Dímon
2. 55,1 Garðar Garðarsson - Gunnar Þórðarson, Selfoss
3. 55,1 Kristján Már Gunnarsson - Helgi Grétar Helgason, Selfoss
4. 54,1 Björn Snorrason - Guðmundur Gunnarsson, Selfoss
5. 53,8 Anton Hartmannsson - Pétur Hartmannsson, Selfoss
6. 53,7 Ísak Örn Sigurðsson - Rúnar Gunnarsson, gestir



Keppendur frá Selfossi á Unglingalandsmótinu á Selfossi.

Fimleikanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Sandra Sigurðardóttir, Íþr.f. Hamar
Hólmfríður Fjóra Smáradóttir, Umf. Þór
María Kristín Hassing, Íþr.f. Hamar
Varamaður: Freydis Örlýgsdóttir, Umf. Biskupstungna

HSK- mót í hópfimleikum:

Starf fimleikanefndar HSK felst aðallega í því að halda eitt HSK-mót á ári og var það haldið á Selfossi þann 24. mars. Mótið tókst vel í alla staði, en 25 lið frá fimm félögum tóku þátt, en í heild voru keppendur 261. Þátttakan í ár var því metþátttaka sem er frábært að sjá. Mótið var í þremur hlutum þar sem 5. flokkur keppti í fyrsta hluta, 5. flokkur B í öðrum hluta og 4. flokkur og eldri í síðasta hlutanum. Var sá hátturinn hafður á í ár að öll börn í 5. flokki og 5. flokki B í fyrri hluta mótsins fengu verðlaunapening fyrir sitt sæti og vakti það mikla lukku. Í öðrum flokkum voru veitt verðlaun fyrir 1. sæti, verðlaunapeningar, eignabikarar og farandbikarar.

Úrslit mótsins eru eftirfarandi:

5. flokkur B	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Selfoss HB2	4.85	3.5	3.5	11.85
Selfoss HB-strákar		3.5	3.5	7
Þór T4	6.3	3.5	4.4	14.2
Selfoss F1	5.05	3.5	4.95	13.5
Stokkseyri H2	4.4	3.5	4.4	12.3
Stokkseyri H3	5	3.5	4.3	12.8
Selfoss HB1	7.25	5.55	4.9	17.7
UMFH eldri	7.45	3.7	6.35	17.5
UMFH yngri	5.5	3.5	5.15	14.15
5. flokkur	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Selfoss HL6	8.6	5.9	6.75	21.25
Selfoss HL8	8.45	5.4	6	19.85
Selfoss HL7 gul	5.75	4.25	4.5	14.5
Þór T3	5.15	4.05	5.9	15.1
Hamar T2	6.15	4.75	5.5	16.4
Selfoss HL5	9.25	6.05	7.1	22.4
Selfoss HL7 bl	5.75	4.45	6.15	16.35
4. flokkur	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Selfoss HL4	8.8	6.75	7.1	22.65
Selfoss HL2	7.6	6.15	7.4	21.15
4. flokk. karlar	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Selfoss HLkk	5.25	4.85	6	16.1
3. flokkur	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Þór T1	7.6	6.2	6.65	20.45
Selfoss HL1	8.5	7	7.25	22.75
Hamar T1	6.25	5.2	5.9	17.35
1. flokkur	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Selfoss HM2	15.05	14.8	12.8	42.65
1. flokkur mix	Gólf	Dýna	Tramp	Samanlagt
Selfoss HM4	14.35	12	13.4	39.75



Frjálsíþróttaskólinn var haldinn á Selfossi.



Keppendur í kringlukasti karla á héraðsmóti HSK.

Frjálsíþróttaráð HSK

Stjórn ráðsins skipa: Benóný Jónsson formaður, Steinunn E. Þorsteinsdóttir gjaldkeri, Ingvar Garðarsson meðstjórnandi, Tómas Karl Guðsteinsson meðstjórnandi, Guðmunda Ólafsdóttir meðstjórnandi. Starfsmaður: Ólafur Guðmundsson, verkefnisstjóri.

Aðalfundur ráðsins var haldinn 4. apríl. Starfsemi var mikil á árinu. Ólafur Guðmundsson sinnti verkefnastjórn af skörungsskap sem fyrr og mótshald var umfangsmikið. Auk hefðbundinna héraðsmóta hélt ráðið fyrsta mót nýrrar mótaraðar FRÍ, enda hafði Ólafur Guðmundsson með stuðningi frjálsíþróttaráðs forgöngu um að koma mótaraðinni af stað. Ráðið tók að sér MÍ í fjölþrautum og lengri boðhlaupum og kom að framkvæmd og undirbúningi Unglingalandsmóts UMFÍ, en m.a. var haldið dómaranámskeið í aðdraganda þess.

Tveggja daga þing FRÍ var haldið í Fjölbautaskóla Suðurlands dagana 16.–17. mars og sendum við 11 fulltrúa á þingið, auk þess sem unnið var að undirbúningi og framkvæmd þess. Gestgjafi þingsins var Sveitarfélagið Árborg og var gestrisni og höfðingskapurinn eftirtektarverður. Á þinginu voru þrír HSK félagar sæmdir gullmerki FRÍ, það voru þeir Vesteinn Hafsteinsson, Kári Jónsson og Sigurður Jónsson, allir úr Umf. Selfoss. Þá hlutu þau Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Umf. Selfoss, og Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður Umf. Laugdæla, silfurmerki FRÍ. Eftirtaldir voru heiðraðir með bronsmerki: Freyr Ólafsson, upprunalega frá Dímon, en nú aðalsprautan í frjálsíþróttastarfi Ármanns, Jón Jónsson, Umf. Heklu og fyrrum formaður HSK, Ólafur Guðmundsson úr Laugdælum og formaður mótanefndar FRÍ og Þuríður Ingvarsdóttir, Umf. Selfoss.

Á árinu var áfram keppt á MÍ undir nafni HSK/Selfoss og voru innanhúss héraðsmót, utan Héraðsleika, haldin í Frjálsíþróttahöllinni í Reykjavík. Í lok árs var sú erfiða ákvörðun tekin að leggja niður starf verkefnisstjóra. Ástæða þess var báður fjárhagur ráðsins og voru sporin þung. Ólafi Guðmundssyni er þakkað einstaklega vel unnið starf á liðnum árum.

Mótahald 2012

Héraðsmót HSK í frjálsíþróttum innanhúss 2012 voru öll haldin í Laugardalshöllinni í ár. Þetta var í þriðja skiptið sem mótin voru haldin í Frjálsíþróttahöllinni og er óhætt að segja að það hafi tekist frábærlega. Keppendum fjölgaði frá því árið áður og mikil ánægja og gleði skein úr hverju andliti sem fyrr, enda nóg pláss og góðar aðstæður til að bæta sig.

Aldursflokkamót HSK 11–14 ára

Aldursflokkamót HSK 11–14 ára var haldið í Frjálsíþróttahöllinni í Reykjavík sunnudaginn 8. janúar og mættu keppendur frá sjö félögum á mótið. Selfoss sigraði stigakeppnina með 220 stig, Dímon varð í öðru sæti með 177 stig og Garpur í því þriðja með 94 stig.

Unglingamót HSK 15–22 ára

Unglingamót HSK 15–22 ára var haldið þann 8. janúar í

Frjálsíþróttahöllinni. Góð keppni var í mörgum greinum. Lið Selfoss sigraði, hlaut 155 stig, Dímon varð í öðru sæti með 122 stig og Þjótandi í þriðja sæti með 74 stig.

Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri

Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri fóru fram laugardaginn 3. mars á Hvolsvelli. Voru þeir með örlítið breyttu sniði miðað við undanfarin ár. Keppendur átta ára og yngri tóku þátt í svokölluðum krakkafrjálsum (Kids athletics), en það er þrautabraut í stöðvaformi þar sem krakkarnir fara í gengum æfingar sem líkjast að hluta eða í heild keppnisgreinum í frjálsíþróttum. Þeim yngri var skipt í átta hópa og var hver hópur með einn liðstjóra sem skráði niður árangur hópsins og hvatti þau til dæða. Mældist þetta fyrirkomulag vel fyrir og er greinilega komið til að vera. Markmiðið með krakkafrjálsum er að auka fjölbreytni og virkni þátttakenda sem og að fá fleiri krakka til að taka þátt. Má segja að öll þessi markmið hafi gengið upp enda var fjölgun þátttakenda milli ára auk þess sem gleðin skein úr hverju andliti. Í flokki 9–10 ára voru keppnisgreinar 30 m spretthlaup, langstökk án atrennu, kúluvarp, skutlukast og hástökk. Þátttakendur á Héraðleikunum voru rúmlega 100 frá 10 félögum sem er fjölgun frá í fyrra. Í anda íþróttastefnu ÍSÍ fengu allir þátttakendur eins verðlaunapening fyrir þátttökuna að lokum.

Héraðsmót HSK

Mótið fór fram sunnudaginn 4. mars í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Laugdælir unnu stigakeppnina nokkuð örugglega með 160,5 stig á móti 110,5 stigum Selfoss. Þar munaði mestu um geysi sterkt karlalið Laugdæla. Þetta er í fyrsta skipti í sögu héraðsmóta HSK í frjálsum sem Laugdælir vinna stigakeppni mótsins.

Ágætur árangur náðist í fjölda greina og nokkrir bættu persónulegan árangur sinn. Hæst bar árangur Elinborgar Önnu Jóhannsdóttur, Laugdælum, er hún stökk 10,61 m í þristökki sem fleytti henni í úrvalshóp FRÍ. Elinborg var líka iðin við stigásöfnun fyrir sitt félag en hún sigraði þrjár greinar á mótinu. Þess má geta að tvö systkini Elinborgar, Hreinn Heiðar og Ingibjörg, ásamt pabba þeirra kepptu einnig á mótinu og sópuðu inn stigum. Náði fjölskyldan í 79 stig af 160,5 stigum Laugdæla. Eitt HSK-met var sett en það var Dagný Lís Davíðsdóttir, Selfossi, sem bæti eigið met í 60 m grindahlaupi í flokki 15 ára. Hún hljóp á 10,53 sek en gamla metið var 10,76 sek. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, Bjarni Már Ólafsson, Vöku, og Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, unnu þrjár greinar hvert.

Reykjavíkurleikarnir

Reykjavíkurleikar, Reykjavík International Games, fóru fram laugardaginn 21. janúar í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Flest besta frjálsíþróttafólk landsins mætti til leiks ásamt átta erlendum keppendum frá Svíþjóð, Danmörku, Hollandi, Englandi og Tógó. Frá HSK/Selfossi var níu keppendum boðið til keppni. Uppskeran var tvö brons og persónulegar bætingar. Kristinn Þór Kristinsson, Samhyggð, keppti í 800 m hlaupi og hljóp á 1:56,56 mín, skammt á eftir silfur- og gullverðlaunahöfunum í hlaupinu, þeim Birni Margeirssyni, UMSS, og



Frá keppni í 800 metra hlaupi á aldursflokkmóti HSK innanhúss.

Snorra Sigurðssyni, ÍR. Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, kom þriðji í mark í 60 m hlaupi á 9,26 sek, en hann átti áður 9,65 sek. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, varð önnur í 60 m hlaupi á 8,47 sek. Haraldur Einarsson, Vöku, keppti í 60 m hlaupi og kom fjórði í mark á 7,19 sek.

Stórmót ÍR

Stórmót ÍR var haldið í Laugardalshöllinni 28.–29. janúar. Keppendur HSK stóð sig vel að vanda. Uppskeran var 15 gull, 12 silfur og 10 brons, eitt HSK-met og fullt af persónulegum bætingum.

Meistarmót Íslands 15–22 ára

Unglingameistaramót Íslands var haldið í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal helgina 4.–5. febrúar sl. HSK/Selfoss sendi öflugt lið til leiks og stóð það sig vel. Níu Íslandsmeistararitlar komu í hús, þrjú silfur og átta brons. Tvö HSK-met voru slegin. Sigþór Helgason, 15 ára frá Selfossi, sýndi snilldartahta og sigraði í öllum sínum greinum. Hann stókk pilti hæst í hástökki með því að vippa sér yfir 1,76 m, varpaði kúlunni langlangst allra eða 13,56 m, stókk 5,77 m í langstökki og 11,69 m í þristökki. Eva Lind Elíasdóttir, Þór, sigraði í 60 m grindahlaupi 16–17 ára og bætti eigið met úr 9,30 sek í 9,29 sek. Boðhlaupssveit stúlkna 16–17 ára bætti HSK-metið í 4x200m boðhlaupi um rúma hálfa sek og kom í mark á 1:51,80 mín. Sveitina skipuðu þær Eva Lind Elíasdóttir, Þór, Andrea Sól Marteinsdóttir og Sólveig Helga Guðjónsdóttir, frá Selfossi, og Elinborg Anna Jóhannsdóttir, Laugdælum.

Meistarmót Íslands - aðalhluti

Helgina 11.–12. febrúar fór fram Meistaramót Íslands aðalhluti í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. HSK/Selfoss átti þar öfluga fulltrúa sem stóðu sig vel. Í heildina fékk HSK/Selfoss tvö gull, tvö silfur og eitt brons. Í stigakeppni félaga varð HSK/Selfoss í 3. sæti í karlakeppninni og 4. sæti í heildina. Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, byrjaði á því að verða Íslandsmeistari í hástökki er hún stókk 1,67 m. Þá hljóp hún á 8,13 sek í 60 m hlaupi. Seinni daginn tvíbætti hún HSK-metið í 200 m hlaupi. Í undanrásum hljóp hún á 26,53 sek og jafnaði metið. Hún gerði svo enn betur í úrslitahlaupinu er hún hljóp á nýju HSK-meti 26,13 sek og hafnaði í 3. sæti. Síðar um daginn hljóp Fjóla svo til úrslita í 60 m grindahlaupi þar sem hún varð önnur, eftir harða keppni um fyrsta sætið. Tíminn 9,00 sek og nýtt HSK-met. Bjarni Már Ólafsson, Vöku, stórbætti sig í þristökki er hann stókk 13,76 m og sigraði eftir jafna keppni við Bjarna Malmquist, FH. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir setti Íslandsmet í kúluvarpi í sínum flokki, en Hulda keppir fyrir íþróttafélagið Suðra, sem er Íþróttafélag fatlaðra á Suðurlandi. Hulda varpaði kúlunni 8,88 m.

Bikarkeppni FRÍ

Sjötta Bikarkeppni FRÍ í frjálsíþróttum innanhúss fór fram laugardaginn 18. febrúar í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. HSK sendi sitt sterkasta lið til keppni sem náði góðum árangri. Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, fyrirlíði kvennaliðsins stókk allra kvenna hæst í hástökki 1,66 m. Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, stókk 1,95



Haraldur Einarsson og Fjóla Signý Hannesdóttir urðu stigahæstu keppendur héraðsmótsins utanhúss.

m í hástökki og sigraði. Hreinn hljóp svo mjög gott 60 m grindahlaup á 9,05 sek og setti HSK-met í flokki 20–22 ára pilta. Hreinn varð fjórði í hlaupinu. Eva Lind Elíasdóttir, Þór, vann silfur í 60 m grindahlaupi. Kristinn Þór Kristinsson, Samhygð, kom þriðji í mark í 800 m hlaupi á 1:54,81 mín. Í 1500 m hlaupi varð hann í öðru sæti í taktísku hlaupi. Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, varð þriðji í kúluvarpi með 13,53 m kast og Ágústa Tryggvadóttir, Selfossi, tók sama sæti í kúluvarpi og kastaði 11,16 m. Í þristökki karla varð Bjarni Már Ólafsson, Vöku, þriðji með 13,14 m. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, hljóp 800 m hlaup á 2:27,03 mín og setti HSK-met í 16–17 ára flokki og 18–19 ára flokki stúlkna. Gamla metið átti Eva Lind Elíasdóttir, Þór, 2:28,86 mín. Dagný Lís Davíðsdóttir, Selfossi, hljóp gott 1500 m hlaupi og setti HSK-met í í flokki 15 ára og 16–17 ára, hljóp á 5:25,82 mín og varð fimmta. Gamla metið átti Borghildur Valgeirsdóttir 5:26,2 mín. Í heildarstigakeppninni varð HSK í 5. sæti af sex liðum með 68 stig. FH sigraði eftir hörkukeppni við ÍR-A með 105 stig og endurheimti titilinn, en ÍR-A hafði unnið þrjú ár í röð. Karlaliðið lið HSK varð í 4. sæti og kvennaliðið í því 5.

Nýr landsliðshópur 2012

Þegar FRÍ valdi landsliðshóp 2012 átti HSK sex íþróttamenn þar. Þau eru: Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, í fjölþrautaflokki, Haraldur Einarsson, Vöku, í flokki sprett- og grindahlaupa, Bjarni Már Ólafsson, Vöku, Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, í stökkgreinaflokki, Agnes Erlingsdóttir, Laugdælum, í flokki millivegalengda og langhlaupa og Vigdís Guðjónsdóttir, Skeiðamönnum, í kastgreinaflokki.

Skólaþríþraut FRÍ

Sunnlendingar náðu góðum árangri í úrslitakeppninni í Skólaþríþraut FRÍ laugardaginn 5. maí í Laugardalshöllinni. Þetta var keppni þar sem nemendur í 6. og 7. bekk grunnskóla landsins reyndu með sér í hástökki, 60 m hlaupi og kúluvarpi. Alls voru 11 keppendur frá grunnskólunum á Suðurlandi: 5 frá Sunnulækjarskóla Selfossi, 3 frá Flóaskóla, 2 frá Grunnskóla Bláskógabyggðar Laugarvatni og einn frá Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Í vinning fyrir stigahæstu einstaklinga var gjafabréf í Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem starfræktur var í 5 stöðum á landinu síðastliðið sumar.

Fjóla Signý með gott mót á Spáni

Fjóla Signý Hannesdóttir HSK/Selfoss keppti í 100 m grindarhlaupi og 400 m hlaupi á móti á Malaga á Spáni laugardaginn 5. maí og vann bæði hlaupin. Hún kom í mark á tímunum 58,71 sek og 14,63 sek.

Vormót HSK

Vormót HSK fór fram á Selfossvelli 19. maí en það var fyrsta mótið í fyrstu mótaröð FRÍ. Sigþór Helgason Selfossi setti Íslandsmet í flokki 15 ára pilta með karlasþjóti þegar hann kastaði 56,28 m. Besta afrek karls á mótinu átti Selfyssingurinn Örn Davíðsson, sem keppir fyrir FH, en hann sigraði spjótkaði með kasti upp á 69,55 m. Örn hlaut 941 stig fyrir árangurinn samkvæmt stigatöflu IAAF. Besta afrek konu átti



Bikarlið HSK innanhúss 2012.

Stefanía Valdimarsdóttir, Breiðabliki, í 300 m hlaupi. Hljóp hún vegalengdina á tímanum 41,59 sek og hlaut hún 908 stig fyrir árangur sinn. Sigurvegarar í 10 greinum fengu gjafabréf fyrir tvo frá Serrano og PUMA gaf sigurvegurum sprettgreina Usain Bolt ilm, svitalyktar-eyði og sturtusápu. Árangur í öðrum greinum var sá að í 110 m grindahlaupi sigraði Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, á 16,42 sek. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, í 100 m hlaupi kvenna á 13,40 sek. Í 300 m hlaupi karla rann skeiðið fyrstur allra, Krister Blær Jónsson, Breiðabliki, á 38,33 sek. Til gamans má geta þess að faðir hans er Jón Arnar Magnússon, Íslandsmetahafi í tugþraut. Í 800 m hlaupi kvenna varð Steinunn Eggertsdóttir, Selfossi, fyrst á 2:55,32 mín. Í hástökki karla sigraði Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, með 1,90 m. Í langstökki kvenna sigraði Heiðrún Stella Þorvaldsdóttir, Selfossi, með 4,64 m. Í þristökki karla sigraði Bjarni Már Ólafsson, Vöku, með á 13,34 m. HSK-sveitir karla og kvenna sigruðu í 4x100 m boðhlaupi.

JJ-mót Ármanns í frjálsum – mótaröð FRÍ

HSK átti átta keppendur á mótinu sem fram fór 24. maí. Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, stökk hæst í hástökkinu eða 1,85 m. Haraldur Einarsson, Vöku, sigraði í 100 m hlaupi karla á 11,76 sek í tölvuverðum mótvindi. Dagur Fannar Magnússon, Selfossi, varð annar í sleggjukasti karla og bætti sinn persónulega árangur um tæpan hálfan metra með kasti upp á 47,00 m. Í kúluvarpi karla varð Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, annar með 11,72 m. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir, Suðra, sem kastaði 19,98 m og setti Íslandsmet í sínum fötlunarflokki.

MÍ annar hluti Selfossvelli

Helgina 2.–3. júní fór fram á Selfossi, í blíðskaparveðri, 20 stiga hita og örlítilli gjólu, annar hluti Meistaramóts Íslands. Í þessum hluta var keppt í tugþraut og sjöþraut ásamt lengri boðhlaupum og 5 og 10 km hlaupum á braut. Haraldur Einarsson, Vöku, varð annar í tugþraut með 5660 stig.

Vormót ÍR í frjálsum – þriðja mótið af sex í mótaröð FRÍ

Vormót ÍR var haldið fimmtudaginn 7. júní á Laugardalsvelli, en mótið var hluti af mótaröð FRÍ. HSK átti níu keppendur á mótinu og stóðu allir sig með ágætum. Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, keppti í 100 m grindahlaupi og varð önnur á 15,18 sek í mótvindi og önnur í 800 m hlaupi á 2:23,79 mín. Haraldur Einarsson, Vöku, sigraði langstökk karla með 6,32 m. Sigþór Helgason, Selfossi, varð annar með 5,70 m. Í kúluvarpi karla varð Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, þriðji með kast upp á 12,83 m.

Kastmót FH í frjálsum – fjórða mótið af sex í mótaröð FRÍ

Kastmót FH í frjálsíþróttum var haldið þriðjudaginn 12. júní á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði. Keppt var í flokkum 13 ára og eldri. HSK átti tólf keppendur sem allir stóðu sig með ágætum. Guðrún Hulda Einarisdóttir, Suðra, hélt áfram að bæta Íslandsmetin. Hún kastaði 21,25 m í spjótkesti og bætti sitt eigið met. Halla María Magnúsdóttir, Selfossi, setti glæsilegt Íslandsmet í spjótkesti (400 gr) í flokki 13 ára með kasti upp á 39,21 m. Halla María setti svo HSK-



Bikarlið HSK 15 ára og yngri.

met í 60 m hlaupi í sama flokki þegar hún hljóp á 8,45 sek. Eldra metið var síðan 1983 og áttu það saman Ingibjörg Gísladóttir og Rannveig Skúla Guðjónsdóttir. Styrmir Dan Steinunnarson, Þór, bætti einnig Íslandsmetið í spjótkesti (400 gr) í flokki 13 ára en hann kastaði 50,19 m. Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, sigraði tvær greinar, 200 m hlaup á 26,37 sek og langstökk með stökk upp á 5,53 m. Haraldur Einarsson, Vöku, sigraði 400 m hlaup karla á 51,95 sek. Í 400 m hlaupi kvenna varð Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, í þriðja sæti á tímanum 64,91 sek. Í sleggjukasti karla kastaði Dagur Fannar Magnússon, Selfossi, til silfurverðlauna með 45,96 m sem og í spjótkesti með 38,04 m. Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, varð þriðji í kúluvarpi karla með sitt besta kast á árinu 13,22 m. Í kúluvarpi kvenna varð svo Thelma Björk Einarisdóttir, Selfossi, þriðja er hún kastaði 9,98 m.

Íþróttahátíð HSK

Laugardaginn 16. júní fóru fram Aldursflokkamót HSK 11–14 ára og Héraðsleikar HSK fyrir 10 ára og yngri í frjálsíþróttum, kallað einu nafni Íþróttahátíð HSK. Mótin fóru fram í Þorlákshöfn í blíðuveðri. 109 krakkar frá 10 félögum mættu til keppni og reyndu með sér í langstökki, hástökki, kúluvarpi, spjótkesti, 60 m hlaupi, 100 m hlaupi, 800 m hlaupi, 80 m grindahlaupi og 4x100 m boðhlaupi. Besta afrekið á íþróttahátíðinni vann Harpa Svansdóttir, 13 ára frá Selfossi, en hún stökk 4,85 m í langstökki. Selfoss sigraði heildarstigakeppni félaga með 289,5 stig, Þór Þorlákshöfn varð í 2. sæti með 203 stig og Garpur í 3. sæti með 96 stig.

Héraðsmót HSK utanhúss

Mótið var haldið 18.–19. júní á frjálsíþróttavellinum á Selfossi í frábæru veðri. Keppendur voru 57 frá 7 félögum. Eitt Íslandsmet leit dagsins ljós en það var hin unga og efnilega Halla María Magnúsdóttir, Selfossi, sem setti met í 13 ára flokki stúlkna með 600 gr spjóti er hún kastaði 33,63 m og bætti fyrra met um rúma tvo metra. Með þessu kasti varð hún í öðru sæti í spjótkestinu. Halla náði einnig frábærum árangri í 100 m hlaupi þar sem hún sigraði örugglega og langstökki þar sem hún varð önnur. Keppt var í 15 greinum hjá körlum og konum og mátti hver þátttakandi keppa í 6 greinum auk boðhlaups til stiga. Stigahæstu einstaklingar voru Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, með fullt hús eða 36 stig. Hún sigraði allar sínar greinar sem voru þristökk, langstökk, hástökk, 100 m grindahlaup, 400 m hlaup og 200 m hlaup. Stigahæsti karl varð Haraldur Einarsson, Þjótánda. Hann vann þrjár greinar 100 m hlaup, 200 m hlaup og 110 m grindahlaup og varð annar í þremur greinum, langstökki, þristökki og 400 m hlaupi. Besta afrek kvenna vann Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, í 100 m grindahlaupi en hún hljóp á 15,11 sek. Besta afrek karla vann Bjarni Már Ólafsson, Þjótánda, er hann stökk 14,00 m í þristökki. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppni félaga með 290 stig sem er rúmlega 100 stigum meira en í fyrra. Sameinað lið Vöku, Samhygðar og Baldurs, undir merkjum Þjótánda, varð í öðru sæti með 136 stig og lið Laugadæla í því þriðja með 79 stig.



Unglingamót HSK

Þriðjudaginn 21. fór fram Unglingamót HSK í frjálssíþróttum. Mótið var haldið á nýja frjálssíþróttavellinum á Selfossi í góðu veðri. Keppendur voru 48 talsins frá 9 félögum. Keppt var í sjö greinum í hverjum flokki hjá drengjum og stúlkum og mátti hver þátttakandi keppa í 5 greinum auk boðhlaups til stiga. Stigahæsti einstaklingur mótsins var Andrea Vígðís Victorsdóttir, Selfossi, með fullt hús eða 30 stig. Hún sigraði allar sínar greinar sem voru langstökk, hástökk, 100 m hlaup, kúluvarp og spjótkest. Besta afrek mótsins vann Bjarni Már Ólafsson, Vöku, fyrir 6,55 m í langstökki í flokki 20–22 ára. Fékk hann 823 stig fyrir þennan árangur. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppnina með 234 stig. Lið Laugadæla varð í 2. sæti með 75 stig og sameinað lið Vöku, Samhygðar og Baldurs, undir merkjum Þjótanda, varð í 3. sæti með 49 stig.

Meistarmót Íslands utanhúss 11–14 ára

Helgina 30. júní – 1. júlí fór fram Meistarmóti Íslands í frjálssíþróttum í aldursflokkum 11–14 ára á Laugardalsvelli. HSK/Selfoss liðinu gekk mjög vel. Liðið hreppti þriðja sætið í heildarstigakeppni mótsins með 415,5 stig. ÍR varð í öðru sæti með 521,2 stig og FH Íslandsmeistari með 599 stig. HSK/Selfoss liðið varð Íslandsmeistari í flokkum 13 og 14 ára piltar og í öðru sæti í stúlknaflokkum 11 ára og 13 ára og í flokki 12 ára piltar.

Gautaborgarleikarnir

Fimmtán frjálssíþróttakrakkar frá Selfossi á aldrinum 13–20 ára fóru til Gautaborgar 4.–12. júlí og tóku þátt í risastóru móti, Gautaborgarleikunum, þar sem keppendur koma frá mörgum löndum og taka þátt. Skráningar á mótið eru 7.000 og því gríðarleg reynsla að keppa á svona móti. Krökkunum okkar gekk rosalega vel og komu heim með tvenn gullverðlaun, tvenn silfurverðlaun, tvenn bronsverðlaun og að auki fullt af bætingum.

MÍ – aðalhluti

Helgina 14.–15. júlí keppti lið HSK/Selfoss með vaska sveit sem taldi 20 manns og stóð hún sig mjög vel. Uppskera helgarinnar var 4 gull, 5 silfur og 5 brons og þriðja sæti í karla- og kvennakeppninni, en liðið varð í þriðja sæti í heildarstigakeppni mótsins á eftir FH og ÍR sem sigraði. Fjóra Signý Hannesdóttir, Selfossi, var hetja liðsins og ein af tveimur keppendum mótsins sem vann þrjá Íslandsmeistaratitla. Fjóra byrjaði á því að sigra örugglega í 100 m grindahlaupi og jafna HSK-metið er hún hljóp á 14,47 sek. Í þessu hlaupi bætti Eva Lind Eliasdóttir, Þór, sig verulega er hún varð fjórða á 15,60 sek. Fjóra Signý hóf svo seinni daginn á því að sigra með sömu yfirburðum í 400 m grindahlaupi á nýju HSK-meti og rauf 60 sekúndna múrinn í fyrsta sinn. Tíminn 59,62 sek. Fjóra fór svo beint í hástökk og sigraði það með 1,66 m. Fjóra var í silfursveit HSK/Selfoss í 4x400 m boðhlaupi á 4:07,07 mín. Með henni í sveitinni voru Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, Agnes Erlingsdóttir, Laugdælum, og Eva Lind Eliasdóttir, Þór. Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir, Suðra, setti Íslandsmet í kringlukasti í sínum fítlunarflokki er hún þeytti kringlunni 22,92 m. Kristinn Þór Kristinsson, Samhygð, fylgdi eftir góðum árangri sínum í 800 m hlaupi á Gautaborgarleikunum á dögnum með því að sigra það hlaup með yfirburðum, tíminn 1:55,15 mín og þriðji besti tími hans frá upphafi. Vígðís Guðjónsdóttir, Skeiðamönnum, tók silfur af gömlum vana í spjótkesti kvenna og kastaði 42,11 m. Þá varð Agnes Erlingsdóttir, Laugdælum, í öðru sæti í 400 m hlaupi á tímanum 58,33 sek. Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, varð annar í hástökki með 1,90 m. Í þristökki karla vann Bjarni Már Ólafsson, Vöku, silfur með 14,06 m stökki og var aðeins 2 cm frá sigri. Í 110 m grindahlaupi karla varð Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, þriðji á 16,23 sek. Sama sæti náði hann í kringlukasti með 38,30 m. Í kúluvarpi kvenna átti HSK/Selfoss sjö keppendur af tólf. Reynsluboltinn Ágústa Tryggvadóttir, Selfossi, náði sér í brons með því að varpa 10,94 m. Eva Lind var svo þar rétt á eftir með 10,86 m. Í 4x100 m boðhlaupi karla varð sveit HSK/Selfoss í þriðja sæti á ágætum tíma 44,74 sek. Sveitina skipuðu: Hreinn Heiðar, Halli Einars, Óli Guðmunds og Kristinn Þór.



Keppendur á héraðsleikum HSK innanhúss.

Akureyrarmótið í frjálsum – fimmta mótið af sex í mótaröð FRÍ

Nokkrir keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í Akureyrarmótiinu í frjálssíþróttum sem fram fór helgina 21.–22. júlí. Fjóra Signý Hannesdóttir, Selfossi, bætti 30 ára gamalt HSK-met Unnar Stefánsdóttur í 200 m hlaupi. Fjóra hljóp á 25,54 sek og varð í öðru sæti. Fjóra Signý sigraði í 100 m grindahlaupi á tímanum 14,73 sek. Haraldur Einarsson, Vöku, sigraði í langstökki með 6,49 m. Dagur Fannar Magnússon, Selfossi, sigraði í sleggjukasti karla þegar hann kastaði 46,02 m og Þorsteinn Magnússon sigraði í 3.000 m hlaupi karla á 11:08,33 mín. Andrea Vígðís Victorsdóttir, Selfossi, keppti í flokki 14–15 ára telpna og sigraði í spjótkesti (400 gr) með 34,60 m. Sveit Selfoss keppti í 4x100 m boðhlaupi og sigruðu þær á tímanum 52,37 sek. Sveitina skipuðu þær Fjóra Signý Hannesdóttir, Andrea Vígðís Victorsdóttir, Edda Þorvaldsdóttir og Sólveig Helga Guðjónsdóttir.

Gaflarinn Hafnarfirði – 14 ára og yngri

Nokkrir krakkar frá Selfossi gerðu góða ferð í Hafnarfjörðinn 28. júlí. Krakkarnir hafa verið dugleg að slá HSK-met í sumar og settu sex í viðbót, en þau komu hlaðin verðlaunum heim.

Kópavogsmótið í frjálsum – lokmótið í mótaröð FRÍ

Mótið var haldið 15. ágúst á Kópavogsvelli. HSK átti sjö keppendur sem allir stóðu sig með ágætum. Fjóra Signý Hannesdóttir, Selfossi, sigraði þrjár greinar, hljóp 100 m hlaup á 12,84 sek, 400 m hlaup á 57,32 sek og 100 m grindahlaup á 14,66 sek. Ólafur Guðmundsson, Laugdælum, sigraði 110 m grindahlaup á 16,68 sek. Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, varð efstur í stigakeppni mótaráðarinnar í stökkflokki og hlaut að launum flugmiða til áfangastaðar í Evrópu.

Bikarkeppni 15 ára og yngri

Mótið fór fram þann 19. ágúst. Sigþór Helgason og Teitur Örn Einarsson, báðir frá Selfossi, sigruðu tvær greinar hvor. Sigþór vann spjótkest með 54,90 m kasti og 100 m grindahlaup á 15,04 sek. Teitur gerði sér lítið fyrir og sigraði 1500 m hlaupið á 4:44,57 mín. Hann sigraði einnig í kringlukasti með 40,02 m. Sveinbjörn Jóhannsson, Laugdælum, varpaði kúlunni rúmum metra lengra en silfursætið og varð bikarmeistari. Svo þeytti Andrea Vígðís Victorsdóttir, Selfossi, spjótinu lengst allra stúlkna er hún sigraði með 35,36 m kasti. Að auki kom eitt silfur og eitt brons í hús hjá HSK. Fannar Yngvi Rafnarsson, Þór, hljóp frábært 400 m hlaup á nýju HSK-meti 56,69 sek. Gamla metið átti Æfar Úlfarsson, einnig frá Þór, sem var 58,5 sek. Halla María Magnúsdóttir, Selfossi, vann silfur í 100 m hlaupi. Auk HSK-mets í 400 m hlaupinu hjá Fannari litu þrjú önnur HSK-met dagsins ljós á Laugardalsvelli. Halla María Magnúsdóttir, Selfossi, bætti eigið HSK-met í 80 m grindahlaupi í flokki 13 ára og 14 ára, en hún kom í mark á 13,60 sek. Gamla metið var 13,70 sek. Svo settu piltarnir nýtt glæsilegt HSK-met í 1000 m boðhlaupi í flokki 15 ára er þeir hlupu á 2:20,85 mín og bættu gamla metið um 19 sekúndur. Sveitina skipuðu: Elvar Örn Jónsson, Selfossi, Styrmir Dan Steinunnarson og Fannar Yngvi Rafnarsson, báðir í Þór, og Sigþór Helgason, Selfossi. Piltalið HSK varð í 2. sæti stigakeppni félaga, aðeins einu stigi frá



Ólafur Guðmundsson verkefnisstjóri frjálsíþróttaráðs HSK.

efsta sætinu og stúlkurnar í 7. sæti. Í heildarstigakeppninni varð HSK svo í 4. sæti með 119 stig, aðeins fimm stigum á eftir A-liði ÍR sem varð í 3. sæti. A-lið FH varð í 2. sæti með 152,5 stig. Breiðablik sigraði mótið með 168,5 stig.

Lokamót Selfoss

Í 80 m hlaupi setti Helga Margrét Óskarsdóttir, 11 ára, HSK-met í 80 m hlaupi 12,87 sek. Styrmir Dan Steinunnarson, 13 ára, setti Íslandsmet í 300 m grindahlaupi á 46,47 sek. Tveir einstaklingar settu HSK-met í 300 m grindahlaupi, Pétur Már Sigurðsson, 12 ára, er hann hljóp á 59,75 sek. og Helga Margrét Óskarsdóttir, 11 ára, 62,79 sek, en það er einnig HSK-met í 12 ára flokki.

Bikarkeppni FRÍ 1. deild

Frjálsíþróttalið HSK stóð í eldlinunni þegar Bikarkeppni FRÍ fór fram á Hamarsvelli á Akureyri í þurru en köldu og vindasömu veðri. Árangrar í flestum hlaupum og stökkum fengust ekki staðfestir sökum of mikils meðvinds. Fimm lið mættu til leiks en þau voru: FH, ÍR, Breiðablik, HSK, og sameiginlegt lið Norðurlands (UMSS, HSB, UMSE og UFA). Fyrirliði kvenna Fjöla Signý Hannesdóttir, Selfossi, stóð sig mjög vel og var drjúg fyrir liðið að vanda. Hún vann tvær greinar 400 m grindahlaup og 100 m grindahlaup á 14,29 sek. Fjöla keppti svo í hástökki þar sem hún varð í 2.–3. sæti, í þristökki þar sem hún varð þriðja og í báðum boðhlaupunum þar sem HSK sveitin í 1000 m boðhlaupinu varð í þriðja sæti. Kristinn Þór Kristinsson, Samhygð, stóð sig frábærlega. Hann gersigraði keppinauta sína í 800 m hlaupi og 1500 m hlaupi í taktiskum hlaupum og landaði þar með tveim bikartitlum. Fimmta titilinn vann svo í Vigdís Guðjónsdóttir, Skeiðamönnum, er hún kom sá og sigraði í spjótkesti kvenna og sex mikilvæg stig í höfn. Köstin gengu ágætlega. Ágústa Tryggvadóttir, Selfossi, varð í öðru sæti í kúluvarpi með 11,58 m. Ólafur Guðmundsson, Laugadælum, náldi sér í brons bæði í kúlu og kringlu. Dagur Fannar Magnússon, Selfossi, varð í þriðja sæti í sleggjukasti. Fleiri titlar unnust á þessu móti í fyrra. HSK varð í 4. sæti í heildina með 124,5 stig miðað við 5. sæti og 114 stig í fyrra. ÍR varð bikarmeistari í heildarstigakeppninni, þriðja árið í röð með 184 stig, en FH var þar næst með 159 stig. Norðurland varð í þriðja sæti með 147,5 stig. Breiðablik rak lestina með 120 stig.

Fjölþrautarmót í Kópavogi

Sunnudaginn 2. september kepptu nokkrir krakkar frá frjálsíþróttadeild Selfoss á fjölþrautarmóti í Kópavogi. Skemmst er frá því að segja að krakkarnir náðu frábærum árangri. Sigþór Helgason, 15 ára, sigraði sinn flokk í fimmtarþraut með yfirburðum og fékk 4.337 stig. Fannar Yngvi Rafnarson, 14 ára, sigraði sinn flokk í fimmtarþraut með 3.930 stig. Hann setti einnig HSK-met í 400 m hlaupi á 56,25 sek. Styrmir Dan Steinunnarson, varð annar í fjórþraut í sínum flokki með 3.834 stig. Hann vann þrjár greinar af fjórum og í langstökki bætti hann 29 ára gamalt Íslandsmet og HSK-met í langstökki er hann stökk 5,61 m. Einnig setti hann HSK-met í 400 m hlaupi er hann hljóp á 61,75 sek. Árdís Eva Yngvadóttir, 14 ára, stóð sig vel og fékk 2.138 stig í fimmtarþraut. Halla María Magnúsdóttir, 13 ára, sigraði í sínum flokki

í fjórþraut með 3.885 stig og Harpa Svansdóttir, 13 ára, varð önnur með 3.666 stig. Í þrautinni settu þær sitthvort HSK-metið. Halla María bætti eigið met í 60 m hlaupi á 8.39 sek og Harpa bætti 38 ára gamalt met Ingibjargar Ívarsdóttur í 400 m hlaupi er hún hljóp á 64,70 sek.

Kastþraut Óla Guðmunds

Hin árlega Kastþraut Óla Guðmunds var haldin 6. september á Selfossvelli við ágætar aðstæður. Keppnisgreinar kastþrautarinnar voru í þessari röð: sleggjukast, kringlukast, kúluvarp, spjótkest og lóðkast. Megintilgangur þrautarinnar var að enda keppnistímabilið með stæl þar sem húmorinn og keppnisgleðin voru allsráðandi. Þrautin var öllum opin og voru þátttakendur úr öllum geirum frjálsíþróttar, allt frá kösturum til langhlaupara. Keppt var í karla- og kvennaflokkum.

Grunnskólamót HSK

Fimmtudaginn 27. september fór Grunnskólamót HSK í frjálsíþróttum fram á Laugarvatni. Yfir 200 nemendur mættu á svæðið en nemendur á fyrsta ári við íþróttatræði HÍ á Laugarvatni buðu til mótsins í tengslum við námskeið sem þau sitja. Var þetta hugsað sem ákveðin tilraun til þess að endurvekja í einhverri mynd Skólahlaup HSK sem því miður hefur ekki verið haldið í nokkur ár. Veður var óhagstætt, rigning og rok. Greinarnar þrjár sem keppt var í voru 60 m spretthlaup, langstökk og spjótkest og kepptu 5. og 6. bekkur saman, 7. og 8. bekkur og loks 9. og 10. bekkur í stelpna- og strákaflokkum. Eftirtaldir skólar voru með: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Flúðaskóli, Grunnskóli Bláskógabyggðar, Grunnskóli Þorlákshafnar, Kerhólsskóli, Sunnulaekjarskóli og Vallaskóli. Þegar upp var staðið og stigin talin voru það tveir skólar sem stóðu upp úr. Stelpurnar í Vallaskóla unnu alla flokkana í stelpnaflokki og urðu því Grunnskólameistarar HSK 2012 í 5.–6. bekk, 7.–8. bekk og 9.–10. bekk. Sömu sögu má svo segja um Grunnskóla Þorlákshafnar, en þar unnu strákarirnir alla flokkana og urðu þar með Grunnskólameistarar HSK í frjálsíþróttum árið 2012 í 5.–6. bekk, 7.–8. bekk og 9.–10. bekk.

Landsliðshópur í frjálsíþróttum

Frjálsíþróttasamband Íslands valdi nýjan landsliðshóp í frjálsíþróttum að loknu utanhússtímabilinu. Hópurinn verður svo endurskoðaður vorið 2013 að loknu innanhússtímabili 2013. Þessir voru valdir:

Haraldur Einarsson, Vöku, í sprett- og grindahlaupum (spretthlaup). Fjöla Signý Hannesdóttir, Selfossi, í sprett- og grindahlaupum (grindahlaup). Hreinn Heiðar Jóhannsson, Laugdælum, í stökkgreinum (hástökk). Bjarni Már Ólafsson, Vöku, í stökkgreinum (þristökk). Kristinn Þór Kristinsson, Samhygð, í millivegalenda- og langhlaupum (800 m og 1500 m). Agnes Erlingsdóttir, Laugdælum, í millivegalenda- og langhlaupum (800 m og 1500 m).

HSK óskar þessum einstaklingum til hamingju með valið. Mörg spennandi verkefni bíða, bæði landsliðsverkefni árið 2013 og mót innanlands. Þar má nefna sérstaklega Landsmót UMFÍ á Selfossi í byrjun júlí næsta sumar.

Jólamót ÍR

Kristinn Þór Kristinsson, Samhygð, stórbætti HSK-metið í 600 metra hlaupi karla á Jólamóti ÍR 19. desember. Kristinn hljóp á 1;20,86 mín sem dugði til sigurs í hlaupinu. Hann bætti þar með 43 ára met Sigurðar Jónssonar á Selfossi, en hann hljóp á 1;28,2 mín á móti í Reykjavík 22. mars 1969. Met Sigurðar var einnig met í 20–22 ára flokki og stendur það enn, þar sem Kristinn er 23 ára. Met Sigurðar var elsta HSK-metið innanhúss í karlaflokki. Til gamans má geta þess að elsta HSK-metið innanhúss er frá 1958. Ólafur Unnsteinsson stökk það ár 3,11 metra í langstökki án atennu í flokki pilta 18–19 ára. Þrívægis hefur þetta met verið jafnað og deilir Óli heitin því metinu með þremur öðrum. HSK-met Kristins er það 24. í röðinni sem sett er innanhúss á árinu og 100 met voru sett utanhúss í sumar. Á þessu sama móti keppti Haraldur Einarsson úr Vöku. Hann gerði sér lítið fyrir og sigraði í 60 metra hlaupi karla á 7,35 sek.

Áramót Fjölnis

Styrmir Dan Steinunnarson, Þór, gerði sér lítið fyrir og bætti Íslandsmetið í hástökki í sínum flokki pilta 13 ára á Ármótamóti



Fjöltnis sem fram fór 29. desember í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Styrmir stökk yfir 1,75 m og átti tvær mjög góðar tilraunir við 1,80 m (gamla metið var 1,72 m). Á hann því bæði Íslandsmet inni og úti í hástökki 13 ára pílta.

Ólafur Guðmundsson, Þuríður Ingvarsdóttir, Gunnhildur Hinriksdóttir, Engilbert Olgeirsson, Guðmundur Karl Sigurdórsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Benóný Jónsson lögðu til efni í pistilinn. Benóný Jónsson tók saman.

Glímuráð HSK

Glíman stóð fyrir sínu innan vébanda HSK sem utan árið 2012. Alls kepptu 86 einstaklingar í glímu innan HSK, þar af 31 á mótum Glímusambandsins sem er aðeins fækkun frá fyrra ári. Starf glímuráðs var að mestu með hefðbundnu sniði þar sem saman fór mótahald innan héraðs og skipulag á ferðum á mót Glímusambandsins. Árangur glímufólksins var með miklum ágætum þar sem hæst bar sigur Marínar Laufeyjar Davíðsdóttir í Íslandsglímunni á Ísafirði 14. apríl. Hér í þessari skýrslu verður farið yfir fundi og starf glímuráðsins á árinu, helstu sýningar og utanfarir auk þess sem mótaannáll ársins 2012 er rakinn í grófum dráttum.

Aðalfundur glímuráðsins var haldinn í Selinu 21. febrúar 2012 og sátu hann tíu fulltrúar aðildarfélaga ráðsins. Helstu tíðindi fundarins urðu þau að endurnýjun varð í öllum embættum stjórnarinnar þar sem bæði Kristinn Guðnason, formaður til fjölda ára, og Fanney Ólafsdóttir, gjaldkeri, gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Ný stjórn var því kosin en hana skipa:

Stefán Geirsson, formaður
Guðni Sighvatsson, gjaldkeri
Smári Þorsteinsson, ritari.
Ólafur Oddur Sigurðsson, varamaður
Helgi Kjartansson, varamaður.

Af öðru efni fundarins má nefna að samþykkt var að endurskoða aldursflokkskipingu á héraðsmótum þannig að hver árgangur keppti fyrir sig í stað tveggja ára saman. Lítilegt tap varð af rekstri ráðsins árið 2011, en fjárhagurinn er traustur.

Haustfundur glímuráðs HSK var haldinn í Félagslundi fimmtudagskvöldið 27. september. Sex fulltrúar frá fjórum aðildarfélögum ráðsins mættu til fundarins sem markaði upphaf vetrarstarfsins hjá ráðinu. Helstu verkefni fundarins var að dagsetja mót vetrarins og leggja á ráðin um tilhögun ferða á mót og fleira.

Skarphéðinsfólk hefur löngum sinnt veigamiklum embættum innan glímuhreyfingarinnar og varð engin breyting á því á undangengnu ári. Ólafur Oddur Sigurðsson var endurkjörin formaður Glímusambandsins á ársþingi þess auk þess sem hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri GLÍ síðan 1. janúar 2009. Í stjórninni með Ólafi sitja einnig Húgrún Geirsdóttir, Samhygð, og Ingibergur J. Sigurðsson, Laugdælm. Kjartan Lárusson var endurkjörin formaður Glímudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Mót erlendis

Sardinía

Dagana 7.-12. ágúst hélt Ólafur Oddur Sigurðsson til Sardiníu ásamt fleirum og tók þátt í alþjóðlegu fangbragðamóti í Sa Strumpa sem líkist íslensku hryggspennunni. Ólafur keppti í +100 kg flokki, sigraði og varði hann þar með titil sinn frá 2011.

Skotland og England

Dagana 23. ágúst til 4. september hélt Ólafur Oddur Sigurðsson til Skotlands til þess að keppa í backhold á Hálandaleikum þar í landi. Ólafur sigraði opna flokkinn á stærstu hálandaleikum Skotlands þetta árið (Cowal highland gathering) en keppnin fór fram þann 25. ágúst. Daginn eftir var síðan haldið til Englands þar sem keppt var á hinni frægu Grasmere hátíð. Ólafur byrjaði vel en lenti svo á sterkum andstæðingi með þeim afleiðingum að Ólafur braut þrjú rifbein og varð því að láta staðar numið.

Glímusýningar

Glímufólk Skarphéðins sýndi glímu við nokkur tækifæri árið 2012.

Glímusýning á Geysi

21. júní sýndu þeir Smári Þorsteinsson og Rúnar Björn Guðmundsson glímu við opnun nýs veitingastaðar við Geysi í Haukadal. Um 500 mann mættu á opnunina og sýndu þeir félagar glímuna og fengu lof fyrir hjá viðstöddum.

Glímusýning á Sunnlenska sveitadeginum

Sex glímumenn sýndu glímu á Sunnlenska sveitadeginum sem haldinn var á athafnasvæði Jötunn-Véla á Selfossi laugardaginn 5. maí. Það voru þau Stefán Geirsson, Smári Þorsteinsson, Þorgils Kári Sigurðsson, Jón Gunnþór Þorsteinsson, Guðrún Inga Helgadóttir og Hanna Kristín Ólafsdóttir sem sýndu. Glímt var utandyra á dýnuvelli og fylgdust áhorfendur grannt með. Stefán Geirsson stýrði sýningunni en kynnar hátíðarinnar, þeir Gunnar Helgason og Jóhann G. Jóhannsson, tóku virkan þátt í sýningunni sem tókst í alla staði vel. Að sýningunni lokinni bauð glímufólkið áhugasömu ungviði að spenna á sig belti og reyna glímütökin.

Mót á vegum HSK

Grunnskólámót HSK

14. grunnskólámót HSK fór fram í Reykholti 1. febrúar og mættu til leiks 67 keppendur frá 4 grunnskólum af Suðurlandi. Keppt var á fjórum völlum samtímis og mótstjóri var Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK.

5. bekkur strákar

1. Sölvi Freyr Jónasson Grunnskóla Bláskógabyggðar

6. bekkur strákar

1. Smári Valur Guðmarsson Laugalandsskóla

7. bekkur strákar

1. Eiður Helgi Benediktsson Laugalandsskóla

8. bekkur strákar

1. Þorgils Kári Sigurðsson Flóaskóla

9. bekkur strákar

1. Sigþór Helgason Laugalandsskóla

10. bekkur strákar

1. Finnur Jóhannesson Grunnskóla Bláskógabyggðar

5. bekkur stelpur

1. Sigrún Franziska Arnarsdóttir Laugalandsskóla

6. bekkur stelpur

1. Sigríður M. Kjartansdóttir Grunnskóla Bláskógabyggðar

7. bekkur stelpur

1. Sif Jónsdóttir Hvolsskóla

8. bekkur stelpur

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir Flóaskóla

9. bekkur stelpur

1. Guðrún Inga Helgadóttir Flóaskóla

10. bekkur stelpur

1. Helga Sunna Sigurjónsdóttir Laugalandsskóla

Stigakeppni skólanna:

5.-7. bekkur stráka	stig
1. Hvolsskóli	19
2. Laugalandsskóli	18
3. Grunnskóli Bláskógabyggðar	11,5
5.-7. bekkur stelpna	stig
1. Laugalandsskóli	20
2. Grunnskóli Bláskógabyggðar	17
3. Hvolsskóli	10
8.-10. bekkur drengja	stig
1. Laugalandsskóli	18
2. Grunnskóli Bláskógabyggðar	14
3. Hvolsskóli	12
4. Flóaskóli	7,5



Marín Laufey Davíðsdóttir glímudrottning ársins.



Kristinn Guðnason gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður glímuráðs og tók Stefán Geirsson við af honum.

8.–10. bekkur stúlkna	stig
1. Grunnskóli Bláskógabyggðar	14
2. Flóaskóli	12
3. Laugalandsskóli	10
4. Hvolsskóli	8

Skjaldarglíma Skarphéðins

Héraðsmót Skarphéðins í glímu fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli laugardaginn 24. mars. Hápunktur þess var keppni um silfurskjöldinn Skarphéðinn sem fór nú fram í 88. sinn frá árinu 1910. Konur kepptu um Bergþóruskjöldinn í 11. sinn. Einnig var keppt í fjölmörgum yngri flokkum. Sú nýbreytni var tekin upp að hver árgangur keppti fyrir sig á Héraðsmóti í fyrsta sinn. Keppendur voru 34 talsins frá fimm félögum sem voru: Þjótandi, Dímon, Laugdælir, Biskupstungur og Garpur.

Ólafur Oddur Sigurðsson varð skjaldarhafi Skarphéðins í fjórða sinn. Hann sigraði áttfaldan skjaldarhafa Stefán Geirsson í spennandi úrslitaglímu. Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði í keppninni um Bergþóruskjöldinn í þriðja sinn.

Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Ólafur Oddur Sigurðsson	Umf. Laugdæla
Strákar 14 ára	
1. Egill Björn Guðmundsson	Umf. Biskupstungna
Strákar 13 ára	
1. Eiður Helgi Benediktsson	Íþf. Garpi
Strákar 12 ára	
1. Jón Pétur Þorvaldsson	Íþf. Dímon
Strákar 11 ára	
1. Sindri Ingvarsson	Íþf. Dímon
Skjaldarglíma Bergþóru	
1. Marín Laufey Davíðsdóttir	Þjótanda
Stelpur 16 ára	
1. Guðrún Inga Helgadóttir	Þjótanda
Stelpur 14 ára	
1.–2. Sóley Erna Sigurgeirsdóttir	Umf. Biskupstungna
1.–2. Hanna Kristín Ólafsdóttir	Þjótanda
Stelpur 13 ára	
1. Sif Jónsdóttir	Íþf. Dímon
Stelpur 12 ára	
1. Telma Tyrfingsdóttir	Íþf. Garpur
Stelpur 11 ára	
1. Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Umf. Biskupstungna

Stigakeppnin:

Stigakeppni félaga er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

Karlar 20 ára og eldri:			Konur 17 ára og eldri:		
1.	Laugd.	7 stig	1.	Þjótandi	11 stig
2.	Þjótandi	5 -	2.	Bisk.	4 -
3.	Garpur	4 -			
4.	Dímon	3 -			
Drengir 19 ára og yngri:			Stúlkur 16 ára og yngri:		
1.	Dímon	28 stig	1.	Bisk.	20,5 stig
2.-3.	Garpur	14 -	2.	Garpur	16 -
2.-3.	Bisk.	14 -	3.	Dímon	15 -
4.	Þjótandi	9 -	4.	Þjótandi	11,5 -

Fjórðungsglíma Suðurlands

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram að Laugalandi í Holtum fimmtudagskvöldið 8. nóvember. Keppt var í flokkum 10 ára og yngri, 11 ára, 12 ára, 13 ára, 14 ára, 15 ára og 16 ára og eldri hjá báðum kynjum. Þar sem keppendur voru færri en tveir voru flokkar sameinaðir eftir þörfum. Keppendur voru 47 frá fjórum félögum á sambandssvæði HSK þ.e. Þjótanda, Dímoni, Garpi og Umf. Biskupstungna. Stefán Geirsson, Þjótanda, sigraði í karlaflokki og Marín Laufey Davíðsdóttir, Þjótanda, varð hlutskörpust í kvennaflokki þriðja árið í röð.

Karlar 16 ára og eldri

1. Stefán Geirsson	Þjótanda
--------------------	----------

Konur 16 ára og eldri

1. Marín Laufey Davíðsdóttir	Þjótanda
------------------------------	----------

Meyjar 14–15 ára

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Þjótanda
----------------------------	----------

Sveinar 14 ára

1. Þorgils Kári Sigurðsson	Þjótanda
----------------------------	----------

Stúlkur 13 ára

1. Belinda Margrét Birkisdóttir	Íþf. Dímon
---------------------------------	------------

Piltar 12–13 ára

1. Eiður Helgi Benediktsson	Íþf. Garpi
-----------------------------	------------

Stúlkur 12 ára

1. Jana Lind Ellertsdóttir	Íþf. Garpi
----------------------------	------------

Strákar 11 ára

1. Sölvi Svavarsson	Umf. Biskupstungna
---------------------	--------------------

Stelpur 11 ára

1. Sigurlín Franziska Arnarsdóttir	Íþf. Garpi
------------------------------------	------------

Strákar 10 ára og yngri

1. Kristján Bjarni Indriðason	Íþf. Dímon
-------------------------------	------------

Stelpur 10 ára og yngri

1. Birgitta Saga Jónsdóttir	Íþf. Dímon
-----------------------------	------------

Bændaglíma Suðurlands

Bændaglíma Suðurlands fór fram í 15. sinn við Aratungu í Biskupstungum laugardaginn 25. ágúst. Mótið var liður í sveitarhátíð Biskupstungna, Tvær úr Tungunum, sem haldin var við Aratungu þennan dag. Til leiks mætti lið heimamanna undir forystu Rúnars Guðmundssonar sem er fjórðungsmeistari Suðurlands. Á móti kom



Sigurlið HSK á meistaramóti Íslands í glímu 15 ára og yngri.



Sigurliðið á Bændaglímu Suðurlands 2012.

úrvalslíð Stefáns Geirssonar, sem er sjöfaldur skjaldarhafi Skarphéðins. Í liði Stefáns var einn Flóamaður, einn Rangæingur og svo lánuðu heimamenn honum fjórða liðsmanninn.

Biskupstungur	Úrvalslíð
1. Rúnar Björn Guðmundsson	Stefán Geirsson
2. Smári Þorsteinsson	Hafsteinn Kristinsson
3. Egill Guðmundsson	Jón Gunnþór Þorsteinsson
4. Sölvi Freyr Jónsson	Sverrir Örn Gunnarsson

Í fyrstu veitti liði Rúnars betur því hinir þrír liðsmenn Stefáns féllu hver af öðrum. Þá sendi Stefán sjálfan sig fram og tókst að leggja alla kapp Rúnars og hann sjálfan að lokum. Allir féllu þeir með sæmd eftir góða sókn og vörn. Stefán veitti því viðtöku Sigurðarbikarnum sem gefinn var af Ungmennafélagi Íslands til glímunnar árið 1987 í minningu Sigurðar Greipssonar glímukappa og skólastjóra í Haukadal. Úrslit urðu þessi manna á milli:

Biskupst.	Úrvalslíð	úrslitabragð
1. Sölvi	1 Sverrir	0 sniðglíma hægri
2. Egill	1 Jón Gunnþór	0 sniðglíma hægri
3. Smári	1 Hafsteinn	0 hækrokur utanf. hægri (mótbragð)
4. Sölvi	0 Stefán	1 hækrokur hægri á hægri
5. Egill	0 Stefán	1 klofbragð vinstra
6. Smári	0 Stefán	1 klofbragð hægri
7. Rúnar	0 Stefán	1 klofbragð vinstra

Árangur Skarphéðingsmanna á mótum GLÍ

Bikarglíma Íslands

Fertugasta Bikarglíma Íslands fór fram 28.janúar í íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavík.

Karlar opinn flokkur	
7.-8. Ingibergur J. Sigurðsson	Umf. Laugdæla
-80 kg karla	
1. Smári Þorsteinsson	Umf. Biskupstungna
Konur opinn flokkur	
1. Marín Laufey Davíðsdóttir	Umf. Samhygð
7. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir	Umf. Biskupstungna
Konur +65 kg	
4. Marín Laufey Davíðsdóttir	Umf. Samhygð
6. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir	Umf. Biskupstungna
Konur -65 kg	
3. Guðrún Inga Helgadóttir	Umf. Vöku

Meistaramót Íslands 3. umferð 2011–2012

Þriðja umferð í Meistaramóti Íslands var haldið í íþróttahúsi Kennaraháskólans 3. mars.

Konur opinn flokkur	
3. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir	Umf. Biskupstungna
Konur +65 kg	
3. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir	Umf. Biskupstungna

Karlar -80 kg

1. Smári Þorsteinsson Umf. Biskupstungna

Karlar -90 kg

3. Smári Þorsteinsson Umf. Biskupstungna

Meistarmót Íslands lokastaða 2012

Konur opinn flokkur

2. Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Samhygð

3. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir Umf. Biskupstungna

Konur +65 kg

2. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir Umf. Biskupstungna

3. Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Samhygð

Karlar -80 kg

1. Smári Þorsteinsson Umf. Biskupstungna

Karlar -90 kg

3.-4. Smári Þorsteinsson Umf. Biskupstungna

Stigakeppni félaga

4. HSK 61 stig

Íslandsmótið í back-hold

Íslandsmótið í back-hold fór fram í Ármannsheimilinu (Skell) 29. janúar. Mæting var fremur draem sökum veðurs sem gerði mörgum óleik framan af vetri. Keppt var í einum flokki karla og einum flokki kvenna.

Konur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Samhygð

Íslandsglíman

Hundraðasta og önnur Íslandsglíman fór fram á Ísafirði í íþróttahúsinu á Torfnesi 14. apríl. Keppnin var skemmtileg og fjölmargir áhorfendur urðu vitni að spennandi keppni frá upphafi til enda. Heiðursgestir mótsins voru forsetahjónin Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaief. Í glímunni um Grettisbeltið sigraði Pétur Eyþórsson, Glímufélaginu Ármanni, og hlaut þar með sæmdarheitið Glímukóngur Íslands í sjöunda sinn. Í glímunni um Freyjumenið sigraði Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK, og hlaut sæmdarheitið Glímudrottning Íslands í annað sinn auk þess sem hún hlaut einnig fegurðarverðlaun fyrir fagra glímu í kvennaflokki.

Konur

Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Samhygð

Grunnskólamót GLÍ

Grunnskólamót Glímusambandsins fór fram á Ísafirði laugardaginn 14. apríl í íþróttahúsinu á Torfnesi. Krakkarnir skemmtu sér vel og voru ánægð í mótslok. Glímt var á fjórum völlum samtímis og gekk keppnin vel fyrir sig.

Grunnskólameistarar af sambandssvæði HSK

Stúlkur:

5. bekkur, minni	Kristín Söldís Ólafsdóttir	Hvolsskóla
7. bekkur	Sif Jónsdóttir	Hvolsskóla
8. bekkur	Hanna Kristín Ólafsdóttir	Flóaskóla
9. bekkur	Guðrún Inga Helgadóttir	Flóaskóla



Strákar:

- | | | |
|-------------------|--------------------------|----------------------|
| 5. bekkur | Sölvi Svavarsson | Grsk. Bláskógabyggð. |
| 6. bekkur, stærri | Smári Guðmarsson | Laugalandsskóla |
| 8. bekkur, minni | Þorgils Kári Sigurðsson | Flóaskóla |
| 8. bekkur, stærri | Jón Gunnþór Þorsteinsson | Flóaskóla |

Bikarglíma Íslands í sveitaglímu 16 ára og yngri

Bikarglíma Íslands í sveitaglímu fór fram 14. apríl í íþróttahúsinu á Ísafirði. Keppnin gekk vel fyrir sig. Fjölmargar sveitir mættu til leiks og var glímt af miklu fjöri lengi dags.

Stelpur 11–12 ára

1. sæti HSK
Sigríður Magnea Kjartansdóttir
Laufey Ósk Jónasdóttir
Rósa Kristín Jóhannesdóttir
Rakel Sara Hjaltadóttir
Kristín Söldis Ólafsdóttir

Stelpur 13–16 ára

2. sæti HSK
Guðrún Inga Helgadóttir
Vilborg Rún Guðmundsdóttir
Sóley Erna Sigurgeirsdóttir

Strákar 11–12 ára

1. sæti HSK
Smári Guðmarsson
Sölvi Freyr Jónasson
Gestur Jónsson
Hjalti Unnar Hjaltason

Strákar 13–14 ára

1. sæti HSK
Þorgils Kári Sigurðsson
Jón Gunnþór Þorsteinsson
Eiður Helgi Benediktsson
Guðni Björnsson

Unglingalandsmót UMFÍ

15. Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands var haldið á Selfossi 3.–5. ágúst. Glímukeppni mótsins fór fram á laugardeginum 4. júlí og hófst kl. 15. Keppt var á tveimur völlum og var glímt á grasi á frjálsíþróttarvælinum. Veður var mjög gott, sól og 29 stiga hiti. 36 keppendur mættu til leiks og fjöldi áhorfenda fylgdist með keppninni og skemmti sér hið besta. Sérgreinastjóri glímunnar var Kjartan Lárusson.

Verðlaunahafar HSK:

Stelpur 11–12 ára:

- | | |
|----------------------------|--------------------|
| 2. Jana Lind Ellertsdóttir | Íþf. Garpi |
| 3. Laufey Ósk Jónsdóttir | Umf. Biskupstungna |

Telpur 13–14 ára

- | | |
|--------------------------------|-------------|
| 1. Hanna Kristín Ólafsdóttir | Umf. Baldri |
| 2. Sif Jónsdóttir | Íþf. Dímon |
| 3. Vilborg María Ísleifsdóttir | Íþf. Garpi |

Meyjar 15 ára:

- | | |
|----------------------------|--------------|
| 1. Guðrún Inga Helgadóttir | Umf. Vöku |
| 2. Sunna Valdemarsdóttir | Umf. Selfoss |

Stúlkur 17–18 ára:

- | | |
|-------------------------------------|--------------------|
| 1. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir | Umf. Biskupstungna |
| 2. Marín Laufey Davíðsdóttir | Umf. Samhygð |

Strákar 11 ára:

- | | |
|------------------------------|--------------------|
| 1. Sölvi Svavarsson | Umf. Biskupstungna |
| 2. Gestur Jónsson | Íþf. Dímon |
| 3.–4. Sverrir Örn Gunnarsson | Umf. Biskupstungna |

Strákar 14 ára:

- | | |
|-----------------------------|--------------|
| 1. Þorgils Kári Sigurðsson | Umf. Vöku |
| 3. Jón Gunnþór Þorsteinsson | Umf. Samhygð |

Meistaramót Íslands 1. umferð 2012–2013

Fyrsta umferð í Meistaramóti Íslands fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 27. október.

Konur - 65kg

- | | |
|----------------------------|-----------|
| 2. Guðrún Inga Helgadóttir | Umf. Vöku |
|----------------------------|-----------|

Konur +65kg

- | | |
|-------------------------------------|--------------------|
| 1. Marín Laufey Davíðsdóttir | Umf. Samhygð |
| 3. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir | Umf. Biskupstungna |

Konur, opinn flokkur

- | | |
|-------------------------------------|--------------------|
| 1. Marín Laufey Davíðsdóttir | Umf. Samhygð |
| 2. Guðrún Inga Helgadóttir | Umf. Vöku |
| 3. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir | Umf. Biskupstungna |

Karlar, -80kg

- | | |
|-----------------------|--------------------|
| 2. Smári Þorsteinsson | Umf. Biskupstungna |
|-----------------------|--------------------|

Karlar, -90kg

- | | |
|-----------------------|--------------------|
| 2. Smári Þorsteinsson | Umf. Biskupstungna |
|-----------------------|--------------------|

Karlar, +90kg

- | | |
|--------------------|--------------|
| 1. Stefán Geirsson | Umf. Samhygð |
|--------------------|--------------|

Karlar, opinn flokkur

- | | |
|--------------------|--------------|
| 1. Stefán Geirsson | Umf. Samhygð |
|--------------------|--------------|

Meistaramót Íslands 2. umferð 2012–2013

Önnur umferð í Meistaramóti Íslands fór fram í Dalabúð í Búðardal 17. nóvember.

Konur +65kg

- | | |
|-------------------------------------|--------------------|
| 1. Marín Laufey Davíðsdóttir | Umf. Samhygð |
| 3. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir | Umf. Biskupstungna |

Konur -65kg

- | | |
|-------------------------------|-----------|
| 2. Guðrún Inga Helgadóttir | Umf. Vöku |
| 3. Dagbjört Henný Ívarsdóttir | Umf. Vöku |

Konur, opinn flokkur

- | | |
|------------------------------|--------------|
| 1. Marín Laufey Davíðsdóttir | Umf. Samhygð |
| 3. Guðrún Inga Helgadóttir | Umf. Vöku |

Karlar, +90kg

- | | |
|--------------------|--------------|
| 1. Stefán Geirsson | Umf. Samhygð |
|--------------------|--------------|

Karlar, opinn flokkur

- | | |
|--------------------|--------------|
| 1. Stefán Geirsson | Umf. Samhygð |
|--------------------|--------------|

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 27. október. Ágæt þátttaka var í mótinu og skemmtu krakkarnir sér vel í glímunni.

Verðlaunahafar HSK.

Stúlkur 11 ára

- | | |
|------------------------------------|------------|
| 1. Sigurlín Franziska Arnarsdóttir | Íþf. Garpi |
|------------------------------------|------------|

Stúlkur 12 ára

- | | |
|--------------------------------------|--------------------|
| 1. Telma Tyrfingsdóttir | Íþf. Garpi |
| 2.–3. Jana Lind Ellertsdóttir | Íþf. Garpi |
| 2.–3. Sigríður Magnea Kjartansdóttir | Umf. Biskupstungna |

Stúlkur 13 ára

- | | |
|------------------------|------------|
| 1. Sif Jónsdóttir | Íþf. Dímon |
| 2. Annika Arnarsdóttir | Íþf. Garpi |

Stúlkur 14 ára

- | | |
|---------------------------------|-------------|
| 1.–2. Hanna Kristín Ólafsdóttir | Umf. Baldri |
|---------------------------------|-------------|

Strákar 10 ára

- | | |
|--------------------------|--------------------|
| 1. Karl Jóhann Einarsson | Umf. Biskupstungna |
|--------------------------|--------------------|

Strákar 11 ára

- | | |
|---------------------------|--------------------|
| 1. Sölvi Svavarsson | Umf. Biskupstungna |
| 2. Hjalti Unnar Hjaltason | Íþf. Dímon |
| 3. Gestur Jónsson | Íþf. Dímon |

Strákar 13 ára

- | | |
|-----------------------|------------|
| 1. Eiður Benediktsson | Íþf. Garpi |
|-----------------------|------------|

Strákar 14 ára

- | | |
|-----------------------------|--------------|
| 2. Þorgils Kári Sigurðsson | Umf. Vöku |
| 3. Jón Gunnþór Þorsteinsson | Umf. Samhygð |

Stigakeppni félaga:

- | | |
|--------|-----------|
| 1. HSK | 84,5 stig |
|--------|-----------|

**Sveitaglíma Íslands 15 ára og yngri**

Sveitaglíma Íslands 15 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 27. október. Eftirfarandi sveitir frá HSK tóku þátt og unnu þær allar til verðlauna.

Stelpur 12–13 ára

1. HSK

Sif Jónsdóttir

Annika Arnarsdóttir

Sigríður Magnea Kjartansdóttir

Sigurlín Arnarsdóttir

Rósa Kristín Jóhannesdóttir

Stelpur 14–15 ára

1. HSK-A

Guðrún Inga Helgadóttir

Hanna Kristín Ólafsdóttir

Telma Tyrfinnsdóttir

2. HSK- B

Laufey Ósk Jónasdóttir

Jana Lind Ellertsdóttir

Rakel Sara Hjaltadóttir

Strákar 10–11 ára

1. HSK-A

Sölvi Freyr Jónasson

Sölvi Svavarsson

Gestur Jónsson

2. HSK-B

Sverrir Gunnarsson

Hjalti Unnar Hjaltason

Karl Jóhann Einarsson

Strákar 14–15 ára

2. HSK

Þorgils Kári Sigurðsson

Jón Gunnþór Þorsteinsson

Guðni Björnsson

Eiður Benediktsson

Staða HSK fólks á styrkleikalista GLÍ 31. desember 2012**Konur**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

4. Guðrún Inga Helgadóttir

9. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir

Karlar

2. Stefán Geirsson

11. Smári Þorsteinsson

Marín valin glímukona ársins hjá Glímusambandi Íslands

Stjórn GLÍ valdi Marín Laufey Davíðsdóttur, Umf. Samhygð, glímkonu ársins í þriðja sinn fyrir árið 2012. Í umsögn stjórnarinnar segir eftirfarandi: Marín Laufey er 17 ára gömul og átti frábæru gengi að fagna á glímuvellinum árið 2012. Marín sigraði í Íslandsglímunni 2012 og hlaut þar með Freyjumenið í annað sinn. Marín er fyrirmyndar íþróttakona jafnt innan vallar sem utan.

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi glímuráðs HSK árið 2012. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ, www.glima.is og í árbók Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.



Ungur kylfingur á Svarfhólsvelli í keppni á Unglingalandsmótinu.

Golfnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Jón Þorsteinn Hjartarson, GHR

Ingvar Jónsson, GP

Sigríður Gunnarsdóttir, GOS

Varamaður: Helgi Guðmundsson, GF

HSK-mótið

HSK-mótið var haldið að Strönd þann 24. júní og var keppt í hefðbundum flokkum karla, kvenna og öldunga. Einnig var keppt í sveitakeppni milli klúbba. Fór mótið vel fram í góðu veðri

Helstu úrslit urðu þessi

1. fl. karla - sigurv.: Guðmundur Ingvi Einarsson, GKB, 69 högg

2. fl. karla - sigurv.: Vignir Egill Vigfússon, GOS, 84 högg

3. fl. karla - sigurv.: Björgvin Eliasson, GF, 96 högg

4. fl. karla - sigurv.: Heimir Hafsteinsson, GHR, 103 högg

Öldungar 55–69 ára - sigurv.: Samúel Smári Hreggviðss, GOS, 77 högg

Öldungar 70+ - sigurv.: Jóhannes Sigmundsson, GF, 116 högg

Kvennafl. 19–49 ára - sigurv.: Ása Margrét Jónsdóttir, GHR, 93 högg

Piltar 18 ára og yngri - sigurv.: Halldór Unnsteinsson, GF, 123 högg

Sveitakeppnina sigraði sveit GKB með yfirburðum

Unglingalandsmót UMFÍ

15. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi og var þar keppt í golfi. Til leiks voru skráðir 96 keppendur allstaðar af landinu. Af þeim luku 81 sem keppni.

Einnig er venja að halda aldursflokkamót barna og unglinga en féll það niður á þessu ári og er það miður

**Virðingafyllst,
Jón Þorsteinn Hjartar**



Sigurlið Umf. Selfoss á héraðsmóti í handknattleik.

Handknattleiksnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss
Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss
Örn Guðnason, Umf. Selfoss
Varamaður: Ágúst Rósmar Morthens, Umf. Selfoss

Handknattleiksnefnd HSK stóð fyrir HSK-móti í meistaraflokki karla og fór mótið fram í íþróttahúsi Vallaskóla laugardaginn 29. desember. Fyrstu HSK-mótin voru haldin á árunum 1974-1976. Árið 2007 voru HSK-mót í handbolta endurvakin. Mótið sem haldið var í desember sl. var því sjötta mótið í röð síðan það var endurvakið. Handknattleiksnefnd HSK sá um undirbúning og framkvæmd mótsins, en leikmenn skiptust á að dæma leiki. Eins og undanfarin ár var mótið hraðmót þar sem leiktími var 2x10 mín. Fjögur lið tóku þátt í mótið að þessu sinni: Selfoss 1 og 2, Árborg og sameiginlegt lið Baldus og Gnúpverja.

Úrslit leikja urðu eftirfarandi:

Árborg - Baldur/Gnúpverjar 7:7
Selfoss 1 - Selfoss 2 13:11
Selfoss 1 - Árborg 15:14
Selfoss 2 - Baldur/Gnúpverjar 9:19
Selfoss 2 - Árborg 9:19
Baldur/Gnúpverjar - Selfoss 1 12:13

Lokastaða:

	UJ T	Mörk	Net	Stig
1. Selfoss 1	3 3 0	0	41:37 +4	6
2. Árborg	3 1 1	1	40:31 +9	3
3. Baldur/Gnúpverjar	3 1 1	1	38:29 +9	3
4. Selfoss 2	3 0 0	0	29:51 -22	0



Frá keppni í hestaíþróttum á Unglingalandsmóti.

Hestaíþróttanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Sigmar Ólafsson, Hestam.f. Sleipni
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestam.f. Sleipni
Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestam.f. Geysir
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestam.f. Geysi

Nefndin valdi Guðmund Björgvinsson sem hestaíþróttamann HSK 2012.

Íþróttanefnd fatlaðra

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Sigurlín Garðarsdóttir, Íþr.f. Suðra
Guðrún Jónsdóttir, Íþr.f. Suðra
Valgeir Backman, Íþr.f. Gný
Varamaður: Sigrún Hreiðarsdóttir, Íþr.f. Suðra

Héraðsmót í íþróttum fatlaðra

Héraðsmót í íþróttum fatlaðra fór fram á Selfossi í sumar. Frekar dræm þátttaka var á móti og aðeins eitt félag skráði keppendur til keppni. Góður áragstur náðist þó á móti og var mikil ánægja keppenda að því loknu.

Nefndin þakkar þeim sem hafa stutt íþróttir fatlaða á sambandssvæðinu með einum eða öðrum hætti á árinu.

Með íþróttakveðju
Sigurlín Garðarsdóttir



Frá knattspyrnukeppni Unglingalandsmótsins.

Knattspyrnunefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Aldís Sigfúsdóttir, Umf. Selfoss
Guðmundur G. Sigfússon, Knattsp.f. Árborg
Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja

Viktor Steingrímsson sagði sig úr nefndinni af persónulegum ástæðum 12. september. Gestur Einarsson sem var varamaður tók sæti Viktors í nefndinni.

Nefndin valdi Jón Daða Guðbjörnsson sem knattspyrnumann HSK 2012.

Körfuknattleiksnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþr.f. Hamri
Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Þorsteinn Darri Sigurgeisson, Umf. Heklu
Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfukn.f. Fsu

Eins og undanfarin ár var aðalstarf nefndarinnar að halda héraðsmót og bikarkeppnir. Því miður náðist ekki að halda mót í öllum flokkum vegna mikilla anna hjá félögunum við önnur körfuboltaverkefni.

Héraðsmót karla í körfuknattleik

Héraðsmót í körfuknattleik var haldið á Hellu 12. maí. Mótið var nú haldið í 46. sinn, en það var fyrst haldið árið 1964. Mikil spennan var í keppni um efstu sætin og framlengja þurfti leik Þórs og Hamars. Hamar vann alla sína leiki og tryggði sér HSK-meistaratitlinn í þriðja sinn. Hamar vann árin 1998 og 2003. Lið Heimdallar, keppti undir merkjum Eyrarbakka, en langt er síðan Eyrbekkingar tóku þátt síðast.



Héraðsmót í míkrobolta var haldið í fyrsta sinn.

Lokastaða:

Hamar	6 stig
Hekla	4 stig
Þór	2 stig
Eyrbakki (Heimdallur)	0 stig

8. flokkur stúlkna

Mótið var haldið í Hveragerði 29. apríl.

Lokastaða:

1. Hrunamenn A	4 stig
2. Hrunamenn B	2 stig
3. Hamar	0 stig

8. flokkur drengja

Mótið var haldið á Laugarvatni 28. apríl.

1. Laugdælir	2 stig
2. Hamar	0 stig

Minnibolti drengja og stúlkna í körfuknattleik

Föstudaginn 27. apríl fóru fram HSK-mót í minnibolta drengja og stúlkna á Flúðum. Að þessu sinni fóru mótin fram á sama tíma og á sama stað, en það hafði ekki verið reynt áður. Fjögur félög sendu lið til keppni. Fór keppnin vel fram og mörg frábær tilprif sáust á vellinum. Svo fór að lokum að Hrunamenn sigruðu báða flokkana, en keppnin var sérstaklega spennandi hjá stúlkunum þar sem Hrunastelpur höfðu sigur á sameiginlegu liði Hamars og Þórs með minnsta mun eftir æðisþennandi lokamínútur.

Lokastaða**Minnibolti drengja**

1. Hrunamenn 6. bekkur
2. Hamar
3. Þór
4. Hrunamenn 3.–5. Bekkur
5. Hekla

Minnibolti stúlkna

1. Hrunamenn 6. Bekkur
2. Hamar/Þór
3. Hrunamenn 4.–5. Bekkur
5. Hekla

Fyrsta míkroboltamót HSK

Þann 1. maí fór fram míkroboltamót í körfuknattleik, en það var ætlað krökkum á aldrinum 6–9 ára. Er þetta í fyrsta sinn sem HSK stendur fyrir körfuknattleiksmóti fyrir þennan aldurshóp. Mótið fór fram í Íðu á Selfossi og heppnaðist vel. Alls sendu fjögur félög keppendur á mótið, en það voru Hrunamenn, Hamar, Þór og FSU. Var það mál manna að mótið væri komið til þess að vera árviss viðburður héðan í frá.

Skáknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður:	Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss Guðni Ragnarsson, Umf. Dagsbrún Skeggi Gunnarsson, Umf. Baldri
Varamaður:	Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Baldri

Héraðsmót HSK í sveitakeppni

Héraðsmót HSK í sveitakeppni í skák var haldið í Selinu á Selfossi 28. nóvember. Fimm sveitir mættu til leiks, tvær sveitir frá Selfossi, ein sameiginleg sveit frá Heklu og Dímoni, ein frá Dímoni og síðan sveit frá Baldri í Hraungerðishreppi. Tefldar voru 15 mínútna skákir allir við alla, aldagamalli venju samkvæmt. Við harðri baráttu var búist enda sveitir skipaðar sterkum keppendum. Þannig voru þeir Dímonarsveinar með engan annan en hraðskákmeistara SSON á fyrsta borði, Selfyssingar höfðu honum til höfuðs Pál Leó á meðan Baldursliðar stilltu upp skák-og atskákmeistara SSON á fyrsta borði, engum öðrum en Laugardælingnum knáa Ingimundi Sigurmundarsyni. Minni spámenn voru síðan á 2.–4. borði í sveitunum, en margir öflugir skákmenn engu að síður. Ekki má gleyma því að vinningar þeirra eru jafnmikilvægir og þeir sem framverðir sveitanna ná í hús. Niðurstaðan varð sú að A-sveit Selfoss vann keppnina örugglega með 15 vinningum af 16 mögulegum. Jafnar í öðru til þriðja sæti urðu síðan sveitir Baldurs og Dímonar með 8,5 vinninga, en Baldur fékk silfur á sigri í innbyrðisviðureign.

1. Umf. Selfoss A
Páll Leó 4 v, Magnús M. 3 v, Ingvar Örn 4 v og Grantas 4 v.
2. Umf. Baldur
Ingimundur 3 v, Úlfhéðinn 4 v, Þorvaldur S. 0 v og Skeggi G. 1,5 v.
3. Dímon/Hekla
Björgvin G. 2 v, Björgvin H. 2 v, Jón H. 2,5 v og Anton G. 2 v.

Magnús Matthíasson,
formaður skáknefndar HSK

Starfsíþróttanefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður:	Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Vöku Sigríður Heiðmundsdóttir, Umf. Heklu Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Umf. Vöku
Varamaður:	Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

Unglingalandsmót UMFÍ

Árið var líflegt hjá starfsíþróttanefnd. Framkvæmdanefnd landsmóta



Starfsíþróttanefnd HSK á fundi í Selinu.



Verðlaunahafar í dráttarvélaakstri á héraðsmótnu í starfsíþróttum.

ákvað að keppt yrði í starfsíþróttum á Unglingalandsmótnu á Selfossi, en það hafði aldrei verið gert áður. Undirrituð var fengin sem sérgreinastjóri í starfsíþróttum, en nefndin stóð öll að undirbúningi og framkvæmd. Ákveðið var að halda keppni í stafsetningu og upplestri á mótnu og keppa í tveimur aldursflokkum í hvorri grein, óháð kynjum. Keppnin fór fram í Fjölbrautaskóla Suðurlands og gekk hún ljómandi vel. Keppendur voru alls 33 í stafsetningu og 18 í upplestri. Vonandi eru starfsíþróttir komnar til að vera á unglingalandsmótnu.

Starfsíþróttatæping UMFÍ

Starfsíþróttatæping UMFÍ var haldið í Selinu á Selfossi 28. apríl. Þingið sóttu 14 manns frá 8 sambandsaðilum UMFÍ. Guðríður Aadnegard, formaður HSK, var þingforseti á þinginu. HSK sendi þrjá fulltrúa til þingsins, þau Fanneyju Ólafsdóttur, Hallfríði Ósk Aðalsteinsdóttur og Guðmund Jónasson.

Á þinginu var m.a. fjallað um leikreglur í starfsíþróttum, en aðeins ein breyting var gerð, þ.e. á stigagjöf í að leggja á borð. Góðar umræður urðu á þinginu og mikil ánægja var með að keppa ætti í starfsíþróttum á Unglingalandsmótnu á Selfossi.

Í starfsíþróttaráð voru kosin þau Halldóra Gunnarsdóttir, HSP formaður, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, UFA ritari, og Sigurður Aðalsteinsdóttir, UFA gjaldkeri. Varamenn eru Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, HSK, og Jóhanna Gunnlaugsdóttir, UMSE.

Þingið var hið gagnlegasta og verður vonandi til að styrkja starfsíþróttir og iðkun þeirra um allt land.

Héraðsmót í starfsíþróttum

Nefndin stóð fyrir héraðsmóti í starfsíþróttum 18. ágúst á Hellu. Mótið var haldið sem hluti af dagskrá Töðugjalda á Hellu og tókst það vel. Keppt var í fjórum greinum á mótnu og var þátttaka nokkuð góð. Í jurtagreiningu og fuglagreiningu var boðið upp á þá nýbreytni að leyfilegt var að keppa saman í liðum. Kom það vel út þar sem yngri keppendur gátu þá spreytt sig í liði með þeim eldri og þannig öðlast verðmæta keppnisreynslu. Verðlaunahafar voru þessir:

Jurtagreining

1. Kristín Stefánsd., Unnsteinn og Sigurjón - Vöku 20+3 stig
- 2.-3. Hólasystkinin: Harpa, Haraldur og Rökkvi - Garpi 20+1 stig
- 2.-3. Gunnheiður Guðmundsdóttir - Heklu 20+1 stig

Þönnukökubakstur

1. Sjöfn Guðmundsdóttir - Geysi 84 stig
2. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir - Vöku 83 stig
3. Guðmunda Ólafsdóttir - Vöku 62 stig

Fuglagreining

1. Systkinin frá Hólum - Garpi 19 stig
2. Guðmundur Ómar Helgason - Heklu 16 stig
3. Sævar Jónsson - Heklu 15 stig

Dráttarvélaakstur

1. Leifur Bjarki Björnsson - Heklu 94 stig
2. Björgvin Helgason - Dímoni 89 stig
3. Guðmundur Ómar Helgason - Heklu 84 stig

Í stigakeppni félaga urðu úrslit þessi:

1. Hekla 36,5 stig
2. Vaka 18,5 stig
3. Garpur 13,5 stig
4. Geysir 7,5 stig
5. Dímoni 5 stig

Næsta verkefni nefndarinnar er að velja lið til keppni á Landsmóti UMFÍ á Selfossi í sumar og má búast við að einhverjir af verðlaunahöfum héraðsmótsins verði valdir í keppnislið HSK fyrir það mót.

Í lok árs ákvað nefndin að útnefna Kristínu Stefánsdóttur úr Umf. Vöku starfsíþróttamann ársins 2012. Kristín hefur náð góðum árangri í jurtagreiningu um áratugaskeið og verið keppandi HSK á Landsmótnu UMFÍ allt frá árinu 1965, með hléum.

Nefndin vill þakka öllum þeim sem komu að framkvæmd starfsíþróttar á Unglingalandsmótnu í sumar og einnig þeim sem aðstoðuðu við héraðsmótið á Hellu. Sérstakar þakkir fær Guðmundur Jónasson, sem af miklum áhuga kom héraðsmótnu á dagskrá töðugjalda.

Formaður starfsíþróttanefndar vill að lokum þakka nefndarmönnum fyrir afar gott samstarf á árinu.

**Með starfsíþróttakveðju,
Fanney Ólafsdóttir**

Sundnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

- Formaður: Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir, Umf. Selfoss
Guðrún Hafsteinsdóttir, Íþr.f. Hamri
Guðmundur Jóhannesson, Umf. Selfoss
Varamaður: Björg Halldórsdóttir, Íþr.f. Hamri

Störf sundnefndarinnar voru mjög hefðbundin á árinu 2012. Þrjú sundmót fóru fram á vegum Héraðssambandsins: Aldursflokkamót, Héraðsmót og Unglingamót.

Aldursflokkamót

Aldursflokkamót 28. apríl, haldið í 25 m útilaug á Hvolsvelli. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Hamar 119 stig



Sigurlið Hamars á héraðsmóttinu í sundi.

2. Selfoss 111 stig
3. Dímon 64 stig
4. Umf. Hrunamanna 5 stig

Stigahæsta sund mótsins, 485 FINA stig, átti Ólöf Eir Hoffritz, Selfossi, fyrir 100m skriðsund.

Héraðsmót

Héraðsmót 29. maí, haldið í 50 m útilaug í Hveragerði. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Hamar 151 stig
2. Umf. Selfoss 120 stig
3. Dímon 20 stig

Stigahæsta sundkonurnar urðu Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Hamri, og Áslaug Unnsteinsdóttir, Selfossi, en þær unnu báðar sínar þrjár greinar og hlutu 18 stig hvor. Stigahæsti sundmaðurinn varð Kári Valgeirsson, Selfssi, sem vann sínar þrjár greinar og hlaut 18 stig. Stigahæsta sund skv. stigatöflu FINA átti Þórir Gauti Pálsson, Selfossi, fyrir 50 m skriðsund, 478 stig.

Unglingamót

Unglingamót 25. nóvember, haldið í 16 m innilaug á Selfossi. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Selfoss 114 stig
2. Dímon 68 stig
3. Hamar 61 stig
4. Hekla 4 stig

Bætingabikarinn hlaut Ástriður Björk Sveinsdóttir, frá Dímoni, en hún bætti sig um 17,43 sek milli ára í 50 m baksundi.

Mjög gaman var að sjá keppendur frá Ungmennafélaginu Heklu á Hellu. Vonandi verður framhald á komu þeirra á sundmóttin á svæðinu.

Unglingalandsmót UMFÍ

Á 15. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfossi um verslunarmannahelgina kepptu sextán sundmenn undir merkjum HSK bæði í flokki fatlaðra og ófatlaðra. Einnig tóku níu krakkar frá HSK, yngri en 10 ára, þátt í krakkasundi mótsins.

Almennt verður að segjast að árið 2012 var sundmönnum á HSK svæðinu gott. Gaman var að sjá mætta til leiks keppendur frá fleiri aðildarfélögum HSK á sundmótunum en verið hefur undanfarin sund

ár og vonar nefndin að framhald verði á. Sundíþróttin er greinilega á uppleið, en fjölgun hefur verið hjá félögum á sambandssvæðinu í hópi yngri iðkenda.

Að lokum þakkar nefndin fyrir allan þann stuðning sem sundíþróttin hefur fengið á sambandssvæðinu, sérstaklega starfsmönnum móta, þjálfurum, starfsmönnum sundlauga og síðast en ekki síst sundfólkinu sjálfu.

Með sundkveðju,

Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir, formaður sundnefndar HSK

Sögu- og minjanefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Formaður: Haraldur Júlíusson, Umf. Njáli
Jóhannes Sigmundsson, Umf. Hrunamanna
Lísa Thomsen, Umf. Hvöt
Varamaður: Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna

Árið 2012 kom nefndin saman á fimm bókaða fundi. Í Selinu voru þrír fundir þar sem hin hefðbundnu mál voru á dagskrá. Tveir fundir voru í Húsinu á Eyrarbakka, sem haldnir voru til undirbúnings sýningarinnar Sunnlendingar á Ólympíuleikum. Auk þessa mætti nefndin á opnun sýningarinnar.

Að venju gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Að þessu sinni gerði nefndin tillögu um að Magnús Gunnlaugsson, Umf. Hrunamanna, yrði útnefndur öðlingur ársins 2011.

Nefndin gerði einnig tillögu til stjórnar HSK um að fimm látinna félaga yrði minnst í upphafi héraðsþings árið 2012. Þeir sem láttist höfðu milli þinga voru: Unnur Stefánsdóttir, Svavar Friðleifsson, Hafsteinn Sigurðsson, Árni Guðmundsson og Guðmundur Guðmundsson. Í upphafi héraðsþings sem haldið var í Brautarholti á Skeiðum 10. mars 2012 var þessara látnu félaga minnst.

Aðalverkefni nefndarinnar á nýliðnu ári var að taka þátt í undirbúningi sýningarinnar Sunnlendingar á Ólympíuleikum, sem var samstarfsverkefni HSK og Byggðasafns Árnesinga, með styrkveitingum frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Menningarráði Suðurlands og Verkefnasjóði ÍSÍ.

Eins og áður hefur Þorgeir Vigfússon, varamaður, tekið fullan þátt í störfum nefndarinnar.

Formaður þakkar sögu- og minjanefndarfólki, Engilbert Olgeirssyni, Lýði Pálssyni, Jóni M. Ívarssyni og öðrum þeim sem tóku virkan þátt í störfum nefndarinnar, ánægjulegt samstarf með ósk um farsæld á nýju ári.

Haraldur Júlíusson



Frá fundi sögu- og minjanefndar í Húsinu á Eyrarbakka.



Skýrslur aðildarfélaga HSK:



Ingvar Jóhannsson #547 tekur fram úr keppanda í fyrstu umferð Íslandsmótsins í ECC.



Verðlaunahafar í Toppmótið 2012.

Akstursíþróttafélag Hreppakappa



Á árinu 2012 lifnaði aðeins yfir starfinu hjá Hreppaköppunum. Á heimavelli Hreppakappa voru haldnar fyrsta og önnur umferðin í Enduro Cross-Country eða þolakstri. Þær voru haldnar sama dag en þar sem félagið hafði ekki bolmagn í að halda keppnina á Vélhjólaiþróttaklúbburinn um keppnina en Hreppakappar reyndu að leggja lið. Í Íslandsmótið í ECC kepptu 4 Hreppakappar og átti Ingvar Jóhannsson #547 besta árangur félagsmanna og endaði hann 7. til Íslandsmeistara í B-flokki. Tveir Hreppakappar kepptu í Íslandsmótið í motocrossi og svo keppti annar þeirra í sérstakri Suzuki-mótaröð. Það var bikarmótaröð sem haldin var í fyrsta skiptið með þessu formi og taldi hún 3 umferðir. Axel Arndal #976 keppti í öllum þremur og náði þriðja og svo öðru sæti í síðustu tveimur umferðunum.

Hreppakappar héldu svo aðalfund 20. október 2012 þar sem engin breyting varð á stjórn félagsins. Á fundinum var fulltrúi Torfærklúbbs Suðurlands. Þar voru ræddir möguleikar á sameiginlegum degi félaganna á árinu 2013. Hvort sem sá dagur myndi liggja í sameiginlegri skemmtiferð eða einhvers konar keppnisdegi þar sem greinar beggja félaga yrðu á dagskránni.

Sigurjón Snær Jónsson
Formaður Akstursíþróttafélags Hreppakappa



Golfklúbbur Ásatúns

Á aðalfundi sem haldinn var í Golfskálanum Snússu í Ásatúni 21. janúar 2012 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður: Sigurjón Harðarson
Aðrir í stjórn: Eiríkur Stefánsson
Guðbjörg Jóhannsdóttir
Árni Sófusson
Gylfi Jóhannesson
Varamenn: Grímur Guðmundsson
Sigurður Kristinnsson
Endurskoð.: Sighvatur Halldórsson
Hörður Sigurjónsson

Sumarstarfið hófst með vinnudegi í lok maí, og var farið yfir brautir og merkingar. Einnig var borið í stíga og settar nýjar holur og fánar. Lokið var við að mæla völlinn út fyrir Golfbuddy staðsetningartæki og er hann nú kominn inn á GPS kerfið hjá þeim, og kunnum við

Golfbúðinni í Hafnarfirði bestu þakkir, en eins og menn kannski vita þá sjá þeir um rekstur á Golfbuddy á Íslandi.

Tvö mót voru haldin í sumar, Jónsmessumótið sem haldið var 23. júní og Toppmótið sem haldið var um verslunarmannahelgina. Toppmótið var með öðru sniði í þetta skiptið. Spilað var 18 holu punktamt og ræst út á öllum teigum samtímis. Byrjað var með morgunverði, og var fólk mjög ánægt með mótið. Þökkaleg aðsókn var á völlinn í sumar en mætti auðvitað vera betri. Ekki er að heyra annað á fólk en að það sé ánægt með völlinn, en hann sé metinn alltof auðveldur. Það eru ekki nýjar fréttir.

Heldur hefur bætst við félagaskrá klúbbsins, en heimtur á völlinn mættu vera meiri hjá félagsmönnum. Flestir félagar eru með fjaraðildarskráningu hjá klúbbum. Félagsgjald verður 6200 kr. fyrir árið 2013. Formaður og gjaldkeri sóttu HSK þing sem haldið var í Brautarholti 10. mars 2012.

Að lokum vil ég þakka öllum velunnurum klúbbsins og félagsmönnum fyrir samstarfið á árinu.

F.h. Golfklúbbs Ásatúns
Sigurjón Harðarson, formaður.

Golfklúbburinn Dalbúi



Á aðalfundi Dalbúa sem haldinn var 29. nóvember 2012 var kosin stjórn fyrir árið 2013:

Páll Þórir Ólafsson, formaður.
Hafsteinn Daníelsson, varaformaður.
Ómar Þórðarson, gjaldkeri.
Halldór Snæland, ritari.
Bragi Dór Hafþórsson, meðstjórnandi.
Hörður Bergsteinsson, meðstjórnandi.
Stefán Ó. Guðmundsson, meðstjórnandi.
Guðmundur H. Sigmundsson, varamaður.

Þótt veturnir séu að öllu jöfnu rólegir í starfi golfklúbba er þó alltaf einhver lágmarksstarfsemi í gangi. Ráðist var í áburðargjöf á völlinn með lífrænum áburði frá Miðdalskoti í samráði við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og virðist það hafa gefið góða raun þar sem völlurinn kom einstaklega vel undan vetri og var fagurgrænn á að líta er hann var opnaður 1. maí við mikla ánægju kylfinga sem höfðu beðið lengi eftir því að komast í golf eftir veturinn. Ætlunin er að halda þessari áburðargjöf áfram á nýju ári.

Í apríl ákvað Félag bókagerðarmanna að setja nýja klæðningu á íbúðarhús og skemmu í Miðdal og heppnaðist sú framkvæmd vel og er staðnum til mikillar þrýði. Að sama skapi ákváðu GD og rekstraraðilar að hressa upp á útlit golfskálans og var húsið málað í sömu litum og



Golfskáli Dalbúa.



17. braut Selsvallar.

aðrar byggingar á svæðinu til að gæta samræmis.

Vatnsskortur á golfvöllinum í Miðdalskoti og nálægum sumar-bústöðum hefur lengi verið vandamál. Eftir nokkur fundahöld og ráðagerðir leystust þau mál með þeirri ákvörðun FBM að ráðast í lagningu nýrrar stofnæðar inn á landið með tengingu við Miðdalskot. Þetta var dýr og mikil framkvæmd og viljum við þakka þann skilning sem FBM sýndi þessu máli og Miðdalskoti sem sá um allar verklegar framkvæmdir. Í kjölfarið er hægt að vökva golfvöllinn í Miðdal eftir hentugleikum og á þessi breyting eftir að auðvelda starf rekstraraðila klúbbsins gífurlega og gefa GD og FBM kost á ýmsum möguleikum í framtíðinni varðandi uppbyggingu svæðisins.

Vallarnefnd hélt fyrsta vinnudag ársins 19. maí og mætti duglegur og vaskur hópur félagsmanna til starfa og unnu meðal annars að þökulakningu á stækkuðum karlateig og nýjum kvennateig á 1. braut. Einnig var unnið að lengingu 4. brautar að nýjum teigum og nýrri flöt á 3. braut. Fleiri óformlegir vinnudagar voru haldnir yfir sumarið þar sem meðal annars var unnið að gróðursetningu trjáa, brýr lagfærðar, glompa við 3. flöt hlaðin, snyrt í kringum teiga á 2. braut og svo mætti lengi telja. Það er ljóst að uppbygging og viðhald golfvallar er verkefni til framtíðar og því af nægu að taka en ljóst er að vallarnefnd hefur skilað góðu verki eftir sumarið.

Gefinn var út fallega myndskreyttur kynningarbæklingur sem innihélt upplýsingar um golfvöllinn og þá þjónustu sem í boði er og var honum dreift víða í bústaði, orlofshús og um sveitarfélagið. Fékk bæklingurinn afar góðar undirtektir og gengu allnokkrir nýir félagar til liðs við klúbbinn í kjölfarið. Einnig var gefið út sérstakt vildarkort í samstarfi við ýmis fyrirtæki sem veitir afslátt á ýmsa þjónustu svo sem baðhúsinu FONTANA, sundlauginni á Laugarvatni, Veggssport o.fl.

Golfkennsla fór í gang 2. júní og var í boði flesta laugardaga sumarsins undir vaskri stjórn fyrrverandi formanns Hafþórs B. Guðmundssonar, Harðar Bergsteinssonar og Braga Dórs. Var kennslan ágætlega sött, einkum af byrjendum og ungu fólki, þ.e. kylfingum framtíðarinnar.

Að venju hófst svo mótarið Draumur Dalbúans í júní og stóð yfir sumarið að venju með ágætri þátttöku.

Golfsumrinu lauk með Lindarmótinu sem fór fram í björtu og fallegu veðri að venju. Þátttakendur voru 60 að þessu sinni sem var ein besta þátttaka sumarsins í einu móti. Um kvöldið fór svo fram lokaveisla á Veitingastaðnum Lindinni og voru úrslit og sigurvegarar dagsins kynntir ásamt veglegri verðlaunaafhendingu.

Í október var svo gerður nýr samningur við Guðmund og Ransý rekstraraðila og tryggir hann áframhald rekstrar golfvallarins og skálans til ársins 2017.

Í byrjun árs var heimasíða klúbbsins sett í nýjar umbúðir og nýttist hún vel til að koma fréttum og myndum til félagsmanna. Nálágast má ársskýrslu Dalbúa á heimasíðunni ásamt skýrslum nefnda og ársreikning - www.dalbui.is.

Fyrir hönd Dalbúa, Páll Ólafsson, formaður.

Golfklúbburinn Flúðir



Aðalfundur GF var haldinn þann 28. janúar 2012 í golfskálanum á Efra-Seli. Á fundinum var m.a. stjórn GF endurkjörin en í henni sitja:

Ragnar Pálsson formaður,
Edda Svavarsdóttir, varaformaður
Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir, gjaldkeri
Unnsteinn Eggertsson, ritari
Kristján Geir Guðmundsson, meðstjórnandi.

Selsvöllur var opnaður óvenjusemma eða í apríl og var aðsókn góð. Ástæða þess var að snjóhula lá yfir vallarsvæðinu meira og minna allan veturinn sem gerði það að verkum að litill sem enginn klaki var í jörðu að vori. Af þessum sökum voru sumarflatir vallarins teknar í notkun í apríl, en ekki í maí eins og vanalega. Veðurfar var mjög svip- að og undanfarin ár þar sem þurrkar setja æ meiri svip sinn á veður- farið. Vökvun á flötum og teigum er því orðin algengari en áður fyrr.

Haldin voru 14 golfmót á vegum GF auk þess sem Sveitakeppni GSÍ í öldungaflokki karla og kvenna, 1. deild, var haldin á Selsvelli 17.-19. ágúst. Þátttaka í mótum var almennt góð, enda veðurfar hagstætt til golfíðkunar.

Síðastliðið vor var fenginn golfvallarhönnuður, Edwin Roald, sem fór yfir vallarsvæðið í heild sinni og vann tillögu að breyttu skipulagi vallarins sem nú er unnið eftir. Helstu breytingar eru þær að 1. braut og 2. braut verða sameinaðar í eina par 5 sem verður 1. braut vallarins. Ný 2. braut er nánast tilbúin sem er þar 3 hola. Þessar breytingar voru að mestu framkvæmdar haustið 2012 auk breytinga á 4. braut. Einnig verður á árinu 2013 tekin í notkun ný flöt á 5. braut sem verður þar 3 hola í stað þar 4 eins og áður var með færslu á teigum. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar verði teknar í notkun í júní, ef veðurfar reynist hagstætt. Á árinu 2012 voru einnig útbúnar nýjar glompur, göngubrýr lagfærðar og þess háttar. Edwin, golfvallarhönnuður, gerði einnig tillögu að breytingum á seinni hluta vallarins, eldri hlutanum, sem væntanlega verður ráðist í haustið 2013.

Fjöldi félaga í GF var í ársbyrjun 2012 um 250 manns og hafði þá fjölgað um 10% frá fyrra ári. Í sumar fór fjöldinn í um 290 manns sem er aukning um 16%. Ýmislegt skýrir þessa aukningu, en helst ber að nefna bættar samgöngur með nýrri brú yfir Hvítá við Bræðratungu, færsla úr sumarkortum yfir í félagsaðild, hagstæð árgjöld og fleira. Erfitt er að segja til um hver þróunin verður á næstunni, en þó má gera ráð fyrir að meiri hreyfing verði á félögum yfir í klúbba sem bjóða upp á hagstæðari félagsgjöld, fremur en að fjölgun iðkenda verði mikil í íþróttinni almennt.

Í sumar var boðið upp á golfæfingar fyrir börn og unglinga, tvisvar í viku og voru leiðbeinendur þeir Helgi Sigurðsson og Karl Gunnlaugsson. Aðsókn var mjög góð og líf og fjör á æfingum! Vonir standa til þess að hægt verði að bjóða áfram upp á samskonar fyrirkomulag á næsta ári.



Púttað á Haukadalsvelli.



Klúbbmeistarar félagsins 2012.

Golfklúbburinn Geysir

Starf golfklúbbsins Geysis sumarið 2012 var með hefðbundnum hætti framan af sumri. Vorverkin voru á sínum stað þar sem félagar mættu til að gera völlinn kláran fyrir opnun með því að taka til í sandglompum, kantskera og snyrta umhverfið. Þá þurfti að sækja bekk í geymslu og stilla þeim upp við teiga auk þess að koma fyrir ruslafötum, boltaþvottavélum og teigmerkjum. Flatir voru valtaðar með þar til gerðri vél og lokahönd lögð á ýmis smáatriði til að völlurinn gæti skartað sínu fegursta.

Hermann og Pálmi slökkviliðsmenn með meiru tóku sig saman og blésu til Texas Scramble móts. Keppendur áttu að koma úr bráðageiranum þ.e. læknar, hjúkrunarfólk, slökkviliðsmenn og lögreglumenn. Boðið var upp á sætaferðir úr höfuðborginni og glæsileg verðlaun voru í boði. Sætti það því nokkurri furðu að ekki myndi seljast upp í þetta mót. Stöndum við eiginlega ráðþrota gagnvart því hve fáir skrá sig til leiks í mót hjá GEY. Virðist þá ekki skipta máli hvort verðlaun eru vegleg eða ekki.

Meistaramót GEY var haldið 19. og 20. júlí og voru leikdagar tveir. Keppt var í eftirtöldum flokkum: I, II, III og IV auk kvennaflokks. 17 keppendur (+einn gestur) voru skráðir til leiks. Klúbbmeistari GEY 2012 var Sigursteinn Ingvar Rúnarsson en hann lék hringina tvo á 170 höggum.

Til stóð að halda hjóna- og parakeppni í ágúst þar sem Úrval Útsýn var styrktaraðili. Þegar á reyndi var spáð aftakaveðri og sýnt þótti að fáir myndu skrá sig til leiks. Mótinu var því frestað en ekki tókst að setja það á annan leikdag og féll það því niður þetta árið.

Hápunktur í starfssemi GEY þetta sumarið var þátttaka í sveitakeppni 4. deildar GSÍ. Að þessu sinni var leikið í 5 deildum og vegna góðs árangurs í fyrra fengum við keppnisrétt í 4. deildinni þar sem leikið var með Ryder fyrirkomulagi, þ.e. hvern dag voru leiknir tveir einmenningar og einn tvímenningur. Lið GEY lék í B riðli með GOS, GSS, og GOT. Fóru leikar þannig að við í GEY náðum með frábærri spilamennsku að halda okkur í 4. deildinni. Munaði minnstu að við ættu möguleika á að spila um sæti í 3. deild. Þess verður þó að geta að veðrið var afleitt, slagveðursrigning með enn meiri rigningu inn á milli. Fór að lokum svo að stytta þurfti mótið sökum þess að völlurinn var óleikhæfur. Sveitina skipuðu eftirtaldir: Edwin Roald liðstjóri, Birgir Már, Pálmi, Sigursteinn, Gylfi og Oddgeir.

Jóhann Karl Þórisson

Golfklúbbur Hellu

Golfklúbbur Hellu hélt sinn aðalfund 8. nóvember. 19 manns mættu á fundinn. Stjórn síðasta starfsárs gaf kost á sé í áframhaldandi setu og er hún skipuð:

Formaður: Óskar Pálsson

Varaformaður: Ólafur Stolzenwald



Gjaldkeri:	Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir
Ritari:	Bjarni Jóhannsson
Meðstjórmandi:	Árni Þorgilsson
Varamaður:	Guðný Rósa Tómasdóttir
Varamaður:	Lofur Þór Pétursson
Vallarstjóri:	Sigurjón Eiríksson

Félagar í klúbbnum eru nú 119 þar af tveir í fjaraðild. Starfsemi GHR var með hefðbundnu sniði, tekið var á móti hópum, haldin voru mót bæði innanfélags- og opin mót. Hápunktur innanfélagsmóta er Meistaramótið og er þátttaka í því alltaf góð. Klúbbmeistarar þetta árið urðu þau Andri Már Óskarsson og Hafðís Alda Jóhannsdóttir.

GHR fagnaði 60 ára afmæli í ár. Af því tilefni var haldið opið afmælimót í samstarfi við Grillbúðina sem tókst vel. Einnig var haldið innanfélagsafmælimót sem endaði á grillveislu um kvöldið úti á plani og var það mjög skemmtilegt kvöld. Komu svo mótin hvert af öðru og hápunkturinn var Íslandsmótið í högggleik sem fram fór dagana 26.-29. júlí og tókst með ágætum. Þar skiluðu félagsmenn um 1330 klst í sjálfböðavinnu bæði fyrir, eftir og í móti, frábært miðað við hvað félagarnir eru fáir. Á lokahófi Íslandsmótsins voru þau Gunnar Bragason, Óskar Pálsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir sæmd gullmerki GSÍ og Þorsteinn Ragnarsson og Sigríður Hannesdóttir silfurmerki GSÍ fyrir vel unnin störf í þágu golfþróttarinnar.

Sveitakeppnin 3. deild fór fram á Öndverðanesi dagana 10.-12. ágúst í leiðindaveðri, roki og rigningu. Strákarnir stóðu sig vel og komust upp um deild.

Helstu framkvæmdir á árinu voru að gera völlinn eins góðan og hægt væri fyrir Íslandsmótið og það tókst. Við komum dælu í gagnið og byggðum yfir hana jarðhýsi, sem einn góður félagi kallaði „brynningahús“. Klúbbnum áskotnaðist gervigras frá vinum okkar í GKG sem lagt hefur verið á flesta göngustiga og lofar góðu, því verður svo haldið áfram næsta sumar og klárað. Tröppur voru settar á 3 teiga. Nýr teigur var gerður að frumkvæði Andra Máss á 7. braut, brautin lengd um ca 80m. Teigurinn var færður yfir lækinn og sett brú yfir Strandarsýki. Eru menn sammála um að þarna hafi vel tekist til. Óskar Eyjólfsson gaf klúbbnum göngubrú yfir jarðsig sem er á brautinni miðri, þökkum við honum kærlega fyrir það svo og alla þá aðstoð sem hann veitti klúbbnum með tækjum og tólum.

Lítill æfingarvöllur var gerður austan við heimkeyrsluna sem kom sér vel við æfingar hjá unga fólkinu. Unnið er að því að koma upp æfingarvelli við Kirkjubæjarbraut sem vonandi kemst í gagnið á næsta ári. Töluverðar endurbætur voru gerðar á æfingarsvæðinu og er nú allt æfingarsvæði komið í gagnið. Vonandi verður hægt að koma þar upp skýli á næstu árum, en það er okkar draumur. Nú ekki má gleyma okkar sérstöðu en það er svart sandurinn, en klárað var að setja svartan sand í allar glompur fyrir Íslandsmót. Ekki mátti skilja skálann eftir á afmælisárinu og var hann málaður og sjænaður til fyrir landsmót. Í lok sumars voru keypt tæki þ.e. sandari og vertikött og er það góð viðbót við tækjakost okkar.



Ný heimasíða var tekin í gagníð, GHR.IS sem þykkir mjög flott og er ætlunin að nota hana sem mest til að koma fréttum og tilkynningum til félaganna og annarra golfara. Mun þá heimasíðan á golf.is fjara út með tímanum hvað fréttir varða. Loftmynd var tekinn úr þyrlu af hverri braut sem skoða má á heimasíðunni. Þetta hefur vakið mikla hrifningu enda fyrsti klúbburinn sem gerir þetta á þennan hátt. Eru félagsmenn hvattir til að skoða þessa síðu.

Unglinganefndin sá um æfingarnar fyrir börnin og unglingana líkt og undanfarandi ár. Andri Már Óskarsson sá aðallega um æfingarnar og fórst það vel úr hendi. Ragnhildur Sigurðardóttir kom honum aðeins til aðstoðar og eins Katrín Björg þegar mest var. Kvennatímar voru á mánudögum og voru þó nokkrar kvinnur sem voru duglegar og mættu þar, skelltu þær sér svo í eina golfferð að þessu sinni á Selfoss.

Andri Már einn okkar besti kyflingur stóð sig ágætlega í sumar en samt ekki eins og væntingar stóðu til, hann endaði í 11. sæti stigalistans. Andri Már var valinn í bikarinn, en eins og flestum er kunnugt tapaði landsbyggðin. Andri Már náði þó að vinna sinn tvíliðaleik. Arngrímur Benjamínsson var einnig í bikarnum en hann keppti í öldungaflokki.

Einn félagi úr klúbbum eða sá „gamli“ þ.e. formaðurinn Óskar Pálsson náði því óskahöggi að fara holu í höggi á 13. braut í M-móti 16. maí. Óskum við honum til hamingju með það. Þetta er í annað sinn sem hann fer holu í höggi en það gerðist síðast á 11. braut þ.e. gömlu 9. árið 1991. Framfaraverðlaun voru veitt eins og sl. ár. Það var Erlingur Snær Loftson sem hlaut þau að þessu sinni.

Starfsmönnum öllum viljum við þakka frábær störf og góða samvinnu svo og öllum þeim félögum sem lögðu hönd á plóg.

Golfklúbbur Hveragerðis



Golfklúbbur Hveragerðis rekur Gufudalsvöll við Hveragerði sem er vinsæll meðal kylfinga og þykir með skemmtilegri golfvöllum landsins. Golfsumarið var að flestu leyti gott og var sett enn eitt aðsóknarmetið að Gufudalsvelli. Þó varð samdráttur í ágúst enda var veðrið frekar óhagstætt til golfiðkunar. Aðalfundur var haldinn 5. desember. Þá var kosið um formann og þrjá stjórnarmenn. Núverandi stjórn skipa:

Erlingur Arthússon, formaður
Alfred Maríusson, varaformaður
Ásta Björg Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
Páll Sveinsson, ritari
Sigrún Arndal
Steindór Gestsson
Sigurður Hlíðar Dagbjartsson

Í upphafi árs snerist starfið um inniæfingar og undirbúning fyrir sumarið. Æfingaaðstaðan í kjallara íþróttahússins var vel nýtt og einnig var þúttad á hverjum laugardegi í þúttmótaröð. Í haust opnaði nýtt íþróttahús, Hamarshöllin og fékk Golfklúbburinn tíma í húsinu til að æfa stutta spilið og einnig var útbúinn fullkominn 9 holu þúttvöllur sem klúbburinn hefur aðgang að til æfinga. Þetta gjörbreytir vetraræfingum klúbbsins til hins betra.

Klúbburinn var með vel heppnað þorablót sem er orðinn fastur liður í félagsstarfinu. Í lok apríl mætti svo vaskur hópur á vinnudegi og var dittað að ýmsu innan- og utanhúss. Að venju endaði vinnudagurinn á jaxlamótinu sem er hefð okkar eftir vinnudag á vori. Í byrjun október var síðan bændaglíma. Um kvöldið var nýmæli þar sem klúbburinn var með vel heppnaða uppskeruhátíð með borðhaldi þar sem farið var yfir starf sumarsins og verðlaun veitt og einstaklingar heiðraðir.

Kvennastarfið

Kvennastarfið hófst með árlegu konukvöldi sem haldið var í golfskálanum 18. apríl. Þar mættu konur í klúbbum með sína gesti og áttu saman skemmtilega kvöldstund ásamt því að sumarstarfið var kynnt.

Hin árlega kennsla hjá Einar Lyng var í kvennatímum í maí.



Sveit GHG sem sigraði sveitakeppni GSÍ í 4. deild sem haldin var á Gufudalsvelli í ágúst. Sveitin spilar í 3 deild að ári.

Hefðbundið kvennastarfið hófst svo 7. maí. Flest skiptin var spilað á Gufudalsvelli en líka farið í heimsókn á Selfoss og á Nesvöllinn á Seltjarnarnesi. Í vor voru 42 konur skráðar í klúbbin og tók um það bil helmingur þeirra þátt í skipulögðu kvennastarfi. Síðasti kvennatíminn var svo 3. september og slútt þann 11. september en þá spiluðu konurnar betri bolta og borðuðu saman í skála að leik loknum. Konurnar tóku þátt í ýmsum mótum á vegum klúbbsins. Þær fjölmenntu í meistaramót og tóku þátt í holukeppni og sendu sveit til þátttöku í sveitakeppni. Þær mættu líka á tiltektardag og sáu um morgunverðinn á Blómstrandi dögum.

Barna- og unglingastarfið

Um 10-12 manna hópur hóf æfingar í kjallara íþróttahússins í janúar undir handleiðslu Einars Lyng PGA þjálfara og sami hópur hóf útiæfingar í byrjun maí. Barnahópurinn, 12 ára og yngri, æfði þrisvar í viku, unglingahópurinn æfði tvisvar í viku. Nýliðanámskeið var vel sótt í byrjun júní, tæplega 30 börn sóttu námskeið í Gufudal og skiluðu sér nokkrir á frekari æfingar. Golfmaraþon fór fram í byrjun júlí og voru um 15 þátttakendur.

Suðurlandsmótið fór fram í þriðja sinn. GHG átti fulltrúa á öllum mótunum og rökuðu þeir inn stigum fyrir sinn klubb með frábærri frammistöðu. Keppt var á Flúðum, í Gufudal, á Selfossi og í Vestmannaeyjum. GHG átti fulltrúa á Unglinglands móti UMFÍ og á mótaroðum GSÍ, Guðjón Helga Auðunsson og Fannar Inga Steingrímsson.

Farið var í verðlaunaferð fyrir ástundun, hegðun og framkomu til Bandaríkjanna 19.-26. júní – og voru það Guðjón Helgi Auðunsson og Katrín Eik Óssurardóttir sem hlutu verðlaunin 2012. Spilað var á fjórum völlum á Long Island og einnig farið á Travelers PGA-mótið einn keppnisdag af fjórum. Stefnt er að framhaldi þessa verkefnis og verður farin ferð í júní 2013.

Vert er að minnast á árangur Fannars Inga Steingrímssonar. Hann keppti á mótaroð GSÍ í flokki 14 ára og yngri og varð í 2. sæti á stigalistanum ásamt því að lenda í öðru sæti á Íslandsmótinu í holukeppni í sínum aldursflokki. Þá varð hann í 3. sæti á Finnish International Junior Championship sem er sennilega besti árangur Íslendinga frá upphafi í sínu fyrsta verkefni fyrir GSÍ. Sigraði meistaraflokk á Meistaramóti GHG 2012. Náði 7.-8. sæti á Síamóti Eimskipsmótaraðarinnar. Var valinn í U-18 ára afrekshóp GSÍ í byrjun desember.

Mótahald

Árið 2012 voru haldin 31 mót á vegum mótanefndar. Þetta eru tveimur mótum fleira en árið 2011, og voru 1.129 keppendur sem er örlítil fjölgun á milli ára. Innanfélagsmót voru 23 með 500 keppendum sem er fækkun um 2,5 kyfling í hvert mót, miðað við 2011. Opin mót voru 7 árið 2012 með 602 keppendum. Nýjung í mótahaldi okkar var að haldið var 9 holu opið mót og voru 66 keppendur í því. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag og stefnt er að framhaldi á því.



Þá sá GHG um framkvæmd Sveitakeppni GSÍ 4. deild karla og tókst það vel þrátt fyrir úrhellis rigningu sem varð til þess að ekkert var hægt að spila einn af þremur dögum mótsins.

50 kylfingar kepptu í Meistaramóti GHG og 39 tóku þátt í holukeppni:

Klúbbmeistari karla er Fannar Ingi Steingrímsson
Klúbbmeistari kvenna er Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir
Holumestari karla er Steingrímur Ingason
Holumestari kvenna er Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir

Keppnisþáttaka

GHG sendi þrjár sveitir í Sveitakeppni GSÍ og er skemmst frá því að segja að karlasveitin vann 4. deildina og spilar því í 3. deild að ári. Konurnar spiluðu á Ólafsfirði og stóðu sig ágætlega. Þá stóð sveit 15 ára og yngri sig frábærlega á Akureyri þar sem þeir voru aðeins 4 höggum frá því að vera fyrir ofan sveitir stóru klúbbana af höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdir

Önnur brúin yfir Varmá var tekin í gegn á vinnudegi og var hún breikkuð, skipt um gólf og handrið. Þá var fyrsta áfanga lokið við að klæða skálann að utan og bílastæði við skála voru stækkuð.

Á aðalfundi var samþykkt aðalskipulag Hannesar Þorsteinssonar að 18 holu velli í Gufudal sem er mikið framfaraskref og tryggir að framkvæmdir á næstu árum verði innan framtíðarskipulags. Fleiri minniháttar nýframkvæmdir og lagfæringar á velli og umhverfi áttu sér stað s.s. stígar og drenlagnir.

Fullgildum félögum í GHG fækkaði á árinu og eru alls 154 í árslok 2012. Aukafélögum fjölgaði árinu áður og voru 96 í árslok.

Golfkveðja

Erlingur Arthúrssen, formaður GHG



Kiðjabergsvöllur.

breyting á því að spilað var í 4 daga eða 72 holur í 2 flokkum kvenna og 3 flokkum karla. Síðan var öldungum, unglingum og opnum flokki boðið uppá að spila 36 holur. Flestir ef ekki allir sem tóku þátt voru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Um 70 spiluðu í mótinu. Klúbbmeistarar urðu þau Hjalti Atlason og Jenetta Bárðardóttir. Styrktaraðili var eins og undanfarin ár Meistarafélag húsasmíða.

Bikarkeppni stóð yfir í allt sumar og þar urðu sigurvegar Gunnar Þorláksson og Regína Sveinsdóttir. Lokamót sumarsins var síðan bændaglima þar sem lið Árna Jóhannssonar hafði naumlega sigur á liði Tryggva Valdimarssonar. Þáttaka í mótum var í flestum tilfellum góð. Mótastarf var í höndum mótanefndar og starfandi formanns.

Golfklúbbur Kiðjabergs

Stjórn Golfklúbbs Kiðjabergs var skipuð eftirtöldum:

Jóhann Friðbjörnsson, formaður
Þórhalli Einarsson, ritari
Jenetta Bárðardóttir, gjaldkeri
Gunnar Þorláksson, meðstjórnandi
Snorri Hjaltason, meðstjórnandi
Börkur Arnviðarson, varamaður
Ágúst Friðgeirsson, varamaður



Árið var það lengsta í opnum vallar í sögu klúbbsins. Við opnuðum 4. apríl inn á holur 10 til 18 og síðan viku síðar inn á fyrri 9 holur. Ástand á vellinum var eins og það er oft um miðjan maí í meðalári.

Mikill aðsókn var að vellinum í apríl og fram í maí en hann var eingöngu opin fyrir félaga þó svo að einstaka gestir hefðu jafnframt komið. Var reynt að innheimta vallargjöld hjá þeim og er þetta því í fyrsta skipti sem við fáum aura í kassann í apríl þó svo ekki hafi verið um stórar upphæðir að ræða. Skálinn opnaði síðan formlega í byrjun maí. Það má segja að ekkert lát hafi verið á þeirri blíðu sem var í upphafi sumars enda varð þetta líklega sólríkasta sumar sem við höfum fengið og hiti yfir meðallagi, kylfingum til mikillar gleði. Vallarstarfsmenn höfðu þar af leiðandi mikið að gera við vökvun á flötum, teigum og brautum. Þó svo að sumarið hafi verið sólríkt þá urðum við ekki fyrir skemmdum á brautum, flötum eða teigum eins og margir vellir urðu fyrir. Má það þakka þeim sem unnu við völlinn. Ekkert var gefið eftir við að koma vatni á þá staði sem viðkvæmir voru.

Aðsókn að vellinum var mjög góð en um 15.000 hringir vorum leiknir á móti 14.000 í fyrra. Þáttaka í mótum var ágæt. Fjöldi félaga hefur aukist mikið á árinu eða úr 330 í 414. Ástæða þessarar fjölgunar er að boðið var uppá fjaraðild án spilaréttar, gegn vægu gjaldi. Þessi aðild hefur ekki í för með sér neinn aukakostnað fyrir klúbbinn.

Mótastarf var með hefðbundnum hætti. Hæst ber Íslandsmót unglunga í júlí. Síðan var stigamót í mótaráð GSÍ í lok júlí. Hefðum við viljað sjá fleiri mæta þar. Meistaramót var í byrjun júlí, gerð var sú

Golfklúbbur Selfoss



Það voraði snemma og veðrið í sumar var yfir höfuð mjög gott til golfiðkunnar, enda nýttu golfarar sér það. Aldrei hefur verið eins mikil umferð á Svarfhólsvelli eða um 10.000 skráðir golfhringir.

Í maí var kynningarbæklingur sendur inn á öll heimili í Árborg og Flóahreppi. Var þar meðal annars boðið upp á sérkjör fyrir nýliða, innifalið í árgjaldi var golfkennsla. Mæltist þetta vel fyrir enda var fjöldi nýliða 123. Við fögnum mjög þessari fjölgun og vonum að þetta sé bara byrjunin.

Unnið hefur verið markvisst í fjármálum klúbbsins, þar sem markmið stjórnar er að reka klúbbinn með hagnaði. Svo hefur ekki verið undanfarin ár, en nú varð viðsnúningur. Hagnaður varð af rekstri og er það vel. Bakki bókhald og ráðgjöf ehf. sér um áætlanagerð og færir bókhald klúbbsins, sem gerir alla eftirfylgni auðveldari.



Drengjasveit félagsins, ásamt Gylfa þjálfara, keppti á Sveitakeppni GSÍ.



Hlynur Geir Hjartarson hafði yfirumsjón með æfingum og kennslu barna og unglunga. Honum til aðstoðar voru Gylfi B. Sigurjónsson, Andri Páll Ásgeirsson og Nökkvi Jónsson. Mikið líf er í barna- og unglingastarfi klúbbsins.

Mótahald var með miklum ágætum. Klúbbfélagar sóttu nokkuð á aðra golfvelli. Sveitir voru sendar til keppni í sveitakeppnum GSÍ.

Alexandra Eir Grétarsdóttir var valin efnilegasti unglingurinn og Símon Leví Héðinsson fékk Háttvísibikarinn. Kyllingur ársins var valinn Hlynur Geir Hjartarson. Hann varð stigameistari Golfsambands Íslands. Þetta er í fyrsta skiptið í sögu klúbbsins sem félagi í Golklúbbi Selfoss verður stigameistari.

Stjórnin þakkar starfsmönnum, nefndarmönnum, öðrum félögum, auglýsendum og styrktaraðilum fyrir ánægjulegt starfsár.

**F.h.stjórnar,
Jónbjörg Kjartansdóttir, ritari GOS**



Hluti keppenda á meistaramóti GOT 2012.

Golflúbburinn Tuddi



Aðalfundur GOT ársins 2012 var haldin 19. janúar. Engin breyting var gerð í stjórn klúbbsins og er stjórn GOT skipuð eftirfarandi mönnum:

Forseti:	Bjarni Magnússon
Varaforseti:	Bogi Pétursson
Gjaldkeri:	Magnús Már Þórðarson
Ritari:	Ríkharður Daðason
Meðstjórnandi:	Klemens Arnarson
Meðstjórnandi:	Magnús Eggertsson
Meðstjórnandi:	Júlíus Hallgrímsson

Herrakvöldi GOT var haldið 24. febrúar í Laugardalshöll. Var þetta í þriðja sinn sem klúbburinn heldur slíkt herrakvöld og að venju var uppselt á þennan mikla viðburð. Framkvæmd kvöldsins tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfra augljós. Vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Sumarstarfið var í miklum blóma. Nokkur innanfélagsmót voru haldin og að venju var einnig spiluð Bikarkeppni GOT sem heppnaðist vel. Var það Magnús Eggertsson sem bar sigur úr þitum og telst því vera bikarmeistari GOT 2012.

Deildarkeppni GSÍ 4. deild var haldin í Hveragerði. GOT sendi vaska sveit leikmanna ásamt aðstoðarmönnum og fylgdarliði til þátttöku. Undirbúningur og allar móttökur í Hveragerði sem og golfvöllurinn sjálfur voru til fyrirmyndar. Markmiðið eins og ávallt var að vinna þessa keppni og fara upp um deild en það tókst ekki að þessu sinni. Þótt markmið sveitarinnar hafi ekki öll náðst þá var umtalað að faguð framkoma Tuddanna, klæðnaður, þróðmennska, leikgleði og samskipti þeirra sín á milli, sem og við leikmenn annarra liða væri til fyrirmyndar. Öll framkvæmd mótsins tókst með miklum ágætum og

vill stjórnin þakka öllum sem komu að og tóku þátt.

Meistaramót GOT var haldið 7. - 8. júní á Geysisvelli í Haukadal. Mótið var haldið með hefðbundnu sniði. Undirbúningur, setning mótsins og keppnisfyrirkomulag eins og áður. Rauða liðið sigraði nokkuð örugglega annað árið í röð og klúbbmeistari GOT 2012 er Þorsteinn Hallgrímsson.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 16. nóvember í Laugardalshöll. Matarnefndin stóð sig frábærlega eins og áður en minna verður talað um afrek skreytinganefndarinnar.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári.

**F.h stjórnar Golflúbbsins Tudda
Bjarni Magnússon**



Kylfingar við fyrstu flöt á Úthlíðarvelli.

Golflúbburinn Úthlíð



Sumarið 2012 var skemmtilegt og gott ár fyrir Golflúbbinn í Úthlíð. Sumarið fór snemma af stað og var frekar góðviðrásamt. Félögum fjölgaði allnokkuð en nokkrir sumarfélagar og aukafélagar tilheyra einnig klúbbnum og koma fram í félagatölum frá GSÍ. Auk þess hafa ýmis félög og fyrirtæki aðgang að vellinum í gegn um auglýsingastyrki eða með öðrum hætti.

Síðastliðið vor stjórnin á 9. braut löguð og settur dúkur í botn hennar. Þannig heldur hún vel vatni og er til þrýði á vellinum ólíkt því sem hún var orðin. Uppgröfturinn úr tjörninni var notaður til að búa til nýjan karlateig á 5. braut og verður hann væntanlega tekinn í notkun næsta sumar. Með því verður búið að endurnýja og byggja upp teiga á öllum brautum vallarins þannig að þeir eru orðnir nokkuð ásættanlegir miðað við stærð hans og notkun. Þá var tekið í notkun nýtt hús á vellinum sem gjörbreytir aðstöðunni þar frá því sem áður var. Um var að ræða mjög dýra framkvæmd og lögðu ýmir klúbbfélagar og velunnarar fram vinnu og efni til þess að klára hana. Enn er eftir að ganga betur frá í kring um húsið og verður vonandi hægt að gera það næsta sumar. Eftir að húsið var tilbúið var sá háttur hafður á að selja inn á völinn í nýja húsinu um helgar en í Réttinni á virkum dögum.

Völlurinn var hirtur með svipuðum hætti og undanfarin ár. Brautir slegnar 3 sinnum í viku og flatir að lágmarki annan hvern dag og næstum hvern dag yfir hásumarið. Það skilaði árangri því flatirnar voru ágætar að flestra mati. Bilanir í slátturvélum trufluðu stundum hirðinguna, en þær eru orðnar gamlar og nauðsynlegt að endurnýja, a.m.k. brautarsláttuvélina innan fárra ára. Varahlutir og viðgerðarvinna er einnig mjög dýr og íþyngjandi.

Mótin síðasta sumar gengu vel. Auk hefðbundinna móta var tekin upp mótaröð með hjóna- og parakeppni. Þessi mótaröð var mjög vinsæl. Í henni voru sex umferðir og þrjár bestu töldu til vinnings. Sigurvegarar sumarsins voru Jóhann Ríkharðsson og Fríða



Baldursdóttir. Mótin voru vel sótt fyrir utan miðsumarmótið og bændaglimuna þar sem þátttakan hefði mátt vera meiri. Vormótið og Geirs goða mótið hafa unnið sér sess og voru bæði fullbókuð.

Meistaramótið var á sínum stað um miðjan júlí og urðu klúbbmeistarar Guðjón Grétar Danielsson og Hólmfríður Einarsdóttir. Fyrsta flokk karla sigraði Georg Júlíusson, annan flokk karla Guðmundur Leifsson og þriðja flokk karla Bjarni Adolfsson. Annan flokk kvenna sigraði Krístrún Runólfssdóttir. Öldungaflokk karla Ásgeir Jónsson, Öldungaflokk kvenna Sigrún Sigurðardóttir. Sveinaflokk sigraði Þorleifur Úlfarsson og stúlkuflokk Bergrós Friða Jónasdóttir.

Þrír menn fóru holi í höggi á Úthlíðarvelli í sumar í fyrsta skipti síðan 2005. Vignir Örn Arnarson á 6. braut þann 9. maí. Síðan þeir Valtýr Guðmundsson og Pálmar Þórisson sama dag þann 15. ágúst á 4. braut. Þetta er í fyrsta skipti í sögu vallis sem farin er hola í höggi á fjórðu braut og merkileg tilviljun að tveir menn skulu þá leika það á sama degi. Næsta vor er búið að skipuleggja golfferð GÚ félaga til La Sella á Spáni. Yfir 30 manns hafa skráð sig og án efa verður gaman fyrir kúbbfélaga að fara saman í ferð af þessu tagi.

Að lokum er öllum félögum klúbbsins og samstarfsaðilum þakkað fyrir skemmtilegt og gefandi samstarf á árinu og þeim óskað alls hins besta á komandi árum.

**Fyrir hönd stjórnar,
Þorsteinn Sverrisson**



Frá golfnámskeiði á vegum félagsins sumarið 2012.

Golfklúbbur Þorlákshafnar



Aðalfundur Golfklúbbs Þorlákshafnar vegna starfsársins 2011 var haldinn 9. febrúar 2012. Úr stjórn klúbbsins gengu þeir Ástráður Þorgils Sigurðsson og Hólmur Víðir Gunnarsson. Ingvar Jónsson og Sigríður Invarsdóttir leystu þá af hólmi. Starfsárið 2012 var stjórn GÚ þannig skipuð:

Formaður: Guðlaugur Þ. Sveinsson
Varaformaður: Friðrik Guðmundsson
Gjaldkeri: Sigurður Bjarnason
Ritari: Ægir E. Hafberg
Meðstjórnendur: Magnús Ingvarsson
Ingvar Jónsson
Sigríður Ingvarsdóttir

Skráðir félagar í klúbbum voru 302, þar af voru 194 í Landsbankadeild klúbbsins. Hætt var við svokallaða fjaraöld sem boðið hafði verið upp á áður. Mótahald var með svipuðum hætti og verið hefur. Innanfélagsmót og opin mót á vegum klúbbsins voru 10 frá apríl fram í október og mót á vegum félagasamtaka allnokkur. Meistaramót GÚ var haldið í lok júní og urðu þau Sigríður Ingvarsdóttir og Ingvar Jónsson klúbbmeistarar. 7.-9. ágúst hélt GSÍ í samstarfi við GÚ Íslandsmót unglunga í holukeppni (Arionbankamótaröðin) og 17. ágúst var samstarf með sömu aðilum um sveitakeppni stúlkna 15 og 18 ára.

Góð þátttaka og framfarir barna og unglunga var á golfnámskeiðum sumarsins sem ætti að styrkja klúbbinn í framtíðinni.

Unnið var í samstarfi við sveitarfélagið að gerð nýrrar þar 4 golfbrautar á árinu. Sáð var í braut, flöt og teiga í júní og kom hún allvel til og ætti að komast í notkun næsta sumar. Þetta verkefni og gerð brautar og tveggja flata 2013 er liður í að færa völlinn fjær sjávarkambinum.



Geysisfélaginn Guðmundur Björgvinsson var sigursæll á árinu.

Hestamannafélagið Geysir



Stjórn 2012:

Formaður: Ólafur Þórisson
Varaformaður: Steinn Mátsson
Gjaldkeri: Sigríður Th. Kristinsdóttir
Meðstjórnandi: Vignir Siggeirsson
Meðstjórnandi: Davíð Jónsson
Varamaður: Guðmundur Guðmundsson
Varamaður: Svanhildur Hall

Það var margt að gerast á árinu. Vetrarstarfið með hefðbundnu sniði, 3 vetrarmót, allskonar reiðnámskeið, 2 skemmtiuppákomur fyrir félaga og margt fleira.

Geysir hélt 3 stór mót í sumar ásamt 2 litlum mótum, má þar nefna úrtöku fyrir Landsmót hestamanna, Suðurlandsmót og svo Íslandsmót yngri flokka í hestaíþróttum sem var haldið á Gaddstaðafloðum á Hellu.

Fjöldi vinnustunda var unnin í sjálfböðavinnu á Gaddstaðafloðum fyrir Hestamannafélagið Geysi í sumar. Mikið var unnið í



gróðursetningu og öðrum verkum sem tilheyra umhirðu á svæðinu. Fjöldi annara sjálboðaliða af svæðinu tóku þátt og einnig félagar úr öðrum hestamannafélögum á Suðurlandi, meðal annars úr Hestamannafélaginu Ljúfi.

Af keppnisárangri félagsmanna Geysis ber helst að nefna Guðmundu Ellen Sigurðardóttur sigurvegara í unglingaflokki á landsmóti í Reykjavík, Sigurð Sigurðarson sigurvegara í A-flokki gæðinga, ásamt því að Geysir átti 2 fulltrúa í A-úrslitum í barnaflokki á landsmóti í Reykjavík þær Anniku Rut Arnarsdóttir og Vilborgu Maríu Ísleifsdóttir. Ragnheiður Ársælsdóttir var í A-úrslitum í ungmennaflokki og Hans Þór Hilmarsson var í A-úrslitum í A-flokki gæðinga. Einnig komst Sara Áspórsdóttir í A-úrslit í tölti á landsmóti hestamanna í Reykjavík.

Þrír Geysisfélagar höfðu Íslandsmeistaratitli, Róbert Bergmann varð Íslandsmeistari í tölti unglinga, Guðmundur Friðrik Björgvinsson var Íslandsmeistari í fjórgangi fullorðinna og Hekla Katharína Kristinsdóttir Íslandsmeistari í samanlögðum fjórgangsgreinum fullorðinna.

Uppskeruhátíð var svo haldin á Árhúsum á Hellu í nóvember síðastliðnum.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur Loga 2012 var haldinn 25. apríl. Stjórn Loga skipa:

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður
Sigurlína Kristinsdóttir, ritari
Hólmi Friður Ingólfssdóttir, gjaldkeri
Einar Á. Sæmundsen, varaformaður
Rúnar B. Guðmundsson, meðstjórnandi



Starf Loga var með hefðbundnum hætti árið 2012. Árið hófst með álfareið í Reykholti á þrettándanum. Í febrúar hófst svo Uppsveitadeildin, en það er sameiginleg mótaröð hestamannafélaganna Loga, Trausta og Smára. Keppt er einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina í Flúðahöllinni. Uppsveitadeild æskunnar var einnig í boði fyrir börn og unglinga. Þetta var annað árið sem keppt er í þeirri deild, og alveg ljóst að hún er komin til að vera. Logakrakkarnir sýndu framúrskarandi árangur og sópuðu til sín verðlaunum. Að sjálfsögðu verður keppt í báðum deildum nú í vetur. Sem fyrr voru vetrarmót Loga og Trausta sameiginleg, en mótin eru þrjú yfir veturinn.

Ábúendur á Kjóstöðum 3 buðu Logafélögum annað árið í röð heim en þar er prýðis reiðhöll og hringvöllur þar sem við lékum okkur heilan dag. Í lok dags buðu svo þau hjón til mikillar veislu, sannarlega góður dagur. Undirbúningur fyrir landsmótið í Reykjavík hófst af fullum krafti í maí. Sylvía Sigurbjörnsdóttir var fengin til að segja börnum, unglingum og ungmennum til fyrir úrtöku. Hún hélt svo áfram að þjálf þá sem unnið höfðu sér rétt til þátttöku á LM. Úrtaka fyrir LM fór svo fram á Hellu í samstarfi við önnur félög á Suðurlandi dagana 9. og 10. júní. Í júní var einnig haldið reiðnámskeið og firmakeppni á félagssvæði Loga í Hrisholti. Landsmót hófst svo í Reykjavík 24. júní. Þar áttum við keppendur í öllum flokkum sem stóðu sig með prýði. Bestum árangri Logafélaga náðu þau Sólun Morthens sem hafnaði í 10. sæti í A-flokki gæðinga af 102 keppendum og Sigríður Magnea Kjartansdóttir sem hafnaði í 16. sæti í barnaflokki af 84 keppendum.

Hestaþing Loga var að venju haldið um verslunarmannahelgina. Uppskeruhátíð æskulýðsins var svo haldin 4. október. Þar bar hæst afhending æskulýðsskjaldarins Feykis. Hann er veittur því barni eða unglingi 18 ára og yngri, sem þykir hafa skarað fram úr á árinu í reiðmennsku og þróðmennsku jafnt utan vallar sem innan. Það var Marta Margeirsdóttir sem hlaut skjöldinn að þessu sinni og er vel að honum komin. Þann 26. október var svo Loga börnum boðið heim í Hrosshaga, þar sem þau Sólun Morthens og Þórey Helgadóttir reka hestamiðstöð. Þar var boðið uppá fræðslu- og skemmtidagskrá um hestinn auk þess sem æskulýðsnefndin bauð upp á veitingar. Eldri Logakrökkum og unglingum var svo boðið heim að Vatnsleysu þann



Sigurreifir Logakrakkar að lokinni Uppsveitadeild æskunnar.

2. nóvember. Þar fengu þau tilsögn í reiðtyggjagerð og fengu að búa til höfuðleður og teymingartauma. Skemmtileg nýjung í starfinu og um kennslu sáu Logafélagarnir María Þórarinsdóttir og Sigurlína Kristinsdóttir.

Formlegu starfi Loga lauk svo með haustfundi sem var haldinn 25. október. Það er venja að fá fyrirlesara á haustfundinn og að þessu sinni var það einn okkar snjallasti knapi og reiðkennari, Rúna Einarssdóttir, sem hélt afar fróðlegan fyrirlestur um þjálfun og markaðsmál.

Stjórn Loga þakkar HSK samstarfið á liðnum árum og óskar því velfarnaðar á nýju ári.

Guðrún S. Magnúsdóttir

Hestamannafélagið Sleipnir



Aðalfundur fyrir árið 2011 var haldinn í Hlíðskjálfi 26. janúar. Á aðalfundinum voru kjörnir í stjórn:

Kjartan Ólafsson, formaður
Magnús Ólason, varaformaður
Anna Sívertsen, gjaldkeri
Íris Böðvarsdóttir, ritari
Karl Áki Sigurðsson, meðstjórnandi
Dávíð Sigmarsson, varastjórn
Sigrún Arna Brynjarsdóttir, varastjórn

Þing Landssambands Hestamannafélaga var haldið í Reykjavík dagana 19. – 20. september. Á landsþinginu hlotnaðist Æskulýðsnefnd Sleipnis sá heiður að hljóta æskulýðsbikar LH. Þessi viðurkenning er uppskera mikils starfs sem Æskulýðsnefndin hefur unnið auk þess að nú erum við að sjá árangur af byggingu Sleipnishallarinnar.

Starfsemi Hestamannafélagsins Sleipnis hefur verið óvenju mikil og fjölbreytt á síðasta starfsári, enda margt að gerast í mótahaldi hestamennskunnar eins og landsmót í Reykjavík og unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi. Markverðustu sigrar okkar fólks í Reykjavík voru að Sigursteinn Sumarliðason vann töltið annað landsmótið í röð. Þá vann Einar Öder B flokk gæðinga en með þeim sigri var hann fyrstur til að vinna bæði A og B flokk. Þetta met féll síðar á Landsmótinu þegar Sigurður Sigurðarson náði sama marki. Einnig er vert að minnast á árangur Dagmar Öder en hún varð í öðru sæti í unglingaflokki. Þá vann Arnar Bjarki Sigurðsson ungmennaflokk á Íslands móti í hestaþróttum.

Mótahald á vegum Sleipnis var að mestu með svipuðu sniði og undangengin ár, vetrarmót, gæðingamót og firmakeppni, þar að auki var haldið alþjóðlegt mót á World rank. Þá var í fyrsta skipti sem hestaþing var haldið í Sleipnishöllinni en það voru ungmenni af félagssvæðunum í Árnes- og Rangárvallasýslu sem komu til þess leiks.



Fánareid félagsins vegna vígslu reiðhalla Sleipnis.

Hestafjörð tókst einstaklega vel og voru áhorfendur um þrjú hundruð og fimmtíu talsins.

Í fyrsta skipti var haldin sýning stóðhesta á Brávöllum í samstarfi við Eiðfaxa. Þessi sýning þótti takast með afbrigðum vel og var verulegt fjölmenni sem kom til að bera þessa kynbótagripi augum. Úrtaka kynbótahrossa fyrir landsmót var hér á Brávöllum sem stóð yfir í tvær vikur hjá okkur á Selfossi. Það var kynbótanefnd Sleipnis undir stjórn þeirra Karls Hreggviðssonar Óseyri, Páls Stefánssonar á Stuðlum og Reynis Jónssonar á Hurðarbaki sem stóðu að sýningunni. Þessir ágætu félagar unnu mikið verk sem skilaði félaginu góðum rómi og miklum tekjum. Þá sá Æskulýðsnefndin um veitingar á þessum mótum sem öðrum og skiluðu þær mjög góðum tekjum til félagsins.

Laugardaginn 26. maí vígðum við reiðhöllina og gáfum henni nafnið Sleipnishöllin. Dagskráin hófst með skrautreið um Selfoss þar sem markmiðið var að jafnmargir tækju þátt í skrautreiðinni eins og munu taka þátt í setningar hátíð heimsleikana í Berlín næstkomandi sumar en þar er talað um eitt þúsund hesta. Glöggir menn sögðu mér að hér hefði verið um eitt þúsund fætur að ræða í þessari skrautreið. Dagskráin var sjálf inni í Sleipnishöllinni. Að loknum ræðuhöldum blessaði séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson bygginguna með hlýjum guðsorðum.

Bygginganefndin hélt áfram að láta hendur standa fram úr ermum á þessu ári. Yfirþak var sett á Sleipnishöllina og gengið frá því eins og best verður á kosið. Salernum var komið inni höllina og klætt var milli áhorfendastúku og reiðsvæðis.

Frekari framkvæmdir voru á Brávallarsvæðinu, þær helstu voru að um einn og hálfur hektari af mólendi var jafnaður og ræktaður upp og margir góðir velunnarar félagsins lögðu hönd á plóg sem gerði það að kostnaður félagsins var verulega lítill vegna þessarar framkvæmdar. Þetta svæði má nota til beitar, sem tjaldsvæði og jafnvel bílastæði. Þá má ekki gleyma að plantað var um eitt hundrað og sjötíu greniplöntum norðan við vellina. Hljóðkerfi sem Sleipnir hefur átt var endurbætt og lagðir nokkrir fjármunir í að koma því í ásættanlegt lag.

Eins og undangengin sumur ráku þau Rannveig og Brynjar reiðskólann í samstarfi við hestamannafélagið. Þátttaka var góð að venju og veit það á gott varðandi endurnýjun í hestamennskunni á félagssvæðinu.

Gengið var frá styrktarsamningi við Landsbanka Íslands á árinu og þar með fær félagið tiltekna fjárhæð frá bankanum sem nýtist félaginu til að efla ungmennastarf og bæta aðstöðu til slíks starfs.

Ég vil fyrir mína hönd og stjórnar Hestamannafélagsins Sleipnis þakka öllu því fjölmarga góða fólki sem hefur lagt hönd að verki þetta stafsár. Sérstaklega þakka ég samstjórnarmönnum mínum sem hafa leitt félagið þetta ár með mér.

Kjartan Ólafsson
formaður Hestamannafélagsins Sleipnis



Ólafur Ásgeirsson og Stígandi frá Stóra-Hofi sigruðu tölt á gæðingamóti Smára 2012.

Hestamannafélagið Smári



Starf Hestamannafélagsins Smára var með hefðbundnu sniði árið 2012 eins og undanfarin ár. Stjórn félagsins 2012 skipuðu:

Ingvar Hjálmarsson, formaður
Bára Másdóttir, gjaldkeri
Cora Claas, varaformaður
Lilja Össurardóttir, ritari
Aðalsteinn Aðalsteinsson, meðstjórnandi

Hefðbundið mótastarf hófst með vetrarmótunum þremur sem haldin eru í febrúar – apríl. Firmakeppnin var haldin hátíðleg 1. maí og 21. júlí var haldin gæðingakeppni á mótssvæði félagsins á Flúðum. Mótið tókst vel og var hestakostur góður. Úrtaka fyrir Landsmót hestamanna var haldin á Gaddstaðafötum, var þátttaka góð og sendum við sterkan hóp keppenda á landsmótið í Reykjavík. Öll úrslit mótanna má sjá á heimasíðu félagsins www.smari.is.

Uppsveitadeildin er stór liður í félagsstarfi hestamanna í uppsveitunum og var keppnin til fyrirmyndar á síðasta ári eins og undanfarin ár. Uppsveitadeild æskunnar var einnig á sínum stað og stóðu æskulýðsnefndir hestamannafélaganna sig frábærlega í því að halda mótin fyrir krakkana okkar.

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins hefur verið á undanförmum árum alveg frábært og var síðasta ár engin undantekning á því. Hestheimafærð, útreiðatúr, námskeið svo fátt eitt sé nefnt. Æskulýðsnefndin hefur háleit markmið á næstu árum og reynt verður eftir fremsta megni að stuðla að nýliðun í félaginu og hafa viðburði sem fjölbreyttasta.

1. mars hélt Kvenfélag Hrunamanna upp á 70 ára afmæli sitt og við það tilefni færðu þær hestamannafélaginu 100.000,- krónur að gjöf og færur við þeim bestu þakkir fyrir. Styrkurinn verður nýttur í æskulýðsstarf félagsins.

Páll Imsland hélt fræðsluerindi um liti íslenska hrossastofnsins í febrúar og í nóvember fengum við Ísleif Jónasson bónda í Kálfholti til að vera með sýnikennslu í reiðhöllinni á Flúðum þar sem hann fór meðal annars yfir undirbúning vetrarþjálfunar. Frábær mæting var og er þetta fræðsluform mjög árangursríkt og verður örugglega framhald á slíku.

Haustfundur var haldinn 26. október á Flúðum og var hann ágætlega sóttur og urðu miklar umræður um starf félagsins. Stjórnin hefur verið að vinna að málefnum sem helst brunnu á fólki og verður það vonandi sýnilegt í vetur. Fund sem þennan höldum við aftur í haust til að skerpa enn á starfi félagsins.

Aðalfundur reiðhallarinnar á Flúðum var haldinn í haust,



mannabreytingar urðu í stjórn og eru fulltrúar Smára þeir Helgi Kjartansson og Sigurður Haukur Jónsson.

Hæst dæmda kynbótahross í eigu félagsmanns var Mjólnir frá Hlemmiskeiði 3 ræktaður af Árna Svavarssyni og Ingu Birnu Ingólfsdóttur. Blæsbikarinn, sem gefinn er í minningu um gæðinginn Blæ frá Langholtskoti, er veittur þeim félagsmanni sem þykir skara fram úr hvað varðar árangur og þrúðmannlega framkomu. Blæsbikarinn fyrir árið 2012 hlaut Ólafur Brynjar Ásgeirsson.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem lögðu sitt að mörkum fyrir félagið á liðnu starfsári.



Dimonarstúlkur á héraðsmóti HSK í blaki unglunga.

Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 12. febrúar 2012. Þar voru veittar viðurkenningar til íþróttfólks og félagið bauð í kaffi og kökur. Stjórn félagsins eftir aðalfund:

Formaður: Lars Hansen
Gjaldkeri: Ásta Laufey Sigurðardóttir
Ritari: Guðmann Óskar Magnússon
Meðstjórnandi: Friðrik Þórarinnsson
Meðstjórnandi: Þuríður Vala Ólafsdóttir
Til vara: María Rósa Einarisdóttir
Til vara: Þröstur Freyr Sigfússon

Formenn deilda:

Blakdeild: María Rósa Einarisdóttir
Sunddeild: Hlín Albertsdóttir
Frjálsíþróttad: Björgvin Reynir Helgason
Glimudeild: Ólafur Elí Magnússon
Borðtennisdeild: Sigurjón Sváfnisson
Fimleikadeild: Ingibjörg Erlingsdóttir

Vegna búsetubreytinga vék Lars Hansen úr formansembættinu á haustdögum og ritari félagsins Guðmann Óskar sem er varaformaður tók við. Þuríður Vala kom þá í ritarsætið.

Helstu fjáraflanir félagsins eru auk félagsgjalda, æfingargjöld, dósasöfnun, umsjón 17. júní hátíðarhalda á Hvolsvelli og samningur við sveitarfélagið. Íþróttafélagið sér um ruslatínslu meðfram þjóðveginum milli Eystri Rangár og Markarfljóts.

Íþróttafélagið hefur með góðu samstarfi við skólafyrirvöld haldið uppi öflugum samfélagsverkefni, þar sem skólabörnum hefur staðið til boða að iðka íþróttagreinar á skólatíma eða í beinu framhaldi, og geta nýtt heimakstur. Frjálsíþróttadeild félagsins hefur séð um leikjanámskeið á sumrin undanfarin ár og einnig á síðasta ári.

Áttum við nokkra starfsmenn og þátttakendur á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfossi í sumar.

Íþróttafólk okkar hefur tekið þátt í mörgum íþróttamótum á árinu og eigum við Íslandsmeistara í borðtennis, Bergúnu Lindu Björgvinsdóttur.

Fyrir hönd félagsins, Guðmann Óskar Magnússon



Grimuklæddir garpar á aðalfundi á Öskudaginn.

Íþróttafélagið Garpur



Árið 2012 var viðburðaríkt hjá Íþróttafélaginu Garpi. Aðalfundur var haldinn á öskudaginn þann 22. apríl og mættu þar stjórnarliðar klæddir í grimubúninga eins og vani er á þeim degi. Nokkrar breytingar urðu á stjórn og er hún nú sem hér segir:

Harpa Rún Krstjánsdóttir, formaður
Herdís Styrkardóttir, ritari
Friðgerður Guðnadóttir, gjaldkeri
Jóhanna Hlökkversdóttir, meðstjórnandi
Kristinn Guðnason, meðstjórnandi
Guðrún A. Óttarsdóttir, meðstjórnandi
Margrét Heiða Stefánsdóttir, varamaður
Margrét Rún Guðjónsdóttir, varamaður
Karen Engilbertsdóttir, varamaður
Sigþór Helgason, fulltrúi nemenda

Íþróttamenn Garps voru að venju heiðraðir á páskabingí foreldrafélags Laugalandsskóla. Þar hlutu viðurkenningu þau, Kristín Hreinsdóttir, blakmaður, Elvar Kristinn Benediktsson, borðtennismaður, Sigrún Birna P. Einarsson, frjálsíþróttamaður og Eiður Helgi Benediktsson, glímumaður og íþróttamaður Garps, annað árið í röð.

Æfingar og mót voru einnig með sama sniði. Æfingar eru áfram iðkendum að kostnaðarlausu og má þar sérstaklega þakka ötulu starfi Guðna á Þverlæk í flöskutínslu, sem léttir mikið undir fjárhag félagsins og þar af leiðandi iðkendanna. Mest var áherslan á frjálsar íþróttir og glímu, en einnig var keppt í blaki, borðtennis og sundi svo eitthvað sé nefnt. Garpar tóku að auki þátt í unglingalandsmóti á Selfossi sér til gagns og gamans.

Um sumarið var farið í endafeluleik að vanda þar sem gengið var frá rúlluendum á tünnum víða um sveitir, drukkíð engjakaffi og farið í leiki. Í nóvember hélt Garpurinn síðan upp á tvítugsafmæli sitt að Laugalandi með pomp og pragt. Þrír Garpar voru teknir í tölu heiðursfélaga, en það voru þeir Guðni Guðmundsson, Kristinn Guðnason og Haraldur Gísli Kristjánsson, fyrir óeigingjarnt starf sitt fyrir félagið. Mikið var um dýrðir í afmælinu, ræðuhöld, tónlistaratriði, drekkhlaðin veisluborð og fleira skemmtilegt og kann stjórn félagsins þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn.

Íþróttafélagið Gnýr



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var 8. mars 2012. Kosið var í aðalstjórn:

Formaður: Halldór Hartmannsson
Varaformaður: Eypór Jóhannsson
Gjaldkeri: Valgeir F. Backman
Ritari: María K. Jacobsen
Varamaður: Ágúst Þór Weaber

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir leikar, sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Árið var mjög gott hjá okkur og



Félagar í Skátafélagi Sólheima heimsóttu tjaldbúðir nágranna okkar í Fossbúum frá Selfossi á Landsmót skáta Úlfjótssvatni í tilefni af 100 ára afmæli skátastarfs á Íslandi, Gústi í kaffispjalli og Árni Alexanderson að kenna á myndavélina „Hvað ungur nemur, gamall temur“.

margt í gangi eins og alltaf; fjálsar, boccia, sund, göngu-, hjóla- og trimmhópur. Þjálfari á íþrótt- og leikjanámskeiði fyrir íþróttafélagið, vornámskeið og haustnámskeið 2012 var Emilía Jónsdóttir íþróttakennari. Sebastián Sævarsson nemi í íþróttfræðum frá Laugavatni sá um að kenna leikfimi, körfubolta og sund. Bæði koma þau aftur og ætla að sinna þessu íþróttakennslu 2013. Við leggjum mikla áherslu á hreyfingu sérstaklega eftir að Fjölmenn hætti að sjá um íþróttakennslu. Um 25 manna hópur æfir boccia reglulega 1-2 sinnum í viku og keppir a.m.k. á einu eða tveimur mótum á ári. Félagar í Gný taka þátt í Íslandsmeistaramótum ÍF, sveitakeppni og í einstaklingskeppnum í boccia, við komumst því miður sjaldan á Hængsmótið á Akureyri vegna leiklistarsýninga hér á Sólheimum sem eru á sama tíma. Sundkennsla mun fara fram í sundlaug Sólheima sem búin er að fá andlitslyftingu og vonandi að hluta til á Borg. Vatnsleikfimi er stunduð reglulega í sundlaug Sólheima og eru það þau Þorkell Jóhann Steindal, nuddari og Veronica sjálfbóðaliði frá Spáni sem sjá um vatnsleikfimina. Dans er æður einu sinni í viku sem er almennur dans í umsjón íþróttakennaranna. Reiðhjól eru mikið notuð og eru hjólbærðar negldir fyrir vetrarfærðina. Aðstaða hér heima hefur lagast mikið á undanförnum árum. Tækjasalur íþróttaleikhússins er mikið notaður. Körfubolti er einu sinni í viku, þá blandaður hópur. Grasfótboltavöllur var töluvert notaður í sumar og voru erlendir sjálfbóðaliðar einstaklega duglegir að safna í lið.

Sólheimahlaupið fer fram á hverju ári í kringum 24. september og geta einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km. Hægt er að ganga, hlaupa eða hjóla. „Friskir Flóamenn“ veita framfarabikarinn á sama tíma. Guðrún Lára Aradóttir fékk bikarinn 2012. Skátafélag Sólheima telst til íþróttastarfs á Sólheimum. 24 skátar fóru á landsmót skáta á Úlfjótssvatni í tilefni af 100 ára afmæli skátastarfs á Íslandi og var mikil gleði og vinna. Tjaldbúðir Sólheima vöktu mikla athygli og sló hópurinn í gegn!

Leikfélagsstarfið telst einnig til íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni. Á árinu settum við upp Kardimommubæinn eftir Thorbjörn Egner og var fullt út úr dyrum á öllum sýningum.

Golfvöllur Sólheima er mikið notaður, en hér höfum við bara eina holu, einskonar framhald af finu völlum hér allt í kring og nefnist holan „hola 19“. 5-6 einstaklingar eru duglegri en aðrir í ástundun á þessari íþrótt.

Í sumar var íþrótt- og leikjanámskeið fyrir öll börn í sveitarfélaginu. 10 börn að meðaltali sóttu námskeiðið sem stóð í 11 vikur alla virka daga, frá klukkan 13:00-16:00, geri aðrir betur. Styrkt af sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppur. Stjórnandi leikjanámskeiðsins var Sara Árnadóttir.

**Fh. Íþróttafélagsins Gnýs
Valgeir F. Bachman**

Íþróttafélagið Hamar

Þann 4. mars 2012 var aðalfundur í stjórn Hamars. Á aðalfundinum var kjörin nýr formaður, Hjalti Helgason sem tók við af Guðríði Aadnegaard sem hafði verið formaður félagsins í 10 ár. Einnig voru kjörin í stjórn:

Hallur Hróarsson
Erla Pálmadóttir
Friðrik Sigurbjörnsson
Valdimar Hafsteinsson



Á aðalfundi var Íris Ásgeirsdóttir, körfuknattleikskona, krýnd íþróttamaður Hamars. Árið 2012 var viðburðaríkt í sögu félagsins, en félagið fagnaði 20 ára afmæli sínu og markaðist starfsemin talsvert af því. Þann 31. mars var haldið upp á afmæli félagsins með veglegum hætti og var öllum bæjarbúum var boðið til afmælisveislu á sumardaginn fyrsta. Veislan var haldin í íþróttahúsinu þar sem mikið var um dýrðir og var húsfulli á hátíðinni. Hamar var eftir sem áður virkur þátttakandi í bæjarhátíðum í Hveragerði en þær hafa verið notaðar sem fjáröflun fyrir undirdeildir Hamars.

Á haustdögum var ákveðið að ráðast í útgáfu á afmælisriti, ritnefnd var skipuð þeim Álfhildi Þorsteinsdóttur, Nirði Sigurðssyni og Hirti Sveinssyni, einnig sat í nefndinni Hjalti Helgason. Mikil vinna var lögð í afmælisritið, en allar deildir fengu úthlutað plássi þar var farið yfir sögu deildanna ásamt því sem hæst ber í starfinu í dag. Tekin voru viðtöl við eldri félaga og fundið til gamalt myndefni o.fl. Þegar afmælisritið var tilbúið var haldið formlegt útgáfuhóf í Bóksafninu í Hveragerði þar sem fjölmenni mætti og fagnaði glæsilegu fjórtíu síðna riti.

Hamarshöllin var vígð á árinu, en það er risa áfangi í þeirri vegferð að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar í Hveragerði. Bæjarbúar lögðu hönd á plóg við að setja saman dúkinn sem ber uppi húsið en hundruð sjálfbóðaliða komu að því verki sem tókst með eindæmum vel. Starfsemin hefur farið vel af stað og hefur húsið staðist þær væntingar sem til þess voru gerðar. Þess má einnig geta að nágrannafélögin hafa verið duglega að nýta sér lausa tíma í húsinu. Þá hafa líka félög af höfuðborgarsvæðinu komið og æft í húsinu.

Fyrir utan afmælið hefur starfsemin verið með nokkuð hefbundnu sniði. Gengi deildanna hefur verið með ágætum, má þar nefna að þegar þetta er ritað eru bæði karla- og kvennaliðið í körfunni efst í fyrstu deild.

Stjórn Hamars tók ákvörðun um að innleiða Nori skráningarkerfið, talsverð vinna hefur farið í það, en a.m.k. þrjár deildir eru farnar að nota kerfið í rekstri sínum.

Hamar rekur Laugasport heilsurækt og hefur sá rekstur gengið ágætlega, en þó hefur hópatímum fækkað þar sem fleiri aðilar í Hveragerði hafa verið að bjóða upp á viðlíka starfsemi.

**Hjalti Helgason
formaður Hamars**

Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur Suðra var haldinn 16. apríl 2012. Stjórn félagsins er þannig skipuð:

Þórdís Bjarnadóttir, formaður
Harpa Dís Harðardóttir, gjaldkeri
Guðrún Linda Björgvinsdóttir, ritari
María Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Sigrún Elfa Reynisdóttir, meðstjórnandi



Á fundinum afhenti Þorbjörg fráfarandi formaður félagsins til margra ára, Þorsteini og Sigríði sjálfbóðaliðakort ÍF. Þau hjónin hafa verið frábær stuðningur við starfsemi félagsins. Félagar og stjórn kvöddu Þorbjörgu og þökkðu henni fyrir þrotlausa og óeingingjarna



Keppendur félagsins, ástamt þjálfara, á Íslandsmóti fatlaðra.

vinnu í þágu félagsins undanfarin 6 ár.

Eins og undanfarin ár var fyrsti viðburður hjá félaginu nýjársundmót fatlaðra barna og unglinga sem haldið var í Reykjavík í byrjun janúar. Á þetta mót fór ein ung sundkona og sýndi þar góð tilþrif. Fékk hún það hlutverk að taka á móti Ögmundi Jónassyni og gefa honum blómvönd. Farið var á nokkur önnur sundmót á árinu, m.a. Reykjavíkurlaika og Íslandsmót. Stöðugar bætingar og verðlaunasæti á Íslandsmóti sýna að fólkið okkar er í góðri framför. Sundþjálfari var Sigurlín Garðarsdóttir fyrri hluta árs og Árni Hafþórsson seinni hluta ársins.

Boccia er enn sem fyrr langvinsælasta íþróttagrein félagsins. Farið var á öll stærstu mót ársins, t.d. Íslandsmótið í Reykjavík í sveitakeppni og á Ísafirði í einstaklingskeppni, Hængsmótið á Akureyri og nokkur smærri mót. Eitt af þeim er árlegt vinamót þar sem Suðrafélagar keppa við Gný á Sólheimum og að þessu sinni var það haldið á Selfossi. Þjálfarar í boccia voru Svanhildur Guðmundsdóttir, Unnur Bjarkadóttir og Örvar Rafn Hlíðdal á vorönn og á haustönn voru þau Ófeigur Ágúst Leifson/Þórdís Bjarnadóttir, Diana Gestsdóttir og Svanhildur Guðmundsdóttir.

Farið var á nokkur frjálsíþróttamót, m.a. Íslandsmót innan- og utanhúss og HSK mót. Hulda Sigurjónsdóttir margbætti Íslandsmetið í kúluvarpi sem hún setti í fyrra og setti einnig Íslandsmet í spjóti og kringlukasti. Hulda náði einnig ólympíulágmarki og hefði farið á þá leika ef kvóti væri ekki á fjölda þátttakenda. Nokkur verðlaunasæti í viðbót eignuðu Suðramenn sér á árinu þar á meðal María Sigurjónsdóttir og Bjarni Friðrik Ófeigsson sem náðu Íslandsmeistararitlum sumarið 2012 í frjálsum. Frjálsíþróttþjálfari var Anna Pálsdóttir.

Knattspyrna var æfð í sumar og fram á haust. Farið var á Íslandsleika Special Olympics í knattspyrnu sem haldnir voru í Reykjavík og lentu okkar menn í 1. sæti. Knattspyrnuþjálfari var Sveinn Jónsson.

Fimmta árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar tóku þátt í því og bættu sig mikið í íþróttinni. Námskeiðinu lauk með golfmóti.

Aukning var í lyftingum og æfðu á haustönn fimm félagar í Krafbrennslunni undir stjórn Benedikts. Þeir stefna á Íslandsmót í apríl 2013.

Hulda Sigurjónsdóttir tók þátt á Evrópumeistaramótinu í London sumarið 2012. Sló þar Íslandsmet í kúluvarpi kastaði kúlunni 9,04 og lenti í 10. sæti. Aðrir tóku ekki þátt á mótum erlendis.

Við endurtökum kökusölu fyrir Hængsmótið á Akureyri og sömuleiðis að selja lykklakippur fyrir Blátt áfram. Við fengum mjög góðar móttökur og uppskárur góð laun fyrir vikið.

Haustið 2012 fórum við í undirbúningsvinnu að reiðnámskeiði fyrir fótluð börn. Við sóttum um styrki víða og fengum úthlutað styrki frá Verkefnasjóði HSK að upphæð 50.000 og 100.000 frá Íþróttasambandi fatlaðra. Vorið 2013 mun þetta námskeið verða að veruleika.

Við höfum haldið samstarfi við FSu, Sverri Ingibjartsson íþróttakennara, þar sem við höfum fengið þjálfara og aðstoðarmenn í sund gegn því að þeir fái einingu í skólanum.

Við þökkum öllum þeim fjölmörgu sem hafa stutt félagið á einn eða annan hátt fyrir ómetanlegan stuðning. Við viljum hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar féлага aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja.

Nú hef ég setið sem formaður Suðra í bráðum 1 ár og verð ég að segja að þetta er skemmtilegt, krefjandi starf sem er einnig mjög gefandi. Þætti mér gaman að fá að sjá fleiri félaga koma inn á árinu 2013 og fleiri aðstoðarmenn því vinnan við að halda starfsemi félagsins á floti er mjög mikil en fáir sjálfbóðaliðar.

Þórdís Bjarnadóttir
Formaður Suðra

Karatefélag Suðurlands

Árið 2012 hefur verið ágætt hjá Karatefélagi Suðurlands, við höldum aðalfund 12. febrúar og eftirfarandi stjórn var kosin:

Formaður:	Kristján Lárusson
Gjalkeri:	Halldór Arinbjarnar
Ritari:	Ágúst Ingvarsson



Félagið hefur æfingaaðstöðu í Sandvíkurskóla á Selfossi og deildum við sal með júdódeild Umf. Selfoss, en með milligöngu Braga Bjarnasonar fengum við í september lítinn sal í sama húsi sem við innréttuðum með búnaði sem hentar karateiðkun. Á árinu bættust við fjórir nýir iðkendur og eru í dag samtals 11 iðkendur auk Atla Erlendssyni, þjálfara sem leggur mikið uppúr gæðum æfinga og að reglum stílsins sé fylgt. Í júní fóru þrír félagar ásamt þjálfara til Danmerkur og tóku þar gráðunnarpróf hjá dönsku OKINAWA GOJU RYU samtökunum, ásamt meðlimum klúbba í Danmörku. Gráðunin er Shodan, sem er fyrsta svartabeltis gráðan. Þeir sem voru gráðaðir heita: Ágúst Ingvarsson, Halldór Arinbjarnar og Kristján Lárusson. Þetta er góður árangur hjá þjálfara félagsins, Atla Erlendssyni, þar sem hann hefur þjálfað sl. þrjú ár eða nánast frá stofnun félagsins. Stefnt er að því að halda áfram á sömu braut, byggja félagið upp hægt en örugglega, með gæði þjálfunnar í fyrirrúmi.

Með kveðju,
Kristján Lárusson

Knattspyrnufélag Árborgar



Stjórn Knattspyrnufélags Árborgar var kosin á aðalfundi þann 29. mars 2012. Hana skipa:

Pálmi Jóhannsson, formaður
Már Ingólfur Másson, varaformaður
Grétar Magnússon, ritari
Einar Karl Þórhallsson, gjaldkeri
Eiríkur Steinn Búason, meðstjórnandi
Sævar Már Þórisson, varamaður
Torfi Ragnar Sigurðsson, varamaður
Einar Þorgeirsson, varamaður
Gunnar Bjarki Rúnarsson, varamaður

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá á vegum KSÍ á árinu nema Íslandsmótinu í futsal. Fyrsta mót ársins var í C-deild Lengjubikarsins þar sem Árborg tapaði einum leik og missti því naumlega af sæti í úrslitakeppninni.

Árborg féll úr leik í 2. umferð Borgunarbikarsins eftir dramatíska viðureign við Knattspyrnufélag Breiðholts en úrslit leiksins réðust í



Ólafur Tryggvi og Þorsteinn Daniel með verðlaun sín á lokahófinu.

bráðabana. Deildarkeppnin hófst þann 19. maí en liðið lék í sterkasta riðli 3. deildarinnar. Gengi liðsins var upp og ofan í deildinni en liðið hafnaði að lokum í 6. sæti riðilsins með 17 stig.

Árborg og Selfoss tefldu fram sameiginlegu liði í 2. flokki karla en Árborg fékk unga og efnilega leikmenn lánaða frá Selfossi og gátu þeir bæði leikið með meistaraflokki Árborgar og sameiginlegu 2. flokks liði. 2. flokkur náði góðum árangri í B-deildinni og var hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í efstu deild.

Auk þess að keppa í knattspyrnu á árinu tók lið Árborgar þátt í héraðsmótinu í handbolta sem fram fór í lok desember. Þar varð Árborg í 2. sæti og náði því ekki að verja meistaratítulinn frá árinu áður.

Stærsta fjáröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi í ágúst. Umfang hátíðarinnar hefur stöðugt verið að aukast og í ár var öllu tjaldað til. Þrátt fyrir rigningu og leiðindi í veðurguðunum heppnaðist verkefnið frábærlega, þökk sé öflugum starfi félagsmanna, góðum stuðningi styrktaraðila og frábæru framlagi bæjarbúa. Einnig hafði félagið umsjón með íþróttavellinum á Eyrarbakka líkt og undanfarin ár auk þess að taka að sér smærri verkefni allt árið í fjáröflunaskyni.

Á lokahófi félagsins var Ólafur Tryggvi Pálsson valinn leikmaður ársins af leikmönnum og forráðamönnum liðsins. Bjartasta vonin var Þorsteinn Daniel Þorsteinsson, bráðefnilegur lánsmaður frá Selfossi og markakóngur var Kjartan Atli Kjartansson. Félagi ársins var valinn Adólf Bragason, einn af stofnfélögum Árborgar. Guðmundur Garðar Sigfússon, þjálfari liðsins, fékk síðan viðurkenningu fyrir 200 leiki en hann er lang leikjahæsti leikmaður félagsins, með 206 leiki undir beltinu. Í lok árs var Guðjón Bjarni Hálfðánarson ráðinn þjálfari Árborgar fyrir keppnistímabilið 2013 en Guðmundur Garðar hélt á vit nýrra ævintýra austan Þjórsár.

Knattspyrnufélag Rangæinga



Aðalfundur félagsins var haldinn þann 12. febrúar og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum. Tveir stjórnarmenn, Óli Jón Ólason meðstjórnandi, og Björgvin Danielsson meðstjórnandi, báðust undan endurkjöri. Þar að auki gaf Benedikt Benediktsson ekki kost á sér áfram sem formaður. Í stjórn félagsins sitja nú:

Formaður:	Auður Erla Logadóttir
Gjaldkeri:	Elín Birna Bjarnadóttir
Ritari:	Einar Viðar Viðarsson
Meðstjórnandi:	Hermann Bjarki Rúnarsson
Meðstjórnandi:	Friðrik Sölvi Þórarinnsson
Varastjórn:	Benedikt Benediktsson
Varastjórn:	Hrafn Magnússon



KFR lék í fyrsta sinn í 2. deildinni í knattspyrnu.

Þjálfarar hjá félaginu 2012 voru þeir: Lárus Viðar Stefánsson, Helgi Jens Hlíðdal, Ólafur Örn Oddsson, Rúnar Freyr Guðmundsson, Viktor Steingrímsson, Leifur Auðunsson og Ómar Valdimarsson.

Samstarf okkar við ÍBV hefur gengið vel og hafa allir okkar iðkendur fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.-3. flokki undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, pollamóti, þæjumóti, hnátumóti, Síamóti, N1 móti, Olísmóti, Rey-Cup, Vísmóti, Gothia Cup í Svíþjóð o.fl. minni mótum.

Vegna vaxandi umsvifa á rekstri félagsins ákváð stjórn KFR í vor að ráðast í ráðningu á framkvæmdarstjóra, ásamt Rangárþingi eystra og Íþrf. Dímon. Í starfið var ráðinn Benedikt Benediktsson og sér hann um daglega starfsemi í góðu samstarfi við stjórn félagsins.

Stærsta fjáröflunarverkefni KFR 2012 var á Bestu úti hátíðinni sem haldin var á Hellu í júlí. Félagið tók að sér að hreinsa allt rusl af svæðinu. Þar fengu iðkendur að njóta ágóðans en 75% af ágóðanum rann til þeirra sem tóku þátt og gátu þeir nýtt sinn hlut sem greiðslu á æfingagjöldum eða öðrum keppnisgjöldum. Því ættu sem flestir að geta tekið þátt í knattspyrnuíðkun hjá félaginu óháð efnahag. Æfingagjöld KFR eru með þeim lægstu á landinu aðeins 32.000 á ári og innifalið í því er keppnistreyja sem keppandi fær annað hvert ár.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í félagsheimilinu Hvolnum á Hvolsvelli 27. september og þar var rifjað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6. flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki karla og kvenna. Á hátíðina mættu rúmlega 200 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum. Rangárþingi eystra, Sláturfélagi Suðurlands, Rangárþingi ytra, Reykjaragði, Landsbankanum, Arion banka, Kjarval og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbærðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

F.h. stjórnar KFR
Auður Erla Logadóttir, formaður

Knattspyrnufélagið Ægir



Aðalfundur Ægis var haldinn sunnudaginn 11. nóvember. Í stjórn sitja:

Guðbjartur Örn Einarsson
Guðbjörg Heimisdóttir
Júlíus Kristjánsson
Þór Emilsson
Sveinn Jónsson

Í janúar hófst hefðbundið starf hjá félaginu eftir jólafrí. Boðið var uppá æfingar fyrir alla flokka frá 8. flokki upp í 3. flokk. Einnig fóru



Meistaraflokkur félagsins vann sér sæti í 2. deild.

æfingar meistaraflokks karla á fullt.

5. flokkur og eldri tóku þátt í Faxaflóamótum en þau voru leikin frá mars og fram að Íslandsmótum sem hófust um miðjan maí.

Félagið hélt Lýsismótið 17. maí sem var uppstigningardagur. Boðið var uppá keppni fyrir iðkendur í 6. og 7. flokki. Mótið tókst mjög vel og voru aðkomuliðin ánægð með framkvæmdina. Þetta mót hefur alla möguleika á að vaxa og dafna.

Sumardagskrá hófst í byrjun júní. 6. og 7. flokkur æfðu í fótballaskóla sem starfræktur var mánudaga til fimmtudaga frá 10:00–12:00. Aðrir flokkar æfðu á hefbundinn hátt. Auk knattspyrnuæfinga bauð félagið uppá leikjánaðmskeið og smíðavöll sem nutu mikilla vinsælda þetta sumarið.

7. flokkur fór eins og fyrri ár á Smábæjarleikana á Blönduósi. Að þessu sinni vorum við með tvö lið sem stóðu sig með mikilli þrýði. Í fyrsta skipti í langan tíma gátum við teft fram sér kvennaliðið í 7. flokki þetta tímabilið. Stelpurnar kepptu nokkra æfingaleiki og tóku síðan átt í Subway móti HK í ágúst en á sama tíma tóku strákarnir þátt í Atlantismótinu sem haldið var í Mosfellsbæ. Báðir hópar stóðu sig mjög vel.

6. flokkur var í auknu samstarfi við Hamar þetta tímabilið en fóru þó með sér lið á Smábæjarleikana. Flokkurinn stóð sig mjög vel og átti marga fína leiki.

Í samstarfi við Hamar tók flokkurinn þátt í Pollamóti KSÍ auk þess að spila æfingaleiki. Þessi hópur var óvenju sterkur og stóð vel uppí hárinu á bestu liðum landsins. Hópurinn endaði sumarið á Atlantismótinu í Mosfellsbæ þar sem strákarnir áttu mjög gott mót.

5. flokkur karla var í samstarfi við Hamar eins og síðastliðið sumar. Hefur þetta samstarf gengið mjög vel og er stefnt að áframhaldi á því. Við tefldum fram A og B liði á Íslandsmóti. Árangur liðanna var góður en bæði lið enduðu um miðjan riðil. Að venju fór 5. flokkur á N1-mótið á Akureyri og að þessu sinni með tvö lið. Árangurinn var finnst í B-liðið komst í 8 liða úrslit. Krakkarnir voru til fyrirmyndar innan vallar sem utan enda hópurinn mjög skemmtilegur.

4. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum á Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss. Árangurinn var ásættanlegur en A-liðið náði þó betri árangri. Ægir fóru með sér lið á ReyCup og tók þátt í 7 manna móti. Strákarnir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu mótið og eiga mikið hrós skilið fyrir góðan árangur.

4. flokkur kvenna tefldi fram einu liði á Íslandsmóti í samstarfi við Selfoss. Liðið var skráð í A riðil sem var ansi sterkur. Stelpurnar stóðu sig þó með þrýði, unnu m.a. KR sem er alltaf gaman. Ægir fóru síðan með sér lið á ReyCup með aðstoð frá stelpum úr Hamri. Stelpurnar áttu fint mót og skemmtu sér konunglega, en það er líka mikilvægt þegar kemur að félagsstarfi sem þessu.

3. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum á Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss. Liðin áttu bæði ágætis mót þó ekki hafi þau komist í úrslit eins og vonir stóðu til. Hápunktur tímabilsins hjá flokknum var þó trúlega ferð á Gotia Cup sem haldið er í Svíþjóð. Glæsilegur hópur stráka úr Ægi og Selfoss hélt á mótið með fríðum

hóp fararstjóra. Ferð sem þessi er án vafa mikilvæg bæði knattspyrnulega sem og félagslega.

Meistaraflokkur karla átti sannarlega gott sumar. Undir styrkri stjórn Alfreðs Þjálfara endaði liðið í öðru sæti síns riðils í 3. deild og vann sér þar með sæti í úrslitakeppninni. Liðið vann tíu leiki, gerði eitt jafntefli en tapaði þremur. Í úrslitakeppninni mætti liðið Huginn frá Seyðisfirði í fyrstu umferð og slógu þá út með sigri á útivelli og jafntefli á heimavelli. Í undanúrslitum vann mætti Ægir Magna frá Grenivík og vann báða leikina og tryggði sér þar með sæti í 2. deild að ári. Sannarlega frábær árangur. Í úrslitaleiknum gegn Sindra um sigur í 3. deild náði liðið aldei að sýna sitt rétta andlit en Sindri vann leikinn 1:4. Það verður því spennandi að fylgjast með liðinu þegar það tekur þátt í 2. deild eftir langa fjarveru og ekki skemmir fyrir að ný stúka við Þorlákshafnarvöll er í burðarliðnum.

Nú hefur verið farið yfir það helsta í starfi Ægis á liðnu tímabili. Óhætt er að segja að tímabilið hafi verið viðburðaríkt og skemmtilegt innan vallar sem utan.



Verðlaunahafar á innanfélagsmóti í 22cal riffil, f.v Jónas Geir Sigurðsson, Emil Haraldsson og Bjarni F. Halldórsson.

Skotíþróttafélag Suðurlands



Aðalfundur Skotíþróttafélags Suðurlands 2012 var haldin 28. mars og í stjórn voru kosnir:

Valdimar S. Þórisson, formaður
Bjarni I. Halldórsson, varaformaður
Sigurður S. Jónsson, gjaldkeri
Hákon Þ. Svavarsson, ritari
Jónas Geir Sigurðsson, meðstjórnandi

Þær breytingar urðu á stjórn frá 2011 að Ingimundur Sigurmundsson og Guðmundur Karl Guðjónsson hættu í stjórn og Hákon og Bjarni komu inn nýir í staðinn.

Starf félagsins í ár var með hefðbundnu sniði þó að inn í það hafi komið breytur eins og veiðipróf fyrir hreindýraskyttur. En meðan á þeim stóð var álag á riffilsvæði mikið og oft á tíðum mikið líf og allt gekk þetta með miklum ágætum. Einnig héldu félagsmenn námskeið í meðferð og notkun skotvopna fyrir umsækjendur skotvopnaleyfa sem Umhverfisstofnun stendur fyrir. Ljóst er að áhugi og álag á riffilsvæði félagsins er stórum að aukast og stendur því til að fara í að stórauka aðstöðu með byggingu nýs riffilskýlis á árinu 2013 ef allt gengur eftir vönum.

Mót voru haldin þó nokkur á árinu og er gaman að því að áhugi manna er að aukast í þeim efnum í félaginu þá ekki síst í riffilkeppni.

Í riffilgreinum voru haldin eftirfarandi mót:

22cal þríþraut, sigurvegari var Emil Haraldsson.

Refurinn stór caliber, sigurvegari var Emil Haraldsson.

Veiðiriffilamót SFS þríþraut, sigurvegari var Emil Haraldsson.



Gæsin blandað rifill/haglabýssa, sigurvegari Ingimundur Sigurmundsson.

Í haglabýssugreinum voru haldin 2 STÍ mót og voru sigurvegarar í þeim Hákon Þ. Svavarsson og Sigurbór Jóhannesson.

Okkar maður í SFS Hákon Þór Svavarsson náði þeim frábæra árangri að verða bikarmeistari hjá Skotíþróttasambandi Íslands.

F.h. SFS
Valdimar S. Þórisson



Unnið að framkvæmdum á svæði félagsins á Rangárvöllum.

Skotíþróttafélagið Skyttur



Stjórn félagsins skipa:

Guðmar Jón Tómasson, formaður
Guðni RK Vilhjálmsson, gjaldkeri
Magnús Ragnarsson, ritari
Jón Þorsteinsson, varaformaður
Haraldur Gunnar Helgason, meðstjórnandi
Kristinn Valur Harðarsson, varamaður
Árni Páll Jóhannsson, varamaður

Aðalfundur var haldinn 23. febrúar 2012 en 19 manns mættu á hann. Lagabreytingar voru samþykktar til að ganga að fullu í HSK. Ákvörðun um kaup á félagshúsi.

Mikið gerðist í framkvæmdum á æfingasvæðinu þetta árið. Varð rifillbraut tilbúin til æfinga. Mikil vinna var lögð í að byggja skeet völl og er hann langt komin. Keypti félagið félagshús og er það komið á svæðið. Mikil umferð hefur verið á svæðið í sumar og félagsmönnum fjölgað. Ekki voru haldin mót í sumar og mestur tími hefur farið í að byggja upp á svæðinu

Í ár er stefnt að því að opna skeet völl til að hægt verði að stunda haglabýssugreinar. Jafnframt er stefnt að því að opna 50 og 100 metra rifillbrautir fyrir litla riffla og klára 300 metra rifillbraut fyrir stóra riffla. Ef allt gengur eftir verður mót haldið í sumar í 300 metra riffli. Stefnt er á miklar framkvæmdir á svæðinu og bætingu á aðstöðu, m.a. með tilkomu rafmagns á svæðið.

F.h. Skotfélagsins Skyttur
Magnús Ragnarsson

Torfærklúbbur Suðurlands



Stjórn Torfærklúbbs Suðurlands er eftirfarandi:

Formaður: Erla Jóhannsdóttir
Gjaldkeri: Atli Már Hreggviðsson



Sígfús Gunnar Benediktsson sýnir flott tilþrif á Hlunknum í keppni klúbbsins, Skipalyftutorfærinni, sem haldin var 7. júlí 2012.

Ritari: Leó Viðar Björnsson
Meðstjórnendur: Dagbjartur Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Aðalfundur TKS vegna starfsársins 2011 var haldinn 25. febrúar. Á fundinum varð breyting á stjórn. Erla Jóhannsdóttir var kosin formaður og Leó Viðar Björnsson ritari. Skráðir félagsmenn voru 64 og hefur farið sífjöldandi með bættu félagsstarfi og fleiri keppnum. Samkomur mánaðarlega á vegum klúbbsins, jeppaferð TKS, peysur merktar með logo klúbbsins ásamt torfærubíl, virk síða á Facebook og fleira eru dæmi um nýjungar í félagsstarfi TKS á árinu 2012. Lengi má þó gera betur í þessum málum og hafa til dæmis verið hugmyndir um að opna sérstaka heimasíðu klúbbsins og að hafa sérstakt lokahóf TKS fljótlega eftir lok keppnistímabils árið 2013 með tilnefningum um akstursíþróttamann TKS svo dæmi sé tekið. Ljóst er að mikil uppbygging hefur verið í klúbbum 2012 og vonandi heldur hann áfram að vaxa og dafna með hjálp góðviljaðra manna og frábærra félagsmanna sem ávallt eru tilbúnir til að leggja til vinnu sína fyrir ekki meira en klapp á bakið.

TKS tók einnig þátt í stofnun sérsambands innan ÍSí fyrir jól og erum miklar vonir bundnar við það og er það okkar von að akstursíþróttir á Íslandi fái að dafna undir stjórn þessa sambands eftir nokkur erfið ár.

Klúbburinn hélt tvær stórar keppnir á árinu. Skipalyftutorfæran var haldin 7. júlí í Vestmannaeyjum í samstarfi við Björgunarfélag Vestmannaeyja. 22 keppendur voru skráðir til leiks en á keppnisdegi var sú tala komin í 20 keppendur vegna bilana í bílum sem ekki náðist að gera við. Ekki hefur annar eins fjöldi keppenda skráð sig og mætt til keppni í mörg ár og því ekki laust við að mikill spenningur hafi verið fyrir keppninni. Keppnin fór þannig að fyrrum Eyjapeyinn Árni Kópsson sigraði flokki sérútbúinna bíla á Heimasætunni og Ívar Guðmundsson flokk götubíla á Kölska. Báðir keppa þeir undir merkjum TKS. Áhorfendur voru á bilinu 400-500 og voru þeir ekki sviknir eftir þessa tilþrifaveislu sem var á Skipalyftutorfærinni. Ekki hefur verið haldin keppni í Eyjum síðan 1984 svo að löngu var kominn tími á að Eyjamenn fengju keppni til sín.

Um verslunarmannahelgina hélt klúbburinn traktortorsfærukeppni á Flúðum og var hún haldin í samstarfi við Fögrusteina, Landtak, LímtréVínnet og Foldveg. Keppendur voru 11 talsins, þar af tveir á einum traktornum, en þetta er með fleiri keppendum sem hafa verið frá upphafi traktorstorfærunnar. Helgi Jónsson frá Svinavatni stóð uppi sem sigurvegari á David Brown þetta árið og Guðmundur Helgi Gíslason á Zetor fékk tilþrifaverðlaunin. Keppnin fór fram í blíðskaparveðri og mættu á bilinu 5-6000 manns sem skemmtu sér vel yfir tilþrifum ökumanna. Frítt var inn á þessa skemmtun klúbbsins.

Viljum við þakka félagsmönnum okkar og öðrum áhugamönnum um akstursíþróttir kærlega fyrir samstarfið á árinu.

Fyrir hönd Torfærklúbbs Suðurlands
Erla Jóhannsdóttir, formaður.



UBH

Aðalfundur félagsins fór fram 30. des. 2012. Í stjórn eru:

Formaður: Guðmann Óskar Magnússon
Gjaldkeri: María Rósa Einarisdóttir
Ritari: Ólafur Elí Magnússon
Varamaður: Helgi Jens Hlíðdal
Varamaður: Jón Gísli Harðarson



UBH heldur ekki utanum íþróttastarfsemi eftir að Íþróttafélagið Dímon var stofnað og tók það yfir, en félagið er stuðningsaðili Dímonar.

Fyrir hönd félagsins
Guðmann Óskar Magnússon



Stjórn Umf. Ásahrepps 2012.

Umf. Ásahrepps

Miðvikudaginn 15. febrúar 2012 hélt Ungmennafélag Ásahrepps aðalfund eftir að hafa legið í dvala í 13 ár, en aðalfundur hafði ekki verið haldinn í félaginu síðan 1999. Vel var mætt á fundinn enda stóð í fundarboði að kjósa skyldi nýja stjórn eða leggja félagið formlega niður. Hugur var í mönnum og gáfu þó nokkrir kost á sér til að rífa félagið upp og reyna fyrst og fremst að finna einhvern rekstrargrundvöll fyrir félagsheimili félagsins Ásgarð sem staðsett er í Ási í Ásahreppi. Í stjórn voru kosnir:

Jakob S. Þórarinnsson, formaður
Pétur Einarsson, gjaldkeri
Hulda Brynjólfssdóttir, ritari
Brynja Ólafsdóttir, varastjórn
Einar Þórarinnsson, varastjórn
Fanney Björg Karlsdóttir, varastjórn

Stjórn hittist fljótlega og hélt fund um hvað þyrfti að gera fyrir húsið. Húsið er nokkuð illa farið og þarfnast viðgerða, auk þess að stækka þarf og bæta eldhúsaðstöðu ef það á að vera hægt að leigja það út. Eins er aðkoma að húsinu ekki mjög aðlaðandi og þarf að snyrta í kring um innganginn. Ákveðið var að tala við alla sem koma að leyfisveitingum við rekstur félagsheimila og athuga hvað þurfi að gera til að húsið geti farið að afla tekna og einnig að fá mat á því frá fagaðila hvað slíkar aðgerðir muni kosta. Þá var farið yfir hugmyndir um hvað mætti gera þegar lágmarksaðgerðum væri lokið. Komu margar áhugaverðar upplýsingar, en einnig hugmynd um að leita til íbúa eftir ábendingum um nýtingu þess.

Því miður hafa ýmsir hlutir orðið til þess að lítið hefur gerst síðan og hefur helst strandað á að fá svör frá úttektaraðilanum og finna nýjan þegar ljóst var að sá fyrri myndi ekki skila neinu. Málið er því í biðstöðu, en enn er hugur í stjórn að gefa húsinu andlitslyftingu og reyna að vekja upp starfssemi í því. Síðasti stjórnarfundur var haldinn 25. nóvember 2012.

f.h. stjórnar, Hulda Brynjólfssdóttir



Verðlaunahafar Umf. Baldurs.

Umf. Baldur



Í stjórn árið 2012 sitja:

Baldur Gauti Tryggvason, formaður
Rúnar Hjálmarsson, varaformaður
Elín Magnúsdóttir, ritari
Svanhvit Hermannsdóttir, gjaldkeri
Guðmundur Bjarnason, meðstjórnandi
Ágúst Hjálmarsson, varamaður
Einar Magnússon, varamaður

Árið hefur verið nokkuð hefðbundið. Það hófst með því að aðalfundur félagsins var haldinn að kvöldi 4. janúar en sú nýbreytni var tekin upp að halda kvöldfund, þar sem boðið var uppá sýningu á gömlum þorablótsannál og pizzu að borða. Það heppnaðist ljómandi vel og var mæting á aðalfundinn með ágætum í fyrsta skipti í þónokkur ár. Að öðru leyti fór janúar mest í það að skipuleggja þorablótið sívinsæla sem haldið var þann 28. janúar í Þingborg og heppnaðist gríðarvel að þessu sinni. Í mars var samningur við Flóahrepp um styrki handa ungmennafélögunum endurnýjaður með örlitlum breytingum frá fyrri samningi. Helsta breytingin er þó sú að í stað þess að ungmennafélögin sjái um að dreifa styrkjum til félagsmanna og annarra umsækjenda, tók Flóahreppur upp svokallað hvatagreiðslukerfi sem felst í því að hægt er að sækja um styrki til íþrótt- og tómstunda til Flóahrepps 2svar sinnum á ári eftir reglum sem sveitarfélagið setti sér og hægt er að finna á heimsíðu þess.

Umf. Baldur tók þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfossi síðastliðið sumar og lögðum við til nokkra sjálfbæðaliða sem störfuðu við mótið og öfluðu um leið tekna fyrir félagið. Alls voru lagðar fram 72,5 vinnustundir sem skilaði félaginu rúmlega 56 þúsund krónum. Sama fyrirkomulag verður við Landsmót UMFÍ sem haldið verður næsta sumar, einnig á Selfossi. Vonumst við til þess að við fáum fleiri til starfa fyrir okkur á því móti og þar með einhverjum peningum til okkar.

Umf. Baldur tók þátt í hverskyns mótum á vegum HSK á árinu s.s. frjálsíþróttamótum og Héraðsmóti HSK í handbolta karla sem haldið var undir lok ársins. Þá áttum við einnig keppendur á Íslands- og meistaramótum á vegum FRÍ. Keppt var áfram undir sameinuðu merki Þjótanda með nágrönnum okkar í Samhygd og Vöku. Það samstarf er ávallt að eflast og verða betra og erum við að nálgast miklu stærri félög í þeim samanburði þegar kemur að stigastöfnun á einstökum mótum. Þá voru þessi hefðbundnu mót s.s. Þingborgarmót og Flóamót haldin á árinu, Þingborgarmótið á hefðbundnum degi eða 1. maí og Flóamótið var haldið í lok ágúst í mikilli rigningu og héldu sumir að syndaflóðið væri byrjað enda var á sama tíma verið að taka upp Hollywood stórmynd á Suðurlandi um Nóa og örkina hans. Allt hafðist það þrátt fyrir mikla úrkomu, þó svo árangur keppenda hafi stundum verið betri.

Áveitan var gefin út mánaðarlega í samstarfi við Samhygd, Vöku og Flóahrepp. Nauðsynlegt er fyrir bæði ungmennafélögin og sveitarfélagið sem og önnur félög innansveitar að hafa öflugan miðil til



að dreifa fréttum af liðandi stundu, þar kemur Áveitan sterk inn og hefur á þeim árum sem hún hefur verið gefin út sannað sig sem gott málagn félaga og sveitarfélagsins. Stjórnarfundir hafa verið haldnir nokkurn veginn mánaðarlega yfir vetrarmánuðina en minna ber á fundum á sumrin. Í fyrsta skipti í fjöldamörg á, slepptum við að halda vorfund.

Að lokum vill stjórn Umf. Baldurs þakka öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum fyrir árið og vonar að komandi ár verði öllum gott.

**F.h. hönd stjórnar Umf. Baldurs
Baldur Gauti Tryggvason, formaður**



Úr leiksýningunni Klerkar í klípu.

Umf. Biskupstungna

Stjórn félagsins skipa:

Helgi Kjartansson, formaður
Ingibjörg Sigurjónsdóttir, gjaldkeri
Steinn Lilja Heiðarsdóttir, ritari
Dagný Rut Grétarsdóttir, varastjórn
Oddur Bjarni Bjarnason, varastjórn



Starf félagsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2012. Aðalfundur félagsins var haldinn 15. mars í Aratungu. Stjórn félagsins var öll endurkjörin. Óhætt er að segja að þetta hafi verið tímamótafundur því samþykkt var að hefja ritun á sögu félagsins. Stjórn félagsins var falið að finna einstakling til að skrifa söguna og að skipa ritnefnd sem hefði umsjón með verkinu. Það var svo 2. apríl sem skrifað var undir samning við Jón M. Ívarsson, sagnfræðing, um að taka verkið að sér. Söguritin gekk vel á árinu og um áramót var búið að skrifa nánast allt handritið. Stefnt er á að bókin sem verður um 250 bls. komi út sumardaginn fyrsta 2013 á 105 ára afmæli félagsins.

Leikdeild félagsins stóð í stórræðum á árinu og setti upp leikritið Klerkar í klípu eftir Philip King í leikstjórn Gunnars B. Guðmundssonar. Sýningar tókust mjög vel en leikritið var sýnt 12 sinnum og áhorfendur voru um 900. Mikil vinna liggur að baki uppsetningu á leikverki sem þessu og er aðdáunarvert að fylgjast með öllu því fólki sem leggur þessa vinnu á sig svo úr verði skemmtun sem lengi verður í minnum höfð.

Ritnefnd félagsins gaf út tvö blöð af málagn félagsins Litla – Bergþóri á árinu. Blöðin voru fróðleg, skemmtileg og fjölbreytt að vanda. Stjórn félagsins samdi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um að mynda/skanna öll eintök af Litla-Bergþóri frá upphafi en fyrsta blaðið kom út 1980. Nú eru öll tölublaðin geymd og varðveitt hjá safninu og er m.a. hægt að nálgast öll blöðin á www.timarit.is án endurgjalds. Stjórn félagsins er stolt af því að hafa farið í þetta verkefni því þarna er mikill fróðleikur um mannlíf í Tungunum gerður aðgengilegur með einföldum hætti. Til að hægt væri að ráðst í þetta verkefni þurfti góða bakhjarla en Verkefnasjóður HSK og Menningarráð Suðurlands styrktu félagið myndarlega.

Íþróttadeildin hélt úti öflugum íþróttastarfi að vanda. Þær

íþróttgreinar sem æfðar voru eru: fimleikar, glíma, körfubolti, knattspyrna, handbolti, frjálsar íþróttir, skólahreysti og íþróttaskóli. Samstarf var á árinu við Hrunamenn í knattspyrnu og körfubolta. Þetta samstarf þarf að styrkja og þróa með tímanum. Sundnámskeið var haldið í maí fyrir yngstu börnin sem var vel sótt. Guðbjörg Bjarnadóttir sá um námskeiðið eins og undanfarin ár og er mikil ánægja með hennar störf.

Skógræktarnefnd félagsins sá um að útbúa göngustíg í skógræktarreit félagsins í landi Heiðar. Stefna félagsins er að gera reiti félagsins aðgengilegri almenningi og er reiturinn við Tungnaréttir sem helst er horft til í því sambandi.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim sem tóku þátt í starfi félagsins á árinu með einhverjum hætti kærlega fyrir þeirra framlag.

**Fyrir hönd Ungmennafélags Biskupstungna
Helgi Kjartansson, formaður**

Umf. Dagsbrún



Árið í fyrra var með hefðbundnu sniði og ein breyting var á stjórn félagsins. Hildur Ragnarsdóttir kom inn sem ritari fyrir Gunnhildi Jóhannsdóttur. Núverandi stjórn er þá skipuð þannig og samþykkt á síðasta aðalfundi 29. mars 2012:

Jón Óskar Björgvinsson, formaður
Hlín Albertsdóttir, gjaldkeri
Hildur Ragnarsdóttir, ritari

Starf ungmennafélagsins snýst um nokkra árlega viðburði í Austur Landeyjum, þorablót, skótuveislu og jólaball fyrir börn og fullorðna. Þorablótið var 21. janúar í Gunnarshólma og tókst vel til. Árlega er kosin 11 manna skemmtinefnd sem sér um skemmtun og aðra aðstoð við þorablótið. 200 manns mættu og fór blótið vel fram.

Um sumarið tóku vaskir ungmennafélagar ásamt konum úr Kvenfélaginu Freyju sig til og undirbjuggu og gróðursettu trjáplöntur til að mynda betri aðstöðu fyrir tjaldsvæði í túninu við Gunnarshólma.

Skótuveisla var haldin í Gunnarshólma á Þorláksmessu og er þessi nokkurra ára siður orðin stór og góður viðburður fyrir okkur sveitunga. Í ár mættu um 80 fullorðnir ásamt 20 börnum og gæddi fólk sér á skótu og saltfisk í góðum félagskap.

Jólaball fyrir börn og fullorðna var haldið 27. desember og mættu um 40 börn og fullorðnir á þessa fjölskylduskemmtun.

Þetta er allt það helsta úr starfi félagsins 2012.

**Fyrir hönd stjórnarinnar
Jón Óskar Björgvinsson**

Umf. Eyfellingur



Stjórn:

Sigurgeir L. Ingólfsson, formaður
Magdalena K. Jónsdóttir, gjaldkeri
Helga Haraldsdóttir, ritari

Starf félagsins var með mjög hefðbundnum hætti á árinu. 17. júní var haldinn hátíðlegur í samstarfi við kvenfélagið að venju. Seljavallalaug var hreinsuð og mokað úr henni fókösku síðsumars. Árið var svo restað með aðalfundi þar sem línur næsta árs voru lagðar.

**Með ungmennafélagskveðju
Sigurgeir L. Ingólfsson formaður**



Karlið félagssins í körfuknattleik tekur þátt í utandeildarkeppninni í vetur.

Umf. Eyrarbakka

Starfsemin á ströndinni hefur gengið vel og þátttakan í blóma. Stjórnin er sú sama og í fyrra:

Ívar Örn Gíslason, formaður
Helga Kristín Böðvarsdóttir, gjaldkeri
Karen Dröfn Hafþórsdóttir, ritari
Halla Guðlaug Emilsdóttir, meðstjórnandi
Jessica Dahlgren, meðstjórnandi
Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, meðstjórnandi



Í íþrótt- og félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka eru æfingar í fótbolta, badminton, körfubolta og jóga. Í vor heimsóttum við Þorlákshöfn þar sem keppt var á HSK mótnu í badminton sem lauk með sigri formannsins í einliðaleik karla undir 40 ára. Í haust tóku 8 unglingar þátt, fyrir hönd félagsins, í badmintonmóti í undir 15 ára flokki í Hafnarfirði. Krakkarnir stóðu sig vel og ferðin var öllum góð skemmtun.

Í fótbolta fóru 20 krakkar í yngri boltanum á Lýsismótið í Þorlákshöfn og stóðu sig með þrýði, unnu alla leikina nema eitt jafntefli.

Vorslútt UMFE var vel sótt af þátttakendum, vinum og fjölskyldum í sól og bliðu með grilli og söng fyrir utan Stað í maí. Önnur starfsemi félagsins var jólatrésskemmtunin þar sem kveikt var á jólatrénu við Álfstétt, sungið og dansað í kringum tréð ásamt jólasveinunum. Félagsvist var í Alpanhúsinu með góðfúslegu leyfi félags eldri borgara. Hóphlaupið var vel sótt og þess má geta að það var metþátttaka í fyrsta hlaupinu, alls 90 manns á öllum aldri og verðlaun voru afhent samkvæmt venju á 17. júní hátíð Kvenfélags Eyrarbakka.

Ekki má gleyma hinu árlega bingói félagsins þar sem aðalvinningurinn var flugmiði fyrir tvo til Evrópu í boði Iceland Express. Bingóið var haldið og mætingin var framar vonum þar sem fullt var út að dyrum, veitingar og alls kyns vinningar í boði, þökk sé henni Emmu Ósk Magnúsdóttur sem lagði á sig mikla vinnu við að safna vinningum.

Bryddað var upp á nýjung og þar sem reynt var að koma til móts við ungu kynslóðina með Playstationmóti, þar sem keppt var í FIFA2013. 27 unglingar skráðu sig til leiks með sína eigin farstýringu að heiman. Sigurvegarinn fékk nýja FIFA'13 leikinn, sem var í boði Senu hf.

Körfuboltadeild UMFE tók til starfa í apríl 2012 þegar hópur af ungum drengjum sem æfðu körfubolta ákváðu að ganga í UMFE til að taka þátt í héraðsmótum og öðrum keppnum.

Fyrsta mót meistaraflokks var Héraðsmót HSK í maí þar sem liðið lenti í 4. sæti. Eftir þetta mót fóru hjólin að snúast, ákveðið var að halda liðinu gangandi og var farið í að splæsa í búninga. Búningarnir voru greiddir alfarið af styrktaraðilum það er að segja Icelandic Water Holdings, Arion banka og Íslandsbanka. Um haustið var yngri flokkum komið á laggirnar. Þar er æft í tveimur flokkum 4. til 7. bekkur og 8. til 10. bekkur. Æfa hátt í 20 krakkar körfubolta og er áhuginn mikill.

KKÍ hreifst svo af starfinu sem verið var að koma upp á Eyrarbakka að þeir gáfu 10 bolta til styrktar og uppbyggingar körfuboltastarfinu ásamt því að gera UMFE að aðildarfélagi KKÍ.

Meistaraflokkur ákvað að gera meira en að æfa bara fram að héraðsmóti og var ákveðið að taka þátt í Utandeild Breiðabliks. Fær liðið þá 6 leiki yfir tímabilið og voru þrír leikir leiknir fyrir áramót og verða leiknir þrír eftir áramót.

2012 er bara hornsteinn í endurvakningu körfuboltadeildarinnar og á næstu árum er ætlað að hún blómstri og stækki en meira. Núna á næstunni er planið að koma yngri krökkunum á mót og leyfa þeim að spila svolítið.

Félagið gerði sitt besta til að afla fjár og seldi jólapappír og eplakökur við góðar viðtökur Eyrbekkinga. Finnur Kristjánsson eigandi Vesturbúðar, hjálpaði til við að selja nýja UMFE búninga frá Jako. Einnig fékk félagið styrk frá kvenfélaginu upp á 100.000 kr. sem er heilmikil viðurkenning. Einn liður í þjónustusamningi félagsins við Árborg hljóðar upp á 150.000 kr. styrk árlega.

Aðalfundur félagsins var haldinn í byrjun þessa árs og áður nefndir stjórnarmeðlimir mættu ásamt Óla Vali Péturssyni, sem er formaður og þjálfari körfuboltadeildarinnar. Óli Valur hefur heldur betur lagt sitt af mörkum til eflingar félagsins og gott betur. M.a. landaði Óli Valur samningi við Skeljung þar sem félagið fær m.a. ágóða af hverjum seldum bensínlítra með notkun Orku-lykla. Þá ákvað ÍSÍ að verða við ósk Óla Vals og styrkja körfuboltadeildina um 100.000 kr.

Ívar Örn Gíslason formaður UMFE
Óli Valur Pétursson, formaður körfuboltadeildar



Þátttakendur á Zumba námskeiði félagsins.



Umf. Framtíðin

Aðalfundur var haldinn 18. janúar 2012. Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Brynja Rúnarsdóttir
Ritari: Lilja Guðnadóttir
Gjaldkeri: Birna Guðjónsdóttir
Meðstjórnendur: Hrefna Huld Helgadóttir
Hjördís Rut Albertsdóttir

Við vorum með boltakvöld á vorönninni, þjálfari var Guðni Sighvatsson. Við fengum hóp frá fimleikadeild Selfoss til að koma til okkar í tvö skipti og einnig buðum við upp á Zumba. Við fengum Gabriellu Oddsdóttur til að kenna zumba núna í haust og núna eru mömmurnar með. Félagið stóð fyrir 17. júní hátíðarhöldum ásamt Kvenfélaginu Sigurvon.

Helstu fjáraflarir: Seldum kerti og blóm núna fyrir jólin, flokkuðum umbúðir af drykkjarvörum eftir karöfluball í Þykkvabænum og fengum ágóðann af umbúðunum.

Félagið styrkti Nínu Jenný Kristjánsdóttur sem fór tvær ferðir erlendis með U-16 landsliðinu í körfubolta.

Æfingagallar félagsins voru endurnýjaðir, Sölufélag



garðyrkjumanna, Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar og Kvenfélagið Sigurvon styrktu okkur.

Fjölskylduferð til Vestmannaeyja var farin í byrjun október sem heppnaðist mjög vel, fengum Árna Johnsen sem leiðsögumann.

Birna Guðjónsdóttir

Umf. Hekla



Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 25. apríl 2012 í Grunnskólanum á Hellu. Á fundinn mættu á milli 15 og 20 manns. Miklar umræður voru á fundinum um starf félagsins og þá aðallega hversu erfitt væri að fá þjálfara til starfa. Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Hulda Karlsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir komu nýjar inn í stjórnina fyrir Brynju Garðasdóttur og Olgu Mörk Valsdóttur og er stjórn Umf. Heklu skipuð eftirfarandi aðilum:

Formaður: Guðmundur Jónasson
Varaformaður: Guðríður Tómasdóttir
Gjaldkeri: Hulda Karlsdóttir
Ritari: Heiðrún Ólafsdóttir
Meðstjórnandi: Ásgeir Jónsson
Varamaður: Erna Sigurðardóttir
Varamaður: Guðbjörg Arnardóttir

Helstu atriði úr starfsemi félagsins 2012:

Um 20 krakkar á grunnskólaaldri iðka körfubolta yfir veturinn tvisvar sinnum í viku í íþróttamiðstöðinni á Hellu. Félagið tók þátt í Íslandsmóti KKÍ á fyrri hluta ársins í 10. flokki stráka. Farið var með tvö lið á minniboltamót í Reykjanesbæ um miðjan mars. Einnig tókum við þátt í Héraðsmóti HSK í flestum flokkum. Körfuboltahátíð, sem jafnframt var lokahólf eftir vetrarstarfið, var haldin um miðjan maí í íþróttamiðstöðinni á Hellu. Keppt var í „streetball“ þar sem lið voru skipuð bæði foreldrum og krökkum. Í lokin var boðið upp á pizzur. Mæting var góð og tókst hátíðin vel. Meistaraflokkur karla tók þátt í annarri deild KKÍ og lenti þar í fimmta sæti í sínum riðli.

Leikjánaðmskeið var haldið í júní í samvinnu við sveitarfélagið. Að venju stóð það yfir í 3 vikur í júní og síðan var bætt við 2 vikum í ágúst. Þátttakendur voru um 50 talsins þegar mest var og var almenn ánægja með námskeiðið meðal barna og foreldra. Námskeiðið var styrkt af sveitarfélaginu sem gerði það að verkum að hægt var að lækka þátttökugjöldin verulega. Umsjónarmenn voru Þórunn Inga Guðnadóttir og Andri Björnsson.

Frjálsíþróttamót var haldið í apríl fyrir krakka 10 ára og yngri í íþróttahúsinu á Hellu þar sem krökkum í sýslunni var boðin þátttaka og heppnaðist það vel. Krakkar frá Heklu fóru á Héraðsleika HSK innanhúss 10 ára og yngri á Hvolsvelli í byrjun mars. Einnig var haldið Rangæingamót fyrir 10 ára og yngri í samvinnu við Dímon og Garp á Hellu í desember. Haldið var úti frjálsíþróttæfingum á íþróttavellinum í sumar þar sem mæting var oftast nær þökkaleg og á köflum góð. Í haust fór meistaraflokkslið kvenna í blaki að keppa undir merkjum Heklu og Dímonar.

Hekla stóð fyrir Rangæingamóti í skák 16 ára og yngri á Hellu í endan á nóvember þar sem mættu um 40 þátttakendur frá Heklu og Dímoni. Sameiginleg sveit Heklu og Dímonar varð í 3. sæti á Héraðsmóti HSK í skák fullorðinna í nóvember. Tíu krakkar mættu á Héraðsmót HSK í borðtennis sem haldið var á Hvolsvelli í október, einnig mættu margir krakkar á borðtennismót sem Dímon stóð fyrir á Hellu í október. Sjö krakkar mættu á Héraðsmót HSK í sundi í sundhöllinni á Selfossi í nóvember.

Á Töðugjöldum um miðjan ágúst stóð félagið fyrir Héraðsmóti HSK í starfsíþróttum, þar sem keppt var í pönnukökubakstri, dráttavélaakstri, fuglagreiningu og jurtagreiningu. Þátttakendur voru rúmlega 30 talsins og sigraði Hekla stigakeppni mótsins.

Umf. Hekla kom að skipulagningu á samfelli skólstarfs og íþróttar frá og með haustinu fyrir nemendur í 5.-10. bekk, á mánudögum og miðvikudögum milli kl. 15.-17. Í samfelli var félagið með körfubolta, frjálsar íþróttir, sund og hreytti. Þátttakendur voru rétt um



Leifur Bjarki Björnsson Heklu vann dráttavélaaksturinn á héraðsmótinu í starfsíþróttum sem haldið var á Hellu.

50 talsins. Þá hafa í tengslum við samfellustarfið verið í gangi sundæfingar fyrir krakka í 5.-10. bekk sem og æfingar fyrir þessa krakka í körfubolta fyrir utan samfelli.

Taekwondo æfingar í samvinnu við Taekwondo deild Umf. Selfoss voru í gangi á árinu. Æft er tvisvar í viku og er hópnum skipt í tvennt; 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Kennarar hafa aðallega verið Daníel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir. Um 35 krakkar og fullorðnir hafa verið að mæta að jafnaði og hefur þetta gengið mjög vel. Fóru krakkarnir í tvö beltapróf á árinu og á 3 mót.

Félagið stendur fyrir opnu húsi í íþróttahúsinu á Hellu á föstudögum frá kl. 16-18 þar sem börnum og foreldrum þeirra er boðið að koma og stunda íþróttir saman. Mikil ánægja er með þessa tíma og stöðug og góð mæting í þá eða á bilinu 20-40 manns hverju sinni. Félagið stóð fyrir fjölskyldugöngu annan í hvítasunnu þar sem gengið var niður með Ytri-Rangá að Ægissíðufossi. Þar mættu 20 manns í blíðskaparveðri og tíndu rusl á gönguleiðinni. Gangan endaði í Café Árhúsum þar sem eigendur buðu upp á hressingu.

Félagið sá um framkvæmd á Kvennahlaupi ÍSÍ á Hellu og var þátttaka góð, tæplega 100 konur. Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Einnig eru leigð út bingóspjöld.

Félagsmenn í Umf. Heklu eru um 520 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri. Á árinu styrkti félagið foreldrafélag leikskólans á Hellu um 10.000 kr til tækjakaupa. Einnig styrkti félagið meistaraflokk Umf. Heklu í körfubolta um 130.000 kr. Félagið var með 4 starfsmenn á unglingalandsmótinu á Selfossi í sumar.

Umf. Hrunamanna



Starf UMFH á árinu 2012 tók ekki miklum breytingum milli ára. Boðað var til aðalfundar félagsins þann 25. mars, á honum var þáverandi stjórn endurkjörin og er hún því eftirfarandi:

Formaður: Kristján Geir Guðmundsson
Gjaldkeri: Árni Þór Hilmarsson
Ritari: Halldóra Hjörleifsdóttir
Meðstjórnendur: Samúel U. Eyjólfsson
Jón Viðar Finnsson
Óskar Rafn Emilsson

Á fundinum voru samþykktar nýjar siðareglur fyrir félagið, fulltrúi UMFH á HSK þingi flutti skýrslu og fjallað var um nokkur mál er snúa að samstarfi UMFH og Hrunamannahrepps. Fundi var síðan slitið eftir miklar og góðar umræður um starfið í heild sinni.

Starfið innan deilda félagsins gekk vel og verður hér stiklað á stóru yfir það helsta. Innan blakdeilda starfa eingöngu meistaraflokkar. Karlaliðið heldur velli sem eitt öflugasta lið Suðurlands. Sami kjarni er í liðinu og undanfarin ár og setja brottfluttur leikmenn liðsins það ekki fyrir sig að keyra langar vegalengdir til þess að geta tekið þátt í æfingum og leikjum. Kvinnaliðið hélt áfram að eflast og stór hópur



kvenna æfir nú tvisvar sinnum í viku undir leiðsögn þjálfara. Stelpurnar tóku þátt í sínum fyrstu mótum og horfa með björtum augum fram á veginn. Blakdeildin stóð fyrir skemmtilegum strandblaksmótum sl. sumar enda aðstaða til strandblaksiðkunar á Flúðum mjög góðar. Æ fleiri iðkendur deildarinnar eru farnir að nýta sér strandblaksvöllinn yfir sumartímann og er það vel.

Bríddsdeildin sinnir bríddsfólkinu vel. Góður hópur manna og kvenna á besta aldri hittist einu sinni í viku yfir vetrartímann og spilar af kappi. Þá eru haldin mót á vegum deildarinnar auk þess sem félagar taka þátt í öðrum mótum.

Á vorönn var starf fimleikadeildar í góðum farvegi. Tók félagið þátt í ýmsum mótum og var árangur góður. Því miður þurfti deildin að sjá á eftir öflugum þjálfara og gekk illa að ráða eftirmann. Því var starf fimleikadeildar með minna móti en oft áður á haustönninni, en þó var boðið upp á æfingar fyrir allra yngstu börnin.

Frjálsar íþróttir hafa komið sterkar inn í starf ungmennafélagsins eftir dvala undanfarin ár. Ákveðið var að bjóða upp á æfingar sl. vetur og hefur áhuginn fyrir íþróttinni farið vaxandi. Nú í vetur hafa fjölmörg börn og unglingar stundað æfingar reglulega. Frjálsíþróttadeildin hélt sitt árlega páskamót sem þykir orðið sjálfsagður hlutur. Það er þó ekki svo og þeim heiðursþjónum Eiríki Ágústssyni og Olgu Guðmundsdóttur verður seint fullþakkað fyrir þeirra framlag með því að halda mótið árlega.

Knattspyrnadeildin hélt sínu striki og vel það. Sl. sumar tóku yngri flokkar af báðum kynjum þátt í Íslandsmótum og þá fóru yngstu iðkendurnir á hin og þessi mót sem haldin eru af félögum vítt og breitt um landið. Með batnandi samgöngum hafa nærsveitungar séð hag í að sækja æfingar á Flúðir og er það eingöngu af hinu góða. Með því móti verða liðin æ öflugri og starfið viðameira. Knattspyrnadeildin fjárfesti í nýjum mörkum fyrir 7 manna lið sl. sumar og munu þau nýstast vel í framtíðinni. Markvisst hefur verið unnið í því að bæta grasvöllinn en óhætt er að segja að hann hafi verið í sínu besta standi sl. sumar.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram sínu öfluga starfi. Liðið tefldi fram fjölmörgum liðum í Íslands- og bikarmótum yngri flokka. Þá fóru einnig yngstu iðkendur félagsins á nokkur minniboltamót sem hin og þessi félög halda. Nokkrir leikmenn voru valdir til æfinga með landsliðum og einnig í afreksbúðir KKÍ. Ekki tefldi félagið fram meistaraflokkum þetta árið vegna manneklu, en vonandi liður ekki of langur tími þar til hægt verður að bæta úr því.

Eftir þennan lestur má sjá að starfið er í miklum blóma. Það hefur sýnt sig að íþróttahúsið hér á Flúðum er of lítið og það fylgir skýrslunni, þetta árið sem fyrr, að það er löngu orðið tímabært að hefja framkvæmdir á stækkun þess.

Kristján Geir Guðmundsson

Umf. Hvöt

Aðalfundur Ungmennafélagsins var haldinn 12. desember 2012. Guðmundur Jóhannesson ákvað að segja af sér sem formaður en við því embætti tók Antonía Helga Guðmundsdóttir. Þakkar ungmennafélagið Guðmundi fyrir vel unnin störf. Í stjórn eru:

Antonía Helga Guðmundsdóttir, formaður
Hörður Óli Guðmundsson, gjaldkeri
Guðgeir Gunnarsson, ritari



Eins og vant er hófst árið með hinu árlega þorablóti félagsins 27. janúar. Haldnar voru körfuboltaæfingar og blakæfingar tvisvar í viku yfir vetrartímann. Einnig voru haldin Zumba námskeið í nafni Hvatar. Fótvoltaæfingar voru haldnar yfir sumartímann fyrir krakkana. Sviðaveislan var svo haldin 9. nóvember í Miðengi í samstarfi við ábúendur en veislan var vel sótt þetta árið. Félagið styrkti Brú til borgar sem sér um árlega menningarviðburði sem tengjast Grímsnesinu. Blakkonurnar kepptu á 7 mótum en þau voru: HK trim, Þorramót Aftureldingar, Kjörís, Öldungur og tvö HSK mót.



B-lið Hvatar á héraðsmóti kvenna í blaki.



Leikskólabörn á Laugalandi náðu í jólatré í skógræktarreit félagsins.

Umf. Ingólfur



Starf félagsins var með minna móti þetta árið. Margrét Þórðardóttir mætti sem fulltrúi á 90. héraðsþing í Brautarholti þann 10. mars.

Leikjanámskeið var haldið að Laugalandi í samstarfi við Umf. Ásahrepp og Umf. Merkiðhol undir leiðsögn Guðna Sighvatssonar í 9 daga frá 5. -15. júní. Mæting var góð eins og alltaf hefur verið.

Á jólaðöfundum fóru börn og starfsfólk leikskólans á Laugalandi og hjuggu sér jólatré í skógarreit Umf. Ingólfs upp á Kampsheiði. Var þetta hinn besta skemmtiferð og verður vonandi gert að árlegri hefð því ekki er vanþörf á að grísa skóginn.

Eigendur tjaldsvæðisins í landi Nefsholts 1, sem jafnframt reka tjaldsvæðið á Laugalandi, stíkuðu gönguleið frá Laugalandi að umræddum skógræktarreit félagsins.

Enginn fundur var haldinn á árinu og er því stjórn óbreytt en stefnan er að halda fund sem fyrst. Formaður þakkar samstarfið við HSK á árinu.

Þröstur Guðnason

Umf. Laugdæla



Starfsemi UMFL var í föstum skorðum með félags- og íþróttastarf fyrir alla aldurshópa samfélagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 12. apríl 2012 þar sem 28 félagsmenn voru mættir. Stjórn:

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður
Pétur Ingi Haraldsson, gjaldkeri
Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, ritari
Margrét Harðardóttir, varastjórn
Ólöf Björg Einarsdóttir, varastjórn



Sigurveggarar á öldungamóti BLÍ í 11. deild.

Í samstarfi við Grunnskóla Bláskógabyggðar á Laugarvatni var bæði á vorönn og haustönn boðið upp á frístundaskóla fyrir 1.-5. bekk. Frístundaskólinn var starfræktur strax að loknum skóla til að tryggja nemendunum samfelldan skóladag með möguleika á heimanámi og íþróttum og hafa nær allir nemendurnir verið virkir þátttakendur.

Íþróttastarf á vegum félagsins var með hefðbundnu sniði og var ágætlega sótt. Árangur var að venju nokkuð góður góður. Laugdælir áttu einn landsliðsmann í glímu, Ólaf Odd Sigurðsson, auk þess sem Hreinn Heiðar Jóhannsson og Agnes Erlingsdóttir voru í landsliðshópi í frjálsíþróttum. Æfingar voru í blaki karla og kvenna og tóku báðir hópar þátt í Íslandsmóti BLÍ en konurnar urðu aukinheldur Íslandsmeistarar í 11. deild (annað liðið) og í 2. sæti í 7. deild (hitt liðið) í öldungaflokki. Í október hélt félagið svo dómaramámskeið í blaki og í nóvember fór fyrsta umferð Íslandsmótsins í 4.-6. deild kvenna í blaki fram á Laugarvatni í umsjá UMFL í samstarfi við við Íþróttafæðasetur HÍ. Körfuknattleikur var iðkaður hjá 16 ára og yngri og í mfl. karla og kvenna en síðarnefndu flokkarnir taka þátt í Íslandsmótum og Bikarkeppni KKÍ. Karlarnir voru efstir í 2. deild Íslandsmótsins um áramótið 2012-2013. Einnig hófst í haust samstarf UMFL og Umf. Kormáks á Hvammstanga í körfuknattleik og senda liðin sameiginlegt lið til keppni í 9. flokki drengja í Íslandsmótinu. Fimleikar og frjálsíþróttir voru stundaðar hjá félaginu í öllum aldursflokkum og Hreinn Heiðar Jóhannsson (hástökk, 60 m. grindahlaup) og Sveinbjörn Jóhannesson (kúluvarp) urðu Íslandsmeistarar í sínum aldursflokkum. Að auki var knattspyrna stunduð hjá grunnskólabörnum í 1.-7. bekk og annað árið í röð var staðið fyrir knattspyrnumóti fyrir uppsveitir Árnessýslu fyrir þennan aldurshóp þó svo að þessu sinni sæktu það einungis Grímsnesingar auk Laugdæla.

Íþróttamaður UMFL 2011 var Agnes Erlingsdóttir, frjálsíþróttakona og fékk hún þá viðurkenningu afhenta við 17. júní hátíðarhöld félagsins. Þar voru einnig viðurkenningar veittar ungum og efnilegum í hverri íþróttgrein sem stunduð er fyrir starfsárið 2011-2012. Eldhugar starfsársins voru Gunnhildur Hinriksdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson en þau hafa rífið upp og haldið utan blakstarfsemi félagsins síðustu árin.

Félagstarfið skipar einnig ríkan þátt í starfi UMFL. Félagið hélt sitt árlega þorablót fyrir rúmlega 300 manns um miðjan febrúar og sá um 17. júní hátíðahöldin í Laugardal að venju. Einnig fjölmenntu Laugdælir á Unglingalandsmót UMFL og má segja að það sé orðin sumaráttalega fjölskyldunnar. Félagið lánaði HSK einnig samkomutjald sitt á unglingalandsmótið. Eitt tölublað af Laugdælingi, fréttabréfi félagsins, leit dagsins ljós á árinu og innihélt það ársskýrslu félagsins. Félagið er einnig með heimasíðu <http://www.laugarvatn.net/umfl>.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð var eins og áður helsti styrktaraðili félagsins þetta árið og ber að þakka þann stuðning sem sveitarfélagið sýnir félaginu. Önnur fyrirtæki hafa líka stutt við bakið á félaginu og eins og alltaf er sjálfbæðastarfið talsvert, sérstaklega í kringum þorablótið og mótahald félagsins. Fjárfanir félagsins hafa skilað sér vel auk þess sem farið er sparlega með allt.

Félagið tekur virkan þátt í starfi HSK, UMFL og ÍSÍ, auk fjölda sersambanda þess síðastnefnda. Ungmennafélagsandinn er í okkur öllum, það sýnir starf félagsins.

Með kveðju til allra Skarphéðingsmanna nær og fjær frá Laugdælum, Íslandi allt.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Formaður UMFL



Kristinn Þór Kristinsson hlaupari úr Umf. Samhygð.

Umf. Samhygð

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Stefán Geirsson

Gjaldkeri: Hugrún Geirsdóttir

Ritari: Margrét Valdimarsdóttir

Meðstjórnendur: Anný Ingimarsdóttir

Jökull Baldursson



Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram í Félagslundi sunnudaginn 15. janúar. Félagsmálalibikar Samhygðar var ekki veittur fyrir árið 2011 sökum þess að enginn þótti hafa skarað fram úr á því sviði. Stjórn félagsins var endurkosin og aðrar nefndir án mikilla breytinga.

Þrettándagleði var haldin á þrettándaðanum 6. janúar. Kveikt var í bálkesti, fuðrað upp rakettum og síðan var spilað bingó í Félagslundi. Að kvöldi skírdags, fimmtudagsins 5. apríl, var spilað páskaeggjábíngó að gömlum og góðum sið í Félagslundi. Á 17. júní stóð Samhygð að þjóðhátíðardagskrá ásamt kvenfélaginu að vanda. Keppt var í íþróttum, farið í leiki og síðan drukkið kaffi í Félagslundi. Hin árlega grillsamkoma Umf. Samhygðar í skógræktarreitnum við Timburhóla var haldin föstudagskvöldið 13. júlí. Haustballið var haldið á réttadagskvöldið laugardaginn 15. september. Jón Skeiðungur spilaði fyrir dansi og hélt upp dunandi fjöri fram eftir nóttu. Ballið var ágætlega sótt og fór vel fram. Á aðfangadag hélt Samhygðarfólk uppteknum sið og aðstoðaði rauðklædda sveina með dreifingu jólagjafa til barna vítt um Bæjarhreppinn.

Útgáfa Áveitunnar hélt sínu striki í samstarfi við Baldur og Vöku. Samstarfið gengur vel og er í föstum skorðum. Seinni hluti af 100 ára sögu Umf. Samhygðar kom út í Árnesingi, riti Sögufélags Árnesinga, undir lok árs í samantekt Jóns M. Ívarsson.

Samhygð stóð fyrir sameiginlegum frjálsíþróttæfingum fyrir börn og unglinga með Baldri og Vöku allt árið. Flóahlaup Samhygðar var hlaupið í 34. sinn 14. apríl. Alls hlupu 102 ýmist 3, 5 eða 10 km í sérstöku blíðskaparveðri. Flóamótið var haldið á íþróttavellinum við Þjórásarver föstudaginn 31. ágúst í sameiginlegri umsjá ungmennafélaganna í Flóahreppi. Samhygðar- og Vökumótið var haldið á Selfossvelli 2. september og var það í fyrsta sinn sem keppnin fór fram utan sveitarinnar í 73 ára sögu mótanna. Þessi nýbreytni heppnaðist afar vel þar sem för saman frábær aðstaða, einstakt góðvirði og góður árangur keppenda. Helsti afreksmaður Samhygðar á frjálsíþróttavellinum, Kristinn Þór Kristinsson hlaupagarpur, bætti árangur sinn enn frekar á árinu. Meðal annars varð hann bæði Íslands-



og bikarmeistari í 800 m hlaupi og bikarmeistari í 1500 m hlaupi.

Glimuæfingar voru stundaðar í Félagslundum yfir vetrartímann. Stefán Geirsson stýrði þar æfingum fyrir börn og unglinga. Bikarglima Samhygðar fór fram 23. apríl og hömpuðu þau Þorgils Kári Sigurðsson og Guðrún Inga Helgadóttir bikarmeistartitlunum í drengja- og stúlknaflökki. Æfingahópnum gekk mjög vel á árinu og var mörgum titlum hampað. Marín Laufey Davíðsdóttir átti mikilli sigurgöngu að fagna á árinu og sigraði örugglega í Íslandsglimunni auk þess sem hún sigraði Skjaldarglímu Bergþóru. Marín Laufey var bæði valin glímukona ársins hjá GLÍ og glímumaður ársins hjá HSK.

Að lokum þakka ég öllum fyrir sem tóku þátt í starfi félagsins á undangengnu ári og eins þeim sem styrktu starfið með einum eða öðrum hætti.

Stefán Geirsson, formaður

Umf. Selfoss



Stjórn Umf. Selfoss skipa:

Kristín Bára Gunnarsdóttir, formaður
Sveinn Jónsson, varaformaður
Jóhannes Óli Kjartansson, gjaldkeri
Viktor S. Pálsson, ritari
Hróðný Hanna Hauksdóttir, meðstjórnandi
Kristjana Hallgrímsdóttir, formaður fimleikadeildar
Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar
Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, formaður handknattdeildar
Þórdís Rakel Hansen, formaður júdódeildar
Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar
Magnús Ragnar Magnússon, formaður mótókrossdeildar
Sigríður Runólfssdóttir, formaður sunddeildar
Júlíus Magnús Pálsson, formaður taekwondodeildar.

Örn Guðnason er framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, Hansína Kristjánsdóttir, bókarari félagsins og Sveinbjörn Másson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og vallarstjóri.

Innan Umf. Selfoss starfa átta deildir: fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild og fimleikadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Knattspyrnudeild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins kraftlyftinganefnd og jólasveina- og þrettándanefnd, ásamt þrjáutaráði sem er innan sunddeildar.

Í febrúar var skrifað undir nýjan þjónustusamning milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss og gildir samningurinn til ársloka 2015. Jafnframt var samningur um rekstur íþróttavallarsvæðisins endurnýjaður um eitt ár. Aðalstjórn samdi í kjölfarið við knattspyrnudeild um áframhaldandi rekstur íþróttavallasvæðisins út árið. Íþróttavallarnefnd hafði yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Mótókrossdeild sá um rekstur og uppbyggingu mótókrossbrautar en miklar endurbætur voru gerðar á henni á árinu m.a. með styrk frá sveitarfélaginu. Júdódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Í byrjun janúar flutti taekwondodeild starfsemi sína formlega úr Gagnheiði í nýtt húsnæði, en deildin fékk til afnota nýjan æfingasal á 2. hæð í íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla. Þá rekur félagið skrifstofu, sem opin er allt árið, og félagsheimilið Tíbrá við Engjaveg 50. Varðandi íþróttastöðu má geta þess að nýtt parketgólf var sett á íþróttahús Vallaskóla á miðju ári og breytti það miklu fyrir handboltaiðkendur.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Minningarmót Magnúsar Arnars Garðarssonar í maí og glæsilega jólasýningu í desember. Frjálsíþróttadeild hélt 43. Grýlupottahlaupið í



Kvennalið félagsins í knattspyrnu lék í fyrsta sinn í efstu deild.

apríl og maí, Brúarhlaupið í byrjun september og Hafsteinsmótið í desember. Handknattleiksdeild hélt Landsbankamótið í apríl og Ragnarsmótið í september. Júdódeild stóð fyrir HSK-móti í desember. Knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið, sem er firmakeppni, í febrúar og Olísmótið á ágúst. Mótókrossdeild hélt mót í maí í Suzuki bikarmótaröð MSÍ. Sunddeild hélt Selfossmeistaramótið í febrúar og Þórðarmótið í október. Taekwondodeild hélt HSK-mótið í desember. Jólasveinanefnd stóð fyrir jólasveinakomu í bæjargarðinum um miðjan desember og þrettándabrennu og flugeldasýningu á þrettándanum.

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 26. apríl 2012. Í veglegri ársskýrslu kom m.a. fram að heildarvelta félagsins 2011 var yfir 225 milljónir og hagnaður var réttu megin við strikið. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2011 fékk afhentar viðurkenningar, en það voru Jón Daði Böðvarsson, knattspyrnumaður og Fjóla Signý Hannesdóttir, frjálsíþróttakona. Mótókrossdeild fékk í byrjun sumars viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ og varð þar með áttunda og síðasta deildin innan félagsins til að hljóta þá útnefningu. Félagið fékk jafnframt viðurkenningu í heild sinni sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Í byrjun september opnaði félagið formlega nýja heimasíðu og gekk til samstarfs við Endor.

Félagið sá um rekstur Íþrótt- og útivistarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum 5-10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Haldin voru fjögur tveggja vikna námskeið frá 11. júní til 3. ágúst. Knattspyrnudeild starfrækti knattspyrnu- og boltaskólann á sama tíma. Þá starfrækti fimleikadeild tíu vikna íþróttaskóla tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur eflst jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Meistaraflokkar karla og kvenna í knattspyrnu léku báðir í Pepsideildinni og náðu stelpurnar að halda sæti sínu á fyrsta ári sínu í efstu deild, en strákarnir féllu í 1. deild. Meistaraflokkur karla í handknattleik lék í 1. deild. Meistaraflokkur kvenna vann utandeildina tímabilið 2011-2012 og mættu svo til leiks í N1 deildina haustið 2012. Hjá yngri flokkunum í handbolta unnust Íslandsmeistaratitlar í 3. flokki karla, 4. flokki kvenna B og 6. flokki karla, yngri ár. Þá varð 2. flokkur karla bikarmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins. Í hópfinleikum vann félagið til fjölda verðlauna og varð m.a. bikarmeistari í hópfinleikum í 1. flokki karla. Í einstaklingsíþróttum eins og frjálsíþróttum, júdó og taekwondo unnust fjöldi Íslands- og bikarmeistaratitla. Sundkrakkarnir kepptu mest á mótum innan héraðs og stóðu sig vel. Sama er að segja um mótókross og kraftlyftingar.

Fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss voru valdir í ýmis landsliðsverkefni bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sérsambanda ÍSÍ. Yfir tuttugu einstaklingar kepptu m.a. með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Þær Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Eva Grímsdóttir og Margrét Lúdvígsdóttir voru í unglingalandsliði Íslands sem varð Evrópumeistari í hópfinleikum. Þá má geta þess að Jón Daði



Böðvarsson knattspyrnumaður varð fyrsti Selfyssingurinn til að leika A-landsleik.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. Félagar úr öllum deildum félagsins tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd mótsins sem tókst mjög vel. Þá hafði nefnd á vegum félagsins umsjón með allri veitingasölu á mótinu. Ágætur hagnaður varð af mótinu og nutu deildir félagsins góðs af því.

Í byrjun árs fengu þau Guðmundur Kr. Jónsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir afhentan heiðurskross ÍSÍ í sérstöku afmælshófi sem haldið var í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni af 100 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Guðmundur hefur í áratugi verið virkur félagi í Umf. Selfoss og starfað ótúllega að félagsmálum innan hreyfingarinnar. Hrafnhildur á glæstan feril að baki í sundi og lauk m.a. farsælum þjálfaraferli sínum hjá sunddeild Umf. Selfoss. Þá var Þórir Haraldsson, fyrrverandi formaður Umf. Selfoss, sæmdur gullmerki ÍSÍ á héraðsþingi HSK.

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var 3. janúar 2013 voru þau Jón Daði Böðvarsson, knattspyrnumaður, og Fjola Signý Hannesdóttir, frjálsíþróttakona, útnefnd íþróttamaður og íþróttakona Árborgar 2012. Á héraðsþingi HSK í mars 2012 var tilkynnt að Fjola Signý hefði verið valin íþróttamaður HSK 2012.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 15 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 10 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK, og fleiri aðilum.

Getraunastarf hefur að vanda verið mjög öflugt innan knattspyrnudeilda á árinu. Á hverjum laugardegi hittist hópur fólks í félagsheimilinu Tíbrá og tippaði yfir kaffibolla og góðu meðlæti. Mikið sjálfbæðiðastarf er unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

Örn Guðnason
framkvæmdastjóri Umf. Selfoss



Guðmundur Heiðar, Einar Kári, Einar Ágúst og Matthías á HSK móti í Þorlákshöfn.

Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 3. mars. Í stjórn eru:

Formaður:	Lára Bergljót Jónsdóttir
Gjaldkeri:	Ágúst Guðmundsson
Ritari:	Sigríður Ósk Jónsdóttir



Í mars voru haldin 3 spilakvöld í Brautarholti, spiluð var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Hjónaball var haldið 17. mars og var vel sótt. Sumardaginn fyrsta, þann 19. apríl, var víðavangshlaup, grillaðar pylsur og opin sundlaug.

Leikjánaðmskeið var haldið í júní. Ólafur Guðmundsson sá um náðmskeiðið og þátttökan var mjög góð. Frjálsíþróttæfingar voru í boði í maí-ágúst fyrir 16 ára og yngri í Brautarholti. Umsjón með þeim hafði Rúnar Hjálmarsson.

Í janúar-maí stóð ungmennafélagið í samstarfi við Umf. Gnúpverja fyrir tómstundastarfi í samfelli við skólafarfið, þ.e. íþrótt- og myndlistarnáðmskeiði í umsjón Eyglóar Jósepsdóttur og Bente Hansen. Það var í boði fyrir 6-9 ára börn og var mjög vel sótt. Í október-desember var íþróttanáðmskeið í boði fyrir 6-9 ára börn sem var vel sótt.

Lára B. Jónsdóttir
formaður



Fimleikaiðkændur félagsins á vinamóti á Laugarvatni.

Umf. Stokkseyrar



Aðalfundur var haldinn þann 18. október 2012. Stjórn skipa:

Gísli G. Friðriksson, formaður
Áslaug Björnsdóttir, gjaldkeri
Valdimar Gylfason, ritari
Guðmundur Valur Pétursson
Kristinn Grétuson

Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar var að finna lausnir á rekstri félagsins. Undanfarin ár hafa farið í uppbyggingu fimleikastarfs og hefur það verið kostnaðarsamt fyrir lítið félag. Það gekk vel en við sömdum við bæjarfélagið um að sjá um daglegan rekstur íþróttahússins á Stokkseyri, gegn mánaðarlegum greiðslum. Guðmundur Valur tók að sér að vera umsjónarmaður með húsinu og hefur hann staðið sig með eindæmum vel og séð um allt smálegt viðhald o.fl. Ber að þakka bæjarstjórn Árborgar og starfsmönnum hennar sem að þessu samstarfi komu.

Tekin var ákvörðun um stofnun kraftlyftingardeilda og fengum við inni í skólanum með hana. Kristinn (Boris) tók að sér að hleypa henni af stokkunum og hefur hann og hans fólk náð að tækja hana upp eins og húsrúm leyfir. Aðsóknin er framar vonum. Síðan voru fastir liðir svo sem fimleikasýning, jólasveinar aðstoðaðir við tendrun ljósa á jólatré, Þorláksmessuskata og strandahlaup var haldið í maí en það er eitt hlaup í viku fjórum sinnum. Við tókum að okkur kvennahlaupið á Stokkseyri og vorum í forsvari fyrir Bryggjuhátíðina. Einnig vorum við með uppskeruhátíð fyrir fimleikana og strandahlaupið þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir besta árangur og ástundun.

Við vorum í samstarfi við Umf. Selfoss þar sem þeir komu með fótþolþjálfara niður á ströndina og voru með náðmskeið og þökkum við þeim fyrir það. Byrjað var spila fótþolta undir merkjum félagsins í eldri hópum eftir langt hlé. Á haustdögum byrjaði fimleikastarfið aftur en þar sem yfirþjálfari okkar er í fríi vegna barneigna, þá fengum við tvær frábærar stelpur frá fimleikadeildinni á Selfossi til að þjálfa fyrir okkur og er starf þeirra þeim til söma.

Þótt að félagsstarf gangi ágætlega þá hefur það staðið okkur fyrir þrífum að íþróttahús okkar er löngu sprungið utan af okkur. Því stungum við því að bæjarstjórn Árborgar að skoða aðra möguleika og settu þau það í hendurnar á okkur. Einn félagsmaður okkar, Börkur Brynjarsson framkvæmda- og veitustjóri Bláskógarbyggðar kom í ágúst með teikningu af húsi sem okkur leist ágætlega á. Við komum þessum teikningum til bæjarstjórnar Árborgar sem í dag eru með þær til umhugsunar. Vonum við að þau taki jákvætt í þær.

F.h. Umf. Stokkseyrar, Gísli G. Friðriksson



Umf. Trausti

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði. Aðalfundur félagsins var haldinn að Heimalandi 1. júní. Stjórnin er þannig skipuð:

Auður Sigurðardóttir, formaður
Guðmundur Jón Viðarsson, ritari
Friða Björk Hjartardóttir, gjaldkeri



Jólin voru kvödd með þrettándabrennu við Seljalandsfoss, Björgunarsveitin Bróðurhönd var með glæsilega flugeldasýningu og svo var boðið í kaffi og konfekt að Heimalandi. Það var margt um manninn og allir skemmtu sér konunglega. 17. júní hátíðarhöld fóru fram að Heimalandi og var það samstarf Trausta og Kvenfélagsins Eyglóar að venju. Þá var íþróttasprell úti og svo kaffiveitingar og verðlaunaafhendingar inni á eftir. Við sáum einnig um Kvennahlaup ÍSÍ að vanda og er þá hlaupið frá Seljalandsfossi. Með haustinu var svo brennó fyrir hressar konur á öllum aldri einu sinni í viku og strákarinn voru með körfuboltaæfingar einu sinni í viku.

Meira var nú ekki gert þetta árið, viljum við óska öllum gleðilegs árs og þökkum það liðna.

Umf. Vaka

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku árið 2012 var skipuð eftirtöldum:

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir
Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
Ritari: Helga Björg Helgadóttir



Aðalfundur félagsins var haldinn 2. janúar að venju, allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs og sat því óbreytt stjórn frá fyrra ári. Stjórnarfundir voru haldnir í lok hvers mánaðar og varamenn voru virkjaðir eftir þörfum. Á fundina mættu auk stjórnar, formenn allra nefnda félagsins.

Samstarfi okkar við nágrannafélögin Baldur og Samhygð var haldið áfram óbreyttu á þessu ári, allar frjálsíþrótt- og glímuæfingar voru haldnar sameiginlega og einnig leikjanámskeiðið sem haldið var í byrjun sumars. Ólafur Guðmundsson sá um námskeiðið sem var 9 skipti og vel sótt að vanda. Haldið var áfram að keppa undir merkjum Þjótanda í frjálsum íþróttum á árinu og í byrjun árs var það fyrirkomulag einnig tekið upp í glímunni. Búnir voru til sérstakir Þjótandabólir í byrjun árs og nú er keppnisliðið okkar farið að líta virkilega vel út á keppnisvælinum. Haldið hefur verið áfram með íþróttæfingar á skólatíma fyrir krakka í 1.-4. bekk en hjá þeim er æfing einu sinni í viku. Áveitan, fréttabréf ungmennafélaganna var áfram gefin út mánaðarlega undir merkjum félaganna þriggja með stuðningi Flóahrepps.

Keppni í íþróttum hefur eflst og dafnað á árinu og margir einstaklingar í Vöku hafa verið að standa sig mjög vel. Við eignuðumst til dæmis margfaldan Íslandsmeistara í þristökki karla á árinu og tveir menn úr okkar röðum eiga nú sæti í landsliðshóp FRÍ. Það eru þeir Bjarni Már Ólafsson, þristökkvari og Haraldur Einarsson, spretthlaupari. Til þess að sýna þessum íþróttamönnum stuðning gerði Umf. Vaka styrktarsamning við þá í lok árs sem hljóðaði upp á 75.000 krónur fyrir hvorn einstakling. Með þessu er félagið að styðja sína afreksmenn í verki með von um að þetta verði þeim hvatning til frekari afreka. Í samningnum stóð að styrkurinn væri veittur á grundvelli þess að styrkþeginn sé félagi í Umf. Vöku og keppi í frjálsum íþróttum sem slíkur, mæti á héraðsmót og Samhygðar og Vökumót. Einnig að hann sé góð fyrirmynd innan vallar sem utan og taki virkan þátt í starfi félagsins. Þrjú frjálsíþróttamót voru haldin á vallahvæði félagsins á árinu. Glímumennirnir létu heldur ekki sitt eftir liggja og unnu marga titla á árinu í sínum aldursflokum.



Frá hjólaralli félagsins.

Dagana 29.-31. mars fór fram ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði á Hvolsvelli. Ráðstefnan var á vegum Ungmennafélags Íslands og var sótt af ungu fólki, hvaðanæva af landinu. Haft var samband við okkur og við hjá Ungmennafélaginu Vöku beðin um að halda fyrirlestur um starf félagsins með megin áherslu á sjálfbodastarf. Formaður félagsins fór ásamt skemmtinefndarformanninum og héldu þær fyrirlestur um starf félagsins. Það kom ráðstefnugestum á óvart hversu mikið félagsstarf er unnið í jafn litlu samfélagi og Villingaholtshreppurinn er og fyrirlesturinn sýndi fram á að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi, jafnvel í litlum sveitarfélögum.

Leikdeild Umf. Vöku hélt aðalfund 28. október og hélt stjórn hennar óbreytt frá síðasta ári. Farið var yfir liðið ár og drög lögð að nýju leikári sem verður 10 ára afmælisár deildarinnar en hún var stofnuð árið 2003.

Við stóðum fyrir mörgum viðburðum á árinu en þar ber helst að nefna þrettándagleðina sem var vel sótt, páskabingíóð sem var svo fjölmennt að bingóspjöldin kláruðust, víðavangshlaupið á sumardaginn fyrsta en þar tóku 69 keppendur þátt og svo auðvitað skótuveisluna sem var haldin á Þorláksmessu en 140 manns mættu til veislunnar. Auk þeirra voru margir smærri viðburðir haldnir á vegum félagsins og á heildina litið var árið 2012 mjög fjölbreytt, bæði á sviði íþróttar og félagslífs.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Umf. Þór

Aðalfundur félagsins var haldin 18. mars 2012. Stjórn félagsins:

Formaður: Björk Tómasdóttir
Gjaldkeri: Júlíus Ingvarsson
Ritari: Hólmfríður Fjóla Smáradóttir

Formenn deilda:

Badmintond.: Sæmundur Steingrímsson
Fimleikadeild: Elsa Þorgilsdóttir
Frjálsíþróttad.: Svanhildur Helgadóttir
Körfuknd.: Eiríkur Jónsson
Vélhjóladeild: Sigurður Oddfreysson



Körfuknattleiksdeild

Barna- og unglingastarf deildarinnar hefur gengið mjög vel undanfarin ár. Samstarf hefur verið við Hamar í Hveragerði í Íslands- og bikarmótum KKÍ sem hefur gefist vel.

Þór hefur átt nokkra drengi í unglingalandsliðum sem hafa keppt á Norðurlandamóti og Evrópumóti fyrir Íslands hönd. Í ár voru það Halldór Garðar Hermannsson en hann keppti með U15 ára liðinu og Emil með U18 ára liðinu. Nú fyrir jólin voru Erlendur Ágúst Stefánsson og Halldór Garðar valdir til æfinga með drengjalandsliðum fyrir Norðurlandamótið í vor.

Meistaraflokkur Þórs hefur staðið sig vel á árinu og vakti mikla athygli fyrir gott gengi. Liðið kom upp úr 1. deild og lék frábærlega



Þórslíðið lék til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta gegn Grindavík. Hér sækir Darri Hilmarsson að körfu Grindvíkinga.

undir stjórn Benedikts Guðmundssonar. Það hefur aldrei gerst að nýliðar í úrvalsdeild komist alla leið í úrslit en strákarnir lentu í 2. sæti í Íslandsmóttinu vorið 2012. Nú fyrir jólin var liðið á toppi úrvalsdeildar þessarar leiktíðar.

Stuðningsmenn Þórsara hafa vakið mikla athygli enda er húsfyllir á hverjum einasta leik. Græni drekkinn er framvarðasveit stuðningsmanna og slær taktinn á drumbur og syngur af miklum móð. Það er frábært að eiga slíka stuðningsmenn sem halda leikmönnum einbeittum í öllum leikjum. Tæplega 10 þúsund manns sóttu leiki liðsins á síðasta ári.

Badmintondeild

Starf badmintondeildarinnar gekk mjög vel fyrir sig árið 2012. Iðkenda-fjöldinn hélt áfram að aukast og voru um 15-20 börn og unglingar á æfingum. Í vetur var einnig boðið upp á æfingar fyrir trimmara (16 ára og eldri) og voru þær æfingar vel sóttar, að meðaltali 8-12 manns á hverri æfingu.

Krakkarnir tóku þátt í nokkrum mótum yfir árið þar sem þau stóðu sig með stakri þýði og unnu mörg til verðlauna. Einn leikmaður var valinn til að æfa með unglingalandsliði Íslands í badminton, Axel Örn Sæmundsson.

Fimleikadeild

Um 80 iðkendur voru í fimleikum á vorönn og um 15 iðkendur í Litla íþróttaskólanum. Helstu nýjungar í hjálfun voru að við fengum til okkar karlkyns hjálfa tvisvar sinnum í mánuði til þess að hjálfa drengina sem æfa hjá deildinni og mæltist þetta vel fyrir hjá þeim. Bergþóra fyrrverandi yfirhjálfi kom nokkrum sinnum í mánuði til okkar til að hjálfa elsta hópinn. Iðkendur í hópnum T1 fóru á Unglingamót FSÍ og einnig fóru nokkrir hópar á HSK mót sem haldið var á Selfossi.

Nýr yfirhjálfi hóf störf á haustönninni og gerðar voru talsverðar breytingar á iðkenda- og hjálfaþáttum. Góð ástókn var í fimleikana og alls voru skráðir 87 iðkendur auk íþróttaskóla og hjá deildinni eru starfandi 10 hjálfarar og aðstoðarhjálfarar.

Jólasýningin var haldin um miðjan desember og að þessu sinni settu iðkendur og hjálfarar upp „Jól í Andabæ“. Allir iðkendur fimleikadeildarinnar tóku þátt í sýningunni að undanskildum íþróttaskólabörnunum.

Helstu áhaldakaup ársins var hallandi hlussudýna, fenginn var styrkur frá Íþróttasjóði ríkisins og góður styrkur frá Ramma ehf. til þessarar kaupa.

Frjálsíþróttadeild

Árið 2012 var í alla staði mjög gott hjá deildinni. Iðkendum hefur fjölgað verulega milli ára og hafa þeir verið um 15-25 á æfingum, á aldrinum 5-15 ára. Frjálsíþróttadeildin tók þátt í mörgum mótum og hafa mörg metin fallið á árinu.

Sú nýbreytni var gerð á árinu að halda Vormót Umf. Þórs í Þorlákshöfn 6. maí sem var opið öllum börnum og unglingum á sambands svæði HSK. Þetta mót heppnaðist mjög vel og skilaði góðum hópi til æfinga um sumarið.

Styrmir Dan Steinunnarson var útnefndur frjálsíþróttamaður Þórs fyrir góðan árangur í frjálsum. Fannar Yngvi Rafnarsson fékk einnig viðurkenningu. Eva Lind Elíasdóttir fékk einnig viðurkenningu í frjálsum íþróttum 17 ára. Þjálfari deildarinnar er Rúnar Hjálmarsson.

Vélhjóladeild

Árið 2012 var nokkuð rólegt hjá deildinni. Þorsteinn Helgi Sigurðarson keppti sitt fjórða keppnistímabil fyrir hönd deildarinnar þetta árið. Hann tók þátt í 10 keppnum, Íslandsmóttinu (6 keppnir), Suzukibíkar mótaröðinni (3 keppnir) og unglingalandsmóttinu (1 keppni). Skemmt er frá því að segja að hann vann alla titlana í sínum flokki, varð Íslandsmeistari, bikarmeistari og unglingalandsmótsmeistari. Hann hlaut einnig viðurkenningu sem akstursíþróttamaður Ölfuss 2012. Þorkell Hugl Sigurðarson keppti einnig á unglingalandsmóttinu og vann sinn flokk. Hann tók líka þátt í nokkrum skemmtikeppnum (3 keppnir) sem hugsaðar voru fyrir unga ökumenn sem eru að byrja í sportinu eða hafa ekki náð aldri til að keppa í Íslandsmóttinu. Þar stóð Þorkell Hugl sig mjög vel, varð eitt skipti í 3. sæti og tvisvar í 1. sæti.

F.h. Umf. Þórs
Björk Tómasdóttir

Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru eftirtalin:

Golfklúbburinn Þverá, Golfklúbbur Öndverðarness, Hestamannafélagið Háfeti, Hestamannafélagið Ljúfur, Hestamannafélagið Trausti, Íþróttafélagið Mímir, Körfuknattleiksfélag FSu, Umf. Gnúpverja, Umf. Merkiðvoll, Umf. Njáll, Umf. Þórsmörk

20% MINNI

bensíneyðsla á 90
en á 110 km hraða.



HAGKVÆM BÍLAFJÁRMÖGNUN

Arion banki býður nú kaupleigu og bílalán til að fjármagna bílakaup. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara og geta sparað sér töluverða fjármuni.

AÐILD AÐ FÍB

Viðskiptavinir sem fjármagna bílakaup sín hjá Arion banka fá ársaðild að Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Aðildin felur m.a. í sér neyðarþjónustu allan sólarhringinn, öflugt afsláttarkerfi og lögfræði- og tækniráðgjöf um allt sem lýtur að bílnum.

Á arionbanki.is finnur þú reiknivél sem sýnir með einföldum hætti muninn á þeim valkostum sem í boði eru.

Arion bílafjármögnun auðveldar þér að eignast og reka bílinn þinn á hagkvæman hátt.



 Arion banki